



HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911 – 2011





Með fróðleik í fararnesti

– gönguferðir Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands taka höndum saman og standa fyrir reglulegum gönguferðum á aldarafmælisári skólans. Reynsla og þekking leiðsögumanna Ferðafélagsins og kennara og vísindamanna háskólans blandast saman í áhugaverðum gönguferðum um höfuðborgarsvæðið og nágrenni. Hver gönguferð tekur um 2 klukkustundir.

Gönguferðir á afmælisárinu

12. mars
Fæðuhringurinn í miðborg Reykjavíkur – saga matar frá landnámi til okkar daga

19. mars
Þorpið í borginni – Árbæjarhverfi, vöxtur Reykjavíkur og myndun borgar

7. apríl
Tjörnin, lífríki og möguleikar

10. apríl
Jarðfræði Reykjavíkur

14. maí
Fjaran – gósenland – gengið um fjörur á Álftanesi

28. maí
Goð og garpar í fornum heimildum

23. júní
Plöntuskoðunarferð á Esjuna – hvað leynist undir yfirborðinu?

10. september
Skólaganga – á slóðir menntunar og fræðslu í höfuðborginni

29. október
Hvers virði er náttúran?

12. nóvember
Tugthúsmeistarinn, strípibúllur og fyrsti dómsalurinn

Sjá nánar í viðburðadagatali á www.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR

Í ár fagnar Háskóli Íslands aldarafmæli sínu. Yfirskrift afmælisársins er „fjársjóður framtíðar“ og er þar vísað til nemenda skólans í fortíð, nútíð og framtíð. Yfirskriftnin vísar einnig til þeirrar þekkingar sem skapast í metnaðarfullri kennslu og rannsóknum á öllum helstu sviðum vísinda og fræða innan skólans. Dagskrá afmælisársins er að finna á vef skólans, www.hi.is, og öllum er boðið að taka þátt í einhverjum af þeim fjölmörgu og fjölbreyttu viðburðum sem í boði verða.

Á aldarafmæli skólans líta starfsfólk og stúdentar fram á veginn og einsetja sér að efla íslenskt samfélag með auknum árangri í kennslu, rannsóknum, nýsköpun og sem bestum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf, samfélagslegri ábyrgð og alþjóðlegu samstarfi. Háskóli Íslands þjónar íslensku samfélagi ótvírætt best með því að vera í senn öflugur alþjóðlegur háskóli og leiðandi íslensk menntastofnun þar sem stundaðar eru kraftmiklar rannsóknir á íslenskri menningu, tungu, samfélagi og náttúru. Árangur í kennslu og rannsóknum gefur skólanum færi á að vinna náið með leiðandi mennta- og rannsóknastofnunum í öllum heimshlutum í enn meiri mæli en áður. Þannig skapar skólinn ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Nemendur við skólann geta í vaxandi mæli tekið hluta af námi sínu við virta erlenda háskóla. Jafnframt tekur Háskóli Íslands árlega á móti um 1.100 stúdentum frá tæplega 90 þjóðlöndum.

Háskóli Íslands er í sókn og stunda um 14.000 nemendur nám við skólann. Námsframboðið er hvergi fjölbreyttara hér á landi en hátt á fjórða hundrað námsleiðir eru í boði við skólann. Hlutverk Háskóla Íslands er að veita nemendum framúrskarandi menntun, prófgráður sem standast alþjóðlegan samanburð, aðgang að nýrri þekkingu og kveðja þá sjálfsörugga og vel búna til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu.

Markmið Háskóla Íslands er að vera í fremstu röð háskóla og að nota alþjóðlega viðurkennda mælikvarða við allt gæðamat á starfi skólans. Við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. En við gerum líka miklar kröfur til nemenda okkar því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands hafi á sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim. Þetta markmið Háskóla Íslands verður styrkur þinn í framtíðinni.

Tímarit Háskóla Íslands kemur nú út í fjórða sinn í aðdraganda Háskóladagsins þegar allar deildir skólans kynna námsframboð sitt fyrir stúdentsefnum, þeim sem hyggja á framhaldsnám og öðrum þeim sem áhuga hafa á að kynnast starfsemi skólans.

Lærdómurinn sem við drögum af hundrað ára starfi Háskóla Íslands er að fjárfesting í menntun og rannsóknum er ein meginforsenda þróttmikils samfélags sem er grundvallað á öflugu atvinnulífi,



lýðræði, jafnrétti og velferð borgaranna. Skylda Háskóla Íslands gagnvart íslensku samfélagi og umheiminum er að mennta ábyrgt ungt fólk sem er fært um að taka virkan þátt í uppbyggingu okkar eigin samfélags og alþjóðasamfélagsins og fást við ný og ögrandi viðfangsefni 21. aldar.

*Vertu velkomin(n) í Háskóla Íslands
Kristín Ingólfssdóttir, rektor*



Háskóli Íslands í hundrað ár

Dagskrá aldarafmælis Háskóla Íslands hófst formlega í byrjun ársins með opnum fundi þar sem kynnt var annars vegar ný stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2011-2016 og hins vegar dagskrá afmælisársins. Aldarafmælinu er fagnað allt árið um kring og um allt land með fjölbreyttum viðburðum sem opnir eru öllum.

Öll fimm fræðasvið skólans halda úti sérstakri dagskrá í einn mánuð hvert á afmælisárinu. Þá er efnt til fjölda ráðstefna, málþinga, fyrirlestra og samkoma. Hápunktar dagskrárinnar eru hátíðarfyrirlestraröð rektors, hátíðarmálþing um áskoranir 21. aldarinnar og afmælishátíð í haust, sem og heimsóknir nokkurra heimspekktra vísindamanna. Þeir eru Noam Chomsky, David Suzuki, Linda Darling-Hammond, Robert David Putnam og nóbelsverðlaunahafarnir Françoise Barré-Sinoussi og Elizabeth Blackburn.

Áhersla á miðlun vísinda

Í dagskrá afmælisársins er lögð áhersla á miðlun vísinda til almennings og barna. Háskóli unga fólksins verður stærri og veglegri en nokkru sinni fyrr. Hann verður einnig á ferð um landið sem hluti af Háskólalestinni sem heimsækja mun fjölda staða á landsbyggðinni með fyrirlestra, námskeið og Vísindavefinn. Bangaspítalinn, vísindasýningar og verkfræði- og tölvunarfræðidagur eru dæmi um liði í dagskrá afmælisársins fyrir börn og ungmenntu.

Haldin verða örnámskeið fyrir almenning, vefyfyrirlestrar, tjalDSPjall á Austurvelli, ljósmyndasamkeppni og sýndir verða sjónvarpsþættir um rannsóknir kennara og nemenda skólans í Ríkissjónvarpinu, auk þess sem vegleg bók um 100 ára sögu Háskóla Íslands kemur út á árinu.



Þá munu stúdentar setja mark sitt á dagskrána með fjölmörgum viðburðum, sýndarréttarhöldum laganema og ungmenningshátíð svo að eitthvað sé nefnt. Nemendur í hagnýtri menningarmiðlun munu loks setja upp sýningu um aldarsögu háskólans.

Samstarfsaðilar leggja HÍ lið

Háskólinn á í samstarfi við fjölmargar stofnanir, félagasamtök, sveitarfélög og fyrirtæki um einstaka viðburði í tengslum við dagskrá afmælisársins. Í samvinnu við Ferðafélags Íslands verður boðið upp á tólf gönguferðir á árinu undir yfirskriftinni „Með fróðleik í fararnesti.“ Norræna húsið, Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg standa saman

að verkefningu „Friðlandið í Vatnsmýrinni“ en aldarafmælið markar upphaf verkefnisins sem ætlað er að taki nokkur ár. Háskólatónleikar verða hluti Listahátíðar í Reykjavík, Háskólabíó endurvekur mánudagsmyndir og endursýnir valdar kvikmyndir úr safni kvikmyndahússins. Ókeypis verður inn á Þjóðminjasafnið fyrir stúdentu háskólans á árinu og Miðstöð lýðheilsuvísinda og Þjóðminjasafnið standa fyrir fyrirlestraröðinni Lýðheilsa – fyrr og nú. Þá mun Félagsstofnun stúdentu standa fyrir fjölda viðburða fyrir stúdentu skólans. Loks verður tekið höndum saman við Landspítalann, Happraetti háskólans og nefnd um 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar um einstaka viðburði.



ALLT TIL ALLS

Háskóli Íslands er lifandi samfélag sem teygir anga sína um allt land og út fyrir landsteinana þótt hjarta hans slái í Reykjavík. Innan þessa samfélags starfa þúsundir kennara, starfsmanna og nemenda sem vinna að því að efla vísindi og fræði. Fjölbætta þjónusta er að finna innan háskólasamfélagsins, svo sem húsnæðisþjónusta fyrir stúdenta, leikskólalátt, atvinnumiðlun, námsráðgjöf, matsöluþátt og bókaverslun. Háskóli Íslands kappkostar að veita nemendum sínum fyrirmyndaraðstöðu og -þjónustu.

Stærsta bókasafn landsins

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að fullkomnasta bókasafni landsins í Þjóðarboókhöllu og fá þeir bókasafnskort sér að kostnaðarlausu meðan á námi stendur. Á bókasafninu hafa nemendur meðal annars aðgang að rafrænum gagnasöfnum í eigu og áskrift safnsins og öllum lokaritgerðum nemenda við háskólann. Í Þjóðarboókhöllu eru mörg hundruð sæti í lesaðstöðu safnsins, tölvuver, hópinnuherbergi og litlar skrifstofur sem hægt er að taka á leigu gegn vægu gjaldi.

Allt til námsins

Markvisst er unnið að því að bæta námsaðstöðu nemenda og þjónustu þeim til handa. Innra vefkerfi skólans er í stöðugri þróun og nýttist það nemendum bæði við námið sjálft og skipulag

þess. Lesaðstöðu, bókasöfn og tölvuver er að finna í nær öllum byggingum háskólans.

Háskólatorg hýsir þjónustuna

Á Háskólatorgi er aðgangur að öllu sem máli skiptir varðandi þjónustu fyrir nemendur. Þar er þjónustuborðið, Alþjóðaskrifstofa, Félagssstofnun stúdenta, Stúdentaráð, Nemendaskrá, Reiknistofnun og Náms- og starfsráðgjöf. Bóksala stúdenta og veitingastaðurinn Háma eru einnig til húsa á Háskólatorgi ásamt tölvuverum, kennslustofum, lesrýmum, skrifstofum og fundarherbergjum. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar uppákomur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds.

Getum við aðstoðað?

Á þjónustuborðinu á Háskólatorgi er afgreiðsla fyrir allar þjónustueiningarnar sem eru á torginu. Þar eru afgreidd ýmis vottorð og yfirlit yfir námsferla og þar má fá upplýsingar um nám, námsval, stúdentaskipti, húsnæði, réttindamál og margt fleira. Einnig eru þar afgreiddir prentkvótar og lykilorð að innra netinu fyrir þá sem þurfa slíkt. Reiknistofnun háskólans er einnig með útibú á þjónustuborðinu.

Námsráðgjafar HÍ standa með þér

Námsráðgjafar háskólans eru brautryðjendur í starfi sínu og þeir sinna nemendum af

mikilli alúð. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, úrræði og ráðgjöf vegna fötlunar, ráðgjöf í námsvali og upplýsingamiðlun auk þess sem námsráðgjafar sinna persónulegri og sálfræðilegri ráðgjöf. Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir nemendur um námstækni, prófundirbúning, markmiðasetningu, tímastjórnun o.fl.

Þú skiptir máli!

Nemendur skipta höfuðmáli við Háskóla Íslands og þeir hafa alltaf átt sterk ítök í starfsemi skólans. Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmuna- og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum ráðum og nefndum innan háskólans. Stúdentar geta því tekið ríkan þátt í ákvörðunum um starfsemi skólans. Auk Stúdentaráðs starfa fjölmörg hagsmunafélög og nemendafélög innan Háskóla Íslands.

Út í heim

Samstarf Háskóla Íslands við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir o.fl. er viðamikil og þar gegnir Alþjóðaskrifstofan víðtæku hlutverki. Starfsfólk Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins aðstoðar þá stúdenta sem ætla utan til náms og þá erlendu stúdenta sem hingað koma.



Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur við HÍ
Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor og forseti Jarðvísindadeildar

BIKSVART FARG Á JÖKLINUM

Eftir að gosinu lauk í Eyjafjallajökli í fyrra var þar afar undarlegt um að litast. Jökullinn var allur kolsvartur og sá hvergi í hvítan blett. Vatnsgufur stigu upp af jöklinum. Þegar við erum á ferðinni á jöklinum í júlí er snjóbíll notaður við rannsóknir. Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur við HÍ, kallar hann öskubíl, glettinn á svip. Að ganga yfir jökulinn með honum og Magnúsi Tuma Guðmundssyni, prófessor í Jarðvísindadeild HÍ, er líkast því að fara um eyðimörk og ekki ósvipað undir fót og að vera á göngu á Mýrdalssandi. Ármann er í appelsínugulu úlpunni sem vakið hefur landsathygli, líkt og ástríða hans fyrir eldsumbrotum.

„Áhugi minn á eldgosum markast að sumu leyti af því að þannig getum við komist nær vitneskju um tilurð alheimsins,“ segir Ármann og hverfur ofan í jökulsprungu þar sem hann byrjar að mæla þykkt öskulagsins ásamt Þorvaldi Þórðarsyni, prófessor í jarðfræði við Edinborgarháskóla. Það er létt yfir þeim þrátt fyrir dumbung.

„Þetta var verulegt gos,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, þar sem við horfum niður í einn af þremur megingígum eldstöðvarinnar. Gígurinn er rosalegur og það rýkur úr honum víða. Á botni hans er mikið stöðuvatn.

Magnús er fullur aðdáunar yfir útsýninu eitt andartak en bætur svo við að Surtseyjargosið hafi til dæmis verið stærra og einnig Gjalpargosið 1996.

„Eldgos eru ekki talin stór fyrr en gosefnin verða



Magnús Tumi Guðmundsson.

meira en einn rúmkílómetri,“ segir Magnús Tumi. „Síðustu 100 árin hafa fá gos náð því, þó ef til vill gosin í Surtsey og Kötlú. Gosið í Eyjafjallajökli er þó mest gjóskugosa á Íslandi frá Kötlugosinu 1918, sem skýrir þá verulegu röskun sem gosið olli.“

Ástæða þess að við erum stödd á jöklinum er áfergja vísindamanna Jarðvísindastofnunar háskólans í upplýsingar til að meta áhrifin af gosinu og sjá fyrir hegðun svipaðra gosa í framtíðinni. Vísindamennirnir hafa notað bestu vikur sumarsins til mælinga á magni gosefna úr eldstöðinni á Eyjafjallajökli. Magnús Tumi Guðmundsson og Ármann Höskuldsson hafa leitt þetta rannsóknarverkefni ásamt Guðrúnu Larsen jarðfræðingi. Það tekur á að reyna að átta sig á öllu því magni gosefna sem kom upp á yfirborðið í eldgosinu í Eyjafjallajökli.

„Gjóskan sem féll hér á landi er 120 til 150 milljónir rúmmetra,“ segir Magnús Tumi.

Hann segir að mikil gjóska hafi fallið utan Íslands: „Ef til vill féll helmingurinn í sjóinn sunnan landsins og dálítið af gjóskunni náði til landanna



Ármann Höskuldsson.

í Norður-Evrópu. Heildarmagn gjóskunnar er því miklu meira en 150 milljónir rúmmetra.“

Magnús Tumi segir að heildarmassi, eða þyngd, gosefnanna sé áætlaður nálægt 400 milljónum tonna. „Gera má ráð fyrir að tæplega 250 milljónir rúmmetra af ís hafi bráðnað í gosinu. Það er rúmlega tvöfalt meira en í síðasta gosi í Grímsvötnum en aðeins lítið brot af því sem bráðnaði í Gjalp þar sem um fjórir rúmkílómetrar af ís bráðnuðu. Það er því ekki ísbráðnunin sem gerir þetta gos sérstakt, heldur hve gjóskan var fingerð og hve mikið kom upp af henni,“ segir Magnús Tumi.



„GOSEFNIN ÚR
EYJAFJALLAJÖKLI
VORU ALLT AÐ 400
MILLJÓNIR TONNA“

Fanney Birna Jónsdóttir, MA í lögfræði

Löggjafinn í eltingarleik við Netið

„Fólk hefur tilhneingingu til að tjá sig með óheflaðri hætti á Netinu og núgildandi löggjöf um prent- og ljósvakamiðla nær ekki yfir ærumeiðingar netnotenda nema að takmörkuðu leyti,“ segir Fanney Birna Jónsdóttir, magister juris og lögfræðingur hjá Opus lögmönnum. Fanney skrifaði meistararitgerð um friðhelgi einkalífs og æruvernd á Netinu og nýtur þess í starfi að hafa sérhæft sig í þessum málaflokki.

Að sögn Fanneyjar hefur ágreiningur verið uppi um hvort hægt sé að nota gildandi lög um prentmiðla annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar til að sporna við ærumeiðingum á Netinu.

„Lögin gera ráð fyrir ákveðinni ábyrgðarröð sem nær líklegast ekki til bloggara. Þeir lúta hvorki valdi ritstjóra né eiganda og í mörgum tilfellum getur reynst erfitt að staðreyna hver bloggari er,“ segir Fanney.

„Gildandi lög ná þó að mestu yfir íslenska fréttamiðla á Netinu enda eru þeir oftast skipulagðir eins og hefðbundnir prentmiðlar. Hins vegar er óljóst hver ber ábyrgð á bloggskrifum um frétt vegna þess að lögin gera ekki ráð fyrir slíkri gagnvirkni. Staðan flækist enn meira í þeim tilfellum þar sem notandinn er ekki skráður undir réttari kennitölu. Erfiðast er að koma böndum á

bloggvefi í útlöndum þar sem notendur skrá sig gjarnan undir leyminafni.“

Fanney segir að löggjafanum sé í raun vorkunn þar sem hann er dæmdur til að vera alltaf skrefinu á eftir hraðri tækniþróun. „Enn hefur ekki verið skilgreint með afgerandi hætti hvort Internetið flokkast sem hefðbundinn fjölmiðill eða hvort um er að ræða nýjan vettvang sem þarfnast nýrrar löggjafar. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að okkur skortir nýja löggjöf,“ segir Fanney að lokum.

Leiðbeinandi: Páll Sigurðsson, prófessor við Lagadeild.

Eiríkur Tómasson, prófessor í réttarfari við Lagadeild Háskóla Íslands

Viljum ekki lögregluríki

„Sakamálaréttarfarið er fyrir mér eins og fyrir jarðfræðing að rannsaka eldumbrot, þar eru miklar hræringar, miklu meira en tíðkast í einkamálaréttarfari þar sem eru ekki eins miklar breytingar,“ segir Eiríkur Tómasson, prófessor í réttarfari við Lagadeild Háskóla Íslands.

Nýjasta rannsókn Eiríks snýst um hvernig ber að skýra reglur íslensks réttar um rannsókn sakamála, sér í lagi reglur um svonefndar þvingunarráðstafanir, s.s. handtöku og gæsluvarðhald. Afrakstur þessarar vinnu nýtist sem kennsluefni og í ritrýnt fræðirit um rannsókn sakamála sem að sögn Eiríks verður hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.


„Ég byggi rannsóknina að miklum hluta á dómum sem fallið hafa hér á landi og

úrlausnum alþjóðlegra dómstóla, einkum Mannréttindadómstóls Evrópu. Einnig ber ég saman íslenskar réttarreglur annars vegar og danskar og norskar hins vegar, enda standa þessi lönd okkur næst á þessu sviði,“ segir hann.

„Hér á Íslandi er umdeilt hvort heimildir lögreglu séu nógu víðtækar,“ segir Eiríkur og vísar til nýlegrar umræðu um forvirkar rannsóknarheimildir. „Það gengur ekki í réttarríki að lögreglan hafi heimild til að rannsaka hvað sem er og hvenær sem er. Við þurfum að fara mjög varlega á þessu sviði þótt við séum flest sammála um að við viljum halda afbrotum í skefjum. Ef heimildir lögreglu eru of víðtækar getur það bitnað á saklausum borgurum og það viljum við ekki. Lögreglan á aldrei að ganga lengra en



nauðsyn krefur hverju sinni til að upplýsa afbrot. Mennt eiga að íhuga og gaumgæfa hvert skref og mega alls ekki taka ákvarðanir sem þessar í stundargæðshræringu vegna þess að ekkert okkar veit fyrir víst á hverjum slíkt kynni að bitna.“



Anna Wojtynska, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild

INNFLYTTJENDUR Í KREPPUNNI

Á fyrirlestraröð Þjóðarspegilsins XI: Ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum 2010 kenndi ýmissa grasa. Einn fyrirlesaranna var Anna Wojtynska, doktorsnemi í mannfraði við Háskóla Íslands. Salurinn var fullur af fólki þegar Anna hóf umfjöllun sína um pólska innflytjendur í fjárhagserfiðleikum á Íslandi.

„Greinin byggist á tveimur rannsóknum, en ég og Malgorzata Zielinska, doktor við Háskólann í Gdansk, samvinnuðum rannsóknir okkar á reynslu pólskra innflytjenda á Íslandi. Við rákum okkur sífellt á þá umræðu í samfélaginu að vegna kreppunnar á Íslandi myndu flestir pólskir innflytjendur flytja úr landi, jafnvel snúa aftur til Póllands. Málin eru þó snúnari en svo.“

Umræðan er nokkuð takmörkuð um mál innflytjenda í kreppunni, heldur Anna áfram.

„Þær getgátur að flestir innflytjendur fari af landi brott eru byggðar á því að allir innflytjendur séu starfsmenn iðngreina eða ráðnir tímabundið í ákveðin störf. En innflytjendur ílgjast í landinu af mörgum ástæðum. Sumir fá fasta atvinnu, aðrir fara í nám og sumir verða ástfangnir. Fólk byrjar að skjóta rótum á Íslandi og yfirgefur landið ekkert þótt kreppi að. Ísland er þá orðið „heima“ og er það ekki þannig að heima er best?“

Það er ekki bara hægt að horfa á ástandið í því landi sem innflytjandinn býr í, heldur verður einnig að horfa til föðurlands hans. Ástandið er ekkert endilega betra þar en í kreppunni á Íslandi. Anna segir að það hafi komið á óvart að Pólverjar virðast enn flytja til Íslands. „Ég veit að ástandið í Póllandi er ekki fullkomið en það hlýtur að vera erfitt að flytja þaðan til Íslands eins og er, þar sem staða krónunnar er svo veik. Þetta sýnir að fólk flytur af ýmsum ástæðum til annars lands.“

Anna bætir við að lokum að vissulega flytji sumir pólskir innflytjendur frá Íslandi á kreppu-tímum, þó ekkert endilega aftur til Póllands.

„Þessir flutningar eru langt frá því að vera einhverjir fjöldaflutningar eða flótti. Svo má ekki gleyma því að margir innflytjendur hafa starfað á Íslandi það lengi að þeir hafa rétt á atvinnuleysisbótum og hafa því „efni á“ að vera áfram á Íslandi og sjá hvernig kreppan þróast.“



Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í umhverfis- og auðlindafræði

ALDREI FÓRNA MEIRA FYRIR MINNA

Brynhildur Davíðsdóttir situr á hlýrri skrifstofu sinni á köldum en fallegum janúarmorgni. Hún hefur í nógu að snúast því hún er umsjónarmaður framhaldsnáms í umhverfis- og auðlindafræði, þverfaglegu framhaldsnámi sem öll svið Háskóla Íslands eiga aðild að.

Brynhildur brosir með öllu andlitinu þegar talið berst að viðamiklu fjögurra ára verkefni undir hennar leiðsögn um þjónustu náttúrunnar. „Við vitum að samfélag manna er umlukið því sem við köllum náttúruauð. Hann gefur af sér margvíslegar afurðir og þjónustu sem maðurinn nýtir með beinum eða óbeinum hætti í sínu sértæka hagkerfi. Þessar afurðir köllum við venjulega þjónustu náttúrunnar.“

Heiðmörk var valin sem rannsóknaveitvangur, enda eitt stærsta náttúruverndar- og útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu. Við efnahagslegt mat á virði náttúrunnar er það virði þjónustunnar sem er metið. Beina þjónustan tengist til dæmis notkun efna og orku. Óbeina þjónustan er minna sýnileg en ekki síður mikilvæg en undir hana fellur til dæmis miðlun og hreinsun vatns, viðhald næringarefna í jarðvegi og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni.

Brynhildur bendir á að auk alls þessa veiti náttúran okkur ómælda lífshamingju með tómskundagildi, fræðslugildi, menningargildi og tilvistargildi. „Við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir virði þess að staldra aðeins við og njóta. Það er ekki ónýtt að geta farið í Heiðmörkina til að tína ber, veiða fisk eða grilla með fjölskyldu og vinum. Svæði sem þetta er gríðarlega verðmætt.“

Brynhildur segir lífsnauðsynlegt að taka þjónustu náttúrunnar og áhrif framkvæmda á hana með í reikninginn þegar stórar og smáar ákvarðanir eru teknar. „Það verður að vera hægt að auka velferð á Íslandi án þess að ganga á þjónustu náttúrunnar. Einnig viljum við meta það álag sem neysla Íslendinga hefur á framleiðni jarðarinnar í gegnum hið svokallaða vistspor, en það mælir hversu mikið af náttúrulegum gæðum jarðar mannkynið notar í neyslu sína.“

Vistspor Íslendinga er það stærsta í heiminum. „Niðurstöður okkar sýna að ef allir jarðarbúar myndu haga sér eins og Íslendingar þyrfti að minnsta kosti sex jarðir til að standa undir



neyslunni, að undanskildum sjávarútveginum. Ég tel skýringuna á þessu vera gegndarlausu neyslu Íslendinga á innfluttum vörum, sem við losum okkur við eftir stutta notkun.“

Brynhildur heldur áfram og segir að mikilvægt sé að beina allri umræðu um hagvöxt, þróun og velferð í átt að fórnarkostnaðinum. Þjóðhagslegur ábati framkvæmda af hvaða tagi sem er verður að vera meiri en kostnaðurinn. Þegar verðmæti þjónustu náttúrunnar er metið er hægt að sjá hvort meira sé fórnað fyrir minna.

Stuðlum vonandi að betri framtíð

Að lokum segir Brynhildur að eitt markmiða verkefnisins sé að náttúran verði tekin með í reikninginn í framtíðinni. „Við höfum safnað í stóran upplýsingabanka og úr þessu verkefni mun fjöldinn allur af fræðigreinum líta dagsins ljós sem meistara- og doktorsnemar hafa unnið. Lokamarkmiðið er að setja saman bók fyrir íslenskan almenning þar sem við lýsum mikilvægi þjónustu náttúrunnar. Vonandi stuðlum við að betri framtíð með þessu verkefni.“

Verkefnið er styrkt af RANNÍS, Reykjavíkurborg, Garðabæ og Orkuveitu Reykjavíkur.

Rannsóknarverkefnið miðar að því að kynna mikilvægi þjónustu náttúrunnar, bera saman mismunandi aðferðir til að meta virði þjónustunnar, að kynna aðferðafræðina fyrir vísindamönnum framtíðarinnar og að leggja grunn að verkferlum fyrir slíkt mat á Íslandi. Verkefnið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins við Mógilsá, Skógræktarfélags Reykjavíkur, Orkuveitu Reykjavíkur, Garðabæjar, Reykjavíkurborgar, Veiðimálastofnunar og Vermont-háskóla.



Dagný Kristjánsdóttir, prófessor og deildarforseti Íslensku- og menningardeildar
Bókmennning barna í víðum skilningi

Dagný Kristjánsdóttir prófessor vinnur nú að nýrri íslenskrri barnabókmenntasögu. Bókin verður viðamikil með myndskreytingum og mun fjalla um íslenskar bókmenntir sem skrifaðar hafa verið fyrir börn frá 18. öld og fram á okkar daga.

Með henni að verkinu vinna Silja Aðalsteinsdóttir, útgáfustjóri Máls og menningar, sem ritstýrir bókinni með Dagnýju, nýdoktorinn Olga Hołownia og doktorsneminn Helga Birgisdóttir, sem báðar hafa sérhæft sig í barnabókmenntum. „Kveikjan að bókinni var þörfin fyrir nýja íslenska barnabókmenntasögu.

Árið 1981 kom út bókin Íslenskar barnabækur 1780-1979 eftir Silju Aðalsteinsdóttur og í henni var rakin saga íslenskra barnabókmennta frá upphafi, til ársins 1979. Sú bók var ómetanleg en er löngu ófáanleg. Það þarf því að skrifa nýja sögu og bæta við hana efni frá 1979,“ segir Dagný. Hún tekur fram að mikið og fjölbreytt efni fyrir börn hafi komið fram síðastliðin ár sem vert er að rannsaka og segja frá.

Í nýju íslensku barnabókmenntasögunni verður ekki einungis rakin saga barnabókmennta á Íslandi frá upphafi heldur verður fjallað um bókmenningu

barna í víðum skilningi, alls konar texta af því að bókin tekur á barnamenningu og mótunaráhrifum hennar á börn. Leitast verður við að gefa fyllri mynd af íslenskrri barnabóka- og barnamenningu en áður hefur verið gert. „Það hefur til dæmis lítið verið skrifað um gömlu barnablöðin og barnatímarni í útvarpinu frá árunum 1950 til 1970, en hann var stór hluti af því litla barnaefni sem til var á þessum árum. Sömuleiðis skoðum við barnaplöturarnar, nýja miðlun bókmennta til barna og einnig fjölþjóðlegt barnaefni. Við erum að reyna að skrifa nýja og öðruvísi barnabókmenntasögu,“ segir Dagný.

Björn Hjálmarsson, MA-nemi við Sagnfræði- og heimspekideild

Er lyfjameðferð við athyglisbresti ósiðleg?

Björn Hjálmarsson, barnalæknir og MA-nemi í heilbrigðis- og lífsiðfræði, fjallar um athyglisbrest og ofvirkni barna og unglunga í síðrænu ljósi í meistaritgerð sinni. „Tilvist, orsakir og meðferð athyglisbrests og ofvirkni í börnum og unglingum gefur oft tilefni til hvassra skoðanaskipta. Það má segja að þessi togstreita hafi verið kveikjan að rannsókninni. Á að líta á athyglisbrest og ofvirkni sem tilvistarlega erfiðleika, þroskafrávik eða veikindi? Þetta eru knýjandi spurningar,“ segir Björn. Aðspurður hvornig hann nálgast verkefnið segir Björn að fyrst geri hann læknisfræðilega grein fyrir vandanum en þar er barnalæknirinn vitaskuld á heimavelli. „Síðan segi ég frá gagnrýni á þessar algengustu hegðunargreiningar í börnum og unglingum. Spurt er hvort um ósiðlega sjúkdómsvæðingu sé að ræða. Leitað er að siðferðilegum viðmiðum sem réttlæta það að frávik í hegðun flokkist sem heilbrigðisvandamál. Siðferðileg

álitamála eru skoðuð út frá höfuðsiðareglum heilbrigðis- og lífsiðfræði. Leidd eru rök að því að skoðanir fólks á orsökum vandans skipti miklu máli fyrir álit þess á læknisfræðilegri meðferð. Þeir sem telja vandann stafa af umhverfisþáttum telja lyfjameðferð ósiðlega. Þeir sem trúa því að vandinn stafi af arfgengri þroskaröskun í heila eru á öndverðum meiði,“ segir Björn.

„Ég geri tilraun með tvö ný hugtök, þ.e. innri útskúfun sem skilningsleysi á sérþörfum barna og unglunga með athyglisbrest og ofvirkni hafði í för með sér og það að vandinn var vangreindur. Hinar öfgarnar kalla ég ytri útskúfun, þegar gengið er of langt í greiningu og meðferð og börn og unglingar verða að óábyrgum siðferðisverum. Bæði innri og ytri útskúfun skerða möguleika til heilbrigðrar sjálfsmýndar. Í anda meðalhófsreglu Aristótelesar legg ég til málamiðlun milli þessara andstæðu póla. Með verkefninu er lögð áhersla á hve siðfræði er



mikilvæg í daglegum störfum heilbrigðisstarfsfólks,“ segir Björn.

Leiðbeinandi: Vilhjálmur Árnason, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild; meðleiðbeinandi: Ólafur Ó. Guðmundsson yfirlæknir.



Sigríður Lára Sigurjónsdóttir,
doktorsnemi við Íslensku- og menningardeild

HRUNIÐ Í LEIKHÚSINU

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir rannsakar orðræðu ádeilu í íslensku leikhúsi fyrir og eftir efnahagshrunið árið 2008 í doktorsverkefni sínu við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Við rannsókn sína beitir Sigríður orðræðugreiningu og skoðar bæði handrit og fer á sýningar í leikhúsum. Hún beinir athygli sinni að tímabilinu frá 2004 til 2011 og skoðar hvernig eða hvort ádeiluefni í leikverkum hafi breyst. Hún skoðar þá sérstaklega hvort verkefnaval íslensku leikhúsanna hafi breyst og jafnframt hvort yrkisefni íslenskra leikskálda sé annað eftir hrunið en fyrir það.

Nauðsynlegt er fyrir rannsóknina að skilgreina ádeilu mjög ítarlega. „Núna vinn ég að skilgreiningu á hugtakinu ádeila, það er ekki svart-hvítt hvort leikrit séu ádeiluverk eða



ekki. Ekki nema þau séu auglýst þannig,” segir Sigríður. Hún skiptir ádeilu í þjóðfélagsádeilu og samfélagsádeilu. „Þjóðfélagsádeila fjallar meira um valdakerfi og snýr að stjórnun samfélagsins en samfélagsádeila fjallar frekar um tiltekin samfélagsmeini.“ Jafnframt ber Sigríður saman þróun samfélagsspeglunar og gagnrýni íslensks leikhúss árin eftir hrun við leikhús Weimar-lýðveldisins í kreppu.

Við fyrstu sýn virðist Sigríði íslenskt leikhús einkennast af meiri tilraunastarfsemi eftir hrun en áður, en það bendir til að einhver formbreyting hafi átt sér stað. Sigríður veltir bæði fyrir sér hvort efni og form hafi tekið breytingum en samkvæmt henni er íslenskt leikhús furðu lítið rannsakað miðað við almennar vinsældir þess hér. Sigríður hefur lengi haft mikinn áhuga á leikhúsi og hafa áherslur hennar í náminu markast af því. Hún hefur einnig verið viðriðin áhugaleikhús og bæði skrifað leikrit og leikstýrt þeim.

Leiðbeinandi: Guðni Elisson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



Elisabet Ásta Bjarkadóttir
Cand.odont. - nemi í tannlækningum

Mér hafa alltaf þótt tannlækningar mjög spennandi og verð sífellt ánægðari með valið. Nálægð við fólk heillar mig mikið, sem og að vinna nákvæmnisvinnu með höndunum. Ég tel starfið eiga vel við mig enda krefjandi og gefandi í senn.



Kristján Sveinsson
BS-nemi í ferðamálafræði

Ferðamálafræði er mjög áhugaverð og fjölbreytt námsleið og atvinnumöguleikar góðir. Ég hef starfað sem fararstjóri í afþreyingarferðum hér á landi og langar að bæta við mig faglegri þekkingu á sviði ferðamála.



Karen Ásta Kristjánsdóttir
BA-nemi í stjórnmálafræði

Stjórnmálafræðideildin er ein áhugaverðasta deild háskólans núna á þessum umrótstímum okkar Íslendinga. Námið dýpkar allan skilning á samtíma okkar, fortíð og framtíð. Auk þess tel ég það vera réttu leiðina fyrir mig að því sem mig langar að verða einhvern daginn.



1911

Háskóli Íslands var stofnaður 17. júní 1911 á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Með þessu sköpuðust skilyrði fyrir íslenska vísindastarfsemi og markaði stofnun skólans tímamót í menningarlífi þjóðarinnar. Stúdentar í fyrsta árgangi voru 45 að tölum, 5 í Guðfræðideild, 17 í Lagadeild og 23 í Læknadeild en í Heimspedeild var enginn skráður. Skólinn fékk inni á neðri hæð Alþingishússins, sem átti eftir að verða samastaður hans í nærri þrjá áratugi.



Berglind Eva Benediksdóttir,
doktorsnemi við Lyfjafræðideild



Kristín Björnsdóttir, prófessor
við Hjúkrunarfræðideild

Heimaþjónusta eftir langt dagsverk

„Stjórnvöld stefna að því viðast hvar á Vesturlöndum að aldraðir geti búið sem lengst á eigin heimilum. Íslensk stjórnvöld hafa stefnt að því sama frá síðustu aldamótum og samtök eldri borgara hér hafa lagt áherslu á að aldraðir fái nauðsynlegan stuðning til að búa áfram á eigin heimilum.“

Þetta segir Kristín Björnsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Kristín hefur undanfarið unnið að rannsókn á stuðningsaðferðum í heimaþjónustu og heimahjúkrun aldraðra. Rannsókn Kristínar felst í athugun á vettvangi þar sem heimaþjónusta er veitt. Viðtöl eru tekin við notendur þjónustunnar, aðstandendur þeirra og starfsmenn. Kristín segir að frumniðurstöður hafi leitt í ljós að flestum þátttakendum líði vel heima og að þeir reiði sig á þann stuðning sem heimaþjónustan veitir. Kristín segir að greining á starfsaðferðum heimaþjónustunnar sýni að þær einkennist af mun meiri sveigjanleika hér en tíðkast víða erlendis þar sem staðlar eru notaðir til að skipuleggja inntak og umfang þjónustu.

Hluti af rannsókn Kristínar felst í því að kanna hvort mögulegt sé að halda þessum sveigjanleika sem einkennir íslenska heimaþjónustu samhliða því að taka upp staðlaðar aðferðir við heimahjúkrun.

Þá kemur fram í rannsókninni að hér hafi verið farin óvanaleg og jafnframt árangursrík leið við að efla samvinnu og samþættingu ólíkra starfsgreina í heimaþjónustu. Kristín segir að lögð hafi verið áhersla á að samskipti milli starfshópa séu greið og að starfsmenn vinni sameiginlega að því að skipuleggja þá aðstoð sem veitt er.

Kristín segir ljóst að sú stefna að fólk sé sem lengst heima, þrátt fyrir flókin og vandasöm heilsufarsvandamál, útheimti sérhæfða þekkingu sem hjúkrunarfræðingar í heimahjúkrun þurfi að hafa aðgang að. „Rannsóknin leiddi í ljós augljósá tregðu í samskiptum heimahjúkrunarfræðinga og þeirra sérfræðinga sem þeir þurftu að leita til. Þá kom einnig fram að íslenskir hjúkrunarfræðingar sem sinna heimaþjónustu nýttu oft hugmyndaauðgi og óvanalegar aðferðir sem reyndust í mörgum tilvikum mjög árangursríkar,“ segir Kristín.

Vill útrýma sprautunálum

„Rannsóknir mínar snúast um að gera svokölluð kítósanefni leysanleg í vatni og nota þau til að hjálpa lyfjum sem venjulega eru gefin með stungu, til að komast eftir hefðbundnari leiðum inn í líkamann, t.d. í töflu- eða innöndunarformi,“ segir Berglind Eva Benediksdóttir, doktorsnemi við Lyfjafræðideild. Berglind segir að margir séu háðir stungulyfjum, t.d. krabbameins- og sykursýkislyfjum. „Mörg þessara lyfja eru úr próteini sem örðugt er að koma inn í líkamann með öðrum leiðum en í sprautu. Slíku fylgir sýkingarhætta og erting á stungustað auk annarra óþæginda. Ekki þarf því að fjölyrða um kosti þess

að ná jákvæðri niðurstöðu úr þessari rannsókn,“ segir Berglind.

Að sögn Berglindar er kítósan náttúruleg fjölsýkra sem unnin er úr rækju- og humarskel. Efnið gæti því varla verið íslenskt. „Hægt er að nota kítósan til að drepa bakteríur og hjálpa ýmsum stórum lyfjum að komast í gegnum himnur. Kítósan hefur hins vegar þann megingalla að vera ekki leysanleg við það sýrustig sem er víðast í líkamanum og það takmarkar notkun þess en til þess að lyf virki þurfa þau að leysast upp í líkamanum. Í doktorsverkefninu mínu, sem er samstarfsverkefni Lyfjafræðideilda og Lífvísindaseturs HÍ, er ég að breyta kítósani með efnafræðilegum hætti í efni sem eru leysanleg í vatni. Þau verða þannig fýsilegri til notkunar í mönnum.“

Berglind fullyrðir að kítósan sé sérstaklega áhugavert þar sem ekki verði til skaðleg efni fyrir líkamann þegar það brotnar niður. „Við búum jafnframt svo vel að hafa greiðan aðgang að þessu hráefni, sem er unnið úr íslenskum sjávarafurðum. Því hafa þessar rannsóknir sérstakt gildi fyrir Íslendinga. Það er mikill kostur að til sé nóg af efni til að vinna með ef farið verður út í framleiðslu í stórum stíl fyrir frekari prófanir.“

Berglind hlaut fyrir nokkru viðurkenningu úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala en sjóðurinn veitir doktorsnemum í lyfjafræði við HÍ viðurkenningu fyrir framúrskarandi rannsóknir í lyfjafræði.

Leiðbeinendur: Már Mátsson, prófessor við Lyfjafræðideild, og Ólafur Baldursson, sérfræðingur í lungnalækningum við Landspítalann.



1921
Stúdentaráð Háskóla Íslands stofnar mótuneyti fyrir stúdenta, Mensa academica, í nóvember 1921. Það var staðsett í Lækjargötu 2 og starfaði þar í átta ár. Markmiðið var að bjóða nemendum háskólans upp á fæði á viðuráðanlegu verði og var mótuneytið mjög vel sótt framan af, enda varð staðurinn að nokkurs konar félagsheimili stúdenta. Nokkuð dró úr aðsókninni undir lokin þannig að Stúdentaráð neyddist til að loka mótuneytinu í byrjun sumars árið 1929.



NÁMSBRAUT Í SJÚKRAÞJÁLFUN OG ÖSSUR SNÚA BÖKUM SAMAN

Námsbraut í sjúkraþjálfun og Össur hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér að Rannsóknastofa í hreyfivísindum og Össur munu vinna saman við rannsóknir og prófanir á stoð- og stuðningstækjum úr framleiðslulínu Össurar. Að auki vinna aðilarnir saman að grunnrannsóknum sem gætu leitt til þróunar á nýrri vöru.

Össur er alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar á heilbrigðis sviði en það hannar og framleiðir m.a. stoðtæki, spelkur og stuðningsvöru.

Rannsóknastofa í hreyfivísindum er við námsbraut í sjúkraþjálfun og heyrir undir Læknadeild Háskóla Íslands. Hún er vísindaleg rannsóknastofnun en með hreyfivísindum er átt við öll þau fræði sem tengjast hreyfingum mannlíkamans á einn eða annan hátt. Rannsóknastofan er vettvangur þekkingarmiðlunar og rannsókn- og þróunarstarfs á sviði hreyfivísinda og sjúkraþjálfunar.

Samningurinn felur því í sér mikla viðurkenningu á öflugum starfi rannsóknastofunnar. Hann er þó ekki síður stuðningur við áframhaldandi rannsóknir á

sviði hreyfivísinda við Háskóla Íslands. Samningurinn gerir Rannsóknastofu í hreyfivísindum kleift að efla og þróa sínar eigin rannsóknir enn frekar, m.a. með því að nýta sérfræðipækningu Össurar á sviði stoð- og stuðningstækja og verkfræði. Össur mun á hinn bóginn fá prófanir og rannsóknarniðurstöður tengdar vörum sínum og nýta sér sérfræðipækningu starfsmanna rannsóknastofunnar í hreyfingarfræði, lífafræði og lífeðlisfræði.

Lyfjavirk náttúru efni úr íslensku lífríki

Við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands starfa tvær konur sem leggja áherslu á að finna lyfjavirk náttúru efni í rannsóknum sínum og gera þau nýtanleg í lyf gegn ýmsum sjúkdómum sem herja á mannfolk. Þetta eru þær Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor og Sesselja Ómarsdóttir dósent.

Markmið þeirra Elínar Soffíu og Sesselju er að einangra og greina efnabyggingar auk þess að rannsaka lífvirkni náttúru efna úr fléttum, jöfnum, soppmósum og sjávardýrum. Sesselja er verkefnisstjóri í spennandi og nýju verkefni er gengur út á að rannsaka efni úr sjávarhryggleysingjum af íslensku landgrunni. Hugmyndin er að finna ný virk efnasambönd sem hugsanlega geta orðið að áhugaverðum lyfjasprotum. „Meðal annars er ætlunin að skima slík efni fyrir vaxtarhemjandi áhrifum á krabbameinsfrumur,“ segir Sesselja, bjartsýn á árangur rannsókna.

„Náttúru efni eru virku efni í meira en þriðjung allra lyfja í dag og í nánast tveimur þriðju allra sýkinga- og krabbameinslyfja. Þrátt fyrir þetta eru rannsóknir á náttúru efnum úr íslensku lífríki fáar,



en hafa þó sýnt að ný og spennandi náttúru efni er þar að finna,“ segir Sesselja.

„Þetta kemur ekki á óvart sé haft í huga að lífverur, sérlega þær sem ekki geta flúið af hólmi, svo sem plöntur og örverur, heyja stöðugan efnahænað sín á milli og við umhverfi sitt,“ segir Elín Soffía sem einbeitt sér að rannsóknum á láglöntum.

„Stríðið um að lifa af með vörn og sókn hefur staðið í milljónir ára og myndað ótrúlega fjölbreyttan banka lífvirkra efnasambanda í náttúrunni. Leitin að nýjum lyfjum í þessum



náttúrubanka er einn af hornsteinum lyfjafræðinnar og forsenda fyrir framþróun og framleiðslu margra nýrra lyfja við erfiðum sjúkdómum,“ segir Elín Soffía.

„Sömu sögu er að segja af ýmsum sjávardýrum,“ bættir Sesselja við, „en þessi flokkur lífvera framleiðir áhugaverð lífvirk efni, en er lítt rannsakaður. Fyrstu rannsóknir á sjávarlífverum í íslensku landhelgi benda til þess að þar leynist efni sem vert er að skoða nánar með tilliti til verkunar gegn ýmsum krabbameinum, bólgusjúkdómum og Alzheimer, eða sem hvata í bóluefni.“



Rannveig Oddsdóttir,
doktorsnemi við Uppeldis- og menntunarfræðideild

MEÐFÆDD ÞRJÓSKA

Hún hikar ekki við að líkja langhlaupum við fíkniefni en með jákvæðum formerkjum. „Hlaupin eru vímuefni sem hafa jákvæð áhrif á heilsu og líðan,“ segir hún og fullyrðir að þau byrji með hálfgerðu fíkti, smáskokki sem svo dragist á langinn. Hún heitir Rannveig Oddsdóttir og er landsþekkt íþróttakona sem hefur ítrekað skákað keppinautum sínum í langhlaupum. Hún er 37 ára gömul, þriggja barna móðir, Íslandsmeistari í maraþoni, hefur hlaupið friðarmaraþon í Rúanda, þotið eftir Laugaveginum hraðar en flestir karlar og er að auki doktorsnemi í menntunarfræðum við Háskóla Íslands.

„Námið er kyrrsetuvinna svo að það er gott að brjóta daginn upp og taka hressandi hlaupaefingu eftir langa setu við tölvuna,“ segir Rannveig og lítur í áttina að hlaupaskónum. „Fyrir mér eru hlaupin fyrst og fremst áhugamál sem gefur mér mikið,“ segir hún. „Margir furða sig á því að ég hafi tíma til að æfa nægilega mikið til að halda mér í toppformi en staðreyndin er hins vegar sú að það tekur ekkert miklu meiri tíma að æfa almennilega en bara að halda í horfinu,“ segir Rannveig og lítur út um gluggann, líklega að gá til veðurs.

Hún segist standa í þeirri trú að þeir sem eru í góðu líkamlegu formi eigi auðveldara með að halda góðri starfsorku yfir daginn en hinir. „Stundirnar sem varið er í hreyfingu skila sér fljótt í betri vinnu á öðrum sviðum,“ segir Rannveig og lítur snöggvast yfir laus blöð á borðinu framan við sig. Barna eru augljós merki um að rannsókn hennar sé í fullum

gangi. Meginmarkmið hennar er að afla upplýsinga um þróun ritunar og textagerðar hjá íslenskum börnum á aldrinum 4 til 8 ára. „Rannsóknin mun gefa upplýsingar um hvernig þessi þróun tengist öðrum náms- og þroskaþáttum, svo sem málþroska, læsi og sjálfstjórn.“

Rannveig segir að sameiginlegir fletir með doktorsnámi og langhlaupum séu ekki ýkja margir aðrir en að hvort tveggja krefjist úthalds og seiglu. „Það mætti segja að áralöng reynsla úr langhlaupunum nýtist við að halda út í náminu. Kannski mætti tala um meðfædda þrjúsku og keppnisskap sem hjálpar mér í hvoru tveggja,“ segir Rannveig brosandí og teygir sig eftir hlaupaskónum.

Á meðan hún reimar þá á sig segir hún að hlaupið sjálft geti stundum orðið nær óyfírstíganlegt, það komi jafnvel sú andrá þar sem hún heitir því að gera þetta aldrei aftur. „En það er sigur að komast í mark,“ segir Rannveig og bætir við: „Ég hleyp maraþon því að mér finnst það mikil áskorun. Mér finnst líka svolítið töff að vera 37 ára, þriggja barna móðir og Íslandsmeistari í maraþoni. Ég lít á mig sem fyrirmynd fyrir aðrar stelpur. Við þurfum ekki að detta úr formi þótt við eignumst börn. Það er vel hægt að halda sér í góðu formi þótt maður þurfi líka að sinna fjölmörgum öðrum verkefnum samtímis,“ segir Rannveig og skilur blaðamann eftir í rykinu.

Aðalleiðbeinandi: Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið; meðleiðbeinandi: Freyja Birgisdóttir, lektor við Menntavísindasvið.



Bryndís S. Guðmundsdóttir,
MA-nemi við Kennaradeild

Rödd starfsfólks

„Álag á starfsfólk barnaverndarstofnana virðist hafa aukist eftir að stofnunum var fækkað,“ segir Bryndís S. Guðmundsdóttir, meistaraniemi í kennslufræðum og starfandi sérfræðingur í meðferðar- og fósturdeild Barnaverndarstofnu. „Það segir sig sjálf að þegar barnaverndarstofnunum fækkar þá vistast þangað einungis þeir einstaklingar sem eiga í hvað mestum erfiðleikum og þurfa mesta hjálp.“

Bryndís hóf störf á meðferðarheimili ríkisins í Kópavogi, sem þá var og hét, árið 1977 og þekkir því vel til barnaverndarmála. „Til þessa hefur sjónum einkum verið beint að árangri barnanna, en mig langaði til að rannsaka starfsfólkið til tilbreytingar, m.a. vegna þess að árangurinn verður aldrei betri en starfsfólkið,“ segir Bryndís.

„Starfsmenn eiga erfitt með að tjá sig vegna trúnaðar við skjólstæðinga og mig langaði til að ljá þeim rödd. Starfsmönnum finnst erfitt að gera öðrum grein fyrir starfi sínu en skilningur frá utanaðkomandi skiptir miklu máli,“ segir Bryndís. Hún er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að setjast niður til að hugsa og skrifa um hlut starfsfólksins enda nýtir hún sér nýfengna þekkingu við dagleg störf.

Bryndís vann úr viðtölum við sjö starfsmenn á aldrinum 40 til 50 ára, bæði ófagmenntaða og fagmenntaða. Meðalstarfsaldur þeirra var tíu ár. Að sögn Bryndísar virðast margir hafa gert þetta að drjúgum hluta ævistarfs síns þrátt fyrir lág laun, erfið skilyrði og neikvæða umfjöllun fjölmiðla. Ástæðuna telur Bryndís vera góð tengsl starfsfólks við skjólstæðinga annars vegar og samstarfsfólk hins vegar. „Starfsmenn njóta þess að vinna með börnum sem þeir geta hjálpað. Á hinn bóginn þykir þeim afar erfitt að fylgjast með börnum sem ekki spjara sig.“

Bryndís segir störfin jafnan skipuð ófaglærðum, m.a. vegna þess að faglærðir virðist ekki hafa áhuga á vaktavinnu. Hins vegar telur Bryndís ófaglærða geta sinnt þessum störfum vel, fái þeir virkan stuðning og handleiðslu fagmanna. „Þannig getum við tryggt fagleg vinnubrögð, líka við úrlausn erfiðustu málanna.“

Leiðbeinandi: Guðrún Geirsdóttir, dósent við Kennaradeild.



Þorleifur Örn Gunnarsson, B.Ed.-nemi í grunnskólakennarafræði á Menntavísindasviði EKKI EINI STRÁKURINN Í BEKKNUM!

„Í Stakkahlíð er lítið samfélag sem gott er að tilheyra, m.a. vegna bekkjarfyrirkomulagsins. Það veitir nemendum óneitanlega aðhald í náminu og vinnur gegn brottfalli,“ segir Þorleifur Örn Gunnarsson, nemi í grunnskólakennarafræði við HÍ.

„Samkenndin er ólíkt meiri en í hefðbundnu áfanganámi og flestir eru tilbúnir til að styðja aðra,“ segir Þorleifur og bætir svo við: „Ég þurfti samt að yfirvinna fordóma gagnvart náminu. Dag einn lagðist ég undir feld og komst að þeirri niðurstöðu að fordómarnir sem ég hafði alið á voru rökleysa. Þá herti ég upp hugann, tók skrefið og

skræði mig í grunnskólakennarafræði. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir samfélagslegt hlutverk og starfsánægja mig miklu meira máli en feitur launatékki.“

Þorleifur hefur komið víða við í menntageiranum, m.a. starfað á leikskóla, verið leiðbeinandi á leikjanámskeiðum fyrir 9-12 ára börn í fimm sumur og í dag starfar hann í Selinu, félagsmiðstöð Seltirninga.

„Seinna hef ég hitt gott fólk í háskólanámi sem segist öfunda mig af því að hafa yfirstigið fordómanna gagnvart kennaranáminu, og að það

hefði sjálft gjarnan viljað læra til kennara í stað þess að velja aðra námsleið.“

Þorleifur segir verk óunnið við að sigrast á hugsanlegum fordómum gagnvart greininni sinni. „Það er staðreynd að launin eru lág en mitt hlutverk er að takast á við verkefnið frekar en gera ekki neitt og ég vil taka þátt í að auka veg greinarinnar,“ segir hann.

Þorleifur segir að námið standi fullkomlega undir væntingum. „Hér er gott umhverfi og hér líður mér einstaklega vel. Og nei... ég er alls ekki eini strákurinn í bekknum!“

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, meistaranemi við Kennaradeild Facebook hentar vel í skólastarfi

„Facebook, önnur vinsælasta vefsíðan í heiminum, er ekki aðeins til afþreyingar því að hún virðist að mörgu leyti henta vel til notkunar í skólastarfi,“ segir Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, meistaranemi í Kennaradeild við Menntavísindasvið.

Í ritgerð sinni „Fésbók í skólastarfi: Boðin eða bannfærð?“ skoðar Anna niðurstöður fyrri rannsókna af notkun Facebook í skólastarfi auk þess sem hún tekur viðtöl við þrjá kennara sem nota samfélagsvefinn við kennslu í grunn- og framhaldsskólum.

„Markmiðið með rannsókninni er að skoða hvernig hægt sé að nota Facebook við kennslu, kosti þess og galla, og hvort um raunhæfan kost sé að ræða í kennslunni,“ segir Anna.

Anna segir að rannsókn sín staðfesti að nota megi Facebook sem viðbót við námsnet skóla en einnig geti hún komið í stað námsnetsins að miklu leyti. „Kostir þess að nota tengslanet í skólastarfi

eru m.a. þeir að hægt er að safna á einn stað öllu því efni sem tengist námskeiðum. Þannig eru á einum stað almennar upplýsingar, glærur, myndir úr tímum, myndbönd úr skólastarfinu og af öðrum vefsíðum, umræður eða fyrirspurnir,“ segir Anna. Hún segir að nemendur geti einnig sett inn efni sjálfir sem þeir finni eða búi til og tengist námsefninu.

Reynsla kennaranna þriggja sem Anna ræddi við var góð að hennar sögn og þeir ætli hikaust að halda áfram að nota Facebook við kennsluna. Kennararnir telji nemendur ánægða með þetta fyrirkomulag þótt sumir hverjir séu tregir að tjá sig á síðunum sjálfum. Nemendur geti hins vegar sótt námsefni á þeim tíma sem þeim henti og sent kennara fyrirspurnir á auðveldan hátt í gegnum Facebook.

„Kennari getur líka sent skilaboð til nemenda, t.d. minnt á verkefni og verkefnaskil. Nemandi sem



er nærri skilafresti á verkefni, og fær áminningu í gegnum Facebook eftir skólatíma, er líklegri til að skila á réttum tíma en fengi hann ábendinguna í gegnum Mentor eða í tölvupósti á netfang skólans. Það eru mun meiri líkur á að nemandinn opni Facebook en skólatölvupóst eða Mentor að loknum skóladegi,“ segir Anna.

Leiðbeinandi: Sólveig Jakobsdóttir, dósent við Kennaradeild.



KAPELLAN

Pað hvarflar varla að grunlausum gesti, sem gengur suður eftir annarri hæð Aðalbyggingarinnar, að inn á milli kennslustofanna leynist lítil kapella með undurfallegum glerlistaverkum, litlu orgeli og bogadregnu lofti.

Hlutverk kapellunnar er margþætt, allt frá því að hýsa vikulega æfingaguðsþjónustu guðfræðinema til þess að vera eins konar hljómburðarparadís fyrir tónelska stúdenta og starfsmenn. Ekki er verra að vita af því ef ástföngnum stúdentum dettur í hug að ganga í hjónaband, já eða ef lítil stúdentabörn líta heiminn, að í kapellunni hafa stúdentar bæði gíft og fengið börn sín skírð.

Svo er líka afskaplega indælt að taka með sér góða skruddu, leggjast flatur á kirkjubekkin, með nefið upp í loft og lesa í kyrrðinni.

Tónlistarmaðurinn og stúdentinn Hjalti Jón Sverrisson segir kapelluna vera skjólið sem hann leiti í frá dagsins önnum. „Mér þykir fátt betra en að koma í kapelluna í smástund og raula lítinn lagstúf og ef vel liggur á mér gríp ég í gítarinn og spila undir. Eftir slíka stund er ég eins og fullhlaðinn farsími, tilbúinn í hvaða langlínusamtal sem er.“



Olga Margrét Cilia, formaður Stúdentaleikhússins

Áhugavert áhugaleikhús

Stúdentaleikhúsið er áhugaleikfélag ætlað nemum Háskóla Íslands. Félagið fagnaði 80 ára afmæli sínu í fyrra og er því rötgróið innan háskólans. Tvær leiksfýringar eru settar upp árlega og eru þær mjög fjölbreyttar, allt frá spunasýningum yfir í klassísk verk.

Olga Margrét Cilia er formaður Stúdentaleikhússins og nemi í bókmenntafræði. Hún situr með kaffibolla á Háskólatorgi og ástríðan fyrir leiklistinni leynir sér ekki. „Hópurinn í ár samanstendur af miklum grínistum. Við erum samheldin en ólík, það sem sameinar okkur er brennandi áhugi á listum. Þetta er mjög skemmtileg vinna og enn betri félagsskapur. Það

„ÞETTA ER MJÖG SKEMMTILEG VINNA OG ENN BETRI FÉLAGSSKAPUR. ÞAÐ FINNST OKKUR AÐ MINNSTA KOSTI OG VIÐ ERUM ALVEG HLUTLAUS“

finnst okkur að minnsta kosti og við erum alveg hlutlaus.“ Olga Margrét hlær en heldur svo áfram ögn alvarlegri. „Hópurinn sinnir starfinu með hjartanu og eldmóðnum þar sem þetta er allt sjálfböðavinna. Við erum ungt og duglegt fólk sem tekur frumkvæði. Stúdentaleikhúsið er rekið eins og heimili. Allir hjálpast að. Öðruvísi gengur þetta ekki upp. Þegar frumsýning nálgast vinnum við nánast allan sólarhringinn.“

Starfið innan Stúdentaleikhússins er fjölbreytt

heilsársstarf. „Ferlið er mjög langt. Stjórn félagsins velur fyrst leikstjóra og sækir um styrki en vinnan hefst svo fyrir alvöru í byrjun misserisins með námskeiði sem Stúdentaleikhúsið heldur. Leikhópurinn er valinn úr þeim hópi sem sækir námskeiðið. Það eru engin eiginleg inntökupróf en yfirleitt komast færri að en vilja.“

Ungir og efnilegir leikstjórar í bland við þaulreynda hafa sett upp sýningar með Stúdentaleikhúsinu. Olga Margrét segir að nýútskrifaðir leikstjórar séu oft spenntir að leikstýra Stúdentaleikhúsinu. „Leikstjórarinn fá frjálssar hendur og þess vegna gefur það augaleið að þetta er spennandi verkefni fyrir unga og ferska leikstjóra. Það eru ekki eins miklir peningar í þessu eins og í stóru atvinnuleikhúsunum en þeim mun meira frelsi og tækifæri til sköpunar.“

Uppsetningar Stúdentaleikhússins hafa í

gegnum tíðina fengið góðar viðtökur og enn betri gagnrýni. Sumir segja það eitt áhugaverðasta áhugaleikhús landsins. Margir útskrifaðir leikarar hafa komið við í Stúdentaleikhúsinu. „Ég hvet alla sem hafa áhuga á listum að fylgjast með og koma og taka þátt í þessu skapandi starfi með okkur. Það veit í rauninni enginn hversu gaman þetta er fyrr en hann prófar sjálfur,“ segir Olga Margrét með áherslu.



Réttarhöld raunveruleika eða draumveruleika?

Á haustmisseri frumsýndi Stúdentaleikhúsið Réttarhöldin eftir Franz Kafka. Leikritið var sýnt í Norðurpólnum, Sefgörðum 3 á Seltjarnarnesi. Friðgeir Einarsson leikstjóri verkinu sem hafði ekki verið sett á svið íslensks leikhúss áður. Leikgerðina vann hann upp úr kvikmyndahandriti Nóbelsverðlaunahafans Harold Pinter.

Réttarhöldin fjalla um mann sem vaknar upp við það einn daginn að veruleika hans hefur verið umbreytt. Verkið nýtir sér þá vídd sem verk Kafka hafa upp á að bjóða og mörk raunveruleika og draumveruleika eru óljós. Í verkinu er maður ákærður fyrir glæp sem hann man ekki eftir að hafa framið. Í kjölfarið þarf hann að takast á við málaferli og óljóst er hvort hann eða ytri áhrifavaldar hafa áhrif á framvinduna. Notast var við sjónræna þætti og mikið lagt upp úr óhefðbundnum sviðshreyfingum og lýsingu.

Verkið var mikil sjónræn upplifun og framsetningin djörf á viðfangsefninu sem var hvort tveggja í senn háalvarlegt og drepfyndið. Leikarar Stúdentaleikhússins eru flestir áhugaleikarar. Ungt og hæfileikaríkt fólk einkennir hópin enda er Stúdentaleikhúsið þekkt fyrir að vera eitt framúrsteftnulegasta og djarfasta áhugaleikhús landsins.



1928

Efnafræðikennsla læknanema flytur haustið 1928, úr húsnæði Efnafræðirannsóknastofu ríkisins, þar sem hún var um tíma, yfir í svokallað „Fjós“ bak við Menntaskólann í Reykjavík þar sem eðlis- og efnafræðikennsla Menntaskólans fór fram. Var læknanemum kennd efnafræði í „Fjósinu“ þar til kennslan fluttist í nýtt hús Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands haustið 1937.



VILJA SMITA ALLA NEMA LANDSINS AF STJÖRNUFRAEÐIBAKTERÍU

– gefa stjörnusjónauka í alla grunn- og framhaldsskóla landsins

Nemar við Háskóla Íslands eiga flestir áhugamál sem þeir sinna af krafti á meðan þeir sitja ekki í tímum eða vinna verkefni. Mörgum finnst gott að rækta líkamann en aðrir gefa heilabúinu engin grið og efla stöðugt hugvitið.

Félagarnir Sverrir Guðmundsson og Sævar Helgi Bragason eiga það sameiginlegt að sinna huganum öllum stundum. Auk þess að vera nemendur við HÍ hafa þeir brennandi áhuga á stjörnufræði.

„Stjörnufræðin er áhugamál mitt númer eitt, tvö og þrjú, og um leið ástríða,“ segir Sverrir,

sem hefur lokið BS-gráðu í jarðeðlisfræði við HÍ. Hann stundar nú meistaranám við Menntavísindasvið. Þeir Sverrir og Sævar Helgi vilja ekki sitja einir að stjörnunum og ætla sér því að smita aðra af þessum áhuga sínum. Þeir tveir hafa haft frumkvæði að því að allir grunn- og framhaldsskólar landsins eignist stjörnusjónauka.

„Það voru pantaðir 300 sjónaukar með góðum stuðningi frá ýmsum aðilum og þeim verður dreift í skólana ásamt kvikmynd sem fjallar um 400 ára sögu sjónaukans,“ segir Sævar Helgi.

„Námsefni sem tengist sjónaukanum er að finna á nýuppfærðum vef okkar: stjornuskodun.is.“

Sævar Helgi nemur jarðfræði við HÍ og starfar samhliða náminu við Raunvísindadeild skólans. Hann segir markmiðið að gefa öllum íslenskum skólabörnum færi á að sjá það sem Galíleó Galílei uppgötvaði fyrir 400 árum og meira til. „Með því getum við vonandi eftt áhuga íslenskra skólabarna á raunvísindum,“ segir Sævar Helgi.

Sverrir segist vonast til að þeir félagarnir geti dreift mörgum sjónaukum sjálfir. „Við munum standa fyrir námskeiðum, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, þar sem kennurum mun bjóðast þjálfun í notkun stjörnusjónaukans,“ segir Sverrir.

Fengu heiðursverðlaun á Ólympíuleikum


Í sumar fór hópur framhaldsskólanema á Ólympíuleikana í stærðfræði sem að þessu sinni fóru fram í Kasakstan. Í hópnum voru þrír núverandi nemendur Háskóla Íslands. Tveir þessara nemenda stunda nú nám í stærðfræði við Raunvísindadeild skólans. Þetta eru þær Helga Kristín Ólafsdóttir og Sólrún Halla Einarsdóttir, sem báðar brautskráðust frá Menntaskólanum í Reykjavík. Fjórir íslenskir þátttakendur fengu heiðursverðlaun á Ólympíuleikum í stærðfræði og voru þær Helga Kristín og Sólrún Halla í þeim hópi.

Til þess að hljóta heiðursverðlaunin þurfti að

leysa eitt dæmi af sex óaðfinnanlega, en það þykir afar gott að leysa eitt dæmi án skekkju. Þær Helga Kristín og Sólrún Halla sögðu að keppnin hefði gert það að verkum að þær komu tvíefldar til náms í HÍ í haust en keppnin var afar ströng. Keppt var í tvo daga, í fjóra og hálfan tíma í senn.

Íslenska stærðfræðafélagið hafði yfirumsjón með þjálfun keppendanna en undirbúningurinn fólst í fyrirlestrum og æfingum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti verkefnið, sem gerði ferðina mögulega.





Helga Kristín Ólafsdóttir,
styrkhafi úr Afreks- og
hvatningarsjóði HÍ

Getur Kristján Leósson gert sjálfan sig ósýnilegan?

Örljóstækni er tiltölulega nýtt rannsóknasvið sem fellur undir örtækni (nanótækni). Þetta rannsóknasvið hefur mikla þýðingu fyrir marga hluti sem tengjast daglegu lífi okkar, t.d. tölvuskjái og sjónvörp, gagnaflytning, sólarcellur, sparpurur, sjúkdómsgreiningar, efnagreiningar o.fl.

„Örljóstæknin er meðal annars gríðarlega mikilvæg ef við ætlum að nýta orku betur en við höfum gert hingað til,” segir Kristján Leósson, vísindamaður við Raunvísindastofnun háskólans.

„Það er ljóst að við þurfum að leita hagkvæmari leiða til að umbreyta orku beint frá sólinni – og auk þess höfum við ekki efni á að sóa orku sem við öflum eftir öðrum leiðum með sama hætti og gert hefur verið undanfarna áratugi. Sem dæmi má nefna að nú hafa mörg lönd heims hafist handa við að banna hefðbundnar glóðarperur vegna þess hversu illa þær nýta raforku til lýsingar. Við munum m.a. horfa til örljóstækninnar hvað varðar nýtingu orku með umhverfisvænni hætti en áður. Hún gæti einnig leitt til áhugaverðra nýjunga í hversdagslífinu, t.d. upprullanlegra tölvuskjáa.”

Kristján segir að örljóstæknin geti einnig orðið mikilvæg í meðferð sjúkdóma. „Til dæmis er unnt að koma örsmáum málmögnum fyrir í líkamanum til að eyða krabbameinsæxlum með innrauðu ljósi sem vinnur á æxlinu en er skaðlaust fyrir heilbrigða vefi líkamans. Agnirnar eru sérhannaðar til að drekka í sig innrautt ljós og hita þannig nánasta umhverfi sitt. Þeim er sprautað inn í blóðrásina en þær enda með að setjast fyrir í skemmdum vef. Þessi tækni er enn á tilraunastigi en fyrstu niðurstöður lofa góðu.”

Kristján og rannsóknahópur hans á eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar háskólans náðu á dögunum mikilvægum áfanga í rannsóknunum í örljóstækni. Niðurstöður rannsóknahópsins

birtust m.a. í hinu virta tímariti Nature Photonics á árinu 2010. Tilraunirnar snerust um að framleiða ljósleiðandi málmþynnur með innbyggðri ljósmögnun. „Málm ljósleiðarar bjóða upp á möguleika á að þjappa ljósi niður á minna svæði en mögulegt er með flestum öðrum efnum. Slík samþjöppun ljóss er í raun eitt af grundvallaratriðum örljóstækninnar. Afl ljósmerkisins tapast þó mjög hratt þegar því er þjappað saman á þennan hátt og hefur það staðið í vegi fyrir hagnýtingu á ýmsum sviðum. Fjöldi rannsóknahópa um allan heim hefur því keppt við að sýna fram á að mögulegt sé að vega upp á móti þessu ljóstapi með því að magna ljósmerkið upp en ekki hefur tekist að sýna fram á það með óyggjandi hætti fyrr en nú,” segir Kristján.

Miklir möguleikar í framtíðinni

Kristján segir að örljóstæknin bjóði upp á gríðarlega möguleika í framtíðinni og sumt sé jafnvel svolítið reyfarkennt. „Möguleikarnir á að hanna efni með nýstárlega ljóseiginleika eru miklir. Örljóstæknin gæti jafnvel leitt af sér aðferðir til að gera hluti ósýnilega,” segir hann og glottir. Aston Martin bill James Bond kemur strax upp í hugann, þessi sem hvarf sjónum illmennanna í kvikmyndinni Die Another Day, sem var reyndar að hluta tekin upp á Íslandi. „Fræðilega séð geta efni sem innihalda örsmáa málmskrúktúra t.d. haft þann undarlega eiginleika að brotstuðull þeirra verður neikvæður. Þetta þýðir m.a. að hólkur úr slíku efni gæti virkað sem huliðshjálmur, hólkurinn sjálfur sést ekki og allt sem sett er inn í hann hverfur sjónum manna,” segir Kristján Leósson og brosir. Fræðilega séð ætti Kristján þannig að geta gert sig ósýnilegan.

Fegurð stærðfræðinnar

„Það er mikil hvatning að fá styrk á borð við þennan en ég stefndi nú samt alltaf að því að fara í Háskóla Íslands,” segir Helga Kristín Ólafsdóttir glaðlega en hún er meðal þeirra sem hlutu styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta HÍ síðasta vor. Helga Kristín þreytti sín fyrstu próf fyrir jól en hún hóf nám í stærðfræði í haust með áherslu á tölvunarfræði.

Frá því að Afreks- og hvatningarsjóðurinn var stofnaður árið 2008 hafa verið veittir 48 styrkir til nýnema við skólann. Sjóðurinn veitir styrki nemendum sem náð hafa afburðaárangri á stúdentsprófi og innritast í háskólann. Við styrkveitingu er einnig metin virkni nemenda í félagsstörfum auk árangurs á öðrum sviðum, svo sem í listum og íþróttum.

„Stærðfræði hefur alltaf verið mín sterkasta lið og áhuginn hefur aukist með árunum, ekki síst þegar ég komst í Ólympíulið Íslands í stærðfræði tvö ár í röð,” segir Helga Kristín en henni sækist námið vel. „Ég hef einnig keppt í eðlisfræði og komist í úrslit, auk þess sem ég tók þátt í forritunarkeppni á vegum HR þar sem lið mitt hafnaði í þriðja sæti.”

Helga Kristín hefur lagt stund á píanónám og tekið þátt í skátastarfi frá tíu ára aldri. Hún hefur verið fulltrúi í foringjaráði skátafélagsins Hamars frá 2008. „Mig langar að eiga þátt í að móta og bæta heiminn,” segir Helga Kristín. „Því kemur mér helst til hugar kennsla í framtíðinni þar sem ég get frætt áhugasama nemendur um það sem mér er kært. Þannig tekst manni að gefa áfram af sér til komandi kynslóðar. Mér finnst ánægjulegt að takast á við ný og krefjandi verkefni og vera skapandi með því að finna einfaldar og fallegar lausnir. Þar kemur stærðfræðin sterk inn,” segir Helga Kristín brosandi og horfir björtum augum til framtíðar.



Hanna G. Daniélsdóttir,
deildarstjóri tanntækna í Læknagarði

TANNTÆKNAR LEGGJA LAND UNDIR FÓT

Tanntækna í Læknagarði heimsækja starfsfélaga sína í tannlæknadeild Trinity College í Dublin á Írlandi í vor. Til þess fékkst svokallaður Erasmus-styrkur. Tilgangur fararinnar er að fræðast um starfsemi deildarinnar í Trinity College, skoða uppbyggingu námsins þar og skipulag á móttöku sjúklinga. „Heimsóknin styrkir okkur faglega og ríkir eftirvænting í hópnum,“ segir Hanna G. Daniélsdóttir, deildarstjóri tanntækna í Læknagarði.

Æfingakennsla allra verðandi tannlækna á Íslandi fer fram í Læknagarði og þar sjá fimm tanntækna um að hafa allt til reiðu fyrir verklega tíma. Tanntækna eru aðstoðarmenn tannlækna og sjá þeir m.a. um að dauðhreinsa áhöld, finna til nauðsynleg efni og taka á móti sjúklingum. Þeir undirbúa einnig aðgerðarstofur og aðstoða nemendur við Tannlæknadeild HÍ við að gera mót af krónum, brúm og gervitönnum og líma tanngervi, eins og krónur.

„Markmið okkar í ferðinni er að skoða samskipti og samvinnu tanntækna og kennara í Trinity College. Einnig ætlum við að skoða

samskipti starfsfólks og nemenda, t.d. sjá hversu mikla aðstoð tannlæknarnir þar fá frá tanntæknum. Við ætlum líka að kynna okkur rekstrarþætti sem snúa að sjúklingum sem sækja þjónustu til deildarinnar og meta sóttþreinsun og gæðakröfur sem til hennar eru gerðar. Enn fremur ætlum við að skoða röntgendeildina og rafræna skráningu sjúklinga í gagnagrunn þar sem við vonumst til að slík tölvuvæðing sé handan við hornið hjá okkur í Læknagarði,“ segir Hanna.

Trinity College er framarlega í tannlækningum og það réð því að hann varð fyrir valinu, ásamt því að Peter Holbrook, prófessor í Tannlæknadeild HÍ, mælti sérstaklega með skólanum. Í Trinity College hefur menntun tannlækna í Evrópu verið rannsökuð og þar var sett upp sérstakt matskerfi sem stuðlar að frekari hæfni tannlæknema. Tannlæknadeild HÍ kom vel út úr könnun samkvæmt því kerfi.

Hanna er bjartsýn á að heimsóknin í Trinity College veiti tanntæknum innblástur fyrir nýjar hugmyndir sem koma til með að nýtast í starfsemi Tannlæknadeildar HÍ.



Lárus Steinþór Guðmundsson,
doktor, Læknadeild

Rannsóknir á mígreni vekja heimsathygli


Doktorsrannsókn Lárusar Steinþórs Guðmundssonar við Læknadeild á áhrifum mígrenis með áru hefur vakið heimsathygli. Fjallað hefur verið um niðurstöður rannsókna Lárusar í fjölmörgum heimsþekktum fjölmiðlum, m.a. hjá ABC í Bandaríkjunum og á fjölda vísindavefja. Lárus Steinþór brautskráðist með doktorsgráðu frá HÍ í nóvember í fyrra. Helstu niðurstöður doktorsverkefnis hans voru þær að fólk á miðjum aldri, sem þjáist af mígrenihöfuðverkjum ásamt áru, þ.e. sjóntruflunum, svima eða dofa sem eru undanfari mígrenikasts, deyr frekar vegna hjarta- og æðasjúkdóma en þeir sem ekki þjáist af slíkum höfuðverk. Einstaklingar með mígreni án áru reyndust ekki vera í aukinni áhættu.

Athygli vekur að ef nafn Lárusar er slegið inn í leitarvélna Google, ásamt enska orðinu migraine, verða niðurstöðurnar á fimmta þúsund talsins. Tenglarnir eru flestir á erlenda vísindavefi og almenna fréttavefi sem fjalla ítarlega um niðurstöður rannsóknarinnar.

Niðurstöðurnar byggjast á gögnum úr hóprannsókn Hjartaverndar þar sem þátttakendum, 18.725 körlum og konum, var fylgt eftir að meðaltali í 26 ár eftir að þeir höfðu svarað spurningum um ýmsa þætti tengda hjarta- og æðasjúkdómum. Í hóprannsókninni voru einnig gerðar ýmsar klínískar mælingar, svo sem blóðþrýstings- og blóðfitumælingar. Með úrvinnsluaðferðum í faraldsfræði var hægt að meta dánarlíkur tengdar mígreni með og án áru á eftirfylgnitímanum og leiðréttu jafnframt fyrir áhrifum annarra áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma.

Þrátt fyrir ofangreindar niðurstöður kom einnig í ljós að mígreni með áru er mun vægari áhættuþáttur en þekktir áhættuþættir eins og reykingar, sykursýki og háþrýstingur.

Leiðbeinandi: Vilundur Guðnason, prófessor við Læknadeild og forstöðulæknir Hjartaverndar.



Peter Holbrook, prófessor við Tannlæknadeild

KARÍUS, BAKTUS OG ERFÐAFRÆÐIN

Það kannast sjálfsgagt flestir við þau uppeldisskilaboð að sykurrinn, gosið og óhollustan skemmi tennurnar. Þessi skilaboð eru ennþá gjaldgeng í dag og þá alls ekki bara fyrir ungdóminn. Hins vegar eru teikn á lofti í tannrannsóknum sem benda til þess að erfðafræðilegir þættir geti líka orsakað vonda tannheilsu.

Peter Holbrook, prófessor við Tannlæknadeild Háskóla Íslands, hefur undanfarið unnið að rannsókn sem miðar að því að greina hvort einhver tengsl séu á milli erfða og tilhneigingar til að tennurnar í fólki skemmist og/eða glerungurinn eyðist. Þá er rannsókninni einnig ætlað að svara

því hvort mögulegt sé að einhverjir erfðaþættir geti verndað tiltekinn hóp einstaklinga fyrir ákveðnum tannsjúkdómum.

Peter segist notast við niðurstöður úr viðamikilli rannsókn á tannáttu og glerungseyðingu, MUNNÍS-rannsókninni, sem unnin var með þátttöku fimmtungs íslenskra barna á aldrinum 6, 12 og 15 ára. Niðurstöður úr þessari íslensku rannsókn birtust nýlega í tveimur greinum í tannlæknaritunum Community Dentistry and Oral Epidemiology. Þær verða notaðar í tengslum við gagnagrunn erfðafræðinefndar til að kanna hvort erfðafræðilegir þættir geti hugsanlega valdið því að tannáttu og/eða

glerungseyðing sé líklegri til að myndast hjá sumum einstaklingum en öðrum.

Peter segir að gæði gagna erfðafræðinefndar og nákvæmni íslensku rannsóknarinnar gefi tilefni til að vænta þess að niðurstöður rannsóknar hans geti svarað mikilvægum spurningum tengdum því hvers vegna sumir þróa frekar með sér þessa sjúkdóma en aðrir.

Að lokum segir Peter að ef einhver marktæk tengsl finnast gefi það tilefni til frekari rannsókna og hann leitar að genum sem geta annað hvort aukið áhættuna á tilteknum tannsjúkdómum eða verndað gegn þeim.

Vivek S. Gaware, doktorsnemi við Lyfjafræðideild og **Már Mátsson** prófessor

Ný tækni við meðhöndlun á krabbameini

Rannsókn á nýrri meðhöndlun krabbameins, sem Vivek S. Gaware doktorsnemi við Háskóla Íslands vinnur að frekari þróun á í samstarfi við erlenda aðila, hefur vakið gríðarlega athygli í Bretlandi. Fjallað var um rannsóknina í breska blaðinu The Times í fyrra.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar gefa góð fyrirheit um að unnt sé að vinna bug á ýmsum krabbameinum í höfði og hálsi sem áður voru talin ill- eða ólæknanleg. Rannsóknin er gerð á vegum norsks fyrirtækis, PCI Biotech, og er unnin af læknum við University College Hospital í London.

Rannsóknin snýst um að beita nýrri tækni við krabbameinsmeðferð. Ellefu sjúklingar með langt komið krabbamein tóku þátt í rannsókninni.

Nýju rannsóknalyfi, Amphinex, var sprautað í æð nokkrum dögum áður en sjúklingurinn hlaut hefðbundna lyfjameðferð. Amphinex hefur þá náttúru að örva ljósstyrða upptöku lyfja í krabbameinsfrumum.

Í kjölfar lyfjameðferðarinnar var ljósi beint að krabbameinsæxlinu og við það jókst til muna virkni lyfjameðferðarinnar. Meðhöndluð æxli hurfu og engar alvarlegar aukaverkanir komu fram í rannsókninni.

Vivek er einn níu starfsmanna PCI Biotech, en leiðbeinandi í verkefni hans er Már Mátsson prófessor. Rannsóknaverkefni Viveks miðar að frekari þróun á þessari nýstárlegu meðferð. Norska fyrirtækið á í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands og er með starfsstöð hér á landi.





Jakob Þór Kristjánsson,
doktorsnemi við Stjórn málafræðideild

ÖRYGGI SMÁRÍKJA EFTIR KALDA STRÍÐIÐ

Öryggishugtakið og ný öryggisstefna þriggja norrænna smárikja

„Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka stöðu þriggja norrænna smárikja á alþjóðavettvangi og hvernig þau tryggja öryggi sitt,“ segir Jakob Þór Kristjánsson, doktorsnemi við Stjórn málafræðideild. Hann vinnur nú að rannsókni á nýrri stöðu smárikja í því umhverfi sem skapast hefur eftir lok kalda stríðsins. Kalda stríðið er hugtak sem notað er um langvarandi pólitíska, efnahagslega, menningarlega og hernaðarlega togstreitu milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna ásamt bandamönnum beggja, frá miðjum fimmta áratug síðustu aldar til fyrri hluta tíunda áratugarins.

„Með endalokum Kalda stríðsins hófst nýr kafli í alþjóðasamskiptum með áherslu á

alþjóðavæðingu, friðarmál og umhverfismál sem gerðu mun fleiri þjóðum kleift að láta til sín taka en áður,“ segir Jakob Þór. „Þjóðirnar nýttu ný tækifæri til að tryggja öryggi sitt en aukinni þátttöku fylgir meiri ábyrgð og áhætta. Miklar breytingar hafa því orðið á stöðu smárikja.“

Jakob Þór segir að í rannsókninni sé einkum fjallað um útvíkkun öryggishugtaksins. Ísland verði í forgrunni rannsóknarinnar en það borið saman við Danmörku og Noreg. Hann segir að unnið hafi verið að rannsókninni í löndunum þremur.

„Með útvíkkun öryggishugtaksins er átt við ný viðhorf til öryggis- og varnarmála. Auk hefðbundinna skilgreininga um völd og áhrif þjóða, með sérstakri áherslu á hernaðarmátt og þjóðríkið, nær öryggishugtakið einnig yfir mannlegt eða einstaklingsbundið öryggi,“ segir hann. Jakob Þór segir að þar sé átt við stjórnmal, umhverfis- og efnahagsmál, fátækt, fólksflutninga, mannréttindabrot, farsóttir og félagslegt og menningarlegt öryggi. Hættan sé hins vegar sú að öryggishagsmunir verði skilgreindir of vítt og hugtakið sjálft missi þ.a.l. merkingu sína.

„Þessi rannsókn er mikilvæg fyrir íslenskt samfélag þar sem rannsaka þarf breytta stöðu Íslands á umbrotatímum og hvernig brugðist var við nýjum áherslum í varnar- og öryggismálum, ekki síst hvað varðar efnahagslegt öryggi landsins. Samanburður við Danmörku og Noreg mun ekki einungis varpa ljósi á stöðu þessara þriggja smárikja heldur líka vera nýtt framlag til smárikjafræða, þar sem öryggishagsmunir Íslands eru metnir upp á nýtt.“

Leiðbeinandi: Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild.



Michael Porter, prófessor við Harvard-háskóla Auður í jarðvarma

Michael Porter, prófessor við Harvard-háskóla og heiðursdoktor við Háskóla Íslands, flutti fyrirlestur í Háskólabíói fyrir fullum sal í haust. Porter nýtur mikillar virðingar í vísindasamfélaginu fyrir rannsóknir sínar, vísindagreinar og kennslu auk þess sem fyrirlestrar hans vekja gjarnan mikla athygli. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti samkomuna í Háskólabíói.

Michael Porter er hvað þekktastur fyrir að vera upphafsmaður svokallaðra klasafræða á sviði stjórnunar, stefnumótunar og samkeppnishæfni. Hann vakti fyrst heimsathygli fyrir kenningar sínar um fimm meginkrafta í samkeppnisumhverfi fyrirtækja. Hver kraftur hefur að dómi Porter veruleg áhrif á hvernig rekstraraðili hagar sér í viðskiptum og samkeppni auk þess að hafa forspárgildi um hvernig fyrirtækjum reidir af.

Í fyrra fór fram viðamikil kortlagning á íslenskum jarðvarmaklasa út frá kenningum Porter og leiddi hann sjálfur vinnuna ásamt Dr. Christian Ketels, nánasta samstarfsmanni sínum við Harvard, og í félagi við fyrirtækið Gekon sem starfar hér á landi. Niðurstöður verkefnisins kynnti Michael Porter sjálfur í Háskólabíói.

Í fyrirlestri sínum lagði Porter áherslu á náttúruauðlindir Íslendinga og þau tækifæri sem í þeim felist. Porter benti á að Íslendingar hefðu sérstöðu sökum þekkingar sinnar á jarðvarmaorku og að tengsl þeirra við erlenda markaði væru mikil og traust. Þetta væri veganesti við að gera þekkinguna að sérstakri útflutningsafurð.

Hann hvatti Íslendinga til að huga að framtíðinni og leggja áherslu á samkeppnisfærni landsins. Porter benti Íslendingum á að leita leiða til að auka virði jarðvarmaklasans með því að flytja út þekkingu ásamt tækni; ekki einblína á orkuna sjálfa. Þetta gæti leitt til þess að Íslendingar gætu sjálfir átt jarðvarmafyrirtæki víða um heim í framtíðinni og verið leiðandi ef rétt er unnið úr stöðunni.



1934

Dregið í fyrsta sinn í Hoppdrætti Háskóla Íslands 10. mars á leiksviði Iðnó. Allt frá stofnun HHÍ hefur það fjármagnað nær allar byggingar Háskóla Íslands. Húsnæði og tæki háskólans eru því ekki keypt fyrir skattfæ almennings heldur að langstærstum hluta fyrir framlög HHÍ. Hoppdrættið gekk mjög vel frá byrjun því að strax á fyrsta starfsárinu nam hreinn ágóði þess tæpum 100 þúsund krónum, eða nær einum sjötta hluta áætlaðs byggingarkostnaðar háskólabyggingarinnar.



Þórhallur Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild

GÆÐI, HEILDARÁNÆGJA OG TRYGGÐ INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þórhallur Guðlaugsson, dósent í viðskiptafræði, stendur fyrir framan fullan sal af áhugasömu fólki og kynnir fuðlaust rannsókn sína um þjónustugæði sem vísi að tryggð. Þjóðarspejillinn: Ráðstefna XI um rannsóknir í félagsvísindum 2010 stendur yfir. Þórhallur segir að tilgangur rannsóknarinnar sé að draga fram tengsl gæða þjónustu, heildaránægju og tryggðar innan Háskóla Íslands.

Þórhallur hefur stundað kennslu og rannsóknir á sviði þjónustustjórnunar frá því árið 1994. Rannsókn hans um þjónustugæði sem vísi að tryggð byggist á gæðakönnun meðal nemenda í grunnnámi við Háskóla Íslands síðastliðin sex ár og mælir ánægju nemendanna með veitta þjónustu.

„Háskólar hafa undanfarin 20 ár aukið áherslu sína á þjónustugæði og oftar en ekki

beinast rannsóknirnar að afmarkaðri starfsemi háskólanna,” segir Þórhallur og bendir á að niðurstöður rannsókna af þessu tagi geti til dæmis leitt til samkeppnisforsots þess háskóla sem niðurstöðurnar koma frá. Fáar rannsóknir hafa þó verið gerðar hvað varðar tengsl þjónustugæða við ánægju og tryggð nemenda eins og áhersla var lögð á í rannsókn Þórhalls.

Þórhallur segir að spurningalisti hafi verið lagður fyrir grunnnema til að kanna þjónustugæði Háskóla Íslands. Í fyrsta hlutanum voru nemendur beðnir um að taka afstöðu til 16 fullyrðinga varðandi þjónustu skólans eða umgjörð hennar. Tengdust spurningarnar meðal annars félagslífi, starfsfólki, aðstöðu, kennslu og námskeiðsgögnum. Í öðrum hlutanum voru nemendurnir beðnir um að taka afstöðu til mikilvægis þeirra 16 atriða sem fyrsti hlutinn tók á og í þriðja hlutanum voru þeir beðnir um að taka afstöðu til Nemendaskrár, Uglunnar og Námsráðgjafar. Einnig var spurt um heildaránægju, hvort viðkomandi myndi mæla með námi við Háskóla Íslands og hvort hann myndi velja skólann aftur ef hann væri að hefja nám núna.

Við úrvinnslu á niðurstöðum úr rannsókninni var meðaltal gæðabáttanna reiknað út og það síðan notað til að kanna tengsl gæða, heildaránægju og tryggðar. „Mikilvægt er að hafa í huga að þjónustumatið kemur ekki í stað hefðbundinna kennslukannana og ekki var ætlunin að meta hina akademísku kennslu,” segir Þórhallur að lokum, eftir vel heppnaðan fyrirlestur.

Hvaða máli skiptir Háskóli Íslands fyrir íslenskt samfélag?



Kamilla Rún Gísladóttir
BA-nemi í hagfræði

Háskóli Íslands skiptir mjög miklu máli fyrir íslenskt samfélag enda er menntun og mannaúður ein forsenda hagvaxtar. Enn fremur veitir skólinn stúdentum jöfn tækifæri til náms, sem er af hinu góða.



Hjálmtýr Grétarsson
BS-nemi í viðskiptafræði

Háskólinn skiptir miklu máli. Það er mikilvægt að fjárfesta í menntun fyrir samfélagið til að efla land og þjóð. Meiri kunnátta og þekking eflir frumkvöðlastarf í þjóðfélaginu.

Una Helga Jónsdóttir, nemi í fornleifafræði við HÍ, vinnur að því að grafa upp bein.



„ÞESSI SKÝRU EINKENNI SÁRASÓTTAR BERA VOTT UM AÐ ÍSLAND HAFI FJARRI ÞVÍ VERIÐ EINS EINANGRAÐ OG ÁÐUR VAR TALIÐ. ÞVERT Á MÓTI VIRÐAST ÍSLENDINGAR HAFI VERIÐ Í MIKLU SAMBANDI VIÐ ÍBÚA Á MEGINLANDI EVRÓPU“

TANNÍGERÐIR, EYRNA- BÓLGA OG SÁRASÓTT

– Spítali frá síðmiðöldum grafinn upp á Skriðuklaustri

„Á borðum hér hefur verið ilmandi kjöt af nautgripum, sauðfé og sel og líka fiskur úr sjó og vötnum,“ segir Steinunn Kristjánsdóttir, dósent í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Við stöndum í síðsumarblíðu í rústum Skriðuklausturs. Steinunn vísar þarna til beina sem fundist hafa við rannsóknir á staðnum undanfarin ár þar sem vísindamenn grafa upp kaþólskt klaustur frá síðmiðöldum.

„Auk matarilmsins hefur annars konar þefur líklega borist frá lyfjagerð á staðnum og líka þeim jurtum sem nýttar voru til matargerðar. Hér var þefur af fólki, hundum og öðrum húsdýrum, reykjarlykt úr opnum eldstæðum og jafnvel nálykt því ekki var bara jarðsett í kirkjugarðinum, heldur einnig í klausturgarðinum og í kirkjunni sjálfri,“ segir Steinunn.

Stærð klaustursins kom á óvart

Þegar við göngum um rústirnar með Steinunni sjáum við að fornleifafræðingar hafa opnað fjölmargar grafir og beinafræðingar vinna að því að bera kennsl á sjúkdóma úr fortíðinni. Ljóst er á beinum að Íslendingar síðmiðalda hafa margir þjáðst af kvillum eins og tannígerðum, eyrnabólgu, sárasótt, berklum, skyrbjúg, sullaveiki og lungnabólgu. „Þessi skýru einkenni sárasóttar bera vott um að Ísland hafi fjarri því verið eins

einangrað og áður var talið. Þvert á móti virðast Íslendingar hafa verið í miklu sambandi við íbúa á meginlandi Evrópu,“ segir Steinunn.

Steinunn bendir yfir allt rannsóknasviðið og segir að á Skriðuklaustri hafi verið kirkja, klausturhús í kring, sem höfðu ákveðin hlutverk, og garður með brunni. „Alls voru hér byggingar á 1.300 fermetra svæði.“ Hún segir að komið hafi á óvart hversu stórt klaustrið hafi verið.

„Klaustrið var áþekkt kaþólskum byggingum erlendis og hlutverkið svipað,“ segir hún. „Hér fór fram ritun bóka og skjala, auk ræktunar mat- og lækningajurta. Sterkar vísbendingar eru um að hér hafi einnig verið stundaðar lækningar. Margir merkir gripir hafa komið fram sem styðja það. Hér hafa verið grafinn upp lækningaáhöld og leifar af lækningajurtum sem ræktaðar voru í klausturgarðinum.“

Læknisáhöld og lyfjabaukur

Steinunn segir að lækningaáhöldin séu einkum bíldar, skurðarhnífar og prjónar sem notaðir voru til að loka sárum og skurðum. Hún segir að lyfjabaukur úr leir hafi einnig fundist og lyfjaglös úr gleri. Steinunn segir að þrjár innfluttar jurtategundir hafi verið ræktaðar á klausturtímanum, ef marka má niðurstöður frjókornagreininga sem gerðar voru á

Steinunn Kristjánsdóttir horfir yfir uppgröftinn.



jarðvegssýnum. „Þessar tegundir eru brenninnetla, græðisúra og villilaukur. Frjókorn tíu íslenskra tegunda, sem vitað er að hafi verið nýttar til lækninga, voru jafnframt greind.“

Hún segir að fundur styttu heilagrar Barböru í uppgræftrinum styrki einnig þá hugmynd að hér hafi verið sjúkrahús. „Heilög Barbara hefur sennilega verið verndardýrölingur klaustursins vegna þess hlutverks að sinna sjúkum.“

Steinunn segir að beinasafnið úr uppgræftrinum á Skriðuklaustri sé afar mikilvægt til að rannsaka heilsufarssögu Íslendinga. Í gangi er doktorsrannsókn sem tengist verkefninu og er henni ætlað að upplýsa um eyrnabólgu á miðöldum. Komið hefur í ljós að eyrnabólga var þá mjög útbreidd hér. Í dag er hún algeng meðal kornabarna, sem eru nú meðhöndluð við henni, en greinilegt er að flestir þeirra sem jarðsettir voru á Skriðuklaustri á 16. öld höfðu verið þjakaðir af eyrnabólgu allt sitt líf.

Svipan er heima! Glenn Ricci, nemi í fornleifafræði við háskólann í Leicester, leikur sér að ímyndinni um Indiana Jones, frægasta fornleifafræðing kvikmyndasögunnar.



INDIANA JONES Á SKRIÐUKLAUSTRI


Pegar horft er yfir rústir Skriðuklausturs er allt sundurgrafið og fornleifafræðingar eru önnur kafnir við vinnu sína. Það er ekki hjá því komist að reka augun í ungan mann með leðurhatt. Hann er í háttum svo líkur einum þekktasta fornleifafræðingi kvikmyndasögunnar, Indiana Jones, að manni er brugðið. Þessi náungi er furðufimur með burstann og hreinsar sólbakaða moldina frá jarðneskum leifum Íslendinga sem grafinn var á síðmiðöldum. „Ég skildi svipuna eftir heima,“ segir þessi kornungi vísindamaður með glotti en hann stundar nám í fornleifafræði við Háskólann í Leicester. Hann heitir Glenn Ricci og er þátttakandi í stórra fornleifarannsókn á Skriðuklaustri sem Steinunn J. Kristjánsdóttir, dósent í fornleifafræði, stýrir. Ricci segist hafa sett upp Indiana-hattinn sjálfur sér til gamans og athyglin hafi orðið ósvikin. Nær allir sem erindi eiga um rústirnar tengja Ricci samstundis við hetjuna sem mótuð er af leikstjóranum Steven Spielberg og framleiðandanum George Lucas.

Indiana reddar málunum

Björn Ægir Norðfjörð, lektor í kvikmyndafræði við Háskóla Íslands, hefur þælt í hetjunni í kvikmyndum eins og öðru sem að þeim vikur og er

ekki viss um að Indiana Jones hafi unnið sér inn þá virðingu sem Ricci sýnir honum í hálfkæringi.

„Ég er nú ekki endilega viss um að það sé eitthvað einstakt við Indiana Jones, hann er um margt fremur dæmigerð hetja,“ segir Björn Ægir. „Indiana Jones myndirnar eru uppfullar af einstaklingsrómantík þar sem Indiana reddar málunum þrátt fyrir að kvenhetjan og aðrir iðjuleysingjar þvælist fyrir honum,“ segir Björn Ægir og brosir. „Vafasöm pólitík myndaraðarinnar birtist kannski skýrast í annarri myndinni, The Temple of Doom, frá 1984, þar sem Indiana og breska heimsveldið bjarga börnum úr barnaprælkun heimamanna á Indlandi. Þannig er hugmyndafræðin í takt við ævintýrasögur heimsveldisáranna. Óvirðingin gagnvart þeim samfélögum sem Indiana heimsækir birtist líka í vafasömu atriði úr fyrstu myndinni árið 1981 þar sem fornleifafræðingurinn skýtur andstæðing nokkurn sem er vel lagvopnum búinn en má sín þó lítils gagnvart byssu hvíta mannsins, áhorfendum til skemmtunar,“ segir Björn Ægir. Reyndar mætti líka túlka þetta síðasttalda atriði sem afhjúpun hetjuskapar í þeim skilningi að hetjan kæri sig ekki um að standa jafnfætis andstæðingnum, sem áhorfendur telja skyldu hennar, þ.e. að hún



Björn Ægir Norðfjörð, lektor í kvikmyndafræði.

varpi af sér vopnum til að gæta jafnræðis við keppinautinn. Indiana sparar sér ómakið og lætur gæta aflsmunar, þ.e. hvað vopnin varðar, og skýtur andstæðinginn kaldan.

„Það eru ekki bara kvikmyndafræðingar sem hafa velt fyrir sér almennt áhrifum kvikmynda á áhorfendur. Umræðan hefur þó undanfarið færst æ meir á svið tölvuleikja og ekki síst að ofbeldi í þeim,“ segir Björn Ægir. „Enn fremur hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á aðdáendahópum þótt alla jafna snúi slík aðdáun að stjörnum, og þá ekki síður í tónlistar- en kvikmyndaheiminum, frásagnarpersönnum eins og Indiana Jones,“ segir Björn Ægir.



Gestur Guðmundsson,
prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild

Úrræði gegn atvinnuleysi

„Ein alvarlegasta afleiðing efnahagshrunsins á Íslandi er fjöldaatvinnuleysi. Það er mest meðal ungs fólks og þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi. Þriðjungur fólks á atvinnuldri hefur ekki lokið framhaldsnámi og helmingur allra atvinnulausra hefur ekki lokið slíku námi. Tveir þriðju atvinnulausra á aldrinum 20 til 30 ára hafa ekki lokið framhaldsnámi.“ Þetta segir Gestur Guðmundsson, prófessor við Menntavísindasvið, um rannsókn sína. Í henni kannar Gestur áhrif atvinnuleysisúrræða Vinnuálastofnunar á virkni þátttakenda og hvort úrræðin vísi að einhverju leyti veginn til

„TVEIR ÞRIÐJU ATVINNULAUSRA Á ALDRINUM 20 TIL 30 ÁRA HAFU EKKI LOKIÐ FRAMHALDSNÁMI“

námsúrræða sem draga verulega úr brotthvarfi úr framhaldsskóla.


„Vinnuálastofnun stofnaði til verkefnisins „Ungt fólk til athafna“ sem tekur til fjölbreyttra úrræða til að mæta þessum vanda í framhaldsskólum, í símenntun, á vinnuarkaði og í sjálfböðastarfi. Frá ársbyrjun 2010 hefur allt ungt fólk, sem verið hefur atvinnulaust þrjá mánuði eða lengur, verið kallað til viðtals á vinnumiðlun og boðin þátttaka í einhverju slíku úrræði,“ segir Gestur. Hann bætir við að mörg ungmenni hafi verið orðin svo óvirk eftir langvinnt atvinnuleysi að þeim hafi verið beint á sérstök virkinnámskeið áður

en þeim er ráðlagt að leggja til atölu við nám eða starfsþjálfun.

Gestur segir verkefnið „Ungt fólk til athafna“ hafa náð til yfirgnæfandi meirihluta ungra atvinnulausra á árinu 2010 og miðað við stærð þjóðarinnar séu aðgerðirnar einhverjar þær viðamestu í heiminum. Þar er fitjað upp á mörgum nýjum menntunar- og starfsþjálfunarúrræðum og önnur eru notuð á nýjan hátt. Úrræðin hafa ekki einungis þýðingu gegn atvinnuleysi heldur fela þau líka í sér tilraunir til að mæta þörfum þess stóra hóps ungs fólks sem horfið hefur frá framhaldsnámi á síðustu árum.

„Á vormisseri 2010 hrinti ég af stað rannsókninni á atvinnuleysisúrræðum í þessu verkefni.

Vinnuálastofnun hafði þá ákveðið að gera megindlega könnun meðal þátttakenda, svo að ég valdi að hefja rannsókn mína með vettvangsathugunum á fjórum mismunandi úrræðum og með eigindlegum viðtölum við þátttakendur,“ segir Gestur. Hann skoðar vinnubrögð, samskipti og áhrif úrræðanna á líðan, virkni og hæfni þátttakenda. Í ársbyrjun 2012 verður síðan kannað hvar ungmenni sem þátt tóku í atvinnuleysisúrræðum eru stödd í námi, vinnu eða í atvinnuleit. Valið úrtak verður fengið til að meta áhrif úrræðanna.



HÁSKÓLAPORT

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur margoft sýnt og sannað að hugmyndirnar skortir ekki þegar kemur að félagslífi stúdenta. Nýjasta nýtt í þeim efnum er Háskólalportur sem haldið var í haust í samvinnu við nemendafélög háskólans. Hugmyndin var að skapa markaðsstemningu á Háskólalortinu að hætti Kolaportsins, þar sem nemendafélögin gátu birst, sett upp bás og selt nýja sem notaða vöru á stúdentahæfu verði.

Dagurinn gekk framur björtustu vonum og voru öll básaplássin löngu uppöntuð þegar dagurinn rann upp og ekki stóð á stúdentum að mæta til að gera góð kaup. Stöðugur straumur gesta og gangandi var frá opnun Háskólalportsins. Þeir virtu fyrir sér úrvalið, mátuðu og skoðuðu og jafnvel keyptu ef hugurinn var nógu fangaður.

Úrvalið var fjölbreytt, allt frá heimagerðum skartgripum til gamalla gripa, þó lítt notaðra, og þarna mátti grilla í tvíð-jakka með olnbogabótum sem Halldóri Laxness hefði sjálf sagt þótt fengur í.

Að sögn Gabriellu Unnar Kristjánsdóttur, varaformanns SHÍ, gekk dagurinn vel í alla staði, skipulagning var hnökralaus og salan góð. „En það sem mestu skiptir fyrir okkur er að finna nýjan og skemmtilegan flöt á nýtingu Háskólalortins sem auðgar og nærir stúdentalífið til muna og gerir stúdentum um leið kleift að kaupa ódýra en gagnlega hluti.“

Að sögn Gabriellu stendur til að halda annan slíkan dag nú á vormisseri enda hafi þessi tilraun sýnt og sannað að stúdentar kunni vel að meta Háskólalortgið í nýjum klæðum flóamarkaðarins.



1936

Unnið við að grafa grunn að háskólabýggingunni sumarið 1936.



Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Kvennabolti í breyttum heimi

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í tómstunda- og félagsmálafræðum, vinnur nú að fjölþjóðlegri rannsókn á kvennafótbolta á Íslandi og

annars staðar á Norðurlöndunum ásamt Erlingi Jóhannssyni, prófessor í íþróttá- og heilsufræðum við HÍ. Knattspyrnan er ekki framandi fyrir Vöndu því að hún lék um árabíl í meistaraflokki og hefur verið landsliðsþjálfari, auk þess að þjálfva úrvalsdeildarlið í kvennaflokki með góðum árangri.

„Markmiðið með rannsókninni er að öðlast þekkingu á því hvernig farandvinna í knattspyrnu skapar nýjar áskoranir og tækifæri fyrir skipulag íþróttá á Norðurlöndum,“ segir Vanda. Rannsóknarverkefnið er mjög umfangsmikið og mun standa yfir í þrjú ár samfellt. Fjöldi einstaklinga kemur að rannsókninni, m.a. nýdoktor og doktorsnemar frá Danmörku og Svíþjóð og að auki tveir meistaraneimar frá HÍ.

Erlingur Jóhannsson segir að verkefnið hafi hlotið afar veglegan norrænan styrk en um 90 milljónum króna hafi verið ráðstafað til rannsóknarinnar. Erlingur verður leiðbeinandi íslensku nemanna í verkefninu ásamt Vöndu. Hann segir að umsækjendur um norræna styrkinn hafi verið á annað hundrað en einungis sex hafi hlotið styrk sem sýni ótvírátt vægi rannsóknarinnar. Vanda segir að rannsóknir Erlings og fleiri á hreyfingu og mataræði barna hafi vakið

athygli utan landsteina. Reynsla hans og birting fræðigreina hafi ráðið miklu um að Íslendingum bauðst þátttaka í þessu verkefni. Þetta hafi einnig hjálpað til við að rannsóknin fékk svo stóran styrk.

Vinsældir kvennaboltans aukast

Vegna aukinna vinsælda kvennknattspyrnunnar hafa sífellt fleiri erlendir leikmenn gengið til liðs við félög í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og einnig hér á landi að sögn Vöndu. Þess vegna hafi verið ráðist í þessa stóru rannsókn, til að kanna nánar hvað farandvinna samfara þjóðfélagsbreytingum hafi í för með sér. Vanda segir að kvennknattspyrna eigi sér ekki langa sögu hér á landi, boltinn hafi byrjað að rúlla eftir 1970. „Kvennknattspyrna verður hins vegar vinsælli með hverju árinu sem líður og það sama á við annars staðar á Norðurlöndum. Í rannsókninni verður skoðað hvers vegna erlendir knattspyrnukonur standa sig svona vel í stóru knattspyrnudeildunum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Íslenskar knattspyrnukonur hafa einmitt staðið sig mjög vel þar og það hefur án efa stutt okkur til þátttöku í þessari rannsókn,“ segir Vanda.

„Íþróttafélögin á Norðurlöndum eru byggð á gildum sem skapa samstöðu í samfélaginu. Þau snúast því ekki endilega um peninga,“ segir Vanda. Hún bætir því við að einnig sé áformað að kanna hvernig knattspyrnufélög í kvennaflokki



hafi endurskipulagt starfsemi sína með hliðsjón af breyttum aðstæðum. „Atvinnumennska hefur blandast við þá áhugamennsku sem fyrir var á Norðurlöndum og við ætlum að skoða hvernig aðlögun erlendra leikmanna hefur tekist að mati forráðamanna liðanna,“ segir Vanda.

Vanda vonast til að rannsóknin skili því að knattspyrnufélögum gangi betur að takast á við nýjar aðstæður og að þeim auðnist betur að aðstoða ólíkar knattspyrnukonur við að finna sig í mismunandi menningarumhverfi. Vanda segist jafnframt vonast til að rannsóknarniðurstöðurnar geti haft notagildi fyrir áframhaldandi þróun íþróttafélaga á Norðurlöndum: „Ekki aðeins í tengslum við farandvinnu í íþróttum, heldur einnig fyrir aðra mikilvæga þætti, eins og heilsu og málefni innflytjenda.“

Á VETTVANGI VÍSINDANNA Í HÁSKÓLA UNGA FÓLKSINS

Metþátttaka var í Háskóla unga fólksins sumarið 2010 þar sem um 1.500 grunnskólabörn mættu í skólann. Hann hefur verið starfræktur hvert sumar í HÍ frá árinu 2004.

Í ár bauð skólinn nemendum og kennurum 6. til 10. bekkjar grunnskóla í eftirminnilegt ferðalag um vettvang vísindanna. Vinsældir Háskóla unga fólksins undanfarin ár hafa sýnt svo að um munar að ungir Íslendingar heillast af vísindum og fræðum.

Tekið var á móti skólahópum á háskólasvæðinu með lifandi dagskrá um heima og geima vísinda þar sem óvæntir viðburðir heilluðu gesti. Hið landsfræga Sprengjugengi háskólans fór mikinn að venju með ljósangangi og eldglæringum.



Nemendur í Háskóla unga fólksins glímdu að venju við ýmsar þrautir og brutu heilann um þær, auk þess sem þeir skoðuðu náttúruna og umhverfið. Þeir kíktu á tennur og beinagrindur, skoðuðu líkamann og huguðu að heilsu og næringu.



Sjónum beint að líffræði og litningum í Háskóla unga fólksins.



Í Háskóla unga fólksins ber þjóðfræði á góma. Að borða nestið sitt fellur vel undir þau fræði því allt mannlegt er viðfangsefni þjóðfræðinnar.



Í Háskóla unga fólksins var veitt innsýn í fjölmörg tungumál, táknmál, menningu og menningarmiðlun, fornleiffræði og handritin okkar.





Dagskrá heimsóknarinnar tók um 80 mínútur og var víða komið við, bæði innan dyra og utan. Áhersla var lögð á að kynna fjölbreytt starf allra fræðasviða Háskóla Íslands. Markmiðið var að opna veröld vísindanna fyrir ungu fólki og glæða áhuga þess á vísindum og fræðum.



Nýsköpunarmessa Háskóla Íslands var sett af Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra sem lagði áherslu á mikilvægi nýsköpunar í samfélaginu. Á undan talaði Jens Fjalar Skaptason, formaður stúdentaráðs, og hvatti hann stúdenta til nýsköpunar.

INNBLÁSTUR TIL NÝSKÖPUNAR

Nýsköpunarmessa Háskóla Íslands fór fram í haust í annað sinn. Nýsköpunarmessunni er m.a. ætlað að virkja nemendur háskólans til nýsköpunar og að veita næstu kynslóð frumkvöðla innan skólans innblástur og hvatningu til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Fjögur sprotafyrirtæki, sem öll eiga rætur í jarðvegi háskólans, kynntu starfsemi sína. Frumkvöðlar fyrirtækjanna mættu á Háskólatorg til að ræða við gesti og gangandi um kveikjuna að fyrirtækjunum. Þau hafa öll þróast í að hafa atvinnuskapandi starfsemi. Stofnendur röktu ferlið við að koma fyrirtækjunum af hugmyndastigi yfir í fullburða starfsemi.

Amivox býður samskiptaþjónustu sem tengir saman efnisveitur og farsímanotendur á nýjan og þægilegan hátt. Amivox gerir notendum mögulegt að senda raddskilaboð sín á milli.

GlobalCall er símafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun á VoIP (Voice over IP) netsímalausnum. Með nýtingu þeirra geta einstaklingar og fyrirtæki sparað sér umtalsverðar fjárhæðir í samskiptum.

Meniga rekur vef sem inniheldur öflugt heimilisfjármálakerfi sem sækir og flokkar sjálfkrafa allar færslur af bankareikningum og greiðslukortum. Vefurinn auðveldar notendum að halda heimilisbókhalda og gera raunhæfar áætlanir.

Ýmir Mobile smíðar hugbúnað fyrir allar tegundir



farsíma á innlendum og erlendum markaði. Fyrirtækið hefur m.a. búið til farsímaleiki en nýjasta afurðin er ferðahandbókin Mobile Guide.

Nýsköpunarmessan var hluti af alþjóðlegri athafnavíku sem Innovit stóð fyrir.





BAÐHERBERGIÐ Í AÐALBYGGINGUNNI

Í Háskóla Íslands eru mýmargar stofur, herbergi, salir og kompur. Flest eru þessi rými eftir bókinni, hefðbundnar kennslustofur eins og þeim er ætlað að vera, salirnir settlegir eins og sölum einum er lagið og kompunar eins og kompur eiga að sér að vera. Þær eru og verða ávallt út undan í samfélagi vistarveranna.

En svo koma þessi dásamlegu frávik sem gera lífið nógu spennandi til að fara á fætur á morgnana. Flestir stúdentar við Háskóla Íslands kannast eflaust við það að vera á vappi um háskólagrundirnar í ákafri leit að kennslustofu eða fyrirlestrasal. Í miklu tímahraki er svo lokið upp áður óþekktum dyrum og maður segir kannski í forundran þegar inn er komið: „Hvað er nú þetta eiginlega?“ Er nema von að sé spurt þegar við blasir flísalagt baðherbergi þar sem margur gæti ætlað að væri kennslustofa í allri sinni dýrð.

Aðalbygging Háskóla Íslands er hönnuð af Guðjóni Samúelssyni húsaameistara seint á þriðja áratug síðustu aldar en hún var vígð árið 1940. Baðherbergið óvænta er í kjallara Aðalbyggingarinnar. Þetta er bað af þeim toga sem margir myndu stoltir sýna í tímaritinu Húsi og híbýlum. Þarna er munstur í mósaíkflísum, baðkar með sturtu, jafnvel motta á gólfi og útskorið sápuþykki á baðvasksbrikinni. Baðherbergið var hluti af húsvaðaribúð hér áður fyrr.

Brynhildur Brynjólfsdóttir, betur þekkt sem Bimma á Nemendaskránni, þekkir Háskóla Íslands betur en flestir. Ekki er nóg með að Bimma hafi unnið rösk þrjátíu ár í háskólanum heldur bjó hún einnig í hartnær áratug í gömlu húsvaðaribúðinni í Aðalbyggingunni. „Þetta var eins og járnbrautarstöð eftir að við fluttum hingað. Það var mikill gestagangur og kaffi á boðstólum allan daginn. Pabbi þekkti alla í háskólanum og svo kom okkar fólk líka í heimsókn.“

Bimma segir að gott álit annarra á híbýlum fjölskyldunnar hafi gert það að verkum að hún fór að njóta þess enn meira að búa undir þaki Aðalbyggingarinnar. Bimma hannaði útlit baðsins á sínum tíma og valdi til að mynda snottar flísar baðherbergisins og baðaði líka unga dóttur sína í karinu. Það hafa ekki margir alist upp í háskóla í orðsins fyllstu merkingu!



Ólöf Ásta Ólafsdóttir, námsbrautarstjóri í ljósmóðurfræði

250 ÁRA AFMÆLI Ljósmæðramenntunar á Íslandi

Á þessu ári er ekki aðeins aldarafmæli Háskóla Íslands því að 250 ár eru nú liðin frá því að hafið var að mennta ljósmæður hérlendis. Fyrir 250 árum voru ljósmæður reyndar kallaðar yfirsetukonur og gegndu mikilvægu hlutverki þá líkt og nú. „Starfshætti yfirsetukona vísar til nærverunnar og sambandsins sem myndast milli konunnar og fjölskyldunnar, sem er svo mikilvægt til að þróa færni og ljósmóðurfræðilega þekkingu. Þess vegna er stór þáttur ljósmóðurnáms klínískt nám og starfsþjálfun, eða rúmlega 60% af náminu,” segir Ólöf Ásta Ólafsdóttir, námsbrautarstjóri í ljósmóðurfræði.

Ljósmæður gegna mikilvægu hlutverki í heilbrigðisfræðslu og ráðgjöf, ekki aðeins fyrir konur heldur einnig fyrir fjölskylduna og þjóðfélagið í heild, að sögn Ólafar Ástu. Í hlutverki ljósmóður felst mæðraskoðun og fræðsla á

meðgöngu, undirbúningur fyrir foreldrahlutverkið, fræðsla um heilbrigði og kynheilbrigði kvenna, fæðingarhjálp og umönnun mæðra, barna og ungu fjölskyldunnar fyrstu vikurnar eftir fæðinguna.

„Hugmyndafræðilegar áherslur í námi ljósmæðra styðja við lífðælislegt barneignarferli og litið er á barnsfæðingu sem félagslegan atburð,” segir Ólöf Ásta. „Í kennslunni er markmiðið að ljósmóðirin geti fyrirbyggt heilbrigðisvandamál, greint frávik og brugðist við þeim í samráði við konuna og fjölskyldu hennar, í samhengi við þeirra umhverfi og samfélag.”

Í tilefni 250 ára afmælisins er verið að undirbúa útgáfu sérstaks fræðiritis með vorútgáfu Ljósmæðrablaðsins, þar sem kennarar og nemendur í kandidateit- og framhaldsnámi kynna rannsóknarverkefni sín. „Við munum einnig taka þátt í samstarfsverkefni Háskóla Íslands vegna aldarafmælis skólans með minjasöfnunum á

Nesi í ágúst í sumar. Það var Bjarni Pálsson, fyrsti landlæknirinn, sem fékk dönsku ljósmóðurina Margarethe Katrine Magnussen til að taka að sér kennslu ljósmæðra í heimahúsum í Reykjavík árið 1761,” segir Ólöf Ásta.

Hún bætir því við að tvær doktorsrannsóknir hafi verið gerðar á síðustu árum innan ljósmóðurfræðanna. „Ég skoðaði menningu barneigna, hugmyndafræði og þekkingu ljósmæðra út frá reynslusögum þeirra úr starfi, frá því á síðari hluta síðustu aldar til okkar daga,” segir Ólöf Ásta. „Doktorsverkefni Helgu Gottfredsdóttur, dósents við námsbraut í ljósmóðurfræði, er á fræðasviði meðgönguverndar og fjallaði það um fósturskimun og ákvarðanatöku verðandi foreldra á meðgöngu. Hún hefur einnig lagt áherslu á árangur foreldrafræðslu í sínum rannsóknum. Helga er fyrsti doktorinn frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og í ljósmóðurfræði frá skólanum.”

Þórhallur Ingi Halldórsson, lektor við Matvæla- og næringarfræðideild

Sætuefni auka líkur á fyrirburafæðingu

„Neysla á svokölluðum diet-drykkjum getur aukið líkurnar á fyrirburafæðingu um allt að 38 prósent,” segir Þórhallur Ingi Halldórsson, lektor við Matvæla- og næringarfræðideild og stjórnandi viðamikillar ferilrannsóknar sem 59.334 danskar konur tóku þátt í strax frá upphafi meðgöngu.

Þórhallur stjórnaði rannsókninni, sem var samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Statens Serum Institut í Danmörku og Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Niðurstöðurnar er að finna í grein sem nýlega birtist í læknatímaritinu American Journal of Clinical Nutrition.

Rannsóknin fór þannig fram að konurnar svöruðu spurningum um mataræði fyrir fæðinguna og í síma á meðgöngu. Unnið var úr upplýsingunum og þær börnar saman við upplýsingar frá fæðingardeildum sjúkrahúsa eftir fæðingu barna þeirra. „Í ljós kom að þær sem höfðu neytt drykkja með sætuefnum voru í mun

meiri hættu á að eignast börn sín fyrir tímenn en hinar. Neysla sykraðra drykkja virtist ekki hafa nein áhrif.”

Þórhallur segir rannsakendur ekki hafa haft nákvæmar upplýsingar um þær tegundir sætuefna sem konurnar neyttu. „Þó er vitað að efnin aspartam og acesulfame-K er helst að finna í diet-gosdrykkjum. Við niðurbrot aspartams myndast methanol, eða tréspírí, í mjög litlum mæli en til eru dýratilraunir sem benda til að metanol, jafnvel í litlum mæli, geti haft áhrif á lengd meðgöngu. Hvort sú skýring á við í þessu tilfelli er þó með öllu óljóst og frekari rannsókn er þörf.”

Þórhallur segir óskýsamlegt fyrir fólk að hætta neyslu sætuefna enda sé þessi rannsókn sú fyrsta sinnar tegundar. „Raunin er sú með virk efni að alltaf eru einhverjir hópar sem þola þau ekki. Ófrískar konur er kjörinn hópur til rannsókna vegna þess að fósttrið og konan eru mjög viðkvæm



fyrir virkum efnum á meðgöngu og tímabilið varir stutt.”

Þórhallur segir að fáar rannsóknir hafi verið gerðar sem kanna heilsufarsleg áhrif sætuefna á menn. „Töluverð óvissa er í niðurstöðunum úr okkar rannsókn og þess vegna viljum við að aðrir fari í sín gagnasöfn og skoði hvort sætuefni séu efni sem kunni að vera varhugaverð.”



Arni Kristjánsson, dósent við Sálfræðideild

UMBUN HEFUR ÁHRIF Á SJÓNSKYNJUN

„Það er vel þekkt að við erum líklegri til þess að gera þá hluti sem leiða til einhvers sem við teljum æskilegt en þá sem við fáum enga umbun fyrir. Við mætum í vinnuna því að við fáum útborgað um hver mánaðamót og rottur í Skinner-búri ýta á slá til að fá mat,“ segir Arni Kristjánsson, dósent við Sálfræðideild.

Nýlegar rannsóknir í Sálfræðideild benda til þess að slík umbun geti jafnvel haft áhrif á sjónskynjun. Arni Kristjánsson, Ólafía Sigurjónsdóttir, cand.psych.-nemi við Sálfræðideild, og Jon Driver, prófessor við Institute of

„VIÐ MÆTUM Í VINNUNA ÞVÍ AÐ VIÐ FÁUM ÚTBORGAD UM HVER MÁNAÐAMÓT OG ROTTUR Í SKINNER-BÚRI ÝTA Á SLÁ TIL AÐ FÁ MAT“

Cognitive Neuroscience í London, birtu grein í júlíhefti tímaritsins Attention, Perception & Psychophysics, þar sem sýnt er fram á þetta. Að sögn Árna komu þátttakendur á rannsóknastofu í skynjunarsálfræði þar sem þeir áttu að leysa einfalt sjónleitarverkefni. Verkefnið fólst í að finna grænt eða rautt markareiti innan um truflandi áreiti af hinum litnum. Var þátttakendum tjáð að fyrir hvert rétt svar fengju þeir tiltekna fjárhæð sem síðan safnaðist saman eftir því sem tilrauninni yndi fram. „Þeir fengu tíu krónur fyrir annan

litinn, t.d. rauðan, en eina krónu fyrir þann græna. Nákvæmni var meiri og svartímar styttri fyrir litinn sem gaf háa upphæð,“ segir Arni.

„Í annari tilraun var kannað hvort vitneskja þátttakenda um þá umbun sem hvor litur gaf skipti máli. Þátttakendum var tjáð að í þetta sinn yrði alveg handahófskennt fyrir hvorn litinn þeir fengju mikla umbun. Án þess að þátttakendur vissu fengu þeir mikla umbun fyrir annan litinn í 75% tilfella en í 25% tilfella fyrir hinn litinn. Þrátt fyrir að þátttakendur vissu ekki af þessum skilmálum voru þeir fljótari og nákvæmari við leitina að litnum sem

gaf hærri upphæð. Eftir tilraunina sögðu þátttakendur að þeir hefðu ekki haft nokkra hugmynd um skilmálana. Þessi niðurstaða sýnir að fjárhagsleg umbun hefur áhrif á sjónskynjun, jafnvel þótt þátttakendur hafi ekki hugmynd um hverjir umbunarskilmálarir

eru. Sjónkerfi þátttakenda nemur hvaða litur gefur meira af sér þótt þátttakendurnir geri sér ekki grein fyrir því. Sjónkerfið vinnur sjálfstætt og getur verið skarpara en við sjálf,“ segir Arni.

„Við höfum tilhneigingu til þess að halda að sjónskynjun sé tiltölulega óvirk og taki einfaldlega við þeim upplýsingum sem berast en þessar niðurstöður sýna að áhugahvöt, í þessu tilfelli fjármunir, getur haft áhrif á það hvað fangar athygli og að til þess sé ekki nauðsynlegt að við þekkjum umbunarskilmálana.“



„Hugarflug“

Sigursælir stúdentar og stúdínur

Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, þykir vaskur í körfubolta og er fastagestur í Íþróttahúsi HÍ. Hann keppti reyndar aldrei fyrir stúdenta hér heima heldur fyrst með Ungmennafélaginu Skallagrími og síðar Val og loks erlendis með háskólalíði University of Warwick. Hann segir körfubolta lyfta andanum og vill kalla þessa mynd hér fyrir ofan „Hugarflug“.

Íþróttir í Háskóla Íslands eiga sér langa og merka sögu. Árið 1928 komu nokkrir háskólapiltar saman og stofnuðu Íþróttafélag stúdenta, ÍS, og fengu til sín landskunnann Íþróttaförmuð og kennara, Björn Jakobsson, til að sjá um þjálfun og kennslu. Í fyrstu var iðkaður handbolti og fótbolti, auk skyllminga og róðra, en róði var í Nauthólsvík. Íslenska glíman átti að sjálfsgöðu sinn sess og var Guðmundur Karl Pétursson læknir og glímukappi fenginn til þess að kenna stúdentum og þjálfra þá í glímu. Aðeins ári eftir stofnun ÍS, eða 1929, var farið í sýningar- og keppnisferð til Þýskalands og íslensk glíma sýnd og kennd. Fékk Íþróttafélag stúdenta forlata ljónsstytta í viðurkenningarskyni sem enn má sjá í anddyri Íþróttahússins.

Saga Íþróttafélags stúdenta er því löng og farsæl. Valdimar Örnólfsson var lengi vel aðalþjálfari félagsins og hálfgerður verndari, ef svo má segja. Félagið varð fljótlega aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og í kjölfarið að Íþróttasambandi Íslands og fékk þar með keppnisrétt á Íslandsmótum í blaki og körfubolta, sem voru þær íþróttgreinar sem höfuðáhersla var lögð á. ÍS var nokkuð sigursælt í þessum greinum og telja sumir að blaklið ÍS sé sigursælasta blaklið Íslands fyrr og síðar.

Velgengnin í körfubolta var ekki miklu síðri og státar ÍS af Íslandsmeistaratitlum í kvennaflokki m.a. árin 1978, þegar stúdínur unnu bæði deild og bikar, 1984, 2003 og 2006 og karlarnir unnu tvöfalt 1991 en höfðu áður m.a. orðið bikarmeistarar 1978.



STÓRAUKIÐ ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF HÁSKÓLA ÍSLANDS

- miklir möguleikar á skiptinámi

Einu sinni töluðu allir menn eitt og sama málið segir í fyrstu Mósebók. Á Vísindavef háskólans segir að þegar þannig var háttað hafi mennirnir viljað reisa Babelsturn sem átti að ná til himins og sögðu: „Þar með verðum við frægir en tvístrumst ekki um alla jörðina.“ Guð ruglaði tungumál manna þannig að þeir skildu ekki lengur mál hver annars og hættu við áform sín. Þrátt fyrir að fjöldi ólíkra tungumála hafi hljómað á Háskólatorgi á árvissum Alþjóðadegi skólans í haust, var ekki annað að sjá en að skilningur væri mikill manna á meðal. Það er enda ljóst að þekking á tungumálum lýkur upp heiminum.

Á Alþjóðadeginum var kynnt fjölbreytt skiptinám sem stendur öllum stúdentum Háskóla Íslands til boða. Kynningin var lituð allri þeirri miklu tungumála- og menningarflóru þjóðanna sem mættu til leiks. Stúdentum voru kynntir misframandi möguleikar á skiptinámi, allt frá því að setjast á skólabeck meðal skyldmenna okkar á Norðurlöndum til náms á fjarlægari slóðum Suður-Ameríku og Asíu. Á deginum var leitast við að svara spurningum stúdenta sem hafa hug á því að hleypa heimdraganum um skeið.

Til að ýta undir framandi blæ dagsins lék svo blágresishljómsveitin Wood Craft af miklum móð og ekki var annað að sjá en að tónlistarmennirnir ynnu hug og hjörto gesta á Háskólatorgi.

„Stóraukið alþjóðlegt samstarf Háskóla Íslands við leiðandi háskóla í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu hefur stækkað skólann, aukið og bætt þjónustu við stúdenta og styrkt kennslu og vísindastarf verulega. Þessi samvinna hefur gefið nemendum sem stunda nám við Háskóla Íslands einstök tækifæri til að taka hluta af námi sínu við þessar stofnanir, oft án þess að greiða skólagjöld,“ skrifaði Kristín Ingólfssdóttir, rektor háskólans í grein í haust. „Með þessu gerist tvennt; nemendur fá tækifæri til að njóta þess besta sem í boði er og íslenska menntakerfið verður öflugra og sterkara án viðbótar útgjalda. Nemendum sem standa sig vel í slíku skiptinámi hefur oft verið boðið að koma í framhaldsnám við þessa háskóla á fullum styrkjum,“ sagði Kristín í greininni.

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands veitir allar helstu upplýsingar um skiptinám sem gefur stúdentum færi á að flétta saman nám hér heima og erlendis.





STJÖRNUSJÓNNAUKASTÖÐIN

Í árána rás hafa lífað rökkur- og flökkusögur meðal stúdenta og starfsfólks um kynngimögnuð kynjaherbergi í ýmsum byggingum háskólans. Öll eiga herbergin það sammerkt að vera ævintýrlegt frávik frá hefðbundnum rýmum háskólans.

Þegar farið er eftir Suðurgötunni til sjávar gefur að líta á vinstri hönd nokkrar af helstu byggingum Háskóla Íslands. Fyrst birtist Aðalbyggingin, tignarleg eins og klettaborg skreytt með stuðlabergi, Háskólatorg með húfuna sína gulu, Íþróttahúsið í spánnýjum fötum og svo Árnagarður, sem gætir handritanna. Það er furðulegi kúpullinn á þaki Árnagarðs sem fangar allt í einu augað.

Við fyrstu sýn gæti þetta auðveldlega verið stjörnusjónaukastöð, en að vel athuguðu máli er það heldur ólíklegt að slíkur útsýnisfallur, sem nái til órávidda alheimsins, sé staðsettur á

hvirfli Árnagarðs. En bíðum við. Þetta er nú samt stjörnusjónaukastöð.

Það var árið 1995, fyrir áeggjan Einars H. Guðmundssonar prófessors í Raunvísindadeild, að stjörnusjónaukastöð fyrir stúdenta og annað háskólafólk var komið fyrir á þaki Árnagarðs. Að sögn Sævars Helga Bragasonar, meistaranema í raunvísindum og formanns Stjörnusjónaukarfélagsins á Seltjarnarnesi, hefur stöðin verið lítið notuð síðustu ár. Þar sé helst um að kenna borgarbirtunni, sem takmarki getu sjónaukans, og svo torveldu aðgengi að sjónaukanum sjálfum. Sjálfur er Sævar hugfanginn af fegurð himinhvolfsins og nýtir hverja lausa stund til að líta upp til stjarnanna.

„Það er fátt meira frelsandi en stutt innlit til stjarnanna, sólanna og tunglanna. Maður kemur ávallt klyfjaður af hamingju úr hverri heimsókn.“





Guðrún Hallgrímsdóttir, MA-nemi í öldrunarfræðum við Félagsráðgjafardeild Rannsókn á karlmennsku aldraðra

Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands veitti í fyrria styrki til áhugaverðra rannsókna í öldrunarmálum. Alls voru veittir fjórir styrkir en einn þeirra kom í hlut Guðrúnar Hallgrímsdóttur vegna rannsóknar hennar á karlönnum og karlmennsku á dvalar- og hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu. „Með rannsókninni er ætlunin að skoða hversu mikilvægt það er fyrir karlmenn að viðhalda karlmennskuímynd sinni á efri árum og hvort hún breytist með hækkandi aldri,“ segir Guðrún.

Í rannsókninni verður kannað hvort karlmennirnir upplifi næg tækifæri til að viðhalda karlmennskuímynd sinni með þátttöku í afþreyingu, verkefnum eða með bættum félagslegum tengslum.

Guðrún er iðjuþjálfari að mennt og starfar sem deildarstjóri iðjuþjálfunar og félagsstarfs á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hún segir að margir af þeim karlönnum sem nú búi á dvalar- og hjúkrunarheimilum hafi alist upp við þær væntingar og kröfur samfélagsins að karlmennskuímyndin krefjist þess að karlmenn séu vinnusamir, sjálfbjarga og forðist athafnaleysi. Guðrún segir að í æsku þessara karlmanna hafi það sjaldnast verið viðeigandi að sýna samkennd og tilfinningar í samskiptum við aðra, það hafi verið merki um veikleika og ósjálfstæði og því ekki í samræmi við ímynd karlmennskunnar.

Guðrún segir að í rannsókninni kynnist hún lífi karlanna í tengslum við athafnir þeirra, þau hlutverk sem þeir gegni, félagsleg tengsl og

sjálfsmat þeirra. Þá sé bæði horft til fortíðar og núverandi lífsmáta. Einnig verði reynt að skilja hvað valdi jákvæðri eða neikvæðri upplifun af búsetu. Guðrún segist vonast til að rannsóknin og niðurstöður hennar hjálpi til við að auka lífsgæði aldraðra karlmanna.

Rannsókn Guðrúnar er hluti af norrænu meistaranámi í öldrunarfræðum sem hún stundar nú við Háskóla Íslands. Norrænt MA-nám í öldrunarfræði (NordMaG) er sameiginleg námsleið Háskóla Íslands, Lunds Universitet og University of Jyväskylä. Með náminu er þekking nemenda á málefnum aldraðra dýpkuð og þeir gerðir hæfari til að vinna með öðrum að velferðarmálum aldraðra.

Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild.

Tinna Grétarsdóttir, doktor í sjónrænni mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Er ruslið fornminjar framtíðarinnar?

Hvað er rusl? Hvernig birtist ruslmenning á söfnum? Hvaða menningarlega virði hefur rusl? Þetta er meðal spurninga sem Tinna Grétarsdóttir, doktor í sjónrænni mannfræði, og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði, leitast við að svara í nýju tíu eininga námskeiði. Það er kennt á ensku og heitir „Trash Culture at the Museum.“

Eitt af verkefnum námskeiðsins er að fá nemendur til að skoða sín eigin söfn. „Öll erum við safnarar og það kemur berlega í ljós þegar nemendur líta í eigin barm. Fólk safnar alls konar hlutum, t.d. tölvupósti, ráðstefnutöskum, bókum, rafmagnstækjum, snúrum og öðru slíku,“ segir Tinna.

Námskeiðið „Trash Culture at the Museum“ gengur út á að rýna í íslenskt samfélag með gleraugum svokallaðrar ruslmenningar. „Mótmælin við Austurvöll gáfu okkur tilefni til að rýna í samtímann. Á sjónvarpsmyndum sást fólk kasta



rusli í Alþingishúsið. Talað var um ruslralýð í því samhengi og á sama tíma var Ísland mælt í ruslflokki efnahagslífsins. Svo er staðreynd að sorp hefur dregist saman um 40% frá hruninu haustið 2008, og það segir okkur ýmislegt um menningu þjóðarinnar,“ segir Tinna.

Námskeiðið er þverfaglegt samstarfsverkefni og er tengt við ýmis fyrirtæki og stofnanir,



t.d. mennta- og menningarmálaráðuneytið, Endurvinnsluna, Sorpu og Gámaþjónustuna hf. „Þverfagleg og praktísk nálgun gerir það að verkum að námið nýtist fólki af ólíkum sviðum. Nemendur eru ekki eingöngu úr ólíkum greinum heldur einnig af ýmsu þjóðerni,“ segir Tinna.

Námskeiðið „Trash Culture at the Museum“ er næst á dagskrá á haustmisseri 2011.



Gylfi Zoëga, prófessor við Hagfræðideild



Bragi Skúlason, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild

Sorgin gleymir engum

Sorgarviðbrögð karlanna hafa aldrei verið skoðuð með skipulegum hætti á Íslandi en Bragi Skúlason, sjúkrahúsprestur og doktorsnemi, vinnur nú að slíkri rannsókn. Markmiðið með rannsókninni er að hluta að skrifa fræðsluefni, sérstaklega fyrir fagfólk, en Bragi vann í mörg ár hjá sorgarsamtökunum Nýrri dögum. Þegar hann fór að starfa með krabbameinssjúklingum áttaði hann sig á því að ákveðinn kynjamunur er til staðar þegar tekist er á við sorgina.

„Í þó nokkur ár hafði ég haldið námskeið fyrir ekkjur og ekkla,“ segir Bragi. „Námskeiðin höfðu nýst mjög vel en það gekk frekar illa að fá karlana inn á þau. Hugsunin hjá mér var því að kortleggja karlana til að sjá hverjar þeirra þarfir væru umfram þarfir ekkanna.“

Helstu niðurstöður eru í samræmi við rannsóknir sem hafa verið gerðar annars staðar, þó eru nokkur atriði sem virðast sérstæð fyrir Ísland. Meðal annars kom fram að dánartíðni ekkla er hærrí en hjá karlmönnum yfirleitt. Eins sýna niðurstöður að íslenskir karlmenn eiga fáa trúnaðarvini og yfirleitt er það eiginkonan sem er þeirra helsti trúnaðarvinur.

„Það verður að segjast eins og er að sorgin á Íslandi hefur ekki verið neitt sérstaklega opið málefni. Það hefur þurft að skoða meira heildstætt hvernig við ætlum sem samfélag að takast á við stór og mikil áföll. Sumir karlar þekkja ekki þessa líðan sem fylgir sorginni og eru algjörlega slegnir út af laginu. Þeir hafa ekki upplifað sorgina með svona djúpstæðum hætti áður.“

Það virðist líka einkenna karlmenn að þeir halda alltaf að þeir geti farið í gegnum þetta á hnefanum og geti gert það einir. „Staðreyndin er að maður þarf á öðrum að halda í gegnum svona þungbæra reynslu og þar kemur mikilvægi stuðnings og aðstoðar í sorgarferlinu inn í myndina,“ segir Bragi sem er nú þegar farinn að nýta niðurstöður sínar í starfi.

Leiðbeinandi: Gísli Pálsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild.

VILL LÁGMARKA TJÓN FJÁRMÁLAKREPPUNAR

„Fjármálakreppur gerast nokkuð reglulega í markaðshagkerfum. Sú kreppa sem hófst á Íslandi árið 2008 er þó einstök að því leyti að allt fjármálakerfið hrundi, gjaldeyrismarkaður hvarf og stór hluti fyrirtækja varð tæknilega gjaldþrota,“ segir Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði. „Þessi reynsla er raungerð tilraun í hrúni fjármálakerfa sem er verðugt rannsóknarefni,“ bætir hann við en Gylfi vinnur nú að rannsókn á hrúninu.

Að sögn Gylfa er mikilvægt í rannsókn sem þessari að leita leiða til að bregðast við neikvæðum þáttum kreppunnar á samfélagið.

„Niðurstöður munu vonandi hjálpa til við aðgerðir til að lágmarka það tjón sem fjölskyldur hér á landi munu verða fyrir næsta áratuginn,“ segir hann.

Gylfi hefur vakið landsathygli fyrir túlkun sína á orsökum hrunsins og við að tefla fram úrræðum

til lausnar á vandamálum sem því tengjast. Gylfi segir að hluti af vinnu sinni nú beinist að því að greina kreppuna, eðli hennar og þróun. „Slík greining getur hjálpað við að finna skýringar á því hví atvinnuleysi helst hátt í kjölfar kreppu. Þannig hélt atvinnuleysi hátt í meira en tíu ár í kjölfar fjármálakreppu í Finnlandi og Svíþjóð í upphafi tíunda áratugarins,“ segir Gylfi. Eins og nú háttar er þó vissulega ekki ljóst hvort atvinnuástand verði langvarandi slæmt á Íslandi eins og var í þessum tveimur samanburðarlöndum.

Að sögn Gylfa er nú verið að safna saman gögnum um breytur sem mæla hinar ýmsu viddir fjármálakreppu fyrir Ísland, önnur ríki sem hafa orðið illa úti, eins og t.d. Írland, Spánn og önnur OECD-lönd. Þessi gögn eru notuð til þess að kortleggja hegðun og tengsl ýmissa breyta. Mynstrið þarf síðan að útskýra með hagfræðilíkönum sem að endingu eru prófuð með aðferðum tölfraði.

Gylfi segir að í hagfræði hafi hingað til ekki fundist nægilega góð skýring á því hvers vegna atvinnuástand batni ekki fyrr en raun ber vitni í kjölfar fjármálakreppu. „Íslenska kreppan gefur einstakt tækifæri til að greina vinnuamarkaðsáhrif fjármálakreppu. Kenningar um atvinnuleysi eiga flestar rætur í síðustu áratugum og ná ekki að útskýra áhrif fjármálakreppu á vinnuamarkað. Í þessu verkefni munu áhrif kreppu á vinnuamarkað verða könnuð sérstaklega með því að endurbæta kenningar um atvinnuleysi með hliðsjón af nýjum gögnum,“ segir Gylfi.



1940

Háskólinn flytur í sitt eigið húsnæði, Aðalbygginguna, hinn 17. júní 1940 og nýtt og viðburðaríkt framfaratímabil hefst. Húsnæðisskortur hafði haft veruleg áhrif á starfið áður. Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði bygginguna.




Bernhard Pálsson stýrir líftæknistöð í Danmörku

NORÐURLÖNDIN Í FRAMLÍNU Í LÍFTÆKNI

Bernhard Pálsson, gestaprófessor við háskólann og forstöðumaður kerfislíffræðisetsurs HÍ, mun stýra nýrri rannsóknarmiðstöð í líftækni við Tækniháskóla Danmerkur (DTU). Miðstöðinni er ætlað að stuðla að sjálfbærum lífefnaðnaði og leysa ákveðin umhverfismál sem tengjast notkun olíu í efnaðnaði. Um 15 milljarðar íslenskra króna hafa verið settar í verkefnið úr sjóði Novo Nordisk Foundation.

„Þetta eflir norrænt samstarf og verður mikil lyftistöng fyrir okkur hér við Háskóla Íslands. Þetta setur í raun Norðurlöndin í algjöra framlínu í rannsóknum á líftækni,“ segir Sigurður Brynjólfsson, prófessor í verkfræði við HÍ. Sigurður er einn af stofnendum rannsóknasetursins í kerfislíffræði við HÍ. Setrið tengir saman rannsóknir á sviði verkfræði, raunvísinda og læknisfræði.

Bernhard Pálsson hefur unnið að uppbyggingu kerfislíffræðisetsursins undanfarin misseri. Sigurður segir að háskólinn sé afar lánsamur að hafa Bernhard sem leiðtoga við uppbyggingu kerfislíffræðisetsursins en hann sé einn helsti



Sigurður Brynjólfsson, prófessor í verkfræði.

frumkvöðull heimisins á sviði líftæknirannsókna.

Lars Pallesen, rektor DTU, er einnig afar ánægður að fá að njóta krafta þessa íslenska vísindamanns við danska háskólann. „Við erum ótrúlega stolt af því að Novo Nordisk Foundation valdi DTU til að færa Danmörku í framlínu líftækninnar. Styrkurinn gerir okkur kleift að laða til okkar alþjóðlegar stjörnu, þar á meðal forstöðumann rannsóknamiðstöðvarinnar, Bernhard Pálsson,“ segir Lars.

„Kerfislíffræðisetrið okkar hefur undanfarin ár unnið að sambærilegum rannsóknum og stundaðar verða í Danmörku, með styrk frá Tæknipróunarsjóði,“ segir Sigurður.

„Markmiðið hér er að framleiða verðmæt efni úr koltvísyringi frá jarðvarmasvæðum með þörungum og ljóstillifandi bakteríum. Við vinnum jarðvarma á Íslandi sleppa hundruð þúsundir tonna af koltvísyringi út í andrúmsloftið og þetta mun aukast á komandi árum. Þróun á ljósdíóðum, ásamt aukinni þekkingu á þörungum og líftækni, gerir mögulegt að láta þörunga vinna mjög verðmæt efni úr þessum koltvísyringi á afar hagkvæman hátt. Markmiðið með þessum rannsóknum okkar er að nýta sjálfbærar orkuauðindir eins og jarðvarmann á arðbæran hátt í efnaðnaði á Íslandi,“ segir Sigurður.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



Sandra Ósk Eysteinsdóttir
BS-nemi í hjúkrunarfræði

Hjúkrunarfræði veitir mér aðgang að fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi. Verkefni hjúkrunarfræðinga eru ofboðslega fjölbreytt og vinnutíminn er sveigjanlegur, sem er einkar mikilvægt fyrir barnafjölskyldur. Sumir hjúkrunarfræðingar starfa eingöngu á dagvinnutíma en aðrir kjósa vaktavinnu.



Pétur Sólmar Guðjónsson
nemi í læknisfræði

Læknisstarfið varð mér hugleikið í menntaskóla og eftir því sem tíminn leið hallaðist ég meira og meira í átt að læknisfræði. Mest heillandi við starfið er að fá tækifæri til þess að hlúa að heilsu fólks sem er dýrmætasta eign sérhvers manns.



Sunna Björk Ragnarsdóttir
BS-nemi í líffræði

Fyrst og fremst hef ég áhuga á líffræði sem slíkri en þar að auki er námið fjölbreytt og býður upp á marga möguleika í framhaldsnámi. Ég get vel hugsað mér að stunda doktorsnám sem tengist loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á vistkerfi.



1942

Að tilmælum ríkisstjórnarinnar fær Húsmæðrakennarskóli Íslands afnot af húsnæði í kjallara háskólabyggingarinnar þetta ár. Húsnæðið átti að vera til bráðabirgða en skólinn ílengdist þar í rúman áratug. Tók háskólinn húsrýmið þá til sinna eigin þarfa.



Nemendur frá Afganistan og Palestínu læra um kynjajafnrétti í Alþjóðlegum jafnréttisskóla við Háskóla Íslands

Heimar mætast og mennirnir breytast

Síðastliðið haust voru sex nemendur frá Afganistan og Palestínu í námi við Alþjóðlegan jafnréttisskóla, eða Gender Equality Studies and Training (GEST). GEST er samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands og tók til starfa árið 2009. Skólinn var stofnaður að fyrirmynd Jarðhita-, Sjávarútvegs- og Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna sem eru starfræktir á Íslandi og bjóða til sín nemendum frá þróunarrikkjum og atakavæðum. Stefnit er að því að jafnréttisskólinn fái aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna að loknu þriggja ára reynslutímabili. Næsta haust er gert ráð fyrir að sjö til átta manns leggi stund á nám við skólann og mun námstímabilið verða allt að 20 vikur. Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru að nemendur starfi við jafnréttismál í sínum heimalöndum og hafi a.m.k. eina háskólagráðu. Námið er í senn fræðilegt og hagnýtt en það miðar að því að efla greinandi og gagnrýna hugsun, getu til að miðla þekkingu á sviðinu og færni til þess að starfa í þágu jafnréttis.

„Hugmyndin að baki GEST er einföld“ segir Sigríður Þorgeirsdóttir, formaður stjórnar GEST og prófessor í heimspeki við HÍ. „Við bjóðum fólki að koma til okkar, að kynna sér hvernig við hugsum um jafnrétti hér í okkar heimshluta og aðferðirnar sem við nýtum okkur til að vinna því brautargengi.

Nemendurnir fá tækifæri, sumir í fyrsta sinn, til að dvelja í öðru landi og fá þannig dýrmætan samanburð,“ segir Sigríður.

Þverþjóðleg jafnréttisfræði

Þverþjóðlegt nám og kennsla fara fram innan skólans og hann er einnig vettvangur fyrir rannsóknir í þverþjóðlegum fræðum. Í skólanum læra nemendur og kennarar hverjir af öðrum. Nemendur koma frá átakavæðum og löndum þar sem uppbygging á sér stað eftir átök. „Hér á landi erum við einnig að fást við uppbyggingu samfélags eftir fjárhagslegt hrun, pólitíska og siðferðilega kreppu. Það er gagnlegt að sjá sig í stærra samhengi og lærdómsríkt að sjá hvernig önnur samfélög taka á sínum málum,“ segir Sigríður. Öndvegissetrið EDDA, sem er rannsóknasetur í gagnrýnum samfélagsfræðum, er fræðilegur bakhjarl GEST, en eitt af rannsóknasviðum setursins er einmitt samfélagsleg uppbygging og átök. GEST er jafnframt eitt af verkefnum EDDU, en rannsóknir þess miða m.a. að því að tengjast aðilum og stofnunum í samfélaginu í þeim tilgangi að nýta þekkingu sem skapast á ólíkum sviðum. Við búum að ríkrí hefð í jafnréttismálum á Íslandi og aukin áhersla á þennan málaflokk í alþjóða- og þróunarsamvinnu Íslendinga endurspeglar það.“

Á hausti komanda verður boðið upp á námskeið



Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki.

í þverþjóðlegum jafnréttisfræðum fyrir nemendur á framhaldsstigi við HÍ, en þar gefst íslenskum nemendum tækifæri til að sitja tíma og gera verkefni með nemendum GEST. Slíkt námskeið gefur nemendum kost á að taka þátt í umræðu um samfélagslegt réttlæti þar sem ólíkir heimar mætast. „Það kemur enginn óbreyttur út úr slíku námi,“ segir Sigríður.

Myndin að ofan er af nemendum sem útskrifuðust frá GEST í desember sl., ásamt Önnudis Rúdólfsdóttur, námstjóra GEST, Irmu Erlingsdóttur, framkvæmdastjóri EDDU og GEST, Sigríði Þorgeirsdóttur, formanni stjórnar GEST, og Hildi Fjólu Antonsdóttur, verkefnisstjóra hjá EDDU og GEST, en þær hafa umsjón með rekstri skólans fyrir hönd Háskóla Íslands.

Ármann Jakobsson,
dósent við Íslensku- og menningardeild

HÚSKARLAR OG GRÍÐKONUR

– hvunnagshetjur íslenskra bókmennta

Ármann Jakobsson, dósent við Íslensku- og menningardeild, ræðst síður en svo á garðinn þar sem hann er lægstur í nýjstu rannsókn sinni við Háskóla Íslands. Þar skrifar hann um fólkið á jaðrinum í íslenskum og norrænum miðaldaheimildum.

Rannsókn Ármanns er ólokið og lýkur eflaust ekki fyrr en 2012. „Þetta er samvinnuverkefni þar sem ég nýt góðs af þekkingu og vinnu stúdenta og samstarfsmanna. Ég vonast til að í fyrstu atrennu verði niðurstöður kynntar í bók á íslensku, sem kæmi ef til vill út haustið 2012. Markmiðið með henni er ekki síst að kynna fyrir Íslendingum fólkið sem ekki er í aðalhlutverki í sögunum sem mögulega leið að auknum skilningi á fortíðinni og bókmenntum hennar.“

Í rannsókninni beinir Ármann sjónum að fólkinu í kjarna textans, sem er fáséð sjónarhorn í íslenskum miðaldasögum. Konur, gamalmenni, börn, ungmenni, þrælur, gríðkonur, húskarlar, útlendingar og fatlaðir fangar eru rannsóknarefni Ármanns fremur en víg og vígamenn, hetjur og fræknar hetjudáðir. Hér eru það hvunnagshetjurnar sem eru undir smásjá vísindamansins.

Ármann segir að Íslendingasögur snúist vissulega aðallega um afburðafólk eins og

konunga, hetjur og höfðingja. „Við getum engu að síður lesið á móti þessu og horft aftast á sviðið fremur en á leikarana í forgrunni. Þar má oft sjá áhugaverðar aukapersónur sem þjóna tilteknu hlutverki en veita líka hugmynd um heim sagnanna. Það má líkja þessu við það þegar maður kaupir sér flik og skoðar hana ekki aðeins á réttunni heldur líka á röngunni, til að kynnst henni betur, þó að það sé réttan sem er til sýnis.“

Ármann segir að lokum að með því að skoða þá þætti íslenskra miðaldabókmennta sem ekki eru meginþættirnir kynnist maður nýrri hlið. „Allir sem standa höllum fæti eru áhugaverðir vegna þess að saga þeirra er ekki síður upplýsandi en sögur af þeim sem skara fram úr, deyja hetjudauða eða ná árangri með öðrum hætti í lífinu. Með þessu fáum við nýja sýn á birtingarmyndir jaðarfólksins og þann félagslega veruleika sem þar er skírskotað til.“

Í rannsókn Ármanns eru það ekki Njáll eða Gunnar, Bergþóra eða Hallgerður sem eru umfjöllunarefnið, heldur fólkið sem nærði þau og klæddi og deildi jafnvel á endanum Njálsbrennulongunum með húsráðendum á Bergþórshvoli án þess nokkur gæfi því gaum – fyrr en nú.



Getur ESB-aðild styrkt íslenskuna?

Hvernig getur ESB-aðild styrkt íslenska tungu? Er nema von að menn spyrji, það hljómar eins og öfugmæli í margra eyrum þegar því er haldið fram að sterkasti leikurinn fyrir íslenska tungu til næstu framtíðar felist í aðild að Evrópusambandinu. Þessu heldur Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingfræðum, hins vegar fram. En hvaða rök færir hann fyrir því? „Tilfellið er að grundvöllur málstefnu Evrópusambandsins felst í því að þjóðir geta notað tungu sína í opinberri stjórnsýslu og ekkert bendir til að það muni breytast. Samkvæmt þessu þá á finnskur skógarbóndi að geta talað á Evrópuþinginu án þess að hafa mikla þekkingu á ensku. Túlkar þýða ræðu hans. Það sama myndi gilda um íslensku, hún yrði eitt af opinberum

tungumálum sambandsins. Aðild myndi auðga og styrkja íslenska tungu meira en nokkur dagar íslenskrar tungu eða málnefnd,“ segir Gauti.

Írski er talandi dæmi um hvernig lítið tungumál hefur styrkt sig með aðild. Á Írlandi eru bæði enska og írski opinber mál og fleiri tala ensku en írsku. „Þegar Írar gengu í ESB 1973 töldu þeir ekki þörf á að gera írskuna sjálfa að opinberu tungumáli ESB en fyrir nokkrum árum sáu þeir sig um hönd. Það að írski skuli hafa verið gerð að opinberu tungumáli innan ESB er líklega mesta vítamínsprautu sem hún hefur fengið,“ segir Gauti. Til að mæta aukinni þörf fyrir túlka og þýðendur á íslensku eru nýjar námsleiðir í þýðingfræði við Háskóla Íslands í undirbúningi.





Arnfríður Guðmundsdóttir,
prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

GUÐFRÆÐI KROSSINS

Pað er heimilislegt og huggulegt á skrifstofu Arnfríðar Guðmundsdóttur, prófessors við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Hún situr við skrifborð þakið bókum og tvær þeirra skera sig allverulega úr. Það eru nýjustu afkvæmi hennar, bækurnar „Meeting God on the Cross“ og „Út í birtuna.“ Það hlýtur að teljast til tíðinda að tvær bækur eftir sama höfund komi út með nokkurra daga millibili. Arnfríður er hógværðin uppmáluð þegar talið berst að þessum merka áfanga.

„Aðdragandi bókana hefur verið langur. Þetta er margra ára ferli sem loksins sér fyrir endann á. Ég vil líkja skrifunum við meðgöngu og fæðingu

„AÐDRAGANDI BÓKANA HEFUR VERIÐ LANGUR. ÞETTA ER MARGRA ÁRA FERLI SEM LOKSINS SÉR FYRIR ENDANN Á“

og tek það einmitt fram í inngangi bókarinnar Meeting God on the Cross. Oxford University Press gefur þá bók út en hún verður kennd við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands næsta vor. Hún fjallar um guðfræði krossins og kenningar Kristis út frá feminísku sjónarhorni og nálgunum. Út í birtuna mætti hins vegar kalla dæmigerða kreppubók. Í henni er það presturinn í mér sem talar en ekki fræðimaðurinn.“

Bækurnar fjalla um svipað efni nema önnur er fræðirit en hin skrifuð fyrir almenning. Út í birtuna er gerð í samstarfi við listakonuna Æju. Arnfríður segir að samstarfið hafi gengið frábærlega og ekki hafi annað komið til greina við vinnu bókarinnar en að blanda saman myndlist og ritlist. „Við

vinnum með skynfærin en það er einmitt það sem kirkjan hefur gert í gegnum aldirnar, unnið með listinni og í gegnum hana. Mér finnst það afar mikilvægt og vil miðla því áfram.“

Meeting God on the Cross tekur á tvö þúsund ára hefð guðfræði krossins og hvernig hann hefur verið túlkaður á ólíkum tímum af ólíkum fræðimönnum. Arnfríður heldur áfram af innlifun og bersýnilegt er að efnið brennur á henni. „Ég kem með mína eigin túlkun á því hvaða skilaboð guðfræði krossins inniheldur. Hvernig eigum við að túlka krossinn í dag? Ég held því fram að krossinn tali inn í aðstæður samtímans, ekki síst aðstæður kvenna og þjáninguna, sem er ófrávikjanlega fylgiskur lífsins. Ég tel að þjáningin hafi verið upphafin og henni gefið gildi. Þannig er það ekki, þjáningin hefur aldrei gildi í sjálfu sér heldur er hluti af lífinu! Ef kristin guðfræði vill hafa eitthvað fram að færa til samtímans þá verður hún að geta mætt fólki þar sem það er. Guðfræðin verður að boða von og færa hana inn í vonlausar aðstæður. Guðfræði krossins er vonarboðskapur og samfélagið hefur sjaldan verið í eins mikilli þörf fyrir vonina og nú!“

Kveikjan að bókinni var doktorsritgerð Arnfríðar og sú grundvallarspurning hvað Kristur og lútersk guðfræði hafa að segja í aðstæðum nútímasamfélags. Arnfríður endurskrifaði ritgerðina að stórum hluta í Meeting God on the Cross og segir að niðurstaðan sé að lútersk guðfræði hafi mikið að segja á krepputímum. „Túlkunin á krossinum hefur verið notuð til að réttlæta þjáninguna og bókun kemur inn á það. Kirkjan glímir við mikla erfiðleika, líkt og samfélagið í heild. Af þeim sökum eiga báðar bækurnar vel við í dag!“



Guðmundur Hálfðánarson,
prófessor við Sagnfræði- og
heimspekideild

Icesave og sögu- skoðun Íslendinga

„Af hverju erum „við“ látin bera byrðar fallins einkabanka?“ er spurning sem margir Íslendingar hafa varpað fram í tengslum við Icesave-umræðuna. Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, hefur rýnt í þetta deilumál út frá orðræðu og söguskoðun Íslendinga. „Skilgreining hugtaksins „við“ er hér lykilatriði því að með afmörkun „okkar“ ákvarðar fólk hvaða hópi það telur sig tilheyrja og fyrir hönd hverra það talar. Með „okkur“ í þessari umræðu er vísað til íslensku þjóðarinnar,“ segir Guðmundur.

Guðmundur veltir því fyrir sér hvers vegna þessi deila hafi fengið jafnmikla athygli á þingi og í fjölmiðlum og raun ber vitni, fyrir utan þá augljósu staðreynd að gríðarlegir fjármunir eru í húfi. „Í fyrsta lagi hefur deilan snúist um það hvernig línur eru dregnar á milli saklausra fórnarlamba efnahagshrunsins og hinna sem teljast eiga sök á því. Að þessu leyti er hún barátta um skilgreiningar á hugtökunum „við“ – sem enga ábyrgð berum á „pakknum“ – og „hinir“ – andstæðingar „okkar.“ Í öðru lagi fellur Icesave-deilan fullkomlega að hefðbundinni söguskoðun Íslendinga, enda hefur dæmum úr fortíðinni óspart verið flaggað til að skýra hegðun íslenskra stjórnmalamanna eða viðhorf útlendinga til „okkar“. Í raun snýst deilan því ekki aðeins um þá milljarða sem okkur Íslendingum er gert að greiða með Icesave-samningnum, heldur einnig um sögulega orðræðu eða pólitíska heimsmynd sem mótast af sögulegum „minningum,“ segir Guðmundur. „Viðkvæðið er gjarnan að annað hvort göngum við í takt með „hinum,“ „tökum allan pakkann“ með þeim kostum og göllum sem honum fylgja, eða „ákveðum að standa ein og spjara okkur upp á eigin spýtur.“



1948

Íþróttahús Háskóla Íslands er tekið í notkun. Bygging hússins hófst vorið 1945 en arkitektar þess eru Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson. Kennsla hófst þar hinn 2. apríl 1948.



Gunnhildur Una Jónsdóttir, doktorsnemi við Uppeldis- og menntunarfræðideild ER LISTNÁM BARA AFÞREYING?

„Ég velti því fyrir mér hvort listir séu hugsaðar sem afþreying eða ákveðin aðferð til að hugsa og vinna, efla gagnrýna hugsun og gefa rými fyrir margbreytileika,“ segir Gunnhildur Una Jónsdóttir, doktorsnemi í listkennslu. Gunnhildur tók áður þátt í rannsóknarnetinu CAVIC sem er styrkt af NordForsk og beinist að rannsóknum á nútímalist í námi á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltslöndum.

„Listir eiga erindi við alla og ég vænti þess að niðurstöður rannsóknarinnar komi til með að færa rök fyrir listkennslu með áherslu á upplifun, ásamt því að efla samstarf hefðbundinna menntastofnana við skapandi starfsemi í samfélaginu.“

Gunnhildur lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands og BA-prófi frá Listaháskóla Íslands áður

en hún fór í MFA-framhaldsnám í myndlist við Carnegie Mellon-háskóla í Pittsburgh í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. „Í Carnegie Mellon er lögð mikil áhersla á þverfræðilegt nám, sem þýddi að við tókum námskeið í öðrum deildum háskólans, hvort sem það var í bókmenntum eða í verkfræði.“

Þegar heim var komið sóttist Gunnhildur eftir starfsvettvangi sem tengdist meistaranáminu.

„Námið í Bandaríkjunum var mjög rannsóknamiðað sem gaf mér dýrmæta reynslu fyrir doktorsnámið. Fyrst sótti ég um innngöngu með það í huga að kanna þverfræðilegt samstarf á háskólastigi á Íslandi.“

Á þessu stigi snýst rannsókn Gunnhildar um listnám sem á sér stað á óbeinan hátt,

þ.e.a.s. utan skóla og þá sér í lagi í tengslum við gestavinnustofur listamanna í fámennum byggðarlögum. „Krakkar í nágrenni við vinnustofur heimsækja listamennina og forvitnast um hvað þar fer fram. Bein samskipti af þessu tagi eru afskaplega dýrmæt fyrir þann sem nemur og mér leikur hugur á að kanna hvernig óbeint nám fléttast inn í hefðbundið nám.“

Gunnhildur segir fagfólk í menntageiranum almennt mjög meðvitað um að nám er hluti þess að vera í mannlegu samfélagi. „Þar af leiðandi er nám ekki endilega bundið við eitt ákveðið umhverfi eða kennslustofur.“

Leiðbeinandi: Ólafur Páll Jónsson, dósent í heimspeki við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild

Ný tegund læsis á Netinu

„Notkun Internetsins og gagnvirkra vefmiðla er hluti af læsi í menningu nútímans og á því við allt skólastarf og þekkingarsköpun,“ segir Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði, sem hefur rannsakað menningarlæsi ungs fólks frá árinu 1993.

Guðný veltir fyrir sér hvernig menntakerfið ætla að bregðast við þróun Internetsins frá því að vera eins konar alfræðiorðabók yfir í gagnvirkna samskiptamiðil sem notendur geta nýtt sér á margvíslegan hátt. Þessi nýja kynslóð Netsins hefur gjarnan verið kölluð Vefur 2.0 eða Web 2.0.

Nýlega tók Guðný viðtöl við einstaklinga úr nýsköpunargeiranum, svo og við kennara og nemendur á öllum skólastigum, til að kanna notkun þeirra á gagnvirkum miðlum í skólastarfi, nýsköpun og til lýðræðislegra samskipta.

Rannsóknin leiddi í ljós að kennarar og nemendur eru jákvæðir fyrir notkun Netsins, en fremur vantrúaðir á gagnvirkniþáttinn í annarri kynslóð vefsins (í Vef 2.0).

„Í viðtölum komu fram ákveðnar efasemdir um blogg, myndasíðuna Flickr, alfræðigáttina Wikipedia, samskiptasíðuna Fésbókina og aðrar gagnvirkar netgáttir, m.a. vegna eineltis. Einnig voru uppi spurningar um áreiðanleika upplýsinga og höfundarrétt efnis,“ segir Guðný.

Hún segir skóla og einstaklinga misopna fyrir þróun Netsins, enda megi segja að hún ógni hefðbundnum starfsháttum skóla um leið og hún opni nýja möguleika. „Dæmi eru um að kennarar noti Fésbókina sem samskiptatæki í kennslu og einnig að amma og frænkur taki æfingapróf á Fésbókinni með börnunum, öllum til gagns og gleði.“



Þótt samskiptamiðlar séu oft taldir „tímabjófara“ og truflandi fyrir skólastarf er talið tilgangslaust að banna notkun þeirra því nemar finna alltaf leiðir framhjá slíku,“ segir Guðný.

„Fólk í nýsköpunargeiranum er mun jákvæðara fyrir Vef 2.0 en nemendur og kennarar. Fólk í þeim geira notar mikið þekktu samskiptamiðla eins og Twitter, LinkedIn og Fésbókina til samskipta og samsköpunar. Þá auðveldar Fésbókin nemum og öðrum að kynna sinn málstað án tilkostnaðar, sem felur í sér mikla lýðræðislega möguleika.“



Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Íþróttta-,
tómstunda- og þroskþjálfadeild

Heilsa framhaldsskólanema

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, stendur ásamt fleiri fræðimönnum og meistaranemum að stórrí rannsókn á heilsufari og lífsstíl 16 ára framhaldsskólanema. Ætlunin er að fylgja rannsókninni eftir með áframhaldandi gagnasöfnun þegar þau eru 18 og 20 ára.

„Tilgangur rannsóknarinnar er tvíþættur, annars vegar að fylgjast með heilsu og lífsstíl unglunga og þeim breytingum sem verða á heilsuhegðun á mörkum æsku og fullorðinsára og hins vegar að kanna hvort munur sé á þessum sömu þáttum eftir því hvort nemendur eru í heilsueflandi framhaldsskóla eða skóla sem ekki hefur innleitt þá stefnu,“ segir Anna Sigríður.

„Í rannsókn okkar á 18 ára unglungum, í þremur framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu haustið 2008, kom fram hversu breytilegt mataræðið var á milli skóla og hversu mikil áhrif fæðuframboð og nærumhverfi skólans virtist hafa á það hvernig nemendur nærðust,“ segir Anna Sigríður. Hún segir að stór hluti nemenda á þessum aldri sé hættur að stunda íþróttir jafn markvisst og þegar þeir voru yngri.

„Þar sem Lýðheilsustöð hefur nýlega innleitt verkefni um heilsueflandi framhaldsskóla fannst okkur kjörið tækifæri að skoða hvort slík innleiðing, sem felur í sér markvisst heilsueflingarstarf sem lýtur bæði að innviðum og umhverfi skólans og nærsamfélagsins, hefði áhrif á heilsufar, lífsstíl og heilsuhegðun nemenda,“ segir Anna Sigríður.

Anna Sigríður segir framhaldsskólanema



nokkuð frábrugðna öðrum aldurshópum þar sem þeir séu skilgreindir sem börn til 18 ára aldurs, og séu því á ábyrgð foreldra, en við 18 ára aldur fái þeir sjálffræði. Auknu sjálfstæði fylgi breyttar lífsvenjur en rannsóknir á þessum aldurshópi hafi beinst meira að áhættuhegðun en daglegum venjum, sem skipti þó ekki síður máli.

„Með þverfaglegri nálgun, bæði með mælingum og íhlutun, gefst tækifæri til að skoða samspil heilsufarsþátta og það hefur vísindalegt gildi. Um leið er mikilvægt að meta hverju verkefni eins og þetta skilar,“ segir Anna Sigríður.

Hún segir að rannsóknin sé einnig mikilvæg í alþjóðlegu samhengi þar sem fáar rannsóknir á heilsueflingu fyrir framhaldsskólastigið hafi verið gerðar og mikilvægt sé að fylgjast með því hvernig heilsa og lífsstíll ungs fólks á mótum æsku og fullorðinsára þróast.



Háskólalestin brunar um landið

Háskóli Íslands er skóli allrar þjóðarinnar og því verður aldarafmælinu fagnað víða um land. Þar verður Háskólalestin í fararbroddi á ferð um landið með fræði og fjör fyrir alla aldurshópa. Í Háskólalestinni verður flest það besta úr Háskóla unga fólksins, vísindi og viðburðir af Vísindavefnum, tilraunasmíðjur, örfyrirlestrar og alls kyns óvæntar upptakur – eitthvað fyrir alla, á öllum aldri.

Háskólalestin heimsækir átta áfangastaði á tímabilinu frá apríl og fram í ágúst. Lestin nemur staðar í heimabyggð allra rannsóknasetra Háskóla Íslands sem opna sín hús upp á gátt og slást í för með lestinni með fjölbreyttan farangur úr náttúru og sögu landsins.

Í Háskólalestinni fá grunnskólanemendur meðal annars að búa til sinn eigin vísindavef. Þeir geta sett saman vefnámskeið, hlaðið inn myndböndum um vísindi og fræði og tekið upp vísindahljóðvarp.

Á öllum áfangastöðum hafa grunnskólar, sveitarfélög, samtök og fyrirtæki greitt götu lestarinnar með einstökum velvilja og áhuga. Fyrsti áfangastaður Háskólalestarinnar verður Stykkishólmur, sá næsti Selfoss og svo Höfn í Hornafirði. Þá verður farið til Skagastrandar, til Húsavíkur og loks til Egilsstaða. Háskólalestin lýkur svo ferð sinni á Seltjarnarnesi og í Sandgerði.

Háskólabíó fagnar 50 ára afmæli

Á aldarafmæli Háskóla Íslands fagnar Háskólabíó jafnframt fimmtíu ára afmæli. Í tilefni tímamótanna verða endursýndar valdar myndir úr safni kvikmyndahússins sem margar hafa ekki sést á hvíta tjaldinu árum saman. Sýnt verður á mánudögum, í anda mánudagsmyndanna sem Háskólabíó var þekkt fyrir á árum áður.

Kvikmyndirnar eru í varðveislu Kvikmyndasafns Íslands og verða einungis sýndar í tilefni tímamóta Háskólabíós og Háskóla Íslands. Sýnt verður í stóra salnum, á einu stærsta kvikmyndatjaldi landsins.

Fyrirhugað er að sýna 12 myndir á vormisseri og 12 á haustmisseri. Suma mánudaga er jafnvel fyrirhugað að sýna valdar myndaraðir á einu kvöldi.

Myndavalið verður fjölbreytt og víða verður komið við í kvikmyndasögunni. Þannig geta bíógestir rifjað upp gamlar minningar eða kynnst nýjum gullmolum.

Öllum mánudagsmyndum verða gerð ítarleg skil á afmælisvef Háskóla Íslands.

Miðaverð verður á einstökum afmælistjórum, einungis 300 krónur, og eru allir hjartanlega velkomnir.

Doktorsnám við Háskóla Íslands er í mikilli sókn. Skráðir nemendur í doktorsnámi eru nú á sjötta hundrað sem er mörg hundruð prósentu aukning á einum áratug. Þarna fagnar Þrándur Helgason, matvælafræðingur, ásamt öðrum.




FJÖLBREYTNÍ FJÖR OG FRÆÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



Við Háskóla Íslands hafa staðið yfir rannsóknir á varpi spóans, eins algengasta varpfluglsins í íslensku náttúru. Borgný Katrínardóttir vinnur að þessum rannsóknum en hún stundar meistaranám við Líf- og umhverfisvísindadeild. Borgný segir að hálfgróin svæði meðfram ám séu víða á undanhaldi, meðal annars vegna stýringar vatnsfalla, bráðunar jökla og landnáms lúpinu. „Það er líklegt að þessar breytingar á Íslandi muni hafa veruleg áhrif á heimsstofn spóans,“ segir Borgný.



Háskóli Íslands brautskráir nemendur tvisvar á ári. Brautskráningin er afar hátíðleg stund enda fagna þá stúdentar því að settu marki er náð. Við taka nýjar áskoranir, annaðhvort í atvinnulífinu eða í framhaldsnámi.



Rannsóknasetrið á Húsavík hefur laðað til sín fjölmarga erlenda háskólanema en áhugi á hvalarannsóknum fer vaxandi víða um heim. Hér standa tveir erlendir háskólanemar vaktina í víta norðan við Húsavík þar sem útsýni er gríðarlega gott yfir Skjálfanda.





Marianne H. Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, hefur rannsakað hljóðtákn sem íslenskir hnýðingar nota til samskipta. „Við vitum að stökkla af höfrungætt nota flaut til samskipta sín á milli. Hver einstaklingur hefur einstakt flaut sem hann svarar þegar á hann er kallað,“ segir Marianne. Rannsóknir á sjávarspendýrum eru nú stundaðar af mikilli elju við Rannsóknasetrið á Húsavík. Það á vel við því Húsavík er einn helsti ákvörðunarstaður hvalaskoðenda á Íslandi.



Stúdentar á öllum aldri kynna sér fjölbreytnina í framhaldsnáminu.



Sýndarsjúklingurinn Hermann er eitt fullkornasta tæki sem Háskóli Íslands notar við kennslu. Hann var fluttur með forgangi á Háskólatorg á síðustu námskynningu af bráðaliðum í sjúkrabil með forgangsljósum. Hjúkrunarfræðideildin hefur Hermann innan sinna raða en hann er eftirlíking af manni í fullri líkamssterð. Hermann er vel þekktur fyrir að gera sér upp hjartastopp og lyppast niður og láta sem örendur væri í margmenni.



Við úthlutun úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta er lítið til afburðaárangurs á stúdentsprófi, virkni í félagsstörfum eða árangurs á öðrum sviðum. Háskóli Íslands veitir styrki úr sjóðnum á hverju vori og síðast fyrir tilfalli Happraættis Háskóla Íslands.



Ingjaldur Hannibalsson, prófessor og forseti Viðskiptafræðideildar, fer mikinn á námskynningu í HÍ enda umlukinn merki háskólans.



Stundum vikja fræðin alveg fyrir fjörinu. Þetta á við um hið árvíssa Háskólahlaup þar sem stúdentar og starfsmenn taka á því.



Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor við Raunvísindadeild

KÆLING Á HREYFLUM GETUR LEYST VANDANN

Ísland komst svo að um munaði í heimspressuna í fyrra þegar eldgosið í Eyjafjallajökli stóð sem hæst og þúsundir flugfarþega komust hvorki lönd né strönd víða um heim. Eyjafjallajökull hafði tilfinnanleg áhrif á flugsamgöngur og olli fjölda flugfélaga þungum búsisfjum. Af þeim sökum hafa vísindamenn leitað leiða til að opna loftleiðirnar þrátt fyrir að eldfjallaaska hafi dreift sér um háloftin. Rannsóknir Þorsteins I. Sigfússonar, prófessors við Háskóla Íslands, á hegðun þotuhreyfla í öskuskýi vöktu heimsathygli fyrir skömmu en hann myndaði teymi manna til að leiða í ljós hvernig unnt væri að sigrast á þessari ógn við flugsamgöngur. Samkvæmt rannsóknum Þorsteins gæti lausnin legið í því að kæla hreyflana eftir aðaska hefur borist í þá. Við kólnun fellur öskuglerid af hreyflunum og rannsóknaniðurstöðurnar hafa verið birtar í mörgum útbreiddustu fjölmiðlum heims. Þorsteinn og félagar hans staðprófuðu að glerjuð askan verður fyrir sterkri ummyndun, fasabreytingum, sem þeir mældu einnig í sérstökum fasabreytingamæli. Tímaritið *New Scientist* í Lundúnum birti frétt af rannsókninni og sýndi eigin útgáfu af íslenska myndbandinu sem vísindamennirnir unnu. Fréttin í *New Scientist* af rannsókninni var ein sú mest lesna í vikunni sem hún birtist.

„Þessi nýja þekking gerir mönnum enn betur kleift en áður að fást við framleiðslu flugvélahreyfla. Menn munu einbeita sér enn meira að loftkælingunni og þessum eiginleika öskuglersins að hafa tilhneigingu til að losna

frá leiðiskóflunum við að kólna niður í um 600 stig,“ segir Þorsteinn, sem jafnframt er forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þorsteinn segir að kælingin hjálpi við að hreinsa hreyflana án annarra aðgerða ef hægt verður að drepa á þeim eftir að þeir verða fyrir öskumengun.

Markmiðið að tryggja öryggi

„Eyjafjallajökull er ekki svo einstakur,“ segir Þorsteinn, „frá síðustu öld eru til skráð 135 atviki þar sem aska frá eldgosum truflaði flug. Hinn einstaki eiginleiki öskunnar í tilraun okkar gæti skýrt ástæðu þess að hreyflarnir fóru aftur í gang í hinu fræga flugi British Airways árið 1982 við Jakarta. Þar drap flugvélin á sér eftir að hafa flogið í öskuský frá eldgosi. Hún tók dýfu í átt til jarðar og hreyflarnir kólnuðu og fóru þá aftur í gang. Askann hreinsaði sig sjálf úr þeim.“

Þorsteinn segir að tilraunir hópsins hafi farið þannig fram að ösku hafi verið safnað af Eyjafjallasvæðinu og hún sigtuð í stærðir undir 57 mikrómetrum. „Svo var henni ýmist blásið eða komið fyrir á svokölluðum leiðiskóflum flugvélahreyfils sem höfðu verið hitaðar í um 1150 stig á celsíus. Það er nálægt því hitastigi sem þessar loftkældu skóflur vinna við. Fylgst var með þróun glerskánar með vídeótækni en samhliða voru teknar rafeindasmásjúrmyndir og unnið með sérhæfðri tækni þar sem fasabreytingar voru staðfestar,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn segir að áframhaldandi rannsóknir



beinist að því að greina enn betur allar helstu tegundir íslenskrar gjósku í samráði við jarðvísindamenn. „Þá munu menn afla frekari upplýsinga um áhrif eldgosa á flugsamgöngur,“ segir Þorsteinn. „En það sem er ef til vill áhugaverðast af öllu,“ bætir hann við, „er að við erum að beina athyglinni að sandskjýjum yfir eyðimerkurflugvöllum sem verða oft til t.d. á Arabíuskaga og við Sahara. Þar tefst oft flug vegna sanddryks í lofti. Við erum að bera þetta saman við öskuna og sjá samhengið í öllu. Markmiðið er að finna lausn sem gerir okkur kleift að ferðast áfram örugg um háloftin þótt flogið sé í gegnum eldfjallaösku eða sandbyl.“



Hvað stendur upp úr í Háskóla Íslands?



Oddur Ástráðsson
BA-nemi í lögfræði

Það er svo gaman í skólanum. Námsfernið er krefjandi en jafnframt skemmtilegt. Svo eru kennararnir góðir og samnemendur frábærir. Það eru í raun mikil forréttindi fólgin í því að eiga þess kost að stunda nám við Háskóla Íslands.

Benedikt G. Ófeigsson, doktorsnemi við Jarðvísindastofnun ELDFJALLAMATUR

„Við þurfum að átta okkur betur á undirlagi eldfjalla til þess að skilja hvernig eldfjöll haga sér og til þess að geta spáð betur fyrir um hvar og hvenær eldgos verða,“ segir Benedikt G. Ófeigsson, doktorsnemi í jarðeðlisfræði við Jarðvísindastofnun háskólans.

Kvika safnast í kvikuhólf undir eldfjöllum sem á Íslandi eru oft á 3-5 km dýpi. Á þessu dýpi er jarðskorpan fjaðrandi. Það er þó alltaf að koma betur í ljós að mjög víða safnast kvika einnig fyrir á meira en tíu kílómetra dýpi. Á svona miklu dýpi skipta seigfjaðrandi eiginleikar jarðskorpunnar miklu máli. Benedikt skoðar yfirborðsbreytingar vegna kvikusöfnunar á yfir tíu km dýpi í nágrenni Heklu og við Upptýppinga með aðstoð gervitunglamynda (InSAR) og GPS-mælinga. Hægt er að segja til um yfirborðsbreytingar með innan við eins sentimetra nákvæmni.

Til þessa hafa rannsóknir jarðvísindamanna einkum beinst að kviku á minna dýpi. „Þessari



grunnrannsókn er ætlað að auka skilning okkar á eðli og eiginleikum jarðskorpunnar og að lokum kemur hún væntanlega til með að nýtast í gerð betri líkana af kvikusöfnun á miklu dýpi,“ segir Benedikt.

Athygli vekur að landrísnið umhverfis Heklu spannar svæði í 20 kílómetra rás frá fjallinu en rísnið nær hámarki í sex km fjarlægð frá toppi Heklu. „Mest rís landið fimm millimetra í sex kílómetra rás frá fjallinu. Næst fjallinu sígur hins vegar jarðskorpan. Við teljum að það sé vegna þyngsla af nýjum hraunum sem fergja landið næst gosupptökunum.“

Aðspurður segir Benedikt ólíklegt að gos hefjist langt frá fjallinu enda er það spennusvið jarðskorpunnar sem hefur mest áhrif á hvar kvikan kemur upp. „Kvika er langlíklegust til að koma upp þar sem jarðskorpan er veikust fyrir, s.s. í toppi Heklu þar sem gliðnun jarðskorpunnar er mest. Landrís umhverfis Heklu bendir til að fjallið láti á sér kræla fyrr en síðar.“

Leiðbeinandi: Freysteinn Sigmundsson, sérfræðingur á Jarðvísindastofnun háskólans.



Sigrún Ingvarsdóttir
nemi í ljósmóðurfræði

Námsframboð er fjölbreytt í Háskóla Íslands. Kennararnir eru góðir og ekki má gleyma góðum félagsskap í bekknum.



Sæmundur Eliasson
MS-nemi í vélaverkfræði

Aðgengi fyrir alla að góðri menntun skipar stóran sess í að skilgreina velferðarsamfélag okkar. Háskóli Íslands þarf að endurspegla góð gildi og siðfræði sem við viljum sjá í íslensku samfélagi hverju sinni.



1961

Háskólabíó er vígt 6. október á hálftrar aldar afmæli Háskóla Íslands.



HEILBRIGÐIR NEMADAGAR Á HÁSKÓLATORGI

Nemadagur Heilbrigðisvísindasviðs, undir yfirskriftinni „Hvernig er heilsan,“ var haldinn á Háskólatorgi í vetur. Þar gafst ungum sem öldnum, máluðum sem ómáluðum, tækifæri á að kynna sér spennandi starf stúdenta í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. Þarna voru rannsóknir í sviðsljósinu og auðvitað framúrskarandi andlitsmálun með vísindalegri nákvæmni. Nemadagurinn var haldinn í tengslum við aldarafmæli Háskóla Íslands.

Þessi bangsi fékk sprautu frá lækni í Bangsaspítalanum, líklegast bólusetur fyrir bangsainflúensu.



Matvæla- og næringarfræðinemar buðu upp á mælingar á fituhlutfalli fyrir gesti og gangandi eins og þessi ungi herramaður nýtti sér.

Það vantaði ekki táp, fjör og fríska stúdenta á Nemadegi Heilbrigðisvísindasviðs.



Matvæla- og næringarfræðistúdentar voru á staðnum og lögðu línuna fyrir línurnar hjá gestum.





Byrlulæknirinn **Hannes Petersen**, dósent við Læknadeild Af hverju verður hvalurinn ekki sjóveikur?

Pað er svartalogn í Hvalfirði og fyrir andartaki féll skúr á afskorinn hvalskjaf. Við erum í hvalstöðinni undir fjallinu byrli og fyrir stundu var lokið við að skera langreið á planinu. Þótt hvalveiðar Íslendinga séu umdeildar er skurðarplanið líka vettvangur rannsókna. Yfir haus hvalsins stendur Hannes Petersen, dósent við HÍ, byrlulæknir, yfirlæknir á háls-, nef- og eyrnadeild Landspítalans og forstöðumaður líffærafræði við Læknadeild HÍ. Hann er með hamar og meitil og lemur títt og ótt.

„Ég er að kanna hvernig stendur á því að hvalurinn, sem er spendýr eins og við, getur synt um í ólgusjó og komist hjá því að verða sjóveikur,“ segir Hannes. „Fyrir milljónum ára skellti hann sér til sunds og kom ekki aftur á land. Mig fýsir að vita hvernig hann hefur aðlagast þessum nýju heimkynnum, sérstaklega með tilliti til innra eyrans. Niðurstöðurnar geta nýst við rannsóknir á hreyfivæiki manna og hjálpað til við að finna lausnir,“ segir Hannes.

Miðeyra hvalsins fullt af vatni

Rannsóknir Hannesar hafa beinst að hlutverki innra eyra mannsins í stöðustjórnun og líka að hlutverki annarra skynþátta í stjórnun uppréttrar stöðu okkar. Þetta skiptir líklega meira máli fyrir Íslendinga en margar aðrar þjóðir því að við reidum okkur að verulegu leyti á fiskveiðar. Á sjónum getur oft verið erfitt að ná jafnvægi og standa uppréttur enda gefur á bátinn á Íslandsmiðum.

„Sjáðu, miðeyra hvalsins er fullt af vatni, öflugt við okkur,“ segir Hannes og dregur vökva út með sprautu. „Þetta kemur í veg fyrir að hljóðhimnan springi þegar hvalurinn kafar. Við viljum hafa loft í miðeyrum okkar, en skilgreinum vökvaflýtt miðeyra sem vandamál í börnum sem þjást af eyrnabólgu. Það þarf stundum að leysa með því að setja rör í gegnum hljóðhimnu barnsins sem hleypir

Yfir haus hvalsins stendur Hannes Petersen, dósent við HÍ.



vökvanum út og þrýstingnum af miðeyranu. Hjá hvalnum er það lífsspursmál að hafa vökvan. Ekki hjá okkur.”

Hannes segir að rannsóknir sínar á sjóveiki hafi leitt í ljós að sjómenn verða sjóveikir þó svo að þeir kasti ekki upp. Einnig hefur verið sýnt fram á að sjómönnum sé hættara en öðrum við að slasast, ekki bara úti á sjó, heldur líka í landi. „Það að sjóast hefur stundum verið skilgreint sem hraustleikamerki, en aðstæður á sjó eru óeðlilegar og við það að sjóast virðist maðurinn missa ákveðna eiginleika sem snúast um að meta hraða og hreyfingu hluta í nærumhverfi sínu. Þetta veldur slysum þegar í land er komið, en sjóveiki með skertri starfsemi stöðustjórnunar skýrir að einhverju leyti slysin úti á sjó.“

Hannes lítur andartak upp frá iðju sinni og segir: „Ef rannsóknir okkar á hvalnum geta leitt til þess að draga megi úr slyshættu þá er það mikilvægur áfangi í að auka öryggi sjómanna sem vinna að því að bæta lífsskjör allra Íslendinga.“



Starf styrktarsjóða öflugt í HÍ

Nemendum Háskóla Íslands standa til boða ýmsir styrkir úr fjölmörgum sjóðum sem starfræktir eru við háskólann. Vísindamönnum og öðru starfsfólki skólans eru einnig veittir styrkir úr sjóðunum til rannsókna. Annars vegar er um að ræða styrki til rannsókna úr rannsóknasjóðum HÍ, sem veita doktorsnemum og fræðimönnum við skólann styrki til vísindarannsókna. Hins vegar er um að ræða styrki úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands.

Til styrktarsjóða Háskóla Íslands heyra rúmlega sextíu sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum. Tilgangur þeirra er að styrkja nemendur, kennara og vísindamenn til rannsóknaverkefna og náms. Markmið sjóðanna eru mismunandi en úthlutanir þurfa að vera í samræmi við það sem fram kemur í skipulagsskrám þeirra.

Rúmlega fjórutíu styrkir og viðurkenningar hafa verið veittar úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á síðustu tólf mánuðum og nemur heildarupphæð styrkúthlutunar ríflega 22 milljónum króna. Að sögn Helgu Brár Árnadóttur, verkefnisstjóra Styrktarsjóða HÍ, hefur úthlutunum fjölgað síðastliðin ár þrátt fyrir að margir sjóðir hafi farið illa út úr efnahagshruninu 2008.

„Að öllu jöfnu eru styrkir sem heyra undir Styrktarsjóði HÍ auglýstir til umsóknar en þó kemur fyrir að styrkir séu afhentir sem viðurkenning fyrir útnefnda styrkhafa,“ segir Helga Brá. Stjórnir styrktarsjóðanna fara með málefni hvers sjóðs fyrir sig en úthlutanir miðast við ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert samkvæmt niðurstöðu ársreikninga. „Þetta verður til þess að ekki er úthlutað reglulega en reynt er að úthluta árlega úr þeim sjóðum sem hafa laust fé til ráðstöfunar,“ segir Helga Brá.

Samkvæmt Sverri Guðmundssyni, verkefnisstjóra við vísindasvið HÍ, eru styrkir til doktorsnema ætlaðir þeim til framfærslu í allt að þrjú ár. Hann segir að einnig sé hægt að sækja um styrki til vísindarannsókna og ráðstefnuferða. Upplýsingar um sjóði Háskóla Íslands er að finna á sjodir.hi.is.



Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórnmálafræðideild

NÝIR TÍMAR Í STJÓRNSÝSLU

„Stjórnmálamenn eru líklegri til vinsælda hafi þeir íbúalýðræði að leiðarljósi,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem vinnur að úrvinnslu umfangsmikillar rannsóknar um íbúalýðræði sem hófst 2008. Skoðanakönnun var gerð meðal 300 íbúa í öllum 22 stærstu sveitarfélögum landsins, auk jafnstórs úrtaks frá íbúum sveitarfélaga með minna en 2000 íbúa, samtals 6900 manns.

Rannsóknin, sem enn er í gangi, snýst um íbúalýðræði, s.s. virka þátttöku almennings á sveitarstjórnarstigi og áhrif slíkrar þátttöku á stjórnmál í nærumhverfi íbúa. „Frumniðurstöður benda til þess að þátttaka almennings í

sveitarstjórnarmálum hafi aukist á undanföllum árum. Skipulagsmál eru íbúum ofarlega í huga og voru í mörgum tilfellum ásteytingarsteinn í þeirri hröðu uppbyggingu sem varð á árunum fyrir hrun. Sveitarstjórnarmenn almennt eru smeykir við skipulagsmál vegna þess að í þeim málaflokki eru þeir viðkvæmir fyrir átökum og sneiða þar af leiðandi framhjá þeim málaflokki þegar þeir geta,“ segir Gunnar Helgi.

Átök í skipulagsmálum verða væntanlega minni á næstu misserum í ljósi minni umsvifa hér á landi eftir hrun. Gunnar segir niðurstöður rannsóknarinnar alls ekki bundnar við skipulagsmál heldur komi þær til með að nýtast hvarvetna þar sem

sveitarstjórnir þurfa að hafa viðtækt samráð við íbúa. Niðurstöðurnar sýna fram á nauðsyn nýrrar hugsunar í samvinnu milli sveitarstjórna og íbúa. „Samráð við íbúa skilar betri árangri en að stilla breytingum upp fyrir framan íbúa sem orðnum hlut,“ segir hann.

Meðal þeirra sem styrktu rannsóknina voru RANNÍS og Samband íslenskra sveitarfélaga. Aðkomu þeirra síðastnefndu segir Gunnar skipta miklu máli. „Fræðimenn vilja að sjálfsgöðu að rannsóknir þeirra hafi jákvæð áhrif á samfélagið og þar er ég engin undantekning. Ég heyri ekki betur en að sveitarstjórnir ætli að nýta niðurstöðurnar til þess að leita friðar um átakaverkefni,“ segir Gunnar Helgi.

Ingólfur V. Gíslason, dósent við Félags- og mannvísindadeild

Atvinnulausir karlar og heimilisstörfin

„Atvinnuleysi virðist hafa verri áhrif á sjálfssálit karla en kvenna, líklega vegna sterkar tengingar karla við vinnumarkaðinn,“ segir Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði. Ingólfur vinnur að rannsókn við Félags- og mannvísindadeild á áhrifum atvinnuleysis á íslenska karlmenn. Stefnt er að því að ræða við þör þar sem karlinn hefur verið atvinnulaus í að minnsta kosti þrjá mánuði en konan er í fullri vinnu. Tilgangurinn er fyrst og fremst að reyna að komast að því hvaða afleiðingar þessi staða hefur fyrir samskipti parsins, sjálfsmat hvors um sig og skiptingu heimilisstarfa.

„Evrópskar rannsóknir sýna að karlmenn draga úr þátttöku sinni í heimilisstörfum verði þeir atvinnulausir til lengri tíma,“ segir Ingólfur.

„Nýlegar rannsóknir frá Svíþjóð benda hins vegar til þess gagnstæða, þ.e. að þeir auki þátttöku sína í heimilisstörfunum eða taki þau jafnvel alveg að sér. Mig langar til að kanna hvort það sama eigi við um íslenska karlmenn.“

Á Íslandi er nú óvanalega mikið atvinnuleysi og meira meðal karla en kvenna. Ingólfur telur því mikilvægt að kanna áhrif atvinnuleysis á íslenska karlmenn.

„Kynjasamskipti, karlar og karlmennska eru með hugleikin,“ segir Ingólfur. Hann segir sjálfsmýnd karla gjarnan bundna við atvinnu og félagsleg tengsl þeirra oft vera vinnutengd. Þegar þeir svo missa vinnuna þá grefur það bæði undan sjálfsmýndinni og þeir eiga á hættu að einangrast.



Félagslegt net kvenna er aftur á móti oft meira utan vinnustaðar en karlanna. „Ég tel þó líklegt að íslenskir karlmenn séu frábrugðnir karlönnum frá Mið-Evrópu hvað varðar þátttöku í heimilisstörfum. Samfélagslegt mynstur okkar er þannig.“



María Björk Gunnarsdóttir, MA-nemi við Stjórn málafræðideild

ÍSLENDINGAR OG HVALVEIÐAR

Hvalveiðar og viðhorf til þeirra hafa verið talsvert í umræðunni upp á síðkastið. María Björk Gunnarsdóttir hefur rannsakað viðhorf Íslendinga til hvalveiða, en hún lauk námi í alþjóðasamskiptum við Stjórn málafræðideild síðasta vor og starfar nú hjá Hvalaskoðun Reykjavíkur.

María Björk segir að þótt hvalveiðar fái að öllu jöfnu takmarkaða athygli í þjóðfélagsumræðum hafi þær skotið upp kollinum nokkuð reglulega á undanförunum árum. „Íslensk stjórnvöld hafa barist fyrir rétti Íslendinga til hvalveiða og réttlæta hvalveiðistefnuna út frá fullveldisrétti þjóðarinnar til sjálfbærra veiða. Ýmislegt bendir þó til þess að breyting geti orðið í þeim efnum þar sem hvalveiðar teljast til mikilvægra þröskulda í

„ÍSLENSK STJÓRNVÖLD HAFU BARIST FYRIR RÉTTI ÍSLENDINGA TIL HVALVEIÐA OG RÉTTLÆTA HVALVEIÐISTEFNUNA ÚT FRÁ FULLVELDISRÉTTI ÞJÓÐARINNAR TIL SJÁLFBÆRRA VEIÐA“

aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið.“

Að sögn Maríu Bjarkar gegna hvalveiðar stóru hlutverki í utanríkisstefnu stjórnvalda og því vekir það athygli hve lítið er vitað um afstöðu landsmanna til veiðanna. „Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvaða augum íslenskur almenningur lítur hvalveiðar,

hvort almenningur taki undir með stjórnvöldum og telji hvalveiðar nátengdar fullveldi landsins og að sjá í raun hversu meðvitaður almenningur er um hvalveiðideilurnar.“

Þátttakendur rannsóknarinnar áttu það sameiginlegt að vera allir nemandur við Háskóla Íslands. María Björk segir að allt bendi til þess að á heildina litið hafi þátttakendur lítinn áhuga á málefnum tengdum hvalveiðum.

„Viðhorfum þeirra er einna best lýst sem jákvæðum en veikum. Viðhorfin virðast byggja á takmarkaðri þekkingarfræðilegri fyrirhöfn og í raun gagnrýnislausri endurómum á orðræðu stjórnvalda. Athyglisvert er hve jákvæð viðhorf Íslendinga hafa mælst til hvalveiða í skoðanakönnunum allt frá 1985, sérstaklega ef hugað er að viðhorfum til hvalveiða á alþjóðavettvangi. Vegna þessa valdi ég að skoða mótun viðhorfanna vegna þess að viðhorf almennings til hvalveiða höfðu ekki

verið skoðuð áður með þeim hætti.“

María Björk telur að viðhorfsbreyting komi vel til greina í framtíðinni en það velti á þróun orðræðu stjórnvalda. „Ég sé fyrir mér að Íslendingar sem styðja Evrópusambandsaðild séu líklegir til að láta af stuðningi sínum við hvalveiðar. Á hinn bóginn tel ég þá sem

eru andvígir Evrópusambandsaðild líklega til að réttlæta þá skoðun sína með vísan í hvalveiðideilurnar, og þar af leiðandi auka stuðning sinn við hvalveiðar.“

María Björk nefnir sérstaklega að rannsóknin hafi gengið vel í alla staði. „Það sem kom kannski helst á óvart var hversu tilbúin þátttakendur voru að styðja hvalveiðar án þess að hafa velt þeim mikið fyrir sér.“

Leiðbeinandi: Hulda Þórisdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild.



Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) stofnuð í desember þetta ár til þess að sjá um rekstur IBM 1620 tölvu háskólans með 40.000 (40 KB) stafa minni og ritvél sem inntaks- / úttakstæki. Framkvæmdabankinn gaf Háskóla Íslands tölvuna. Þegar búa þurfti til íslenskt orð yfir enska heitið „computer“ varð orðið tölva fyrir valinu. Orð þótti vanta yfir gripinn og er Sigurði Nordal prófessor eignað orðið tölva sem hann setti fram 1965. Áður höfðu menn notast við orðið rafeindareiknir. Tölva er myndað eftir orðum eins og slöngva og vólva.

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir,
doktorsnemi við Guðfræði-
og trúarbragðafræðideild

TRÚ OG LÍKN

„Það þarf að vinna með sársaukann á heildrænan hátt, andlegi þátturinn er ekki síður mikilvægur en sá líkamlegi,“ segir Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkráhusprestur við líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Í doktorsverkefni sínu við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild rannsakar Guðlaug Helga trú og trúarviðhorf einstaklinga sem þiggja líknarmeðferð.

„Vísbendingar sýna að andleg og trúarleg vídd skipti miklu máli á þessum tíma í lífi fólks,“ segir Guðlaug Helga. „Þegar fólk stendur frammi fyrir dauðanum vakna margar spurningar um tilveruna og tilgang lífsins. Tilfinningar eins og reiði, vanmáttur og ótti við dánarferlið og sársaukann sækja á,“ segir hún.

Það getur verið vandkvæðum bundið að gera rannsóknir innan þessa sviðs þar sem rannsóknin lýtur að fólki með ólæknandi sjúkdóma. Aðstæður geta breyst mjög hratt hjá fólki og orðið þess valdandi að það helst úr lestinni. „Þátttakendur í rannsókninni eiga þó sammerkt að óska þess að niðurstöðurnar geti nýst öðrum. Þeir vilja leggja



sitt af mörkum til þess að það komi inn aukin þekking á þessu sviði og skili betri þjónustu við þann hóp sem þarf að þiggja líknarmeðferð,“ segir Guðlaug Helga. Hún segist vona að rannsóknin höfði til fleiri sjúklinga, með tilliti til hvernig andlegum, trúarlegum og tilvistarlegum þörfum þeirra er sinnt innan heilbrigðisþjónustunnar og hvernig fólk er mætt á því sviði.

Guðlaug Helga segir það krefjandi að starfa með dauðvona einstaklingum. „Auðvitað reynir

það á, það er verið að takast á við svo margt á þessum tíma í lífinu. Fólk er oft í andlegri og trúarlegri baráttu og veltir fyrir sér þessum tilvistarlegu spurningum sem verða svo knýjandi þegar áföll koma upp í lífinu. En það sem reynir á og er krefjandi gefur margfalt til baka. Það eru mikil forréttindi að fá að vera samferða fólki á þessu tímabili í lífi þess.“

Leiðbeinandi: Einar Sigurbjörnsson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Sjötíu þúsund Íslandsvinir og fjölgar ört

Á þeim sex árum sem vefurinn Icelandic Online hefur verið starfræktur hafa um 70.000 notendur skráð sig í námskeið til að læra íslensku. „Auðvitað eru þessir notendur ekki allir virkir en fjölgunin hefur verið ótrúleg frá því að við opnuðum ný námskeið í haust. Hvorki fleiri né færri en 10.000 manns hafa bæst í hópinn frá þeim tíma. Um 600 manns stunda námið á degi hverjum og eftirspurnin hefur komið skemmtilega á óvart,“ segir Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum og verkefnisstjóri Icelandic Online.

Að sögn Birnu eru þessi námskeið bæði ætluð háskólanemum og öðrum sem áhuga hafa á að læra íslensku hér á landi og erlendis. Frá fyrsta degi hafa námskeiðin verið opin öllum án endurgjalds. „Hægt er að nýta námið sem fornám að

sumarnámskeiðum og einnig að BA-námi í íslensku sem öðru máli. Þau eru notuð sem stoðnámskeið eða í sjálfstýrðu einingabæru námi og þau eru notuð í fjarnámi á vegum Tungumálamiðstöðvar háskólans. Enn fremur hafa þau í vaxandi mæli verið nýtt af innflytjendum í sjálfstýrðu námi og á vegum símenntunarstöðva,“ segir Birna.

Þessi námskeið hafa vakið eftirtekt út fyrir landsteinana en kennarar á Hugvísindasviði hafa verið brautryðjendur á Norðurlöndunum í kennslu á Netinu. Evrópusambandið, RANNÍS, Norræna tungumálaáætlunin, Nordplus sprog, Háskóli Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum styrktu gerð nýju námskeiðanna þriggja sem unnin voru í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.





Vísindi og vísundar

Þau eru mörg skrytin og skemmtileg nöfn nemendafélaganna innan Háskóla Íslands. Þegar litið er yfir lista þeirra má sjá nöfn á borð við Fiskurinn, Þjóðbrók og Naglarnir. Allt eru þetta góð og gild nöfn sem eiga það sameiginlegt að tengjast námi þeirra sem eru í félagunum. Eitt nemendafélag sker sig úr hópnum þegar kemur að leitinni að tengingu við námið. Þetta er félag enskunema sem heitir því furðulega nafni BOG.

Elmar Freyr Kristþórssón, formaður BOG, hlær þegar hann er spurður um tilurð þessarar nafngiftar. „Þetta er búið að fylgja félaginu mjög lengi en nafnið varð til út frá aulabrandara, sem eru margir innan deildarinnar. Þetta er íslenska þýðingin á fen, sem er skammstöfunin fyrir Félag enskunema. Og fen á ensku er bog.“

Hann segir deildina oft leika sér að orðum og snúa þeim á hvolf. Til að mynda séu vísindaferðirnar kallaðar „buffalo trips.“ „Orðið vísindi svipar mjög til orðsins vísundur og vísundur á ensku er buffalo.“

Áhugi á erlendum tungumálum innan háskólans hefur aukist verulega. Nemendur í ensku eru á fjórða hundrað og er hún orðin vinsælasta greinin á Hugvísindasviði HÍ. Þrátt fyrir það segir Elmar nemendafélagið vera með þeim minni innan háskólans. „Sextíu til sjötíu manns eru nú skráðir í félagið en við höfum verið í kringum níutíu þegar best hefur látið. Þrátt fyrir það erum við stærsta litla nemendafélagið í háskólanum.“

Elmar segist hafa fundið fyrir gríðarlegum áhuga meðal fólks undanfarið á að taka þátt í félagsstarfinu en nýlega fóru þau í vísindaferð... eða „buffalo trip“ í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.



1968

Félagsstofnun stúdenta var stofnuð og tók við rekstri Gamla-Garðs, Nýja-Garðs, Kaffistofu stúdenta í Aðalbyggingu, Bóksölu stúdenta, barnaheimilisins Efri-Hlíðar og Ferðapjónustu stúdenta. Háskólaráð og Stúdentaráð settu Félagsstofnun stúdenta á stofn. Bygging og leiga á stúdentagörðum hefur ætíð síðan verið eitt veigamesta verkefni Félagsstofnunar.

Pröstur Helgason,
doktorsnemi við Íslensku- og menningardeild

Birtingur lék lykilhlutverk

„Ég held að rannsóknin komi til með að varpa nýju ljósi á það hvernig modernismi þróaðist hér á landi á þessu tímabili, hvaðan hugmyndirnar komu og hvernig þeim var tekið,“ segir Pröstur Helgason stundakennari, annar tveggja ritstjóra Ritsins á Hugvísindasviði og doktorsnemi í bókmenntafræði. Áður ritstýrði Pröstur m.a. Lesbók Morgunblaðsins í níu ár.

Doktorsrannsóknin snýst um tímaritið Birting, sem var öflugasta „litla“ tímaritið á Íslandi á 6. og 7. áratug síðustu aldar, og áhrif þess á bókmennta- og listamenningu Íslendinga.

Einar Bragi, ljóðskáld og þýðandi, stofnaði Birting árið 1953. Hann stóð fyrir útgáfunni fyrstu tvö árin og fékk til liðs við sig nokkra útvalda höfundu og listamenn, m.a. Thor Vilhjálmsson og Hörð Ágústsson. Birtingur kom út til ársins 1968. „Tímaritið flutti alþjóðlegan modernisma inn í íslenskt bókmenntakerfi með birtingu efnis þar sem nýjar hugmyndir um bókmenntir, listir og menningu voru kynntar. Tímaritið lék algjört lykilhlutverk í því að kynna modernismann fyrir Íslendingum,“ segir Pröstur.

Á heimsvísu voru gefin út um þúsund modernísk tímarit sem öll höfðu það hlutverk að kynna nýja strauma í bókmenntum og listum. „Þau hafa stundum verið kölluð „litlu tímaritin“ vegna þess að þau voru yfirleitt ekki mjög útbreidd og höfðu úr litlu fé að móða. Áhrif þeirra voru hins vegar ekki lítil. Ezra Pound varpaði fram þeirri hugmynd í grein um litlu tímaritin árið 1930 að ritverk sem birtust í þeim hefðu meira gildi til lengri tíma litið en verk sem birtust á öðrum vettvangi. Litlu tímaritin væru nefnilega farvegur fyrir tilraunir sem meginstraumstímarit og bókaútgefendur sinntu lítið.“

„Erlendis komu flest þessara tímarita út á fyrstu þremur áratugum síðustu aldar og því var Pound að fjalla um hefð sem hann hafði átt þátt í að móta sjálfur. Birtingur er eilítið seinna á ferðinni en þessi erlendu tímarit en virkni hans í bókmenntakerfinu er ekki ósvipuð. Birtingur var skurðpunktur gamals og nýs, eins konar átakaöxull í íslensku menningarsögu,“ segir Pröstur. Hann hyggst ljúka doktorsverkefni sínu 2013.

Leiðbeinandi: Ástráður Eysteinnsson, prófessor og forseti Hugvísindasviðs.



Víðir Þór Prastarson, nemi í íþróttá- og heilsufræðum á Laugarvatni

Hægt að fara á náttbuxum í tíma

„Laugarvatn er fallegur staður. Fjöllin umlykja okkur hér, skógurinn er steinsnar frá og auðvitað gerir vatnið sjálft staðinn að náttúruperlu. Lífið á Laugarvatni er afar ljúft,” segir Víðir Þór Prastarson, nemi í íþróttáfræðum við Menntavísindasvið HÍ. Hann er á heimavist á Laugarvatni og líkar vel og segir að einstakur andi ríki meðal nemenda. „Hér búa allir í sátt og samlyndi. Helsti kosturinn er þó líklega sá að skólinn er í sama húsi og heimavistin og því er hægt að fara á náttbuxum í tíma.”

Víðir Þór er sáttur við þjónustuna á Laugarvatni en hann segist ekki hafa varanlega búsetu í huga á staðnum. Hann segir að verslunin í þorpinu hafi fjölbreytt vöruúrval „og þá er maður fær í flestan sjó,” segir hann og hlær. „Hér er líka bifreiðaverkstæði, pósthús og banki,” segir Víðir

Þór og á í basli með að finna eitthvað sem gæti bætt staðinn. „Það mætti jú vera apótek hérna,” bætir hann við.

Víðir Þór segir að námið sé afar metnaðarfullt, fjölbreytt og skemmtilegt. Hann segir það mikinn misskilning að lífið á Laugarvatni snúist um djamm. „Námið er verulega krefjandi og það undirbýr verðandi íþróttá- og heilsufræðinga undir margvísleg störf sem lúta að íþróttá- og æskulýðsmálum, íþróttum aldraðra, almennri íþróttáþjálfun og einkaþjálfun,” segir hann.

„Hér eru margir sterkir kandiðatar sem sinna náminu vel. Þeir koma afar sterkir út á vinnumarkaðinn sem kennarar og uppeldisaðilar og sinna margvíslegum störfum á vegum íþróttahreyfingarinnar.”



Arna Lind Arnórsdóttir, nemi í íþróttá- og heilsufræðum á Laugarvatni

Lífið á Laugarvatni er æðislegt

„Lífið á Laugarvatni er æðislegt,” segir Arna Lind Arnórsdóttir, sem er nemi á þriðja ári í íþróttáfræði. Hún horfir út á vatnið sem þriðja þennan fallega skólastað þar sem reykir stíga til himins úr heitri laug við vatnsbakkann. Á Laugarvatni hefur myndast lítið þorp í tengslum við Menntaskólann og þá blómlegu starfsemi sem Háskóli Íslands stendur nú fyrir í íþróttá- og heilsufræði.

Arna Lind býr á stúdentagörðum á Laugarvatni og er með barn á leikskólanum: „Hér er yndislegt að vera með börn, leikskólinn er alveg frábær og starfsmenn þar eru mjög færir á sínu sviði,” segir Arna Lind.

Hún segir þjónustuna á svæðinu í heildina

afar góða og uppfylla allar grundvallarkröfur þótt samfélagið sé lítið. „Hér er nánast allt til alls eða í næsta nágrenni. Það er stutt í lækniþjónustu á Laugarási, verslun er hér á staðnum og meira að segja hraðbanki. Svo er líka góð aðstaða til afþreyingar, t.d. í íþróttahúsinu og sundlaugin er fín,” segir Arna Lind.

Hún segir að námið sé afar skemmtilegt, fjölbreytt og krefjandi, bæði bóklegi og verklegi hlutinn.

„Hér á Laugarvatni er gott að vera í námi og allir eru af vilja gerðir að aðstoða mann. Kennarar og starfslið skólans er æðislegt og kemur vel til móts við mann.”



FRIÐLANDIÐ

– náttúruperla í miðri borg

Friðlandið í Vatnsmýrinni er einstakt svæði þar sem njóta má villtrar náttúru og fuglalífs í miðri höfuðborginni. Þar er gríðastaður fugla, vatnalífvera og gróðurs; votlendi sem á að geta verið sjálfbært um hreinleika og endurnýjun. Rannsóknir á lífríki Vatnsmýrarinnar hafa sýnt að því fer hnignandi, en að jafnframt megi með tiltölulega einföldum aðgerðum bæta ástandið og stuðla þannig að endurbótum þessarar náttúruperlu í miðri borg.

Árið 2011 taka Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg höndum saman um endurbætur á friðlandinu og markar aldarafmæli HÍ upphaf verkefnisins sem ætlað er að taki nokkur

ár. Markmiðið er að endurheimta votlendið, auka áhuga á náttúru Vatnsmýrarinnar og efla vitund um verndun náttúrusvæða. Megináhersla er lögð á að nýta friðlandið sem lifandi vettvang fyrir rannsóknir í náttúruvísindum og til fræðslu fyrir börn og almenning.

Sérfræðingar á sviði vatnalíffræði, umhverfis- og skipulagsfræða, grasfræði og fuglafræði hafa komið að undirbúningi og ráðgjöf um framkvæmd verkefnisins. Tillögur um aðgerðir til endurbóta á svæðinu fela meðal annars í sér að tryggja Tjarnarfuglum öruggt varpland, uppræta ágengar plöntur og endurnýja og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu.

Doktorsnámið eflist gríðarlega

– Háskólinn hlýtur alþjóðlega viðurkenningu

Doktorsnám við Háskóla Íslands hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár. Skráðir nemendur í doktorsnámi eru nú rúmlega 500, sem er mörg hundruð prósentu aukning á einum áratug. Flestir eru þeir á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Erlendir doktorsnemar eru nú um eitt hundruð, frá hvorki meira né minna en 36 löndum. Útskrifuðum doktorum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár; árið 2006 voru þeir 15 en voru 35 í fyrra, þar af 26 íslenskir og 9 erlendir. Á afmælisárinu 2011 er markmiðið að doktorsvarnir verði 65.

Deildir Háskólans bera faglega ábyrgð á doktorsnáminu en Miðstöð framhaldsnáms, sem sett var á fót 2009, hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði námsins. Markmiðið er að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stent alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Sá fjöldi erlendra nemenda sem stundar nú doktorsnám við háskólann ber vitni um góðan orðstír Háskóla Íslands.

Í júní í fyrra hlaut Háskóli Íslands aðild að bandarísku samtökunum Council of Graduate Schools (CGS). Meginmarkmið þeirra er að

vinna að framförum og eflingu framhaldsnáms og rannsókna í þágu nýrrar þekkingar. Með aðild háskólans að CGS opnast möguleikar á auknu samstarfi og ráðgjöf frá fjölmörgum ólíkum háskólum um uppbyggingu og þróun framhaldsnáms. Aðildin að CGS er mikil viðurkenning fyrir skólann og jafnframt þáttur í að efla Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands.





Björn Margeirsson, doktorsnemi við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

KÚASMALINN LANGFLJÓTASTUR

Hann hefur sjálfsagt hugsað um fisk á harðahlaupum sínum um Reykjavík þegar hann stakk aðra af og kom fyrstur í mark. Hann hafði nú samt meira vit á kúm en fiski í æsku, enda alinn upp í sveit í Skagafirði þar sem hann fékk að hlaupa af sér hornin. Eltingarleikurinn við kindurnar og kýrnar í æsku reyndist furðugöður undirbúningur fyrir Reykjavíkumaraþon en doktorsneminn Björn Margeirsson gerði sér lítið fyrir og sigraði í því, fyrstur Íslendinga í 26 ár. Þetta var þó bara í annað skiptið á ævinni sem hann hleypur

maraþon. Björn hljóp á 2 tímum, 33 mínútum og 57 sekúndum og varð þar með Íslandsmeistari karla í greininni.

En af hverju ætti Björn að hugsa um fisk á harðahlaupum? Hann hefur aldrei unnið í fiski! Jú, líklega af því að sjávardýrin koma svo mjög við sögu í doktorsnámi hans í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir hans þar lúta nefnilega m.a. að varmaflutningi í vinnslu og flutningi sjávarafurða. Doktorsrannsókn Björns miðar að því að auka verðmæti afurðanna og gæði þeirra.

„Ég er að reyna að bæta hitastýringuna í flutningsferlum og vinnsluferlum á ferskum fiski. Rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi hitastýringar, frá veiðum allt að diskni neytandans,“ segir Björn.

Björn fullyrðir að doktorsnám og langhlaup eigi ýmislegt sameiginlegt. „Það þarf nefnilega þrautseigju og þrjósku, bæði í langhlaupi og doktorsnámi.“

Aðalleiðbeinandi: Halldór Pálsson, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Nemar í HÍ verðlaunaðir á Ólympíuleikum í eðlisfræði

Tveir nemar í eðlisfræði við Háskóla Íslands voru í liði Íslendinga sem vann til verðlauna á Ólympíuleikum í eðlisfræði. Íslendingar unnu þrenn verðlaun á leikum en það er besti árangur íslenskra nemenda frá upphafi. Íslendingar hafa sent keppnislið á Ólympíuleikana í eðlisfræði í hartær þrjá áratugi.

Að þessu sinni fóru leikarnir fram í Zagreb í Króatíu en keppendur voru hátt á fjórða hundrað framhaldsskólanemar frá yfir 80 löndum víðs vegar um heiminn.

Þrír úr íslenska liðinu unnu til verðlauna. Sigtryggur Hauksson, nemi í Menntaskólanum við Hamrahlíð, náði bestum árangri og var í hópi þeirra sem hlutu bronsverðlaun en

þeir Guðmundur Kári Stefánsson og Brandur Þorgrímsson fengu heiðursviðurkenningar. Þeir eru báðir í námi í eðlisfræði við Háskóla Íslands. Þess má geta að Guðmundur Kári var í hópi nýnema við HÍ sem hlaut styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands.

Keppnisdagarnir voru tveir og var keppt bæði í fræðilegri eðlisfræði og tilraunum, fimm klukkustundir hvorn dag. Í óformlegri keppni Norðurlandabjóðanna varð íslenska liðið í öðru sæti á eftir Finnum, Norðmenn lentu í þriðja sæti, Danir í því fjórða og Svíar ráku lestina en þeir fengu ekki verðlaun.

Kínversku keppendurnir stóðu sig þó best í keppinni eins og oftast áður. Stigahæsti



keppandinn var Yichao Yu frá Kína og meðalárangur Kínverja var einnig bestur. Næstu Ólympíuleikar í eðlisfræði verða haldnir í Bangkok í Tælandi.

Giulia Troglio,
doktorsnemi við
Rafmagns- og
tölvuverkfræðideild

Kortleggur plánetur

Giulia Troglio er doktorsnemi í rafmagns- og tölvuverkfræði sem ljúka mun sameiginlegri doktorsgráðu frá HÍ og Háskólanum í Genúa á Ítalíu. „Rannsóknir mínar beinast að þróun sjálfvirkra aðferða við myndgreiningu. Niðurstöður þessara rannsókna er hægt að nýta á afar margvislegan hátt, allt frá því að þróa tækni sem hjálpar læknum við að greina sjúkdóma til þess að einfalda stjarnfræðilega myndgreiningu,“ segir Giulia.

Giulia hefur þegar vakið athygli hér á landi fyrir verkefni sem lúta að flókinni myndgreiningu á augnbotnum sem einfaldar að uppgötva alvarlega sjúkdóma fyrr en áður var mögulegt. Núna vinnur hún einnig að verkefnum í samstarfi við NASA sem beinast að því að gera rannsóknir á viðamiklum myndgögnum einfaldari en áður var hægt og gera þær sjálfvirkar.

„Með sjálfvirkinni er hægt að greina þætti miklu hraðar en áður, en stjörnufræðingar þurfa enn að fást við gríðarlegt magn mynda og verja ómældum

tíma í að telja gíga og önnur sérkenni á yfirborði plánetu. Vinna mín miðar að því að gera þessa tímafreku yfirlegu nærri óþarfa,“ segir Troglio.

Á fyrsta námsári sínu varði Giulia Troglio þremur mánuðum við Goddard Space Flight Center hjá NASA í Maryland-fylki í Bandaríkjunum. Þar vann hún við verkefni sem tengjast svokölluðum Lunar Reconnaissance Orbiter leiðangri á vegum NASA. Leiðangurinn, sem enn stendur yfir, hefur það að markmiði að kortleggja sérkenni og auðlindir tunglsins. Farið komst á sporbraut um tunglið í júní árið 2009 og hefur nú verið á annað ár í leiðangri sínum.

„Strax á þessu fyrsta ári leiðangursins safnaði farið meira af stafrænum upplýsingum en nokkur fyrri geimleiðangur í sögunni. Miklu og ólíku gagnamagni fylgja vandamál við greiningar. Myndskráning og sérhæfð myndgreining er þannig nauðsynlegur liður í að skilja þessi ólíku gögn og fá í þau samhengi,“ segir Troglio en vinna hennar miðast við að ná utan um gögnin með sjálfvirkni.

Í fyrstu heimsókn sinni til NASA beindi Giulia Troglio sjónum að sjálfvirkri greiningu mynda af plánetum. Hún vann sérstaklega að kerfi sem greinir sjálfvirk gíga og grjót á yfirborði Mars og tunglsins og þróaði sjálfvirkra aðferð sem setur saman ýmsar myndvinnsluaðferðir. Sú aðferð hefur nú verið þróuð áfram og er henni beitt við myndskráningu og myndgreiningar, meðal annars í Lunar Reconnaissance Orbiter verkefninu. Aðferðin var auk þess valin af NASA úr hópi allra útgefna verka fyrir bandaríska einkaleyfisumsókn.

„Þessi aðferð gæti nýst á ýmsan mikilvægan hátt í framtíðinni, m.a. við greiningu öruggra lendarastaða fyrir framtíðarleiðangra og athugun á gerð jarðvegs á plánetum,“ segir Troglio.

Leiðbeinendur: Jón Atli Benediktsson, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði og aðstoðarrektror vísinda og kennslu við HÍ, Sebastiano B. Serpico, prófessor í fjarskiptaverkfræði við Háskólann í Genúa, og Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands.



Valerie H. Maier, sérfræðingur við Líf- og umhverfisvísindadeild

Náttúruleg vörn gegn sjúkdómum

„Aukning bakteríudrepani peptíða í lífverum getur styrkt náttúrulegar varnir þeirra gegn sjúkdómum,“ segir Valerie H. Maier, sérfræðingur við Líf- og umhverfisvísindadeild. Valerie hlaut nýdoktorastyrk til rannsóknar úr Eggertssjóði í fyrra. Valerie og Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor í frumulíffræði við Háskóla Íslands, vinna nú ásamt doktorsnemanum Daníelu C. Broekman að því að rannsaka virkni peptíða í fiski gegn mismunandi bakteríum.

Peptíð eru stuttar prótínkeðjur og bakteríudrepani peptíð gegna lykhillutverki í ónæmiskerfi spendýra, einnig mannsins. Skortur á peptíðunum leiðir til næmis fyrir sýkingum, samsetning örveruflórunnar í görn riðlast og bólguviðbrögð magnast upp. Í mönnum má nefna bólgusjúkdóm í þörmum, Crohns-sjúkdóminn, sem rakinn er til truflunar á framleiðslu peptíðanna og leiðir þar með til veikari yfirborðsvarna.

„Við höfum nýlega fundið ákveðna gerð af bakteríudrepani peptíðum í laxi og þorski en samsetning þeirra er öðruvísi en samsetning peptíða í spendýrum,“ segir Valerie. „Markmið rannsóknarinnar er að skilgreina hlutverk peptíða í fiskum og hvernig framleiðslu þeirra er stjórnað. Niðurstöðurnar fela í sér að magn þessara peptíða eykst við sýkingu. Peptíðin eru til staðar mjög snemma á þroskaferlinu eða strax eftir klak úr hrognum. Þetta tvennt bendir til mikilvægis peptíðanna í ónæmiskerfi fiska.“ Rannsóknahópurinn hefur nýlega birt grein um þessar niðurstöður í vísindatímaritinu *Developmental & Comparative Immunology*.

Að sögn Valerie er eitt af langtímamarkmiðum rannsóknarinnar að leita að efnum sem geta aukið framleiðslu bakteríudrepani peptíða í fiskum í fiskeldi og þannig eftt ónæmiskerfi þeirra. „Sjúkdómur eins og kylaveikibróðir og rauðmunnaveiki hafa verið vandamál í fiskeldi hér á landi og hafa þannig haft mikil áhrif á þá starfsgrein.“

Hliðstæðar rannsóknir hafa verið gerðar í mönnum en þar hafa fundist efni sem auka magn peptíðanna. Þetta hefur reynst vörn gegn svokölluðum Shigella-bakteríusýkingum, sem geta valdið blóðkreppusótt. „Mikilvægast er að lífveran framleiði þá sjálf peptíð sem ráða niðurlögum baktería svo ekki þurfi að koma til lyfjagjafa, s.s. bakteríudrepani lyfja, sem á undanföllum árum hafa verið gagnrýndar af ýmsum ástæðum,“ segir Valerie að lokum.



1983

Endurmenntunarnefnd Háskóla Íslands starfar frá þessu ári til ársins 1991 en þá var Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands sett á stofn með lagabreytingu.

Smám saman þróaðist samvinna við opinberar stofnanir, félagasamtök og einkafyrirtæki. Jafnframt hefur fræðslustarfsemi á þeirra vegum leitt til þess að stofnuð hafa verið félög og samtök um sértæk fagmál. Námskeiðsgjald hefur staðið undir launum kennara, sem allir hafa verið verktakar, og öðrum rekstrarkostnaði.

UNNIÐ Á SJÚKDÓMUM MEÐ VOPNUM LÍFVÍSINDANNA

– nýtt og öflugt rannsóknasetur á fullri ferð í Læknagarði

Í Læknagarði, húsnæði Háskóla Íslands við Vatnsmýrarveg, fara fram fjölbreyttar rannsóknir á sviði lífvísinda sem ætlað er m.a. að finna orsakir ýmissa sjúkdóma. Á undanföllum árum hefur starfsemin í Læknagarði eflst enn frekar og nýlega sameinuðust rannsóknahóparnir í Læknagarði undir merkjum Lífvísindaseturs Læknagarðs (e. BioMedical Center, University of Iceland). Á sjötta tug vísindamanna starfa í Lífvísindasetrinu við rannsóknir á sviði erfða-, frumu- og sameindalíffræði. Unnið er að fjölbreyttum rannsóknaverkefnum þar sem vísindamennirnir kljást við verkefni sem spanna allt frá smæstu einingum frumunnar til rannsókna á samskiptum fruma og uppruna sjúkdóma.

„Það er kostur að vera ekki skjálfhentur við þessar rannsóknir,“ segir Eiríkur Steingrímsson og kímir en hann er prófessor í sameindalíffræði við Læknadeild HÍ. Eiríkur og Þórarinn Guðjónsson, dósent í vefjafræði við Háskóla Íslands, hafa átt frumkvæðið að stofnun setursins.

Eiríkur segir að við Lífvísindasetrið vinni margar rannsóknæiningar á sviði lífvísinda. Hingað til hafi starfsemi þeirra verið á ýmsum stöðum í borginni en hafi nú sameinast í Læknagarði. Þannig hafi nýlega bæst í hópinn stór rannsóknateymi frá Krabbameinsfélaginu og frá Landspítala – Háskólasjúkrahúsi. Auk þess hafa yngri vísindamenn haslað sér völl við Læknadeild Háskóla Íslands, sem taka þátt í rannsóknunum.

„Um er að ræða rannsóknateymi sem samanstanda af prófessorum, dósentum og lektorum við Háskóla Íslands,“ segir Eiríkur, „og til viðbótar höfum við sérhæfða vísindamenn, auk doktorsnema og nýdóktora. Þeir koma reyndar víða

að og hluti þeirra erlendis frá. Því má segja að hér fari fram fjölbjóðleg rannsóknastarfsemi.“

Eiríkur bætir við að í rannsóknæiningunum séu einnig meistaranemar úr ýmsum deildum háskólans.

„Rannsóknateymin stunda mjög fjölbreyttar og markvissar rannsóknir á ýmsum sviðum lífvísinda en áhersla er lögð á fjölbreytta og þverfræðilega nálgun til að leysa flókin verkefni. Allir eiga hóparnir sameiginlegt að notast við erfða-, sameinda- og frumulíffræði til að skilja starfsemi lífvera og eðli sjúkdóma,“ segir Eiríkur.

„Starfsemin á sviði erfða-, frumu- og sameindalíffræði í Læknagarði hefur aukist að miklum mun á undanföllum árum og því var tími til kominn að skipuleggja hana betur,“ segir Þórarinn.

Hvernig tala frumurnar saman?

Sameindalíffræðin er undirgrein líffræðinnar sem fæst við rannsóknir á lífverum á sameindastigi. Markmiðið er að átta sig á grundvallarstarfsemi frumanna niður í smæstu ferla, hvernig ákvörðunum fruma er stjórnáð, hvernig frumurnar tala saman, hvernig þær koma saman til að mynda tiltekin líffæri og hvernig sjúkdómar verða til þegar þessi starfsemi bilar.

„Hugmyndin er að skilja betur eðli frumunnar og sjúkdóma og sjá hvernig bregðast má við þeim með þróun lyfja eða með því að koma í veg fyrir sjúkdóma og hindra framgang þeirra,“ segir Eiríkur þar sem hann stendur innan um sérhæfðan og verðmætan tækjabúnað sem Lífvísindasetrið hefur til umráða. Mörg þessara tækja eru hvergi annars staðar til á landinu.

„Hluti rannsókna miðast við að finna hvernig gert er við skemmdir á erfðaefninu en skemmdirnar verða til við hefðbundna starfsemi frumanna.“

Nokkur rannsóknateymi Lífvísindasetursins beina sjónum að sameindalíffræði krabbameins og þartur vinnunnar hefur miðast við að þróa lyf í baráttunni við þennan vággest, m.a. til að lækna ákveðnar gerðir brjóstakrabbameins. Sú vinna hefur skilað verulegum árangri en Jórunn Eyfjörð og Helga Ögmundsdóttir, prófessorar við Læknadeild HÍ, fara fyrir þeim rannsóknum.

Frumur sem slá í tilraunaglas

Guðrún Valdimarsdóttir, sem er sérfræðingur í lífefna- og sameindalíffræði við Lífvísindasetrið, vinnur að rannsóknum á starfsemi og sérhæfingu stofnfruma úr fósturvísu. Guðrún vinnur að rannsóknum á þeim þáttum sem fá stofnfrumur til að sérhæfast í hjartavöðvafrumum. Hún hefur sett upp vinnulíkan þar sem henni tekst að útbúa hjartavöðvafrumur sem slá í tilraunaglas eins og þeim er ætlað að gera í heilbrigðum hjartavöðva í mannlíkama. Rannsóknahópur Þórarins og Magnúsar Karls Magnússonar, prófessors í lyfja- og eiturefnafræði, rannsakar m.a. tengsl stofnfruma við krabbamein. Markmiðið er að skilja eðli sjúkdóma og mögulega að nýta rannsóknirnar til að þróa ný meðferðarúræði.

Önnur teymi í Læknagarði vinna að rannsóknum í taugalíffræði, að stjórnun genatjáningar, að erfðalækningum, eins og áður kom fram, að lausnum í næringar- og matvælafræði og að verkefnum á ýmsum sviðum lífeðlisfræðinnar.

Eiríkur segir að starfsmenn setursins sinni einnig kennslu innan Heilbrigðisvísindasviðs háskólans og á öðrum sviðum innan HÍ, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Meginviðfangsefni Lífvísindasetursins er hins vegar rannsóknirnar.



TÍMAVÉLIN Í LÆKNAGARÐI

Læknagarður, sem stendur á milli Landspítalans og Reykjavíkurlflugvallar, er býsna áberandi bygging. Í þessum blómlega háskólagarði heilbrigðisvísinda eru kynstrin öll af spennandi tækjum, tólum og framandi herbergjum. Eitt af þeim þekktari er týnda borgin Krukkuborg, en þar eru geymd formalínböðuð líffæri og líkamspartar, sem áður fyrr voru notuð til kennslu og rannsókna.

Krukkuborg er þó ekki viðkomustaður okkar. Það er annað herbergi sem við förum í með framandi vél sem fyllir nánast út í hvert horn. Þetta er rafeindasmásjá Læknagarðs, en hún var tekin í notkun árið 1985 og hefur verið í stöðugri notkun síðan og reynst afskaplega vel.

Jóhann Sigurjónsson, læknastúdent á sjötta ári, segist muna vel eftir rafeindasmásjónni, en hann og félagar hans á sama ári unnu verkefni í henni á þriðja ári læknánámsins.

„Við kölluðum þessa elsku alltaf tímavélina, þar sem stærð hennar og allur framandleiki gaf til kynna að hér væri á ferðinni ekki ómerkara tæki en tímavél. Þá lékum við okkur stundum að því í gamni að senda einhvern læknastúdentinn aftur í tímann og viðkomandi átti síðan að segja okkur hverja hann hittir og hvað hann sá. Við hin áttum síðan að geta upp á árinu sem horfið var til. Þetta var oft og tíðum mjög fræðandi og skemmtilegt, sérstaklega ef tímaflakkarinn gat komið með einhverjar minjar til baka.“



VÍSINDAVAKAN

Vísindavaka RANNÍS er árlegur viðburður þar sem öllum gefst kostur á að ræða við vísindamenn sem stunda metnaðarfullar rannsóknir í ólíkum vísindagreinum. Gestum Vísindavöku gefst þannig færi á að fræðast um það sem rannsóknir íslenskra vísindamanna færa samfélaginu. Vísindavaka RANNÍS var haldin að kvöldi 24. september, á degi evrópska vísindamansins.



Á fimmta þúsund gestir mættu á Vísindavöku RANNÍS og upplifðu lítróf vísindanna, hver með sínum hætti. „Mamma, heldurðu að krabbinn þekki mig þegar ég kem aftur eftir heilt ár?“ spurði þessi kornunga stúlka eftir að hafa handleikið grjótkrabbann sem naut mikilla vinsælda á Vísindavökunni.



Japanska er áttunda útbreiddasta tungumál veraldar og hafa tæplega 130 milljónir manna hana að móðurmáli. Gestir Vísindavöku kynntu sér japönskuna og fengu nöfnin sín fagurlega rituð á þessu framandi tungumáli.



Eldgosið í Eyjafjallajökli var mörgum hugleikið á Vísindavökunni. Hér má sjá stóran hraunbolta úr gosinu.



Einn af hápunktum Vísindavöktunnar var þegar sprengjugengi Háskóla Íslands steig á stökk. Gengið sýndi tilraunir sem fengu unga sem aldna til að taka andköf þegar grænir mekkir stígu til lofts eftir æsilegar sprengingar.



Vísindavefurinn sívinsæli var á staðnum. Jón Gunnar Þorsteinsson, ritstjóri Vísindavefsins, fór mikinn í að leiða fólk um undraheim vísindanna.



Fjölmargir vísindamenn og framhaldsnemar við Háskóla Íslands tóku þátt í Vísindavöku RANNIS að þessu sinni. Þátttakendur voru af öllum fræðasviðum og verkefnið voru af ýmsum toga, allt frá kinværskri máltækni til rannsókna á grjótkrabba, sem er nýbúi við Íslandsstrendur.



Vísindavefurinn og aldarafmæli HÍ

Vísindavefurinn kemur að fjölda verkefna sem tengjast afmæli HÍ og ber þar hæst Háskólalestina sem mun fara af stað í apríl. Nemendur í grunnskólum landsins fá tækifæri til að vinna eigið efni á Vísindavefnum, með aðstoð ritstjórnar. Þeir munu til að mynda geta sett inn myndbönd og hlaðvarp um vísindi, auk þess sem nemendurnir geta búið til sérstök vefnámskeið úr svörum Vísindavefsins. Vísindavefurinn mun einnig taka að sér að svara spurningum lestarfarþeganna um vísindi.

Á afmælisárinu kemur einnig út fyrsta bók Vísindavefsins og Forlagsins í væntanlegri röð spurningabóka um vísindi handa börnum og fullorðnum. Bókin ber titilinn „Af hverju gjósa fjöll?“ og þar verður til dæmis hægt að lesa svör við spurningum eins og: eru eldgos úti í geimnum? Hvað er ofurgos? eru líkur á að eldgos valdi stórtjóni á höfuðborgarsvæðinu?

Teikningar í bókinni eru eftir Þórarín Má Baldursson sem meðal annars hefur teiknað myndir í þekktar bækur um Maximús Músíkús.

Vísindamaður brenndur á báli!

Sérstakt vísindadagatal hefur verið gefið út af Háskóla Íslands og er það helgað aldarafmæli skólans. Dagatalinu var meðal annars dreift til nemenda HÍ í upphafi ársins. Þorsteinn Vilhjálmsson, fyrrverandi ritstjóri Vísindavefsins, vann að dagatalinu ásamt starfsfólki Vísindavefsins. Hönnuðir eru Hildigunnur Gunnarsdóttir og Snæfríð Þorsteins. Á dagatalinu er einn vísindamaður valinn fyrir hvern dag ársins. Mynd er af öllum vísindamönnum og einnig er stuttur texti til kynningar á framlagi þeirra til vísinda og fræða.

Vísindamennirnir birtast einnig á Vísindavefnum, í sömu röð og þeir koma fyrir á dagatalinu. Á vefnum er oft hægt að lesa meira um hvern vísindamann og hans helstu afrek. Á dagatalinu er til að mynda enski dýra- og mannfræðingurinn Jane Goodall

sem rannsakaði simpansa í Tansaníu í 35 ár. Þar er líka tékkneski heimspekingurinn og presturinn Jan Hus sem brenndur var á báli árið 1415 og bráðgeri Norðmaðurinn og stærðfræðingurinn Niels Henrik Abel sem lagði grunninn að svonefndri grúpufræði. Þarna birtist enn fremur Elisabeta Koopmann Hevelius sem rak stjörnuoskóðunarstöð ásamt eiginmanni sínum á 17. öld.

Af íslenskum vísindamönnum má nefna Björgu C. Þorláksson, heimspeking og fræðikonu, sem var fyrsta íslenska konan sem lauk doktorsprófi. Þar er einnig Björn Sigurðsson, læknir og lífvísindamaður, sem fyrstur manna skilgreindi hægfaru veirusýkingar í búfé, svokallaðar lentiveirur, en forskeytið lenti-merkir hægur. Þær hafa síðan fundist í mönnum og valda alnæmi.



Enski dýra- og mannfræðingurinn Jane Goodall er einn þeirra 365 vísindamanna sem birtast á dagatali vísindamanna á afmælisári HÍ.

Snjólfur Ólafsson, prófessor við Viðskiptafræðideild og **Eyþór Ívar Jónsson**, framkvæmdastjóri Klaks

FJÖLGUN STARFA Á ÍSLANDI EFTIR HRUN

Eitt af meginverkefnum Íslendinga eftir efnahagshrunið 2008 er að fjölga störfum í landinu. Margir geta haft áhrif á það hve mörg störf skapast en ríkisstjórn og Alþingi eru þar í fararbroddi, að sögn þeirra Snjólfes Ólafssonar, prófessors í Viðskiptafræðideild, og Eyþórs Ívars Jónssonar, framkvæmdastjóra Klaks. „Hlutverk stjórnvalda og Alþingis er reyndar að skapa forsendur fyrir því að mörg störf skapist miklu frekar en að skapa sjálf störfin,“ segir Snjólfur en þeir Eyþór hafa unnið að rannsóknum á aðstæðum atvinnulífs hér á landi í framhaldi af hruninu.

Snjólfur og Eyþór hafa reynt að draga fram meginatriði um þetta flókna mál í rannsóknum sínum, en málið hefur margar hliðar. Að sögn Snjólfes er margt sem tengist því umdeilt, menn meti ástandið á ólíkan hátt og hagsmunir togist

á þannig að ekki sé mögulegt að komast að einhlitri niðurstöðu. Engu að síður megi greina ýmis meginatriði sem hægt sé að færa margs konar rök fyrir.

Fræðimenn, stjórnámamenn og talsmenn ýmissa hagsmunasamtaka eru sammála um að öflug nýsköpun sé lyklatríði varðandi störf í framtíðinni að sögn Snjólfes. Hann metur það svo að ýmislegt gott hafi verið gert til að efla nýsköpun á Íslandi eftir hrun en leggja megi enn meiri áherslu á það. „Þetta, ásamt áherslu á að skapa gott rekstrarumhverfi, eru má segja hefðbundnar ályktanir um sköpun nýrra starfa,“ segir Snjólfur.

Eftir efnahagshrunið eru aðstæður um margt sérstakar á Íslandi að sögn Snjólfes. „Í rannsóknum okkar drögum við fram nokkur atriði til viðbótar sem færa má rök fyrir að séu mikilvæg

um þessar mundir. Við bendum á mikilvægi þess að fá erlenda fjárfestingu inn í landið og að halda áfram virkjun orkuauðlinda landsins, enda þótt það þurfi að gerast í allt öðrum takti en var á árunum fyrir hrun. Við bendum einnig á afar mikilvægt atriði sem er að ljúka mörgum verkefnum hratt og að forðast að setja óþörf verkefni af stað,“ segir Snjólfur.

„Verkefnið sem þarf að vinna og ljúka sem fyrst eru ærin, þó ekki væri nema þau sem tengjast greiðsluvanda heimila og fyrirtækja. Þeim verkefnum er ekki hægt að ljúka þannig að allir verði sáttir, en mikilvægt er að hraða lausn þeirra eins og mögulegt er. Þeir sem eru með þessi verkefni á sinni könnu þurfa að fá betri vinnufríð til að klára þau eins og þeir telja best,“ segir Snjólfur.

Spegill, spegill herm þú mér, hvaða þjóð nú skrítnust er

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands dregur árlega upp spegilmynd af þjóðlífinu. Þjóðarspejillinn er ráðstefna í félagsvísindum og er honum ætlað að kynna og miðla því sem efst er á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hverju sinni, hvort sem það eru rannsóknir í þjóðfræði miðalda eða afleiðingar efnahagshrunsins.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókn- og fræðastofnun sem tengist Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðsgjafardeild og Stjórnálfraeðideild og er ætlað að vera vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum þessara deilda.

Þjóðarspejillinn hefur verið haldinn frá árinu 1999 og hefur verið í örur vexti allar götur síðan. Hann er í dag einn af meginkröftum í starfsemi

Félagsvísindasviðs ár hvert. Í kjölfar ráðstefnunnar hefur jafnan verið gefið út rit þar sem öllum rannsóknum og fyrirlestrum ráðstefnunnar eru gerð góð skil.

Í þjóðarspejlinum voru að þessu sinni haldnir 160 fyrirlestrar um flest það sem snertir félagsvísindi og var fjöldi fyrirlestra, sem og fjölbreytni þeirra, góður vitnisburður um það öflugna rannsóknastarf sem unnið er hér á landi á sviðum félagsvísinda.

Í tengslum við ráðstefnuna var haldin rannsóknasýning í Gimli og á Háskólatorgi. Þar kynntu fjölmargir fræðimenn og meistara- og doktorsnemar rannsóknir sínar á veggjum bygginganna fyrir gestum og gangandi.





Eiríkur Jónsson, lektor við Lagadeild

MANNRÉTTINDI OG LÖGAÐILAR?

„Áhuginn á réttindum lögaðila kviknaði hjá mér eftir meistaranám í Bandaríkjunum þar sem réttarstaða fyrirtækja gagnvart stjórnarskránni er stórmál. Hér á landi hefur ekkert verið tekið kerfisbundið saman um þetta efni, þótt dómaframkvæmdin beri með sér að lögaðilum sé játuð vernd sumra mannréttindaákvæða. Ætlunin með rannsókninni er að greina með heildstæðum hætti hver staða lögaðila gagnvart mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar nákvæmlega er.“

Eiríkur Jónsson lektor er að ljúka við doktorsritgerð sína, rannsókn á mannréttindum lögaðila samkvæmt íslensku stjórnarskránni. Fjallað er um hugtökin lögaðili og mannréttindi og helstu álitamálin um mannréttindavernd lögaðila. Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru tekin fyrir og þau ákvæði sem skapa helstu álitamálin með tilliti til lögaðila.

„Það er merkilegt hversu lítið hefur verið fjallað fræðilega um þetta efni í löndunum í kringum okkur, miðað við það hversu mörg Evrópuríki og raunar einnig alþjóðlegar stofnanir eru að glíma við þessa spurningu. Stundum hafa lögaðilum verið játuð mannréttindi án nægilegs rökstuðnings að mínu mati.“

Eiríkur segir niðurstöðu rannsóknarinnar vera margskipta og að álitamálin séu mörg. Dómafordæmi voru skoðuð til að komast að niðurstöðu með lagalegum rökum. Erfitt sé að draga saman niðurstöðu í stuttu máli en sumt, eins og eignarréttur, eigi óumdeilt við um lögaðila. Annað eigi alls ekki við, eins og ákvæði um frelsissviptingu eða bann við pyntingum. Mestu álitamálin séu um ákvæði tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs.

„Það er auðvelt að færa rök að því að til dæmis stéttarfélög og félagasamtök þurfi að njóta tiltekinna verndar til þátttöku í stjórnsmálalegri umræðu en spurningin er hvar eigi að draga mörkin. Svörin við álitaefnunum um mannréttindi lögaðila hafa mikla raunhæfa þýðingu í ýmsu samhengi, til dæmis ef lítið er til neyðarlaganna og hugsanlegar lagasetningar vegna gengislánadómanna.“

Eiríkur hefur unnið að doktorsverkefni sínu samhliða fullu starfi sem lektor við Lagadeild og reiknar með að rannsóknin muni nýtast við kennslu í framtíðinni.

Leiðbeinandi: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild.



Íþróttahús í hjarta samfélagsins

Heilbrigð sál í hraustum líkama, stendur einhvers staðar skrifað. Þetta á ekki síst við þegar komið er á háskólastig, í krefjandi akademískt nám, sem útheimtir mikla vinnu við lestur og úrlausnir lókinnar verkefna. Ekki má heldur gleyma prófunum. Því er gott til þess að vita að við Háskóla Íslands er sérstakt íþróttahús þar sem nemendur geta byggt upp líkamann til að takast á við námið.

Íþróttahús háskólans býður upp á margs konar námskeið í líkamsrækt, hreyfingu og dansi. Í Íþróttahúsi HÍ er einnig vel búinn tækjasalur þar sem stúdentar og starfsmenn geta komið og lyft þegar hentar. Staðsetningin gæti ekki verið hentugri því hvað er betra en að „pumpa“ úr sér þreytuna eftir erfiðan dag við lestur og verkefnavinnu?



Nýsköpunarsjóður námsmanna var stofnaður. RANNÍS tók við umsýslu sjóðsins þann 8. júlí 2008.



Kristín Lena Þorvaldsdóttir, meistaranemi við Íslensku- og menningardeild
Eðli táknmála og raddmála það sama!

„Ég er að vinna að verkefni sem fjallar um hugtakanotkun í táknálsfræði og stuðlar að hagnýtri nýsköpun fyrir Háskóla Íslands. Verkefnið mun nýtast við greinaskrif, iðorðasöfn og kennslu,“ segir Kristín Lena Þorvaldsdóttir, meistaranemi í íslensku málfræði en hún lauk BA-námi í táknálsfræði og táknálsstúlkun frá HÍ árið 2007. Kristín Lena hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði dr. phil. Jóns Jóhannessonar síðastliðið vor til þess að ljúka við hluta af meistaverkefni sínu.

Markmið rannsóknaverkefnisins er að taka saman þau grunnhugtök sem notuð hafa verið fram að þessu innan táknálsfræðinnar, samræma þau, endurskoða og endurskilgreina.

Kristín Lena segir að þetta sé löngu tímabært

og að einnig þurfi að leggja í nýyrðasmíð þar sem hennar er þörf. „Samræming hugtaka er afar mikilvæg því þegar ólík hugtök eru notuð yfir sama fyrirbærið getur það valdið þeim misskilningi að þau eigi við ólík fyrirbæri. En í grundvallaratriðum er eðli raddmála og táknmála það sama, að því leyti skarast táknálsfræði og íslensk málfræði.“

Að sögn Kristínar Lenu verður ávallt að hafa í huga að táknálsfræði er miðlað á annan hátt en raddmálum. „Skilgreiningar á íslenskum málfræðihugtökum hafa oftar en ekki skírskotun í hljóð eða orð. En þótt fjölmörg hugtök um íslenska málfræði eigi við um hljóð og orð, fremur en hreyfingu og tákni, eru mörg þeirra almenn málvísindaleg hugtök og eiga því jafnt við um

raddmál og táknmál. Hugtök í táknálsfræði eru allmörg fengin að láni úr íslensku málfræði og henta misvel. Önnur eru fengin úr erlendum málum og löguð að íslensku.“

„Niðurstaða verkefnisins verður nothæf tilraunaútgáfa hugtakabanka sem þróaður verður áfram á grundvelli fræðilegrar umræðu í kennslu og greinaskrifum við Háskóla Íslands,“ segir Kristín Lena að lokum.

Skráning hugtakanna og skilgreiningar þeirra hafa verið unnar í samstarfi við Íslenska málfræðifélagið og Orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Leiðbeinandi: Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknálsfræði.

Alþjóðlegt nám í norrænni miðaldafræði

Hugvísindasvið Háskóla Íslands hefur fengið styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að koma á fót alþjóðlegu meistaranámi í norrænum miðaldafræðum – Nordic Masters Programme in Viking and Medieval Norse Studies. Verkefninu er stjórnað af Háskóla Íslands í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskólann í Ósló, Háskólann í Árósum og Árnastofnun við Háskólann í Kaupmannahöfn.

Fyrstu nemendur hefja nám haustið 2012 og er stefnt að því að innrita 25 til 35 nemendur á hverju ári. Allt fyrsta árið í meistaranáminu fer fram við Háskóla Íslands en á þriðja misseri stunda nemendur nám við einn af samstarfsháskólunum. Lokaverkefni skrifa þeir við einn ofangreindra háskóla að eigin vali. Námið fer fram á ensku og er opið

nemendum alls staðar að úr heiminum. Um er að ræða þverfaglegt nám þar sem saman koma sagnfræðingar, bókmenntafræðingar, málfræðingar, fornleifafræðingar, þjóðfræðingar og trúarbragðafræðingar við fimm ólíkar stofnanir.

Torfi H. Tulinius hjá Háskóla Íslands og Gíslí Sigurðsson hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum leiddu umsóknarskrifin í nánu samstarfi við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

Alls bærust nefndinni 34 umsóknir um styrki. Alþjóðlegt fagráð mat allar umsóknirnar og er styrkurinn til Íslands einn af sex styrkjum sem voru veittir að þessu sinni. Áður hefur ráðherranefndin veitt tíu styrki til norræns meistaranáms en þetta er fyrsti styrkurinn sem fer til verkefnis sem er stjórnað frá Íslandi. Styrkurinn er upp á eina milljón danskra króna.



Tók Georg einhverja af háskólagráðunum fimm í HÍ?

LÍTIÐ KALT STRÍÐ Á BENSÍNSTÖÐ



„Mig langaði til að búa til lítið kalt stríð á bensínstöð,“ sagði Ragnar Bragason, leikstjóri og handritshöfundur, um tilurð Næturvaktarinnar í erindi sem hann hélt í háskólanum í vetur. Fyrirlesturinn var í röð sem námsleið í ritlist efndi til í samvinnu við Bókmennta- og listfræðastofnun. Nám í ritlist er vettvangur sköpunar. Þar gefst áhugafólki um ritsmíðar kostur á að þroska hæfileika sína undir handleiðslu kennara sem eru jafnframt reyndir höfundar. Lögð er áhersla á frjóa hugsun og óhætt er að fullyrða að erindi Ragnars hafi fallið vel að þeirri meginstefnu í ritlistarnáminu.

Í erindi sínu fjallaði Ragnar um tilurð kvikmyndanna „Börn“ og „Foreldrar“ og hinna geysivinsælu sjónvarpsþáttaraða sem kenndar eru við vaktinar, þ.e. „Næturvaktin“, „Dagvaktin“ og „Fangavaktin.“ Í undirbúningsvinnunni notaði Ragnar spuna við sköpun leiktexta og leikararnir voru meðhöfundar í verkinu. Þessi aðferð hefur verið notuð nokkuð í leikhúsi en minna í kvikmyndagerð, einna helst þó hjá breska rithöfundinum og leikstjóranum Mike Leigh, sem reyndar vinnur einnig í leikhúsi. Spuninn var

notaður til að þróa persónur og fléttuna. Hópurinn tók því allur þátt í verkinu. Hlutverk leikstjórans var svo að leiða vinnuna og taka lokaákvæðanir.

Um spunann sjálfan sagði Ragnar: „Spuni sem á að leiða til niðurstöðu er ekki góður spuni, hann á að veita frelsi til að fara í allar áttir.“

Margir sjá fyrir sér að spuni standi í mjög stuttan tíma en hjá Ragnari gat hann varað í allt að sex klukkustundir. „Leikarinn þarf að komast yfir ákveðna þreytuþröskulda, hann þarf að hætta að leika spunann og renna saman við persónuna,“ sagði Ragnar.

Ragnar hafði mjög takmörkuð fjárráð til að vinna myndirnar „Börn“ og „Foreldrar“ og fyrstu vaktaseríuna. Þegar hann kynnti hugmyndina að Næturvaktinni var lítil trú á verkefningu og peningar af skornum skammti en það hamlaði ekki vinnunni. „Hugmyndir eru hreyfiaflið en peningar ekki; en peningarnir koma ekki fyrr en hugmyndin er komin á það stig að hægt sé að kynna hana,“ og það var einmitt framvindan við vaktaseríurnar.

En eftir situr spurningin: Tók Georg Bjarnfreðarson einhverja af sínum fimm háskólagráðum við Háskóla Íslands?



Jón Gnarr í erfðafræði

Það var létt yfir Jóni Gnarr, borgarstjóra Reykjavíkur, þegar hann heimsótti Háskóla Íslands á haustdögum. Borgarstjórinn kom á reiðhjóli á fund í Háskóla Íslands ásamt Heiðu Kristínu Helgadóttur, þáverandi aðstoðarmanni sínum.

Kristín Ingólfssdóttir rektor tók á móti Jóni Gnarr í anddyri Aðalbyggingar og lýsti fyrir honum framkvæmdum sem þar hafa staðið yfir í sumar og haust. Ný og stærri lyfta hefur verið sett í húsið sem er hluti af því að gera bygginguna aðgengilega fyrir fatlaða en rösk 70 ár eru liðin frá því að byggingin var vígð.

Jón Gnarr sýndi starfi háskólans mikinn áhuga og rektor ræddi um þá fjölmörgu þætti þar sem leiðir borgarinnar og háskólans liggja saman. Síðan var haldið í gönguferð um háskólasvæðið og fékk borgarstjóri leiðsögn um Háskólatorg, Gimli og Odda þar sem Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs, fræddi hann um byggingarnar og starfið sem þar fer fram.

Í framhaldinu var gengið yfir í Öskju. Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, tók þar á móti borgarstjóra ásamt Páli Einarssyni, prófessor í jarðvísindum, og Sigurði Snorrassyni, deildarforseta Líf- og umhverfisvísindadeildar. Jón Gnarr kíkti í verklega kennslustund í erfðafræði. Þar fékk hann að kynnast tilraunum á ónæmum og fjölonæmum bakteríum hjá Sigríði Þorbjarnardóttur, sérfræðingi á Líffræðistofnun, og Zophoníasi O. Jónssyni, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild. Þar hafði Jón Gnarr ýmislegt til málanna að leggja og var vel lesinn í ónæmi baktería.

Þar á eftir hlýddi borgarstjóri á örfyrirlestur um eldstöðvar og var spurull um Laka sem Páll Einarsson sagði hluta af eldstöðvakerfi Grímsvatna. „Grímsvötn eru líkleg til að byrsta sig fljótlega,“ sagði Páll Einarsson, og bætti við að ýmis teikn gæfu það til kynna.

Í lok heimsóknar brá Jón Gnarr upp reiðhjólahlámi og gerði um stund að gamni sínu við rektor og stjórn málafræðinginn Ólaf Þ. Harðarson, sem hefur meðal annars haft það hlutverk í fjölmiðlum að greina og túlka sigur Jóns Gnarrs og Besta flokksins í síðustu borgarstjórnarkosningum.



Jóhanna Einarsdóttir, lektor við Kennaradeild

Tveggja ára börn segja þrisvar sinnum oftar já en nei

Jóhanna Einarsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, hefur smíðað gagnagrunn með málsýnum leikskólabarna. Málsýnin endurspeglar samskipti við fullorðinn einstakling og gefa mynd af sjálfsprottun tali barnanna í leik og starfi. Auk þess gefa málsýnin mynd af því hvar börn eru stödd í málþroska á hverjum tíma.

„Þessi gagnasöfnun er fyrst og fremst hagnýt. Ég hef unnið við málörun leikskólabarna í mörg ár og mér hefur fundist vanta aðgengilegar upplýsingar um hvaða orð eru algeng í tali barna, fjölbreytileika orða og meðallengd setninga eftir aldurshópum,“ segir Jóhanna.

Jóhanna segir að með gagnagrunninum sé ætlunin að finna aldursbundin viðmið til að einfalda mat á máltjáningu barna. Þannig verði hægt að nota málsýnin til að bera saman meðallengd setninga og orðaforða barna við meðalgetu jafnaldra. „Rannsóknin getur nýst við málörun og kennslu barna sem þurfa sérstaka aðstoð við að læra tungumálið. Því er þannig

farið að mörg leikskólabörn hefðu gott af því að fá stuðning og markvissa örvun við að læra móðurmálið. Erfiðleika við að læra að lesa má oft rekja til fráviks í málþroska á leikskólaaldri,“ segir Jóhanna.

Orð barna í sjálfsprottun tali

Jóhanna segir að athuganir á íslensku máli byggist oft á upptökum úr útvarpi, sjónvarpi eða rituðum heimildum. Af augljósum ástæðum tali ung börn ekki mikið í fjölmiðlum eða tjái sig í rituðu máli. Upplýsinga um mál þeirra verði að afla með öðrum hætti. Málsýnin veiti upplýsingar um orðaforða, beygingar, hljóðmyndun og málnotkun barna og hægt sé að skoða flesta þætti máltökunnar með þessum hætti.

Nemendur á Menntavísindasviði söfnuðu málsýnunum, sem eru aðgengileg á vefnum vefir. hi.is/malthroski/. Þar er líka handbók um hvernig málsýnin voru tekin og afrituð á samræmdan hátt. Þá er einnig búið að vinna orðtíðnibók úr málsýnunum þar sem tekin voru saman orð sem



börnin nota í sjálfsprottun tali. Þar er að finna skrá yfir orð og tíðni þeirra raðað eftir fjórum aldursbilum, tveggja til þriggja ára, þriggja til fjögurra ára, fjögurra til fimm ára og loks fimm til sex ára.

Jóhanna segir ýmislegt skemmtilegt koma fram við að rýna í orðtíðnibókina. Tveggja ára börn segi til dæmis þrisvar sinnum oftar já en nei, fornafnið hann er mun algengara en fornafnið hún hjá öllum aldurshópum og orðið leikskóli kemur oftast fyrir í þágufalli með greini.



Gylfi Þór Hassing og Helga Nína Þórðardóttir, nemendur á leikskólanum Mánagarði

Leikskólabörn opnuðu afmælisvefinn

Það vakti mikla athygli þegar Kristín Ingólfssdóttir rektor kynnti dagskrá aldarafmælis háskólans og nýja stefnu hans að tveir kornungir nemendur frá leikskólanum Mánagarði opnuðu efnismikinn aldarafmælisvef skólans.

Nemendurnir ungu heita Gylfi Þór Hassing og Helga Nína Þórðardóttir en þau opnuðu aldarafmælisvefinn ásamt Katrínu Jakobsdóttur

mennta- og menningarmálaráðherra. Þau Gylfi Þór og Helga Nína eru aðeins fimm ára gömul.

Á afmælisvefnum eru birtar upplýsingar um alla viðburði sem eru á dagskrá afmælis Háskóla Íslands auk þess sem sýndar eru vörður í sögu hans með áhugaverðum ljósmyndum. Þarna er líka að finna myndbönd sem tengjast sögu skólans á ýmsum tímum.



Ragný Þóra Guðjohnsen,
doktorsnemi við Uppeldis- og menntunarfræðideild



Anna-Lind Pétursdóttir,
dósent við Kennaradeild

Dregið úr hegðunar- erfiðleikum barna

„Of oft er gripið til refsinga þegar unnið er með börn með alvarlega hegðunarerfiðleika en slík úrræði skila oft takmörkuðum árangri og geta jafnvel haft slæm áhrif,“ segir Anna-Lind Pétursdóttir, dósent við Menntavísindasvið. Hún rannsakar nú áhrif virknimats og einstaklingsmiðaðrar stuðningsáætlunar á námsástundun og truflandi eða árásgjarna hegðun nemenda með langvarandi hegðunarerfiðleika.

„Með virknimati er athugað hvaða þættir hafa áhrif á hegðun og af hverju einstaklingur sýnir óæskilega hegðun. Í einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun er margþætt inngríp sett saman með hliðsjón af tilgangi erfiðrar hegðunar. Þetta er gert til að fyrirbyggja slíka hegðun, kenna viðeigandi hegðun í stað þeirrar erfiðu og styrkja hana markvisst samhliða því að hætta að styrkja þá óæskilegu,“ segir Anna-Lind.

Að sögn Önnu-Lindar sýna að meðaltali tveir til þrjár nemendur erfiða hegðun að staðaldrí í hverjum bekk og slíkir hegðunarerfiðleikar eru eitt helsta áhyggjuefni kennara. „Hegðunarerfiðleikar byrja oft snemma á lífsleiðinni og horfur eru afar slæmar án árangursríkra inngrípa. Virknimat og einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun hafa skilað góðum árangri við að draga úr hegðunar- og tilfinningalegum erfiðleikum barna og raunar betri árangri en önnur inngríp,“ segir Anna-Lind.

Mældar eru breytingar fyrir og eftir að virknimat og stuðningsáætlun eru gerð að sögn Önnu-Lindar. Þetta er gert með samantekt á þeim athugunum. Framhaldsnemar í uppeldis- og menntunarfræðum gerðu athuganirnar í grunn- og leikskólum um allt land og var vinna þeirra hluti af verkefni í valnámskeiðinu Nemendur með hegðunar- og tilfinningalega örðugleika: Viðbrögð og úrræði skólasamfélagsins. Mælingar voru gerðar vorin 2009 og 2010 og er ætlunin að halda þeim áfram núna á vormisseri. Framhaldsnemarnir fengu kennslu í að framkvæma virknimat og setja fram stuðningsáætlun. Þeir fóru síðan út í skólana, beittu aðferðunum í samvinnu við starfsfólkið og tóku saman niðurstöður fyrir þann nemanda sem þeir unnu með. Í framhaldinu safnar Anna-Lind gögnum saman og vinnur úr þeim.

Anna-Lind vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar auki líkur á því að virknimat og einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun verði notuð víðar til að bæta hegðun og námsástundun nemenda með alvarlegustu frávikin.

SJÁLFBODASTÖRF UNGA FÓLKSINS

„Ungt fólk á Íslandi þyrfti að fá fleiri tækifæri til þátttöku í sjálfbodaliðastarfi og kynna þarf fyrir því möguleika til þátttöku,“ segir Ragný Þóra Guðjohnsen, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræðum. Hún er jafnframt lögfræðingur og rannsakar sjálfbodaliðastarf ungmenna.

„Okkur leikur m.a. forvitni á að vita hvort ungmenni setji sér borgaraleg markmið og einnig að sjá hver þessi markmið eru. Við viljum kanna hvaða leiðir þau velja til þátttöku í samfélaginu, einkum í sjálfbodaliðastarfi. Það er spennandi að vita hvort líta megi á þátttöku í sjálfbodaliðastarfi sem tæki til að efla borgaravítund ungmenna,“ segir Ragný.

Doktorsverkefni Ragnýjar fylgir í kjölfar meistaranáms hennar í uppeldis- og



menntunarfræðum við Háskóla Íslands en árið 1992 lauk hún einnig embættisprófi í lögfræði frá sama skóla. Doktorsverkefnið er hluti af rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur prófessors þar sem könnuð er borgaravítund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Þátttakendur eru á annað þúsund ungmenni á aldrinum 14 og 18 ára en að auki hefur Ragný tekið 22 djúpvíðtöl við ungmenni úr hópnum.

Aðspurð segist Ragný nýbyrjuð að skoða grunnöggnin. „Við sjáum að um fimmtungur svarenda stundar hefðbundið sjálfbodastarf.“ Niðurstöðurnar hyggst Ragný nýta sér í starfi sínu sem bæjarfulltrúi í Garðabæ þar sem hún situr í skólanefnd og bæjarráði.

„Umræða um sjálfbodaliðastarf hefur aukist í þjóðfélaginu eftir kreppu og ég hef orðið vör við, í viðtölum við ungmennin, að þau vilja leggja sitt af mörkum. Við eigum svo mikinn fjársjóð í unga fólkinu okkar og þurfum að gefa því meiri tækifæri og búa þeim vettvang til þátttöku,“ segir Ragný að lokum.

Leiðbeinandi: Sigrún Aðalbjarnardóttir,
prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.



1994

Nýtt sameinað bókasafn, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, var opnað við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöðu 1. desember. Þjóðarbókhlaða er fjórar hæðir og kjallari. Hver hæð er um 2.500 fermetrar. Byggingin er að heildarstærð um 13.000 fermetrar og um 51.000 rúmmetrar. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn gegnir því tvíþætta hlutverki að vera þjóðbókasafn Íslands og jafnframt bókasafn Háskóla Íslands.



Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild

UNGU FÓLKI GEFIN RÖDD

„Meginmarkmið rannsóknarinnar er að öðlast þekkingu og skilning á borgaravitund ungs fólks á aldrinum 11, 14 og 18 ára. Leitað er eftir hugmyndum unga fólksins um lýðræði og mannréttindi. Þá eru til dæmis könnuð þau áhrif sem unga fólk vill hafa í samfélagi sínu. Þannig er því gefin rödd.“

Þetta segir Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Menntavísindasvið, en hún hóf nýlega stóra rannsókn á borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi.

Sigrún segir brennandi áhuga sinn á hag barna og ungmenna kveikjuna að rannsókninni en hún vilji finna hvernig best megi hlúa að heill ungu kynslóðarinnar í samtíð og framtíð, bæði í hennar eigin þágu og í þágu samfélagsins.



„Ég tel að búa þurfi börn og ungmenni betur undir virka og ábyrga þátttöku í samfélaginu, efla sjálfsvirðingu þeirra, samlíðan og samábyrgð og ná um leið betra jafnvægi á milli einstaklingshyggju og samfélagshyggju. Lýðræðisþjóðfélög kalla á virkari þátttöku borgaranna í samfélagsmálum en hún er ein meginstoða lýðræðis. Fólk hefur ýmsan

rétt en um leið ábyrgð og skyldur gagnvart öðru fólki og náttúru,“ segir Sigrún.

Hún segir borgaravitund íslenskra ungmenna lítt kannaða og að með rannsókninni gefist tækifæri til að fá fram sýn þeirra og bera hana saman við borgaravitund ungmenna í öðrum löndum.

Sigrún segir að rannsóknin taki líka til ýmissa annarra þátta, bæði af sálfræðilegum og uppeldis- og menntunarfræðilegum toga, sem ekki hafi verið athugaðir á alþjóðavettvangi.

Hún segir stefnt að því að setja fram nýtt fræðilíkan til að greina borgaravitund ungmenna og að vonir séu bundnar við að nýta megi niðurstöðurnar í starfi með ungu fólki og leggja jafnframt grunn að hagnýtum rannsóknum á þessu sviði.

Háskólanemar gjöfulir á blóð

Nemendur í Háskóla Íslands eru gjöfulir á blóð en í sérstökum blóðgjafarmánuði skólans gáfu um tvö prósent nemenda skólans blóð. Það eru hartnær tvöfalt fleiri blóðgjafar en síðast þegar efnt var til svipaðs átaks. Að átakanu stendur Lýðheilsufélag læknanema við HÍ.


Langflest nemendafélög skólans tóku þátt í átakanu og var keppnin um Blóðgjafabikarinn því býsna hörð. Komplex, félag framhaldsnema í efnafraði og lífefnafraði, var það gjöfulasta í þetta skiptið og tóku forvígismenn þess við Blóðgjafabikarinn á lokahófi blóðgjafarmánaðarinnar. Varla var hægt að fá hentugri hljómsveit en Bloodgroup til að skemmta sigurvegurinum og öðrum gestum.

Forkólfar Lýðheilsufélags læknanema voru afar ánægðir með þær góðu viðtökur sem stúdentar HÍ sýndu framtakinu í þetta skiptið. Sem dæmi má nefna að í þau þrjú skipti sem Blóðbankabillinn kom á háskólasvæðið var hann í stöðugri notkun og fór ávallt vel yfir meðaldagssöfnun bílsins.

Blóðbankinn þarf að jafnaði 70 blóðgjafar á dag til að anna eftirspurn og þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þess að blóð sé gefið. Þróunin er hins vegar sú að þörfin fyrir blóðgjafar vex samhlíða minnkandi framboði. Blóðbankinn þarf um tvö þúsund nýja blóðgjafa á ári og því er mikilvægt að ungt fólk kynnist starfsemi vel og byrji að gefa blóð.



Hrafnkell Stefánsson hjá Lýðheilsufélagi læknanema.



SUNDLAUGIN Á LAUGARVATNI

Laugarvatn hefur löngum þótt vinsæll áningarstaður innlendra og erlendra ferðamanna enda staðurinn rómaður fyrir fegurð og einmuna veðursæld. Töluverður jarðhiti er á Laugarvatni, sem nýttur er til upphitunar húsa, gufubaðs og auðvitað sundlaugarinnar sem Háskóli Íslands á og rekur.

Saga Laugarvatns er um margt merk. Sagan segir að eftir kristnitöku árið þúsund hafi margir verið skírðir í heitri laug við vatnið sem kallast Vígðalaug. Einnig segir frá því að lík Jóns Arasonar biskups og sona hans hafi verið þvegin í lauginni eftir aftöku þeirra árið 1550.

Háskóli Íslands setur mikinn svip á mannlífið á Laugarvatni en þar fer fram kennsla í grunnnámi íþrótt- og heilsufræða, sem heyrir undir Menntavísindasvið. Allt bóklegt nám fer fram í húsnaði Menntavísindasviðs og allt verklegt nám fer fram í þeim íþróttamannvirkjum sem háskólinn á og rekur. Þarna er stórt íþróttahús, glæsileg útiáðstaða með hlaupabraut og auðvitað sundlaugin víðfræga sem byggð var 1992. Hún flokkast sennilega sem óhefðbundið kennslurými en laugin er líka opin almenningi. Til viðbótar henni eru þrjú heitir pottar og gufubað.

Háskólasundlaugin á Laugarvatni skipar ríkan sess í skólahaldi stúdenta, hvort sem það tengist náminu, afþreyingu eða menningunni. „Misheitar umræður í heitu pottunum tengja saman þorpsbúa, stúdenta, starfsmenn og fólk á faraldsfæti,“ segir Erlingur Jóhannsson, prófessor við Menntavísindasvið á Laugarvatni. Og hann bætir við: „Sundlaugin og heitu pottarnir eru miðpunktur skemmtunar og fræðslu og hvort tveggja veur hrifningu hjá ungum sem öldnum.“



Bankahrúnið greint með kerfishugsun

Margt hefur verið ritað og rætt um bankahrúnið en hópur innan HÍ hefur greint hrúnið með svokallaðri kerfishugsun. Kerfishugsun er aðferðafræði sem notuð er við úrlausn verkefna sem snúa að kerfum þar sem margir hlutir spila saman. Dæmi um slík kerfi eru vistkerfi, félagskerfi og fjármálakerfi.

Við ræddum við Mána Arnarson verkfræðing sem er einn af þremur meðlimum hópsins. Hinir tveir eru þeir Atli Bjarnason viðskiptafræðinemi og Þorbjörn Kristjánsson heimspekinemi. Máni nefnir að kerfishugsun henti sérlega vel við þessa greiningu en hópurinn notaði Rannsóknarskýrslu Alþingis við greininguna.

Að sögn Mána var greiningin unnin með viðtölum við fólk sem tengdist vinnslu Rannsóknarskýrslunnar. Þeir greindu stóru bankana þrjá, stjórnásluna og samfélagið. Einnig var reynt að ráða í hegðunarmynstur og þau orsakasambönd sem ollu því að fjármálakerfið varð of stórt og féll að lokum.

„Inni í skýrslunni okkar eru tillögur að breytingum á laga- og stofnanaumhverfi fjármálakerfisins og hugmyndir um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja,” segir Máni.

Niðurstöður voru kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu svokallaðs Balaton-hóps í haust. Balaton-hópurinn hittist árlega og ræðir tillögur

um hvernig auka megi sjálfbærni í viðum skilningi í þjóðfélaginu. Að sögn Mána verða niðurstöður rannsóknahópsins einnig sendar stjórnvöldum. Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti verkefnið og einnig CONVERGE, sem er þverfaglegt evrópskt rannsóknaverkefni sem gengur út frá því að auðlindir jarðar séu takmarkaðar og ójafnt dreifðar.

Leiðbeinendur: Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor og forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, og Harald Sverdrup, prófessor við Háskólann í Lundi.

Elizabeth Anne Unger, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði

Sæstrengur gæti valdið byltingu í raforkusölu

„Hugmyndin um sæstreng sem flytur raforku frá Íslandi til markaða á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu kitlaði mig,” segir Elizabeth Anne Unger, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

„Sæstrengur mundi valda gríðarlegum breytingum á íslenskum raforkumarkaði og þau áhrif þarf að rannsaka.”

Lega landsins hefur til þessa komið í veg fyrir að Ísland tæki þátt í að kaupa og selja rafmagn á samkeppnismörkuðum. „Í dag er slíkt mögulegt vegna tækniframfara í gerð neðansjávarkapla fyrir rafmagn þannig að um gríðarlega breytingu gæti verið að ræða fyrir íslenskan raforkumarkað og atvinnuvegina. Það er ekki lengur sjálfgefið að

nýta alla umframorku til stóriðju,” segir Elizabeth.

Verkefnið er styrkt af Umhverfis- og orkurannsóknarsjóði Orkuveitu Reykjavíkur og gengur út á gerð líkans sem metur áhrif út- og innflutnings á rafmagni um neðansjávarkapal á hagkerfi Íslands. Að sögn Elizabeth eru markmið verkefnisins þrjú: „Í fyrsta lagi þarf að meta hversu mikla orku sé hægt að framleiða. Í öðru lagi þarf að meta hversu mikið rafmagn sé hægt að selja frá landinu miðað við núverandi orkunotkun og í þriðja lagi þarf að kynna sér verslunarhöft og annað regluverk sem hugsanlega getur komið í veg fyrir orkusölu frá Íslandi.”

Niðurstöðum verkefnisins er ætlað að veita almenningi, kjörnum fulltrúum og stjórnendum orkufyrirtækjanna haldgóðar upplýsingar sem



nýtast við ákvarðanatöku um mögulega framtíð slíkra raforkuflutninga.

Leiðbeinandi: Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfræði og varadeildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideilda.



Ebba Þóra Hvannberg, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

BRÁÐAVÁ Í SÝNDARVERULEIKA

„Markmið verkefnisins er að rannsaka og þróa gagnvirkan tölvuhermi til að þjálfa starfsfólk í viðbúnaði við bráðavá,“ segir Ebba Þóra Hvannberg, prófessor í tölvunarfræði, um verkefni sem ætlað er að einfalda æfingar á viðbrögðum við samgönguslysum. Ebba Þóra segir að margs konar slys verði t.d. í flugsamgöngum sem geti stefnt fjölda fólks í hættu. Viðbúnaður við slysunum felist í stjórnun bráðavár sem fjölmargt starfsfólk lögreglu, slökkviliðs, neyðarlínu, sjúkrahúsa, björgunarsveita og flugvalla komi að. Markmiðið með rannsókninni sé að draga úr kostnaði við þjálfun þessa fólks til að takast á við vána og að einfalda viðbrögð við vánni og gera þau markvissari með þjálfun í sýndarveruleika. Með herminum verði margfalt einfaldara en áður að standa að þjálfun því að eins og nú hátti spanni stórslysæfingar vitt svið og kalli oft á mikið fjölmenni og aðstöðu.

„Fjölmennustu æfingarnar felast í því að setja slys á svið og þá þarf að búa til sögu með aðstæðum sem segir hvað hefur gerst, hvernig fólk er slasað, hvernig veðrið er og fleira. Þó að mannmargar æfingar skili umtalsverðum árangri eru þær kostnaðarsamar því að þær krefjast viðamikils undirbúnings og skipulagningar. Slíkar æfingar eru haldnar á tveggja til fjögurra ára fresti en æskilegt væri að þær væru haldnar oftár. Því

hefur verið leitað að aðferðum til að herma þjálfun við bráðavá í tölvu. Vissulega hafa þess konar kerfi verið þróuð en með framförum í tölvutækni, sem meðal annars hafa orðið í tölvuleikjagerð svo sem grafík og greind, er litið til þess hvernig megi rannsaka og þróa betri herma til að æfa viðbrögð við bráðavá. Að þessu vinnum við,“ segir Ebba Þóra.

Fjölpjóðlegt samstarfsverkefni

Ebba Þóra segir að í stað þess að settar séu upp fyrirfram ákveðnar sögur í herminum nýja, þar sem nemandinn velji úr nokkrum leiðum á fyrirsjáanlegum stöðum, sé notast við aðferðir tölvuleikja í framvindu atburða í sýndarveruleika. „Þannig munu nemendur geta æft sig í að meta aðstæður, greina vandamál, taka ákvarðanir og samhæfa aðgerðir í rauntíma. Ég vona að þessi viðamikla rannsókn skili okkur öflugum hermi til að þjálfa viðbúnað við bráðavá í flug- og lestarsamgöngum sem er árangursríkari, ódýrari og aðgengilegri notendum en núverandi tækni. Sérstaklega vona ég að við fáum betri skilning á því hvernig ný gagnvirknitækni nýtist í þjálfun í sýndarveruleika.“

Rannsóknin er fjölpjóðlegt samstarfsverkefni vísindamanna víða úr álfunni en að því koma einstaklingar með sérfræðipækningu í



líkanagerð, notendaskilum og þarfagreiningu, leikjum og hermum, dreifðum kerfum, öryggi, ákvarðanafræðum og í árangursmati notenda. Tólf háskólar, fyrirtæki og stofnanir taka þátt í verkefninu, sem er styrkt af Sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins.

Ebba Þóra segir að þáttur Háskóla Íslands í verkefninu sé að rannsaka þarfir notenda, þ.e. að skilja hvaða verkefni séu framkvæmd á viðbúnaðarstiginu, hver framkvæmi hvað og hvernig fólk vinni saman. „Einnig skoðum við hver þjálfunarpörfin er. Þessi gögn eru síðan notuð til að hanna hugbúnaðarherminn með því að nota nýja gagnvirknitækni, svo sem tal, hreyfingu og þreifingu, m.a. með hliðsjón af mati notenda á nytsemi og notagildi hermisins.“



HJÓLAÐI UMHVERFIS LANDIÐ TIL STYRKTAÐAR RANNSÓKNUM

Hjólasprettur læknanemans Alissu R. Vilmundardóttur vakti landsathygli í sumar. Törnin hjá henni var í lengra lagi, hún endaði á sama stað og hún lagði upp frá og að baki var allur hringvegurinn, samtals 1.339 km. Ferðin tók hana tíu daga og hún hjólaði til styrktar Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands. Slagorð ferðarinnar var „Okkar leið – allra málefni“.

„Mig hefur alltaf langað til að styrkja verðugt málefni og takast samtímis á við eitthvað sem reynir á mann til fullnustu,“ segir Alissa þegar hún stígur af reiðhjólínu sínu við Læknagarð á síðsumardeggi.

Alissa var heppin með veður á leiðinni en barðist samt við mótvind í Öxnadal, Skagafirði og Vatnsskarði. Hún vill ekkert ræða vindinn í fangið, bara innblásturinn.

„Líklegast hef ég fengið innblástur frá þeim sem hafa tekist á við eitthvað áþekkt. Ég vona að ferðin mín veiti öðrum eins innblástur,“ segir Alissa og brosir sigri hrósandi. Hún segist afar þakklát öllum sem studdu hana og styrktu.

Ákvörðun um svona ferð er ekki tekin daginn fyrir átakið. Undirbúningurinn var langur og samanstöð af hlaupum, lyftingum og hjólræðum.

Alissa tók endasprettinn með vinum og velunnurum og á planinu framan við Læknagarð

er Vigdís Finnbogadóttir, verndari átaksins, komin til að fagna með henni. Eftir að Alissa hefur kastað mæðinni skamma stund fara þær saman, hún og Vigdís, og færa Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum sérstakt skjal til staðfestingar fjárhæðinni sem safnast hefur í átakinu.

Styrkurinn kemur að góðum notum en Rannsóknastofan hefur vakið alþjóðaathygli fyrir rannsóknir sínar. Fyrir rannsóknunum fara þær Helga M. Ögmundsdóttir og Jórunn Erla Eyfjörð sem báðar eru prófessorar við Háskóla Íslands.

Alfons Ramel, fræðimaður á Rannsóknarstofu í næringarfræði

Huga að heilsu landsmanna

- er laxborgari hollari en hamborgari?

„Næringarfræðin fjallar meðal annars um næringarefni og hlutverk þeirra, um næringarþörf og næringarvandamál og um hollustu eða óhollustu fæðutegunda og fæðutengdra efna,“ segir Alfons Ramel, fræðimaður á Rannsóknarstofu í næringarfræði.

Í ár brautskrást fyrstu nemarnir með BS-próf í næringarfræði frá Háskóla Íslands. Heilsa mannsins er aðalatriði greinarinnar sem byggist á sterkum grunni raunvísinda, lífvísinda og heilbrigðisvísinda, og veitir innsýn í félagsvísindi, markaðsfræði og upplýsingatækni.

Námi í næringarfræði er ætlað að undirbúa nemendur til að gegna fjölbreyttum störfum. Sérstök áhersla er lögð á sjálfstæði, vísindaleg vinnubrögð, lausnamiðað nám og raunhæf verkefni. Næringarfræðingar starfa nú þegar við Háskóla

Íslands, á Landspítalanum, á Lýðheilsustöð, hjá matvæla- og lyfjafyrirtækjum, Matvælastofnun á Selfossi og á líkamsræktarstöðvum.

Alfons segir Rannsóknastofu í næringarfræði, sem tilheyrir Háskóla Íslands og Landspítala, eina öflugustu einingu háskólans í rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara. „Mikil rannsóknavirkni hjálpar okkur að ná markmiðum um kennslu,“ segir hann.

Afar fjölbreyttar rannsóknir fara fram í næringarfræði, bæði faraldsfræðilegar og ihlutandi, sem byggjast á tilraunum. „Dæmigerð rannsókn tekur oft nokkur ár frá umsókn til birtingar vísindagreinar. Margt af því sem fengist er við getur verið bæði fræðandi og mjög skemmtilegt. Til dæmis voru könnuð áhrif hefðbundins hamburgara annars vegar og laxborgara hins



vegar á blóðsykurstyrk, insúlínmagn, blóðfitu og mettunartilfinningu í stuttri rannsókn sem gekk undir nafninu Hamborgaratilraunin. Máltíðirnar innihéldu jafnmikið kolvetni, prótein, fitu og orku en fitusýrusamsetning, trefja- og grænmetismagn og sykurstuðull voru mismunandi. Niðurstöður tilraunarinnar sýndu fram á lægri blóðgildi hjá þeim sem innbyrtu laxborgarann og af því má draga þá ályktun að laxborgarinn hafi verið hollari.“



HÁSKÓLI ÍSLANDS OG HARVARD Í SAMSTARF

- Miðstöð í lýðheilsuvísindum vinnur að stórtækum rannsóknum í samvinnu við faraldsfræðideild Harvard

Háskóli Íslands og Harvard School of Public Health hafa endurnýjað samstarfssamning um hágæðavísindastarf sem felur í sér samvinnu í rannsóknum og kennslu ásamt þjálfun og leiðbeiningu ungra vísindamanna í lýðheilsuvísindum. Samningurinn er milli Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við háskólann og faraldsfræðideildar Harvard-háskóla. Hornsteinn samstarfsins eru rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli. Samanborið við önnur álíka algeng krabbamein er fátt vitað um áhrifaþætti og framvindu krabbameins í blöðruhálskirtli sem er í dag næstalgengasta dánarorsök vegna krabbameina hérlendis.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Hans-Olov Adami, prófessor og forseti faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health, staðfestu samninginn í júní sl. Rannsóknaverkefni Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum og faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health á krabbameini í blöðruhálskirtli byggjast á einstökum íslenskum efniviði frá Hjartavernd og Krabbameinsskrá. „Rannsóknirnar snúa fyrst og fremst að áhættu- og forspárþáttum um þróun sjúkdómsins, t.d. áhrifum mataræðis á æskuárum ásamt mikilvægi streitu og svefnvenja á þróun sjúkdómsins,“ segir Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður náms í lýðheilsuvísindum við HÍ.

Tveir doktorsnemar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og tveir nýdoktorar frá Harvard

School of Public Health vinna nú við þessar rannsóknir í samvinnu við fræðimenn allra framangreindra stofnana. „Rannsóknirnar eru meðal annars studdar af Rannsóknasjóði Íslands, Minningarsjóði Guðjóns Ólafssonar, Harvard Catalyst Award og Krabbameinsfélaginu Framför, en Framför hefur það að markmiði að efla og styðja við rannsóknir og fræðslu á krabbameini í blöðruhálskirtli.“

Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands var stofnuð í febrúar 2007 og fyrstu nemendurnir settust á skólabekk sama haust. Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá stofnun námsins hefur miðstöðin komið á laggirnar öflugtu rannsóknatengdu námi en nú stunda um 70 meistaranemar og 20 doktorsnemar nám í lýðheilsuvísindum.

„Námið er þverfræðilegt í eðli sínu og hefur verið vel sótt af frábærum einstaklingum með fjölbreyttan fræðabakgrunn,“ segir Unnur. Samstarf Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum og faraldsfræðideildar Harvard School of Public Health hefur leitt til sameiginlegra rannsóknaverkefna ásamt samvinnu í kennslu og þjálfun ungra vísindamanna.

„Kennarar og nýdoktorar við faraldsfræðideild Harvard School of Public Health hafa tekið drjúgan þátt í þróun námsbrautarinnar og stuðlað að fjölbreytni og gæðum í kennslu og leiðsögn nemenda í framhaldsnámi í lýðheilsuvísindum.“



Skóli með sögu og sál

Háskóli Íslands hefur verið hornsteinn þekkingaruppbyggingar á Íslandi í 100 ár. Stöðug framþróun og sterk framtíðarsýn er og verður styrkur Háskóla Íslands til að ná markmiðum sínum.



Skóli í stöðugri mótun

Háskóli Íslands er sífellt að stækka, nemendum fjölgar og kennarar skólans afla sér stöðugt nýrrar þekkingar og reynslu sem kemur þeim til góða við kennslu og rannsóknir. Á hverjum degi vinna kennarar, nemendur og annað starfsfólk Háskóla Íslands að því að gera skólann betri – samfélaginu öllu til góða.



Nýsköpun og rannsóknir

Kennarar háskólans og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi stunda fjölbreyttar rannsóknir í nánnum tengslum við íslenskt samfélag og atvinnulíf.



Alþjóðlegur háskóli

Alþjóðleg tengsl kennara Háskóla Íslands eru mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í fræðum sínum í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Þá á háskólinn samstarf við fjölmarga framúrskarandi erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um nemendaskipti, rannsóknir og fleira. Nemendur háskólans eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlendan háskóla.



Handrit.is hlýtur Hagnýtingarverðlaun HÍ

Vefsvæðið handrit.is hreppti Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands sem veitt voru á Nýsköpunarmessu HÍ seint í haust. Undirtitill verkefnisins er: Rannsóknargagngrunnur og samskrá um íslensk og norræn handrit. Markmið með Hagnýtingarverðlauninum er að laða fram hagnýtanlegar hugmyndir sem kviknað hafa innan háskólasamfélagsins. Vefsvæðið handrit.is er hugmynd frá Sigurgeiri Steingrímssyni, vísindamanni á Árnastofnun, Erni Hrafnkelssyni, forstöðumanni handritadeildar Landsbókasafns, og Matthew Driscoll, forstöðumanni Árnastofnunar í Kaupmannahöfn.

Verkefnið er á sviði norræna fræða og er

nútíma gagnagrunnur um íslensk og norræn handrit. Beitt er nútímataekni sem tengir saman ólíkar upplýsingar á nýstárlegan hátt. Hægt er að taka handrit og tengja við upplýsingar af ólíkum toga, m.a. staðsetningar og landfræðilegar og fornleifafræðilegar upplýsingar. Auk þess má leika sér með handritin í grunninum, bæta við eigin texta, athugasemdum, nýta myndskreytingar og raða ólíkum atriðum saman að vild. Gagnagrunnurinn verður bæði tæki til fræðilegra athugana og persónulegt verkfæri til eigin sköpunar og uppgötvana. Með vefnum eru handritin gerð aðgengileg öllum.

Ljósörvun opnar nýja sýn á frumur

Verkefnið Ný tækni til flúrljómunarrannsókna á lífandi frumum hlaut önnur verðlaun. Tæknin byggist á notkun örflögu sem er með eiginleikana til að ljósörva einungis þunnt lag nálægt yfirborði flögunnar. Frumum, með flúrljómandi sameindum, er komið fyrir á örflögunni og ljósörvun á sér eingöngu stað í þeim hluta frumunnar sem næst er yfirborðinu. Með þessu má bæði auka greinigæði mynda og skoða einstakar flúrljómandi agnir innan frumunnar sem veita m.a. upplýsingar um efnaflutning í eða við frumuhimnu. Með örflögum má ná fram jafnri lýsingu yfir stór svæði. Vonast er til að flagan geti þjónað margvíslegum tilgangi í framtíðinni, bæði sem lífnemi og sem ný öflug

rannsóknaraðferð í frumulíffræði. Björn Agnarsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands, er höfundur tillögunnar ásamt Kristjáni Leóssyni, eðlisfræðingi á Raunvísindastofnun.

Að gera fil úr flugu!

Þriðju verðlaun hlaut dansk-íslenskt máltæki Auðar Hauksdóttur, dósents í dönsku við Háskóla Íslands, sem hún kallar frasar.net. Með hugmyndinni er mætt þörfum notenda langt umfram hefðbundnar orðabækur. Í fyrsta lagi hefur frasar.net að geyma mun fleiri dönsk orðtök með skýringum á dönsku og íslensku og notkunardæmum en finna má í þeim tvímála orðabókum sem nú eru fáanlegar. Í öðru lagi gefur vefsvæðið kost á að finna sambærileg orðtök í máluum þó að kjarnaorðin séu ekki þau sömu. Þá fylgja lausninni upplýsingar til notenda, þegar líkindi eða ólíkindi með íslensku og dönsku geta valdið misskilningi eða leitt til misvísandi eða rangrar málnotkunar.

Með tillögunni hefur tekist að afmarka mörg sambærileg orðtakapör, t.d. íslenska orðtakið „Fara yfir lækinn eftir vatni“ og danska orðtakið „Gå over åen efter vand,“ en hefðbundnar orðabækur draga ekki fram slík líkindi. Þá hafa lík orðtakapör verið borin saman og skráðar leiðbeiningar til notenda þegar hættu er á misskilningi, t.d. þegar yfirborðsmyndin er ólík en merking mjög lík eða hin sama. Dæmi: íslenska: „gera úlfalda úr mýflugum,“ danska: „gøre myg til en elefant.“



1998

Jafnréttisnefnd HÍ tekur til starfa. Meginhlutverk jafnréttisnefndar er að vera háskólaráði til ráðgjafar um jafnréttismál í víðum skilningi.



EINSTÖK TILFINNING AÐ SYNGJA SAMAN

- segir **Elín Magnúsdóttir** í Kvennakór Háskóla Íslands

Pegar gengið er eftir Eiríksgötunni í Reykjavík getur iðulega hent að fagurlega samstilltar kvenraddir berist með blænum. Ef þú gengur á hljóðið birtist heill kvennakór á æfingu í Eirbergi, húsi Hjúkrunarfræðideildar HÍ. Það er einskær ástríða fyrir söngnum sem drífur þessar konur áfram sem allar eiga það sameiginlegt að vera stúdentar eða starfsmenn í Háskóla Íslands.

„Ást á söng og tónlist ýtti mér í kórstarfið,“ segir Elín Magnúsdóttir, sem er einn af stofnendum kvennakórsins. Hún er nemandi í bókmenntafræði við háskólann.

„Það sem drífur mig áfram er hversu einstaklega gaman er að koma saman og syngja,“ segir hún.

Kvennakór Háskóla Íslands var stofnaður haustið 2005 af nokkrum stúlkum sem sest höfðu á skólalækk í HÍ. Stúlkurnar höfðu hlotið tónlistarlegt uppeldi á Selfossi og höfðu sungið þar saman í unglingakór undir stjórn Margrétar Bóasdóttur. Svo vildi til að flestar stúlkurnar úr unglingakórnum hófu nám í Háskóla Íslands um svipað leyti og þá kviknaði sú hugmynd að blása lífi í kórinn á nýjum stað. Kvennakór Háskóla Íslands varð til og ekkert var meira við hæfi en að fá Margréti aftur sem stjórnanda. Það þurfti ekki að sækja hana langt því hún var sjálf við nám í háskólanum á þessum tíma.

Kórinn skipa hartnær 40 söngkonur og skilyrði fyrir inntöku er reynsla af kórsöng, hljóðfæraleik eða hvoru tveggja. Æfingar eru vikulega auk þess sem farið er í æfingabúðir eina helgi á hverju misseri. Skipan í Kvennakór Háskóla Íslands hefur ekki einskorðast við nemendur því konur úr hópi starfsmanna hafa einnig fengið að spreyta sig. Þá hefur kórinn notið ótvíræðra vinsælda



hjá söngelskum skiptinemum. Kórinn er því fjölþjóðlegur.

Kvennakórinn heldur fjölda tónleika á ári hverju, bæði í háskólanum og utan hans. Fluttir eru jólasöngvar á Háskólatorgi í desember og vortónleikar eru haldnir á sumardaginn fyrsta. Kvennakórinn gleður einnig með hádegissöng í ýmsum byggingum háskólans á hverju misseri og kórinn var sérstakur leynigestur á árhátíð HÍ á síðasta ári.

„Kórinn leggur áherslu á kirkjulega tónlist og söngva í æfingum fyrir jól,“ segir Elín „en eftir áramót eru veraldleg tónverk í fókus.“

Elín segir að kórinn sé alltaf að svipast um eftir nýjum röddum. „Við hvetjum konur í háskólanum til að koma og prófa, það er nefnilega alveg einstök tilfinning að syngja saman í hóp.“



„Háskóli Íslands, góðan daginn“

Það er nánast sama hvað um er spurt, aldrei er komið að tómu kofunum þegar hringt er í beina línu háskólans, 525 4000, og svarað er glaðlegri röddu: „Háskóli Íslands, góðan daginn.“

Ertu að leita að kennslustofu? Vantar þig símanúmer eða netfang hjá starfsmanni? Veistu ekki í hvaða stofu prófið þitt er eða, það sem verra er, veistu kannski ekki einu sinni hvað þú ætlar að spyrja um?! Það ætti að blessast því framverðir háskólans, konurnar á upplýsingaskrifstofu HÍ, þekjja spurninguna mætavel og vita líka nær alltaf rétta svarið. Ef ekki, þá finna þær stystu leiðina fyrir þig, enda búa þær yfir mikilli þekkingu á háskólasamfélaginu, langlundargeði, breiðu brosi og auðvitað ríki þjónustulund.

Skiptiborð Háskóla Íslands er á upplýsingaskrifstofu skólans í Aðalbyggingu og þar starfa þær Ása Kolka, Guðrún Pétursdóttir og Guðbjörg S. Haraldsdóttir.

Markmið upplýsingaskrifstofunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi Háskóla Íslands öllum þeim sem til hennar leita, hvort sem það eru nemendur, starfsmenn eða gestir. Ása Kolka, forstöðumaður skrifstofunnar, segir að auk þess að svara í símann sjái skrifstofan um bókanir í stofur og í gestaíbúðir og taki auk þess á móti öllum þeim sem leita til skrifstofunnar eftir þjónustu.

Ása segir að oft sé mikið fjör á skrifstofunni enda erill mikill og suma mánuði fer fjöldi símtala yfir tíu þúsund. „Það er mest í gangi í upphafi missera, á haustin og svo auðvitað eftir áramót þegar fjöldi nema kemur í skólann og þarfnast upplýsinga,“ segir Ása og grípur símann: „Háskóli Íslands, góðan daginn!“





Hjördís Rós Jónsdóttir, MA-nemi við Félagsráðgjafardeild

Sjálfsmynd unglunga og sjálfsvígshegðun

„Markmiðið með rannsókninni er að kanna hugsanleg tengsl veikrar sjálfsmyndar unglunga og sjálfsvígshegðunar,” segir Hjördís Rós Jónsdóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda um rannsókn sem hún vinnur að. Hjördís Rós segir að erlendar rannsóknir sýni fram á slík tengsl og að jákvæð sjálfsmynd sé talin verndandi þáttur þegar kemur að sjálfsvígshegðun.

„Með sjálfsvígshegðun er unglingurinn að tjá vanlíðan sína og vonleysi og að hann sé búinn að missa lífslöngun. Það er mikilvægt að rannsaka þetta svið til að reyna að komast að því hvers vegna unglingur hugsar um að enda líf sitt, gerir tilraun til þess, skaðar sig viljandi eða tekur þátt í annarri lífshættulegri hegðun.”

Hjördís Rós segir að kveikjan að rannsókn sinni sé tvíþætt en í henni hafi spurningalisti verið lagður fyrir þátttakendur í þremur framhaldsskólum á Íslandi. „Annars vegar hef ég brennandi áhuga á málefnum barna og unglunga og bættum aðstæðum þeirra og hins vegar langar mig að fjalla um málefni sem skiptir miklu í samfélaginu.”

„Ef til vill er það hluti af viðkvæmninni í umræðunni um sjálfsvígshegðun unglunga að við vitum ekki nákvæmlega hvað liggur að baki þeirri hugsun ungs fólks í blóma lífsins að langa ekki til að lífa lengur,” segir Hjördís Rós.

„Með bættri þekkingu á þessum þáttum og opnari umræðu um hvað hugsanlega liggur að baki sjálfsvígshegðun unglunga mætti vekja fólk

til umhugsunar og auðvelda því að bregðast rétt við þessum vanda. Því eru rannsóknir eins og mín mikilvægar til þess að hægt sé að grípa fyrr inn í sjálfsvígshegðunarferlið en nú og koma í veg fyrir að unglingar vilji enda líf sitt.”

Hjördís segir að þótt helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýni að þátttakendur séu almennt með sterka sjálfsvirðingu séu 8,5% þeirra með litla sjálfsvirðingu. „Stelpur eru með marktækt minni sjálfsvirðingu en strákar þótt munurinn sé ekki mjög mikill.” Í rannsókninni var spurt um nokkra þætti tengda sjálfsvígshegðun unglunganna, missi á lífslöngun, sjálfsvígshugsanir, sjálfsvígstilaunir, sjálfsskaðandi hegðun og lífshættulega hegðun.

„Ekki er hægt að alhæfa um niðurstöðurnar þar sem úrtakið er ekki nægilega dæmigert fyrir íslenskt þýði og svarhlutfall var fremur lágt. Niðurstöðurnar gefa eigi að síður nýtilegar vísbendingar en 33% þátttakenda höfðu einhvern tímann upplifað að þá langaði ekki að lífa, 20% þeirra höfðu hugleitt sjálfsvíg og 5% höfðu reynt sjálfsvíg. Þá höfðu rúm 13% þátttakenda sýnt af sér sjálfsskaðandi hegðun og 29% aðra lífshættulega hegðun. Strákar voru marktækt líklegri en stelpur til að hegða sér lífshættulega. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að eftir því sem sjálfsvirðing unglingsins eykst minnka líkurnar á sjálfsvígshegðun.”

Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild.



Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild

EFTIRLIT MEÐ EFTIRLITINU

Eftirlitsmyndavélum á Íslandi hefur fjölgað mikið á síðastliðnum árum. Á þetta við um vélar á vegum opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga.

Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði, stýrir, ásamt Bryndísi Björgvinsdóttur þjóðfræðingi, rannsókn og kortlagningu á eftirlits- og öryggismyndavélum í almannarými í miðborg Reykjavíkur. Valdimar segir að tilgangur verkefnisins sé margþættur en hann sé m.a. að meta umfang eftirlitsins og búa í haginn fyrir þá sem vilja meta vöxt og þróun eftirlits frá ári til árs, grennslast fyrir um sjónarhorn og reynslu þeirra sem nýta vélar, kanna í hvaða tilgangi þær eru settar upp og skynja afstöðu fólks til þeirra. Hugmyndin er jafnframt að gera borgarbúum kleift að nálgast upplýsingar um umfang og tilgang þess eftirlits sem er virkt og sjónsvið vélanna og eigendur þeirra.

Valdimar segir að ábyrgðaraðilum véla sem mynda almannarými sé skylt samkvæmt persónuverndarlögum að vara við eftirlitinu með áberandi hætti og tilgreina hver ber ábyrgð á því. Að sögn Valdimars leiddi kortlagning vélanna í ljós að slíkar viðvaranir eru fágætar og opinberar stofnanir og sjálfur löggjafinn sinni jafnvel ekki þessari skyldu sinni. Við þetta bætist svo, að sögn Valdimars, að hvergi er á nokkurn hátt haldið utan um þetta dreifða eftirlit. „Uppsetning eftirlits- og öryggismyndavéla er hvorki leyfisskyld né tilkynningarskyld þó að vélar skrái ferðir almennings um stræti og torg, svo fremi sem þær vakta líka eigur þess sem á og rekur myndavélina. Því eru hvergi til upplýsingar um fjölda þessara véla né staðsetningu þeirra,” segir Valdimar.

„Þess vegna ákváðum við,” segir hann, „til viðbótar við hefðbundna birtingu frá fræðilegum vettvangi, að gera eftirlitskort af miðborginni aðgengilegt á Netinu, með ljósmynd af hverri vél og með helstu upplýsingum um sjónsvið hennar og ábyrgðaraðila. Tilgangurinn með kortinu er að vekja borgarþá til vitundar um umfang eftirlitsins og stuðla að gagnrýnni umræðu á opinberum vettvangi um eftirlitsmyndavélar, öryggi og persónuvernd.”

Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild

HRYLLILEG FEGURÐ!

Náttúra norðursins í íslenskum ljóðum 19. og 20. aldar

„Skáldskapur, ekki síst ljóð, fela oft í sér skírskotanir til umhverfis eða náttúru. Ég á ekki aðeins við hina villtu náttúru því höfundar skrifa oft um nærumhverfi sitt, sem oftan en ekki er einhvers konar borgarlandslag,” segir Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild. „Rannsóknin fjallar um samband bókmennta og náttúru en kenningum vistrýni, samanburðarbókmennta og heimspeki er beitt við rannsóknina.”



Vistrýni er vaxandi rannsóknarsvið þar sem mikið starf er óunnið en Sveinn Yngvi vonast til að rannsókn hans verði til þess að fleiri kanni tengsl bókmennta og umhverfis enda fátt eins aðkallandi og umhverfismálin. „Það er erfitt og ástæðulaust að draga ákveðna línu milli borgar og sveitar, menningar og náttúru, því auðvitað býr náttúran líka í borgum. Ef við skoðum borgirnar okkar þá sjáum við að þar er gróður og veðráttu, svo dæmi sé tekið, auk þess sem hin villta náttúra er oft ekki eins ósnortin og af er látið. Þingvellir eru gott dæmi um þetta, allt frá miðöldum hafa menn breytt landslaginu þar, til dæmis með því að veita Öxará í annan farveg, gróðursetja tré og svo framvegis.”

Sveinn Yngvi segir að kveikjan að rannsókninni hafi verið afstaða samfélagsins til umhverfisins. „Skáldskapurinn getur gefið okkur einstaka sýn á þessa afstöðu og þróun hennar í árunna rás. Þegar skáld yrkja um umhverfið eru þau að staðsetja sig í tilverunni og lýsa oft sjálfum sér í leiðinni. Rannsókn á náttúru- og umhverfisljóðum getur því afhjúpað æði margt spennandi.”

Markmið rannsókna Sveins Yngva er að komast að því hvernig íslensk skáld á 19. og 20. öld lýsa náttúru norðursins í ljóðum sínum. „Náttúran birtist sem sérstakt viðfangsefni í listum og bókmenntum á 18. og 19. öld, einmitt á þeim tíma þegar þéttbýlismyndun er mikil á Vesturlöndum og menn fara að skynja náttúruna úr ákveðinni fjarlægð. Til verða ákveðnar fagurfræðilegar viðmiðanir sem hafa áhrif á skynjun manna og birtingarmyndir umhverfis í bókmenntum og listum. Skáld yrkja ljóð um hjarðir á beit í grænum haga en önnur eru uppteknari af ægifygurð náttúrunnar, af vetrarhörkum, hrikaleika fjalla



og öðru slíku. Til eru skáld sem sameinuðu þetta tvennt og ná að lýsa náttúrunni og afstöðu sinni til hennar á margbrotinn hátt sem nær jafnvel að endurspeglar vistfræðilegan margbreytileika. Þetta sjáum við hjá Jónasi Hallgrímssyni. Þessi samsetta náttúrusýn á sér framhald í skáldskap 20. aldar, meðal annars hjá smásagnskáldinu Gyrði Ellassyni. Um leið er eins og landslagið verði sálfræðilegra og það er einmitt þekkt ferli í erlendiri ljóðagerð, þar sem rætt er um svokallað innra landslag. Nútímatæknin hefur líka áhrif á náttúrusýn skáldanna, eins og sjá má allt frá stóriðjuljóðum Einars Benediktssonar til þeirrar kjarnorkuógnar sem atómskáldin yrkja um. Barna hefur hið manngerða tekið við því hlutverki sem ægifygurð náttúrunnar gegndi áður,” segir Sveinn Yngvi og bætur við: „Þetta er kannski það sem við getum kallað hryllilega fegurð.”

Sigurros Eiðsdóttir,
MA-nemi í íslenskum fræðum

„Þú ert nú meiri sauðurinn!“



„Í náminu hef ég fengist við málnotkunarfræði en þau fræði fjalla aðallega um það hvernig tiltekna aðstæður hafa áhrif á merkingu eða túlkun þess sem sagt er. Viðfangsefni MA-ritgerðarinnar er kaldhæðni eða írónía og hvernig merking ræðst af aðstæðum,“ segir Sigurros Eiðsdóttir, MA-nemi í íslenskum fræðum.

Það er þekkt að innan fræðanna er gjarnan greint á milli hversdagslegs tals og skáldlegs máls, t.d. er sagt að kaldhæðni, myndhvörf og nafnskipti sé aðeins að finna í skáldlegu máli. Við nánari athugun kemur hins vegar í ljós að daglegt tal okkar er uppfyllt af myndhvörfum og

ýmiss konar „stílbrogðum“. Sigurros tekur dæmi: „Við segjum t.d. að einhver sé sauður. Þetta er dæmi um myndhverfingar þar sem við líkjum ákveðnum eiginleikum dýra við eiginleika manna. Þetta er okkur svo eðlislægt að fræðimenn eins og Lakoff og Johnson segja að myndhvörf móti hugsun okkar.“

„Íróníuna, hins vegar, er ekki hægt að finna beint í merkingu orðanna heldur ræðst hún mun meira af aðstæðunum og samhengi. Ef við segjum t.d. að veðrið sé dásamlegt þegar það er í raun vont kalla aðstæðurnar á það að merkingin verður írónísk. Kaldhæðni hefur margvíslegu hlutverki að

gegna í máli okkar, ekki aðeins til að gagnrýna og vera fyndinn heldur einnig til að vekja samkennd eða áhuga á því sem sagt er,“ segir Sigurros.

„Ætlun mín er að kafa dýpra ofan í slík dæmi ásamt fleirum, úr töluðu og rituðu máli, og mun ég aðallega styðjast við kenningar innan hugrænna fræða en þau byggjast á því að tengsl almennrar hugarstarfsemi og máls séu mun meiri en menn hafa gert ráð fyrir,“ segir Sigurros að lokum.

Leiðbeinendur: Höskuldur Bráinsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir, prófessorar við Íslensku- og menningardeild.

Sigurgeir Guðjónsson, doktorsnemi í sagnfræði

Saga geðsjúkra á Íslandi

Sigurgeir Guðjónsson, doktorsnemi í sagnfræði, hefur rannsakað sögu geðsjúkra og geðheilbrigðismála á Íslandi frá 1834 til 1910. „Rannsóknir með svipuðu sviði hafa verið gerðar víða um heim,“ segir Sigurgeir, „en þetta er frumrannsókn á Íslandi þar sem almennt hefur verið lítið rannsakað á sviði heilbrigðissögu hér á landi.“

Tímabilið sem Sigurgeir skoðar tengist ákveðnum breytingum í samfélaginu. Fyrri ártalið, 1838, er miðað við setningu nýrrar fátækralöggjafar. Hann skoðar hvernig farið var með svokallaða niðurstæðing og hvernig viðhorfið var gagnvart geðveiku fólki í sveitum. Seinna ártalið, 1910, var valið því þá voru þrjú ár liðin frá því að Kleppsspítali var stofnaður. Sigurgeir fjallar um fyrstu ár spítalans í rannsókninni sem

skiptist í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum skoðar hann aðstæður geðveikra sem félagshóps og í því felst greining á eðli geðveikra einstaklinga, út frá hjúskap, kyni, aldri, heimilisaðstæðum og atvinnu. Í næsta hluta skoðar hann viðhorf gagnvart geðveiki, bæði viðhorf lækna og almennings. „Mikilvægt er að athuga hvernig lækna brugðust við geðsjúkdómum áður en Kleppsspítali var stofnaður, og hvernig ófaglært fólk brást við geðveiki,“ segir Sigurgeir. Því næst fjallar hann um aðgerðir hins opinbera á tímabilinu. „Þær leiddu til þess að Kleppsspítali var stofnaður,“ segir Sigurgeir. „Milliþinganefnd skoðaði mál fátækra og ein af niðurstöðum vinnu hennar var stofnun Kleppsspítala.“

Í síðasta hlutanum fjallar Sigurgeir um fyrstu ár Kleppsspítala og breytingarnar sem urðu í þessum



málaflokki við stofnun hans. „Þetta eru fyrstu skrefin í átt að uppbyggingu velferðarsamfélags á Íslandi, enda er Kleppsspítalinn fyrsti spítalinn sem íslenska ríkið stofnar,“ segir Sigurgeir. Hann vonar að rannsóknin muni varpa ljósi á þátt í þróun velferðarkerfisins á Íslandi.

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.



HROSS MYNDA STERK VINÁTTUSAMBÖND



„Hross mynda sterk vináttusambönd,“ segir Hrefna Sigurjónsdóttir, prófessor í líffræði við Menntavísindasvið. Rannsókn hennar snýst um félagshegðun hrossa en við rannsóknina fylgdist hún með villtu stóði í Austur-Landeyjum. Þetta gerði Hrefna ásamt Önnu G. Þórhallsdóttur, prófessor við LBHÍ, og tveimur nemum.

Á svæðinu réðu fjórir graðhestar ríkjum, hver með sitt stóð sem gekk laust á um 200 hektara landi. Engar girðingar voru til þess að hólfa stóðin af, en hver graðhestur hélt sínu stóði innan ákveðins svæðis. Þótt svæðin hafi skarast blönduðust stóðin ekki. Hrefna segir að furðu sjaldan hafi komið til átaka. „Við fylgdu með stóðunum í 320 tíma samtals sem krafðist úthalds og þolinmæði. Fyrstu næturnar voru kaldar og nokkrum sinnum þurftum við að flýja vegna sandroks sem skall á. Það verður að segjast að kraftgallarnir og heitt á brúsa er það sem bjargar manni við svona vinnu,“ segir Hrefna.

Hún segir að innræktun í þessum stóðum sé ekki meiri en í skipulagðri ræktun, en náttúran virðist sjá um slíkt. „Stóðhestarnir reka ungu hrossin á vissum tímamarki út úr hópnum, þ.á m. afkvæmi sín. Eftir það þurfa þau að bjarga sér sjálf og aðlagast nýjum hópi.“

„Hópar einkennast af virðingarröð og flóknu tengslaneti vináttusambanda. Þegar nýr hestur kemur inn í stóð er honum yfirleitt úthýst til að byrja með og hann þarf að sýna kjark til þess að vinna sér sess innan hópsins. Stundum verndar ráðandi hestur þann nýja. Við vitum líka að ung hross leita sér stundum skjóls hjá hinum æðri í hópnum.“

Hrefna segir að rannsóknir sínar og féлага sinna geti nýst vel hestaeigendum um allt land. Nauðsynlegt sé að hross alist upp í hóp, en þannig læri ungviðið reglurnar í samfélagi sínu. Hrefna segir að á Íslandi sé talið sérstakt umhverfi fyrir uppeldi hrossa.



Jón Örn Guðbjartsson og Bjarni Felix Bjarnason við upptökur á vísindarannsóknnum á Langjökli

Vísindarættir í Sjónvarpinu

Háskóli Íslands vann að gerð sjónvarpsþátta um vísindarannsóknir við skólann nær allt síðastliðið ár. Tilgangurinn með þáttunum er að veita fólki skarpa sýn á hið fjölbreytta starf sem vísindamenn skólans sinna og hvernig þeir vinna við rannsóknir við afar ólíkar aðstæður. Þættirnir ná yfir vísindarannsóknir á öllum fræðisviðum skólans.

Kvikmyndatökur hafa farið fram víða um land, m.a. á Skjálfaflóa, á Eyjafjallajökli, á meðan á eldsumbrotum stóð og í framhaldi af þeim,

á Langjökli, undir Snæfellsjökli, í Fljótshlíð, við Hekluætur, á Skriðuklaustri, í Reykjavík, Hvalfirði og víðar.

Þættirnir, sem eru teknir upp í háskerpu, verða sýndir í Ríkissjónvarpinu í vor í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands. Framleiðandi er Kuki, kvikmyndatökumaður er Bjarni Felix Bjarnason, um samsetningu og klippingu sér Konráð Gylfason en dagskrárgerð og stjórn upptöku er í höndum Jóns Arnar Guðbjartssonar, sviðsstjóra hjá HÍ.





NEMAR HANNA RAFBÍL

Priðjáu manna hópur nemenda úr verkfræðideildum og Vísiskipta- og Hagfræðideild HÍ munu í vetur vinna sameiginlega að hönnun og smíði rafmagnsbíls. Ákveðið var í upphafi að verkefninu yrðu sett ákveðin tímamörk en nemendurnir munu fá einingar fyrir þátttökuna.

Markmiðið með verkefninu er að öðlast þekkingu á mismunandi orkugjöfum, hönnun, rafhlöðum og ýmsu öðru. Þannig myndast þekking á smíði og hönnun á ökutækjum sem nota hreinni orku en nú tíðkast.

Nokkrir erlendir aðilar hafa sýnt verkefninu áhuga en í þeim hópi er norsk rafbílaframleiðandinn Think. Teyminu sem vinnur við hönnun og smíði rafbílsins hefur staðið til boða að heimsækja höfuðstöðvar Think og kynna sér framleiðsluna þar.

Á meðal þeirra sem styrkja verkefnið er Evrópusambandið og RANNÍS auk þess sem íslensk fyrirtæki hafa lagt verkefninu lið. Einn þessara íslensku samstarfsaðila er Össur en mikil þekking er þar á bæ á kolefnatrefjum sem nýtist við hönnun og smíði bílsins.

Teymið hefur nú þegar skráð sig í alþjóðlega keppni sem nefnist Formula Student en hún er fram nú í sumar. Formula Student er stærsta keppni í sínum flokki í Evrópu. Keppnin er haldin af Institution of Mechanical Engineers en samstarfsaðilar keppinnar eru mörg af þekktustu fyrirtækjum heims í bílaiðnaðinum. Í keppninni fá nemendur reynslu við að hanna, þróa, smíða og markaðssetja eins sætis kappakstursbil.

Eggert Gunnarsson, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum Smitandi hósti í hrossum

Óþekktur sjúkdómur kom upp í hrossum á vormánuðum 2010 og af þeim sökum var Landsmóti hestamanna, stærsta viðburði hestamennsku á Íslandi, frestað um ár. Í fyrstu var talið að um veirusýkingu væri að ræða en rannsóknir Eggerts Gunnarssonar, dýralæknis og bakteríusérfræðings, og samstarfsmanna hans á Keldum leiddu hið rétta í ljós.

„Sjúkdómurinn er bráðsmitandi og lýsir sér sem útferð úr nefi og þurr hósti. Hestarnir urðu í sumum tilvikum þreklitlir en veiktust ekki mikið að öðru leyti. Yfirleitt fengu þeir t.d. hvorki hita né misstu átlýst,“ segir Eggert sem starfar sem deildarstjóri sýkla-, snikjudýra- og meinafræðideildar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

„Við ræktuðum ákveðna bakteríu, svokallaðan tækifærissýkil, en líklega er þessi baktería

aðalorsök þessa sjúkdóms. Svipaður sjúkdómur er þekktur í hrossum erlendis en þá oftast sem kjölfarssýking, þ.e. sjúkdómur sem fylgir í kjölfar annars sjúkdóms. Svo virðist að hér sé um frumorsök að ræða.“

Eggert segir sjúkdóminn nýjan hér á landi þó svo að bakterían sjálf, *Streptococcus equi* subsp. *zooeidemicus*, hafi oft fundist hér áður. Erendis hafa 40 afbrigði bakteríunnar verið greind í hrossum með sameindalíffræðilegum aðferðum. „Rannsóknir okkar hafa sýnt að nýtt afbrigði bakteríunnar hefur borist hingað til lands, væntanlega með fólki, reiðtygjum eða hönskum, og smitað mjög næman hrossahóp. Bakterían getur lifað utan hýsilsins í nokkra mánuði. Í örfáum tilfellum hefur sjúkdómurinn dregið hross til dauða og vísbendingar eru um að smit hafi borist í aðrar dýrategundir og menn.“





KORTLEGGUR VETRARBRAUTINA

Guðlaugur Jóhannesson vinnur að þróun líkans af Vetrarbrautinni í samvinnu við Stanford og NASA

Nú í haust hófst samstarf milli Raunvísindastofnunar háskólans og Stanford-háskóla um þróun á líkani af Vetrarbrautinni sem notað verður við úrvinnslu gagna úr Fermi-gervitunglinu en það er rekið af Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA. Verkefnisstjóri á Íslandi er Guðlaugur Jóhannesson sem hefur unnið að hliðstæðum rannsóknum við Stanford-háskóla undanfarin þrjú ár og verið virkur þátttakandi í Fermi-rannsóknarverkefninu. Mikill fengur er fyrir Raunvísindastofnun og Háskóla Íslands að þessu samstarfi sem efla mun enn frekar rannsóknir í stjarnvísindum á Íslandi.

„Fermi-tunglinu var skotið á loft í júní 2008 og hefur frá þeim tíma aukið gríðarlega við þekkingu okkar á háorkugeislun utan úr geimnum, segir Guðlaugur. „Á fyrstu mánuðum mælinganna fann

tunglið til dæmis 16 áður óþekktar tistjörnur og hefur síðan gert fjölda annarra uppgötvana.“ Tímaritið Science taldi þessa niðurstöður Fermi-gervitunglsins á meðal stærstu uppgötvana ársins 2009.

Í Fermi-gervitunglinu eru tvö mælitæki, stór sjónauki sem næmur er fyrir háorku gamma-geislun og minni sjónauki sem næmur er fyrir röntgengeislun og lágorkugamma-geislun.

„Stóri sjónaukinn er aðalmælitæki Fermi-gervitunglsins og saman skanna þessi tæki alla himinhvelfinguna á þriggja tíma fresti,“ segir Guðlaugur.

Guðlaugur segir að alþjóðlegur hópur um 400 vísindamanna vinni að Fermi-rannsóknarverkefninu og þeir komi frá meira en tíu þjóðlöndum. „Þetta er stórt alþjóðlegt samstarf með fólk í flestum

tímabeltum,“ segir Guðlaugur. „Samskipti fara fram á Internetinu og margir fjarfundir eru í hverri viku. Erfitt er að tímasetja fundina svo að henti öllum svo að margir þurfa að vakna snemma og aðrir að vaka fram eftir til að sækja fundina.“

Verkefnið er að mestu leyti fjármagnað af NASA og Orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna en einnig taka virtar stofnanir í Frakklandi, Ítalíu, Japan og Svíþjóð stóran þátt í því. Nú þegar hafa niðurstöður mælinganna verið birtar í yfir 100 ritrýndum greinum í virtum tímaritum, meðal annars í Science og Nature. Gangi allt að óskum mun gervitunglið halda áfram mælingum næstu átta árin.

Guðlaugur Jóhannesson útskrifaðist með doktorspróf í stjarnæðlisfræði frá Háskóla Íslands árið 2006 undir handleiðslu Gunnlaugs Björnssonar og Einars H. Guðmundssonar og var það fyrsta doktorsprófið í stjarnæðlisfræði frá skólanum. Eftir útskrift starfaði Guðlaugur sem sérfræðingur á Raunvísindastofnun háskólans í eitt ár þar til hann gekk til liðs við Fermi-rannsóknarverkefnið við Stanford-háskóla sumarið 2007.

Hvers vegna valdir þú þína námsleið?



Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir
B.Ed.-nemi í grunnskólakennarafræði

Var í viðskiptafræði og ég fann að stærðfræðin átti vel við mig, með kennarastarfinu vil ég vekja áhuga hjá öðrum á stærðfræði.



Tómas Páll Máté
BS-nemi í eðlisfræði

Stjarnfræðiáfangi í menntaskóla kveikti áhuga minn á stjarnfræði og uppruna alheimsins en ég hef alltaf haft áhuga á vísindum. Eðlisfræði er góður undirbúningur fyrir rannsóknir í kjarneðlisfræði og stjarnæðlisfræði sem er meðal þess sem mig langar að stunda í framtíðinni.



2001

Fyrsta rannsóknasetur Háskóla Íslands var stofnað þann 30. nóvember þetta ár á Höfn í Hornafirði. Meginmarkmið setursins frá upphafi hefur verið að auka við þekkingu um náttúru, menningu og samfélag á landsbyggðinni. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir sem tengjast ferðaþjónustu.

Alma Björk Guttormsdóttir, MPH í lýðheilsuvísindum OFFITA ÍSLENSKRA BARNA EYKST HRATT

„Offita er alheimsvandamál og eitt af helstu viðfangsefnum 21. aldarinnar. Þetta vandamál kallar á áhrifaríkar forvarnaaðgerðir og áætlanir varðandi þyngdarstjórnun. Mjög mikilvægt er að fólk taki ábyrgð á eigin heilsu, ekki síst til að sporna við ýmsum áhættuþáttum sem fylgja offitu. Offita getur haft alvarlegar afleiðingar, eins og háþrýsting, sykursýki af tegund tvö, hjarta- og æðasjúkdóma og margs konar krabbamein,“ segir Alma Björk Guttormsdóttir, MPH í lýðheilsuvísindum.

Hún lauk meistara verkefni sínu í lýðheilsuvísindum á haustdögum en það fjallar um offitu íslenskra barna. „Rannsóknir hafa sýnt að offita íslenskra barna eykst hratt. Svo er komið að íslensk börn eru með þeim þyngri í Evrópu en við erum enn undir þeim mörkum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setur hvað

offitufaraldur varðar,“ bætir Alma við.

Alma segir að hún hafi lengi haft áhuga á forvörnum og þegar Miðstöð í lýðheilsuvísindum var sett á lagginnar við Háskóla Íslands haustið 2007 skellti hún sér í námið. Hún var þá staðráðin í að rannsaka þætti tengda offitu.

Við rannsókn Ölmur voru tekin viðtöl við tólf foreldra níu ára barna á höfuðborgarsvæðinu, sem mældust of feit við upphaf rannsóknarinnar og einnig við upphaf skólagöngu.

„Í þessum viðtölum komu fram ýmsar ábendingar um úrræði. Foreldrarinn óskuðu t.d. eftir því að fá aðgang að næringarfræðingi á viðkomandi heilsugæslustöð sem gæti aðstoðað foreldra við að kaupa og elda næringarrikan mat. Jafnframt töluðu foreldrarinn um að börnin hefðu byrjað að þyngjast þegar þau hófu skólagöngu.

Því mætti ætla að skólahjúkrunarfræðingar ættu að boða öll börn og foreldra í viðtal við upphaf skólagöngu til að fara yfir þætti sem tengjast heilbrigðum lífsstíl,“ segir Alma.

„Foreldrarinn í rannsókninni hefðu viljað fá ábendingu fyrr frá skólahjúkrunarfræðingi, þegar fyrir séð var hvert þyngdin stefndi samkvæmt reglulegum þyngdar- og hæðarmælingum.“

Alma segist fyrst og fremst vonast eftir því að niðurstöður rannsóknarinnar komi til með að nýtast starfsfólki heilbrigðis- og skólakerfisins, „bæði til að þróa forvarnir gegn offitu og leiðbeina um hvernig best sé hægt að aðstoða of feit börn og foreldra þeirra til að takast á við vandann,“ segir Alma.

Leiðbeinandi: Helga Sif Friðjónsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild.

Sárlasniir bangsar læknaðir á Bangsaspítalanum

Mikill fjöldi barna kom með bangsana sína á Bangsaspítalan landsfræga á Háskólatorg í vetur. Áður hafði spítalinn verið starfræktur á barnadeild Hringins og víðar. Bangsaspítalinn hefur vakið athygli fyrir að lækna sárveikar brúður og bangsa. Lýðheilsufélag læknanema stendur fyrir Bangsaspítalanum. Meðan spítalinn er opin er öllum börnum á aldrinum 3 til 6 ára velkomið að mæta með bangsa og dúkkur í lækni skoðun.



Þessi kornunga snót mætti með kaninuna sína í skoðun og hafði nokkrar áhyggjur af heilsu hennar. Stúlkan fékk að sjálfsgöðu að prófa „lækni dótið“ til að kanna hvort ekki væri kröftugur hjartsláttur í sjúklingnum. Auðvitað var leyst úr öllum vandræðum hratt og örugglega og kaninan fór miklu hressari heim með nýjan plástur.



Ragna Ingólfssdóttir, BA, Sagnfræði- og heimspekideild

MAÐURINN ER HEILD HUGAR OG LÍKAMA

Ragna Ingólfssdóttir, BA í heimspeki með sálfræði sem aukagrein og margfaldur Íslandsmeistari í badminton, skrifaði lokaritgerð sem bar yfirskriftina „Fyrirbærafræði samspils hugar og líkama í ljósi kenninga Merleau-Ponty, og með hliðsjón af þjálfun íþróttamanna“.

Eins og nafnið á ritgerðinni gefur til kynna samþætti Ragna íþróttaiðkun sína að hluta við efnistösk ritgerðarinnar en Ragna hefur verið einn af fremstu íþróttamönnum landsins um árabíl. Ragna segir að lokaverkefnið hafi fjallað um samspil hugar og líkama og upplifun mannsins á tilverunni sem andleg og líkamleg vera. „Ég fjallaði í ritgerðinni um þær hugmyndir fyrirbærafræðinnar sem reynst hafa vel fyrir íþróttfræði og íþróttakennslu og skoðaði í því tilliti hugmyndir um líkamsgreind með dæmum af íþróttafólki segir Ragna.“

Ragna segir að hún hafi mikinn áhuga á þeirri tvíhyggju sem felst í tengslum hugar og líkama. „Ég hafði lært mikið um tvíhyggjukenningu Descartes um eðli heimsins. Mig langaði að skoða hana nánar og flétta saman við kenningar fyrirbærafræðinnar og áhugaverðar þælingar franska heimspekingsins og fyrirbærafræðingsins Merleau-Ponty um hug og líkama.“

Samkvæmt skilgreiningu heimspekinnar er tvíhyggja kenning sem gengur út frá grundvallandi tvískiptingu, í tilfelli Rögnu er það tvíhyggja tengd líkama og sál. Tvíhyggja sem fæst við anda og efni er gjarnan ofin þeirri hugmynd að frumþættir

tilverunnar séu tveir, annars vegar þáttur efnisins og hins vegar andans. Oft er hugmyndin að þessir tveir þættir séu óháðir hvor öðrum og geti því jafnvel lifað án tilvistar hins. Tvíhyggju er að finna bæði í vestrænum og austrænum trúarbrögðum og í heimspeki.

Þá notast Ragna við fyrirbærafræðina, heimspekistefnu sem tekst á við tilvistarspurningar og mannlega vitund út frá sjónarhorni fyrstu persónu. Fyrirbærafræði kom fram sem heimspekistefna á síðustu öld og hefur haft ómæld áhrif á iðkun heimspekinnar.

Um helstu niðurstöður rannsóknarinnar segir Ragna að enn skorti áreiðanleg gögn sem útskýri samspil hugar og líkama. „Þjálfun hugar og líkama er þó mikilvæg, og æfingar sem styrkja samband hugar og líkama eru nauðsynlegar, þá sérstaklega fyrir íþróttamenn.“

Ragna heldur áfram „Mennirnir geta þroskað sig og vitund sína með því að vera meðvitaðir um líkama sinn og huga. Maðurinn er ein heild hugar og líkama.“

Að lokum segir Ragna að sálfræði hafi hentað sér vel með heimspekinni og íþróttunum og þetta þrennt hafi verið þeir meginkraftar sem hún setti í ritgerðina. „Í sálfræðinni skoðar maður til dæmis hugann og hegðun fólks. Ég gæti vel hugsað mér að læra íþróttasálfræði í framhaldinu.“

Leiðbeinandi: Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911–2011



FORSÍÐAN

Myndirnar á forsiðu eru fengnar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur og í skjalasafni Háskóla Íslands.

Frá vinstri til hægri:

Teikning af Aðalbyggingu HÍ og svæðinu umhverfis hana.

Aðalbygging Háskóla Íslands, teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, fyrrverandi húsameistara ríkisins.

Aðstaða til lestrar í Háskóla Íslands. Veggirnir umhverfis námsmennina eru þaktir bókum.

Hátíðasalur Háskóla Íslands um 1960 til 1970.

Langferðabífreiðum lagt fyrir framan Aðalbyggingu á sjöunda áratug síðustu aldar.

Háskólaráð á fundi í kennarastofu háskólans í Alþingishúsinu. Myndin var tekin veturinn 1939-1940, síðasta veturinn sem skólinn var þar til húsa.

Stúdentar frá 1911. Myndin var tekin í Alþingisgarðinum árið 1912 að loknu prófi í forspjallsvisindum. Háskóli Íslands var til húsa í Alþingishúsinu frá 1911 til ársins 1940 þegar Aðalbygging var tekin í notkun.

Frá Reykjavíkurtjörn. Þjóðminjasafnið, Gamli-Garður og Aðalbygging Háskóla Íslands.

Fyrsti dráttur í Happraðtti Háskóla Íslands fór fram í Iðno hinn 10. mars 1934. Í stærra hjólinu, sem stúlkan stendur við, voru númerin, en vinningsupphæðir í því minna.

Reykjavíkurtjörn árið 1957. Aðalbygging Háskóla Íslands, jarðfræðihús, Gamli-Garður og Þjóðminjasafnið við Suðurgötu eru í bakgrunni.

Aðalbyggingin á vígsludegi árið 1940. Almennangi var gefinn kostur á að skoða bygginguna að vígsluathöfn lokinni.

Grunnur grafinn að háskólabyggingu sumarið 1936.

Framkvæmdir framan við Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Yfirlitsmynd af Háskólasvæðinu.

Frá vígslu Háskóla Íslands í Hátíðasalnum, þann 17. júní 1940.



VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nýnemaðagar Háskóla Íslands eru ávallt haldnir í byrjun september, við upphaf haustmissisris. Nýnemaðögum er ætlað þrjúþætt hlutverk. Í fyrsta lagi er nýjum stúdentum fagnað. Í annan stað er þeim ætlað að vera fræðandi og upplýsandi fyrir nýtt fólk á nýjum stað. Í þriðja lagi eiga þeir að endurspeglar gleðina sem kviknar við upphaf skólagöngu og nær hámarki þegar markmiðum hvers misseris er náð.

Á Nýnemaðögum Háskóla Íslands er margt í boði fyrir gesti og gangandi. Boðið er m.a. upp á gönguferðir um háskólasvæðið, hagnýta fyrirlestra hjá Náms- og starfsráðgjöf háskólans, tónleika og dans á Háskólatorgi ásamt mörgu öðru.

Hljómsveitin Varsjárbandalagið spilaði pönkaðan polka á Háskólatorgi.



Tónlistar notið á Háskólatorgi.



Fyrir opnu marki í Háskóla Íslands.

Hjálmar fögnuðu með nýnemum í boði Félagsstofnunar stúdenta.





GUFAN

Í Þróttahúsi Háskóla Íslands er margt viskulegt skrafað, en hvergi þó af meiri áfergu en í gufubaðinu í kjallaranum. Viskan er nærri áþreifanleg í gufumettuðu loftinu, á meðan prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stúdentar kryfja heimsmálin og vísindin, kviknaktir en með handklæði um sig miðja.

„Þrekþjálfun og blak með samkennum hefur dugað mér vel í hartnær fjóra áratugi. Gufubaðið er kærkomið í lok vinnuviku. Það sem þar er rætt

er ekki gert opinbert en sagt er að ekkert mál megi til lykta leiða í HÍ fyrr en það hefur verið fullrætt í gufubaðinu,” segir Hörður Filippusson, prófessor í lífefnafræði við HÍ. Hann er einn af fastagæstum gufubaðsins.

Eftir góða stund í gufubaðinu er hægt að hvíla lúin bein á huggulegum trébekkjum heilsulindar Þróttahúss háskólans og leyfa viskunni að síast inn í kollinn. Einnig er að hægt að huga að hreystinni í skipulögðum tímum í sal Þróttahússins

eða lyfta lóðum í tækjasalnum á efri hæðinni. Árskort í herlegheitin kostar einungis 7.000 krónur á ári.

Þróttahús Háskóla Íslands stendur við Suðurgötuna, milli Háskólatorgs og Árnagarðs. Það var reist á árunum 1946 til 1947 og við það var byggt árið 1960. Arkitekt hússins er Gísli Halldórsson.



Lára Jóhannsdóttir, doktorsnemi við Viðskiptafræðideild

UMHVERFISMÁL MÓTA REKSTUR TRYGGINGAFÉLAGA

„Þrátt fyrir að umhverfismál móti rekstrarumhverfi fyrirtækja, og hafi þannig bein og óbein áhrif á viðskiptalífið, hafa tengsl þeirra við viðskiptalífið verið lítt rannsökuð hér eða sett í stærra samhengi,” segir Lára Jóhannsdóttir, doktorsnemi í Viðskiptafræðideild. Þverfagleg rannsókn hennar beinist að norrænum váttryggingafélögum og umhverfisáhrifum á starfsemi þeirra. Lára hefur langa reynslu af starfi váttryggingafélaga og fléttar hana inn í rannsóknir sínar. Að sögn Láru er rannsókninni ætlað að kanna mikilvægi umhverfisstjórnunar fyrir rekstur váttryggingafélaga.

„Á undanförunum áratugum hefur áhersla á umhverfismál farið vaxandi alþjóðlega. Það stafar m.a. af auknum áhyggjum af mengun, afleiðingum loftslagsbreytinga, aukinni efnanotkun, erfðabreyttum lífverum og tapi á líffræðilegri fjölbreytni,” segir Lára og bætir við: „Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru taldar ein alvarlegasta áskorun mannkynsins, en þær munu valda óhagstæðu og öfgakenndu veðurfari sem eykur rekstrarlega áhættu váttryggingafélaga. Tjón af umhverfsvöldum hafa nú þegar áhrif víða um heim. Kröfur á hendur váttryggingafélögum vegna veðurfarstengdra hamfara, s.s. fellibylja og flóða, hafa aukist jafnt og þétt. Á það við um

eignatjón og mannskaða. Á Norðurlöndum er birtingarmyndin m.a. ofsaveður, skýfall, hitabylgjur og flóð, auk þess sem breytt veðurfar veldur ótímabærum skemmdum á húsum sem rýrir virði þeirra,” segir Lára.

Niðurstöður nýtast stjórnvöldum

Lára segir að jafnvel þótt norræn váttryggingafélög séu starfrækt þar sem síður gæti afleiðinga loftslagsbreytinga, en víða annars staðar, séu þau engu að síður hluti af hnattrænu váttryggingakerfi. „Áhrif loftslagsbreytinga á rekstur váttryggingafélaga verða bæði bein og óbein. Bein áhrif eru vegna áhættu sem váttryggingafélög hafa sjálf tekið að sér að tryggja, en óbein áhrif munu stafa af tíðari og alvarlegri tjónum sem dreifast á endurtryggjendur og geta leitt til lakari viðskiptakjara en áður.”

Lára segir að samtök norrænna váttryggingafélaga séu farin að beina sjónum að afleiðingum loftslagsbreytinga og hvað váttryggingafélögin geti gert til að draga úr neikvæðum afleiðingum þeirra. „Þorri váttryggingafélaga er þó enn frumkvæðislítil þegar kemur að loftslagsmálum. Æskilegt er að á skömmum tíma snúist þetta við og að þau taki aukið frumkvæði í þessum málum,” segir Lára.

Að sögn Láru hefur rannsóknin fræðilegt og hagnýtt gildi. „Niðurstöðurnar munu nýtast stjórnvöldum þegar kemur að stefnumörkun á sviði umhverfismála, svo og váttryggingageiranum í að endurskoða verklag og starfshætti á sviði umhverfismála. Þannig verði unnt að draga úr tjónum og skapa ný tækifæri með framboði á nýjum váttryggingategundum,” segir Lára

Leiðbeinendur: Snjólfur Ólafsson, prófessor við Viðskiptafræðideild, Brynhildur Davíðsdóttir, dósent við Hagfræðideild og Michael E. Goodsite, prófessor við Danish National Environmental Research Institute, Árósháskóla.



Háskóli unga fólksins tekur til starfa. Þann 21. júní mættu 130 börn og unglingar á aldrinum 12-16 ára á háskólalóðina til að taka þátt í vikulangri dagskrá Háskóla unga fólksins, sem samanstóð af fjölda námskeiða, fyrirlestra, tilrauna og æfinga á ólíkum fræðasviðum. Var dagskránni ætlað að svara fróðleiksfýsn þátttakenda og kynda undir áhuga þeirra á vísindum og fræðum. Reist var stórt tjald í Skeifunni fyrir framan Aðalbyggingu, svonefnd Sæmundarbúð, sem var miðstöð nemenda í kennsluvikunni. Skólalögin lauk með glæsilegri lokahátíð þar sem Páll Skúlason rektor afhenti nemendum viðurkenningu fyrir nám sitt í skólanum. Háskóli unga fólksins hefur verið starfræktur hvert sumar frá árinu 2004. Fróðleiksfúsir og fjörugir krakkar hafa þá lagt undir sig háskólasvæðið og sett einstakan svip á umhverfið.





Lena Hrönn Marteinsdóttir,
MA-nemi við Félagsráðgjafardeild

Skilyrt fjárhagsaðstoð

„Í rannsókninni er fjallað um skilyrðingar í fjárhagsaðstoð en mörg nágrannalanda okkar hafa sett í löggjöf sína skilyrðingar fyrir slíkri aðstoð. Oft er skilyrðið einhvers konar virkni, til dæmis að taka þátt í námskeiði eða starfsþjálfun,“ segir Lena Hrönn Marteinsdóttir um MA-rannsókn sína við Félagsráðgjafardeild.

Lena Hrönn segir mikla áherslu í Evrópu á virkni þeirra sem þar þiggja velferðarþjónustu. Hún segir að hér hafi löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir verið endurskoðuð, en ólíkt löggjöf um félagsþjónustu á Norðurlöndum, hafi ákvæði um fjárhagsaðstoðina ekki tekið jafnmiklum breytingum hér. „Hér hafa tvö frumvörp farið fyrir Alþingi þess efnis að leyfa sveitarfélögum að skilyrða fjárhagsaðstoð, en báðum verið synjað. Það er þó ljóst að einhver sveitarfélög hérlendis skilyrða fjárhagsaðstoðina þótt það sé ekki heimilað í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga,“ segir Lena. Hún bætir við að með rannsókninni verði meðal annars kannað hversu mörg sveitarfélög skilyrði fjárhagsaðstoðina og hvort þau geri það á grundvelli laga. „Þess vegna er mikilvægt að kortleggja hvernig sveitarfélögin haga framkvæmd fjárhagsaðstoðar,“ segir Lena Hrönn. „Rannsóknin mun líka sýna hvort mikill munur sé á milli einstakra sveitarfélaga.“

Lena Hrönn segir mikilvægt að skoða á hvaða hátt löggjöf Norðurlandanna hafi breyst og bera hana saman við það sem hér tíðkast samhliða því að meta hvort norræna módelið virki hérlendis. „Það er mikilvægt að fylgjast með þróun í velferðarþjónustu nágrannalanda, en jafnframt verður að athuga hvort aðferðir þar henti hér áður en þær eru teknar í notkun.“

„Við erum í efnahagsþrengingum,“ segir Lena Hrönn, „þar sem aukið atvinnuleysi skeur landið. Sá hópur stækkar sem þarf að nýta sér fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Því er mikilvægt að huga að því hvernig fjárhagsaðstoð kann að nýtast sem tæki til skilyrðinga og hvort krafa um framlag eða virkni hafi jákvæð áhrif,“ segir Lena Hrönn. Hún bætir við að rannsóknin gæti þannig gefið vísbendingar um réttmæti skilyrðinga og þá hvort þörf sé á lagabreytingum sem yrðu samtímis í þágu þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð og samfélagsins.

Lena Hrönn segist vonast til að rannsóknin hafi gildi fyrir einstaklinga, ríkið og einnig sveitarfélögin um setningu og framkvæmd laga og reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild.



Einar Erlendsson guðfræðistúdent Bætt aðgengi gerir samfélagið máttugra

Á haustmánuðum var gerð mikil bragarbót á aðgengi fyrir fatlaða í Aðalbyggingu Háskóla Íslands með nýrri og stærri lyftu sem gengur á allar hæðir byggingarinnar. Jafnframt var aðgengi hjólastóla að aðaldrym byggingarinnar tryggt. Með þessum breytingum er aðgengi fatlaðra einfaldað mjög um þessa elstu byggingu háskólans. Guðfræðistúdentinn Einar Erlendsson finnur mikinn mun á starfsumhverfi sínu í framhaldi af þessum breytingum en Aðalbyggingin er hans heimasvæði í háskólanum. Þar sækir hann flesta tíma auk þess sem flestir kennarar hans hafa aðsetur í byggingunni. Það má því með sannri segja að breytingarnar hafi lokið upp Aðalbyggingunni fyrir Einari í haust. Við settumst að spjalli með honum yfir kaffibolla til að heyra hvernig honum litist á þessar breytingar.

Einar segir að þær skipti ekki bara hann sjálfan höfuðmáli heldur allt samfélagið. Það skipti máli að allir eigi jafna möguleika á að stunda nám við Háskóla Íslands. „Menntun er máttur, eins og allir vita. Það er þjóðfélaginu til hagsbóta að mennta alla sem það vilja. Ef menntun er máttur þá er menntað samfélag máttugt og í þannig samfélagi viljum við lifa, er það ekki?“ spyr Einar.

Fyrir mig skiptir miklu máli að vera hluti af heild sem starfar saman, bæði í námi og félagslífi. Eftir breytingarnar get ég sótt kaffistofu guðfræðinema, sem er í kjallara Aðalbyggingarinnar. Það er ánægjuleg breyting. Við erum öll mismunandi, með ólíkar þarfir, en það sem sameinar okkur er menntan.“

Einar var í miðjum verkefnaskilum þegar við hittum hann, áður en prófaverðiðin skall á með fullum þunga fyrir jólin. „Ég var að skila tveimur ritgerðum, fyrir og eftir helgi, og það var nokkuð strembið, en hafðist eins og alltaf,“ segir Einar og brosir. Hann segist vera ánægður í guðfræðinni, sem sé mjög fjölbreytt; það hafi t.d. komið honum á óvart hversu þverfaglegt námið sé. „Guðfræðin snertir margar aðrar fræðigreinar, t.d. sagnfræði, félagsfræði, sálfræði, mannfræði, heimspeki og siðfræði, svo að eitthvað sé nefnt. Guðfræðin fæst við tilvist mannsins í veröldinni og reynir m.a. að útskýra hvernig sambandi Guðs og manns er háttað,“ segir Einar og kveður með blessunarorðum. Hann er snar í snúningum, staldrar við á nokkrum stöðum og heilsar samstúdentum kumpánlega áður en hann hverfur úr ylnum á Háskólatorginu út í skammdegismyrkrið.

Gunnar Stígur Reynisson, meistaranemi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

TÁR, BROS OG TRÚARBRÖGÐ

„Flestir gera sér eflaust grein fyrir því sameinandi afli sem fótboltinn er í menningunni þótt fáir hafi kannski myndað sér afgerandi skoðun á því hvort knattspyrna geti talist til trúarbragða,“ segir Gunnar Stígur Reynisson, meistaranemi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. „Það er langt síðan ég tók eftir því hversu stórt hlutverk fótboltinn leikur í lífi fjölda fólks víðast hvar í heiminum, enda mikill fótboltaáhugamaður sjálfur. Það var því ekki langt liðið á námið þegar ég ákvað að skrifa ritgerð um „trúarbrögðin“ knattspyrnu og fór að sanka að mér heimildum. Í verkefninu skoðaði ég hvort hægt væri að flokka knattspyrnu sem trúarbrögð í ljósi allrar þeirrar

trúarbragðaflóru sem þekktist í dag. Er fótboltinn hugsanlega orðinn að einhverju meira en bara áhugamáli, er hann jafnvel orðinn að ákveðinni lífsskoðun eða trúarbrögðum?“

Gunnar Stígur studdist að mestu við erlendar heimildir en skoðaði þó einnig fáeinar íslenskar greinar þessu tengdar. Þótt margir tali um knattspyrnu sem trúarbrögð hefur enn sem komið er lítið verið ritað um þetta eðli hennar. Í ritgerðinni fjallar Gunnar Stígur meðal annars um knattspyrnubæinn Akranes og fannst það afar skemmtilegt úrlausnar við vinnuna að ritgerðinni. „Það var sérstaklega athyglisvert að skoða knattspyrnuna sem hugsanleg trúarbrögð í

litlu íslensku fiskiþorpi. Niðurstaða ritgerðarinnar felst í því að leyfa lesandanum að mynda sér skoðun á því hvort knattspyrna geti flokkast sem trúarbrögð eða ekki. Ég leiði lesandann áfram um sameiginlega fleti þessara gríðarlega viðamiklu heima knattspyrnunnar og trúarbragðanna en leyfi svo fólki að mynda sér sína skoðun.“ Aðspurður segist Gunnar Stígur hafa myndað sér eigin skoðun á viðfangsefninu: „Ég upplýsi ekkert um hana hér! Fólk verður bara að lesa ritgerðina í heild,“ segir Gunnar Stígur með glettni í svipnum.

Leiðbeinandi: Pétur Pétursson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Trúbadúrin og tónskáldið

Sverrir Norland, meistaranemi við Háskóla Íslands, hefur vakið athygli fyrir ljómandi tilbrif á gítarinn en hann hefur slegið á strengina á námskyningu skólans undanfarin ár.

Sverrir er ekki bara gítarleikari góður því að hann gaf í haust út ljóðabókina Með mínum grænu augum. Bókin er sú fyrsta sem gefin er út af nemanda sem brautskráist úr ritlist við háskólann. Hún er jafnframt lokaverkefni Sverris í námsleiðinni.

Í bókinni er safn ljóða eftir Sverri en einnig ljóðabýðingar. Hann hefur snúið ljóðum yfir á íslensku eftir skáldin Charles Bukowski, Paul Éluard og fleiri.

„Þetta er aðgengilegur kveðskapur og ljóðin eru líffleg,“ segir Sverrir aðspurður um bókina. „Ljóð eiga að vera skemmtileg,“ segir hann. „Fólk lítur

gjarnan á ljóð sem þungt efni og leiðinlegt en sem tjáningarmiðill er ljóðið nánast fullkomið. Ljóð er skýrt form til að birta skýra hugsun.“

Sverrir er fráleitt nýgræðingur í ljóðagerð en skáldgyðjan náði valdi á honum fimm ára gömlum. Þá spruttu fyrstu ljóðin fram úr höfði hans. Segja má að Sverrir sé fjöllistamaður því að meðfram skáldskap, sem inniheldur ljóð, sögur og leikrit, hefur myndlistin líka fangað athygli hans. Þá er Sverrir tónskáld og spilar á munnhörpu samtímis því að slá á strengi gítarsins. Löggin semur hann utan um eigin kveðskap.

Sverrir er einn þeirra fjölmörgu sem hafa nýtt sér möguleika HÍ á skiptinámi en hann stundar nú nám í ritlist við Middlesex University og dvelur í Lundúnum í vetur.





Vilhjálmur Árnason,
prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild

Erfðarannsóknir, lýðræði og vísindalæsi

Undanfarin ár hefur mikil umræða farið fram um einstök siðfræðileg álitamál í tengslum við erfðafræði og erfðarannsóknir. Minna hefur farið fyrir heimspekilegri og siðfræðilegri hugsun um þau áhrif sem erfðarannsóknir hafa á samfélagið og vitund borgaranna. Vilhjálmur Árnason, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild, hefur unnið að rannsókn um þetta mál. Hann byggir rannsóknina einkum á hugmyndum um rökræðulýðræði sem eiga rætur í lýðræðiskenningu þýska heimspekingsins Jürgens Habermas. Íslenskt samfélag og íslenskar gagnagrunnsrannsóknir eru í brennidepli.

Vilhjálmur segir að áhuginn hafi kviknað í kjölfar vangaveltna hans um samþykki fyrir gagnagrunnsrannsóknunum. „Mér finnst mikilvægt í lýðræðissamfélagi, þar sem umhverfið er mótað æ meira af vísindum og tækni, að efla vísindalæsi og vitund borgaranna um vísindaleg efni. Tvenns konar viðhorf til borgaranna hafa verið ríkjandi í umræðu um lífsiðfræði og stefnumótun um lífvísindi. Fyrri viðhorfið er að það þurfi að vernda fólk gegn hvers konar misnotkun og mismunun. Hið síðara er að rannsóknir og vísindastarf eigi að skila efnahagslegum ávinningi fyrir þjóðfélagið og þegna þess.“

Vilhjálmur telur bæði viðhorfin mikilvæg en bendir jafnframt á takmarkanir þeirra: „Þau fela ekki í sér neinar ástæður fyrir því að styrkja ígrundun

og upplýsingu borgaranna sem litið er á sem óvirka þiggjendur. Ég færi rök fyrir nauðsyn þess að leita leiða til að efla vitund fólks um þátt vísinda í nútímasamfélagi og skapa skilyrði fyrir aukinni þátttöku borgaranna í stefnumótun á sviði vísinda.“

Í rannsókninni er aðallega hugað að fjórum þáttum sem skipta sköpum í því verkefni að efla vísindalæsi í nútímaupplýsingasamfélagi. Í fyrsta lagi er það hvernig stjórnvöld skapa skilyrði fyrir upplýsta umræðu um erfðarannsóknir eða hindra hana. Í öðru lagi er hugað að því hvernig menntakerfið býr fólk undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Þriðji þátturinn tengist því hvaða hlutverk fjölmiðlar geta leikið í þessu skyni og sá síðasti hvernig þátttakendur eru upplýstir um rannsóknir, svo sem um framvindu gagnagrunnsrannsóknna. Saman skapa þessir þættir það sem kalla má vísindalega borgaravitund. Vilhjálmur heldur áfram og segir: „Án vísindalegrar menntunar og upplýsingar verður þjóðin ekkert annað en óvirk auðlind fyrir erfðarannsóknir.“

Vilhjálmur bendir á að Íslendingar virðast að mörgu leyti eftirbátar nágrannþjóðanna varðandi það að skapa skilyrði fyrir upplýstar lýðræðislegar ákvarðanir á þessu sviði. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þó ekki ljósar þar sem verkefnið er enn í gangi.



Fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri.

Ókeypis í Þjóðminjasafnið fyrir stúdenta

Í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands verður aðgangur stúdenta að Þjóðminjasafni Íslands ókeypis. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, undirrituðu samning þess efnis en hann felur í sér aukið samstarf stofnananna tveggja. Með samningnum vilja þær taka höndum saman og stuðla að aukinni umræðu og fræðslu um málefni sem erindi eiga við almenning og samtímann.

Þjóðminjasafn Íslands hefur á síðustu árum vaxið og eflst, sérstaklega eftir að safnið var opnað á ný eftir gagngerar endurbætur. Á árinu verður Þjóðminjasafnið enn betur kynnt innan háskólans sem vettvangur bæði fyrir verklegt nám og verkefnavinnu nemenda skólans. Nemendum verða þannig kynnt gagnasöfn Þjóðminjasafnsins sem geta nýst þeim, m.a. í lokaverkefnum.

Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands hafa um árabíl verið nánir samstarfsaðilar og nágrannar. Í því felst mikill styrkur fyrir báðar þessar stofnanir. Safnið er eins konar gátt að háskólasvæðinu og vinsæll viðkomustaður stúdenta og starfsmanna HÍ sem og almennings og ferðamanna. Að afmælisári loknu er markmiðið að samstarf háskólans og Þjóðminjasafnsins eflist enn frekar í takt við markmið og stefnu stofnananna beggja.



2008

Afrens- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands stofnaður árið 2008 til að styrkja afburðanemendur til náms við skólann og var fyrsta úthlutun í júní það ár.



TÓKU MYNDIR Í 106 ÞÚSUND FETUM

Fimm verkfræðinemar við Háskóla Íslands réðust í býsna metnaðarfullt verkefni í haust þegar þeir gerðu sér lítið fyrir og sendu loftbelg upp í rösklega 32 kílómetra hæð. Það samsvarar 106 þúsund fetum. Til samanburðar má nefna að þotur fljúga í u.þ.b. 37 þúsund feta hæð.

„Tilraunin tókst vel, við náðum 408 ljósmyndum og 9 myndskleiðum með loftbelgnum,“ segir verkfræðineminn Þórir Guðlaugsson og sýnir okkur búnaðinn. Hann lætur ekki mikið yfir sér en samanstendur þó af frauðplasts-kassa, heliublöðru, GPS-staðsetningartæki, útvarpssendi, GSM-mótaldi, hitanemum, rakanema, geislunarnema, rafhlöðum, myndavél og kortaskrifara til að vista myndir og gögn á minniskort.

„Við notuðum ódýra stafræna myndavél,“ segir Þórir. „Það er ótrúlegt hversu vel hún virkaði.“

Þórir stóð að tilrauninni ásamt þeim Arnari Lárussyni, Daða Bjarnasyni, Darra Kristmundssyni og Hagalín Ásgrími Guðmundssyni. Allir eru þeir nemar í véla- og iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands en verkefnið þeirra var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Verkefnið fólst í að fylla veðurlöðru með helíumi og láta hana svifa til lofts og taka myndir þar til hún spryngi. Neðan í blöðrunni hékk fallhlíf og frauðplasts-kassinn með búnaðinum. Búnaðurinn sendi upplýsingar um staðsetningu með radíósendi og tóku verkfræðinemarinn við gögnunum og veittu rannsóknatækjunum eftirför í bíl.




Hagalín sýnir okkur myndavélina og segir að hún hafi verið forrituð til að taka myndir og myndskleið til skiptis. „Það þurfti að endurskoða allt myndatökuferlið fyrir svona óvenjulegar aðstæður til að koma í veg fyrir yfirlýstar og hreyfðar myndir og á sama tíma tryggja hámarksgæði,“ segir Hagalín.

„GPS-staðsetningartækið hjálpaði okkur svo að fylgjast með belgnum allan tímann og finna hann þegar hann féll til jarðar,“ segir Þórir.

Daði segir að það hafi ekki verið einfalt því að belgurinn hafi farið gríðarlega hratt yfir. „Belgurinn stakk okkur af undir lokin. Við misstum því radiósambandið við hann á niðurléiðinni en þá

varð fjall á milli okkar og belgsins. Leitarsvæðið hefði því orðið óhemjustórt ef við hefðum ekki gert ráðstafanir. GSM-mótaldið var nefnilega stillt til að senda okkur staðsetninguna í SMS-skeyti í sífellu þegar belgurinn var kominn undir tveggja kílómetra hæð. Því fundum við kassann aftur,“ segir Daði.

Verkfræðinemarinn létu sér ekki nægja að taka myndir heldur var hægt að fylgjast með ferð belgsins í beinni útsendingu á Netinu allan tímann en hann var sendur í loftið skammt frá Akranesi. Ferðinni lauk síðan í Rangárvallasýslu, um 100 kílómetrum frá upphafsstað.



Hrefna Marín Gunnarsdóttir,
lektor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Kannaði yfirborð Mars

„Verkfræðingar vilja vita hvernig hlutirnir virka og hanna kerfi sem virka,“ segir Hrefna Marín Gunnarsdóttir, lektor í rafmagns- og tölvuverkfræði. Hún er nýkomin heim frá Bandaríkjunum þar sem hún lauk bæði meistara- og doktorsnámi í rafmagnsverkfræði frá Stanford, einum virtasta háskóla heims.

Hrefna hugðist leggja áherslu á rannsóknir í fjarskiptaverkfræði í doktorsnáminu en datt í geimpælingar. „Ég hafði alltaf áhuga á geimvísindum sem krakki og þegar mér bauðst að taka þátt í rannsókn um reikistjörnuna Mars greip ég tækifærið,“ segir Hrefna Marín.

Rannsóknin fólst í að túlka ratsjár-bergmál af yfirborði Mars og draga út frá því ályktanir um hrjúfleika yfirborðsins, sem skiptir máli þegar lenda þarf könnunarfari á yfirborðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar fyrir



NASA/JPL-CALTECH/ASU

nefndinni sem valdi landingarstað fyrir Phoenix-geimfarið, en það lenti farsællaga á yfirborði Mars í maí 2008.

Rannsóknartækið sem Hrefna notaði stendur í bakgarði Stanford-háskóla. „Við sendum merki til Mars með loftneti sem er 46 metrar í þvermál. Bergmálið frá yfirborðinu var síðan numið með gervihnetti sem hringisólar um reikistjörnuna og merkið sent til jarðar með aðstoð fjarskiptakerfis,“ segir Hrefna Marín.

Hrefna kennir námskeið í fjarskiptaverkfræði á vormisseri sem snýst um loftnet og útbreiðslu bylgna. „Fjarskiptaheimurinn er bókstaflega að springa hvað varðar þráðlaus net og fleira í þeim dúr. Þótt flestir sem nota tæknina haldi að hún komi af sjálfu sér þá er það nú ekki svo. Að baki býr gríðarlega mikil þekking,“ segir Hrefna Marín.




Ragnar Ólafsson,
lektor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
Nýtt verkfæri í dótakassa lækna

„Markmið verkefnisins er að kortleggja hjartsláttartruflanir á hraðvirkari og nákvæmari hátt en áður hefur verið hægt og þróa mælitæki til almennrar notkunar á heilbrigðisstofnunum,“ segir Ragnar Ólafsson, lektor í rafmagnsverkfræði. Hann hefur um árabil unnið að rannsóknum á hjartsláttartruflunum í samstarfi við fræðimenn í Bandaríkjunum. „Ef vel tekst til verður hægt að stytta flóknar og tímafrekar aðgerðir umtalsvert með tilheyrandi sparnaði fyrir heilbrigðiskerfið á heimsvísu.“

Ragnar var ráðinn lektor við Háskóla Íslands í ágúst síðastliðnum. Hann lauk BS-námi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands árið 2002 en þaðan lá leiðin í sex ára framhaldsnám. Hann valdi Michigan-háskóla vegna góðs orðspors skólans í rannsóknum sem snúast um að tengja heila við tölvur. Að námi loknu hlaut Ragnar tveggja ára nýdoktorsstöðu við Arizona-háskóla til að fylgja eftir rannsóknum á hjartsláttartruflunum.

Myndtæknin sem Ragnar þróar gengur út á samþættingu ómsjár og rafmælinga. Ómskoðun þekkir fólk af fósturmyndum og rafmælingar hafa viðgengist um langa hríð, t.d. í rannsóknum á svefntruflunum. Þessi tækni býður upp á betri myndupplausn en áður hefur tíðkast og það hefur margvíslega kosti í för með sér. Umsókn um einkaleyfi fyrir uppfinningunni er í ferli hjá einkaleyfastofu Bandaríkjanna.

„Þessi samþætta tækni getur hugsanlega veitt læknum verkfæri til að greina sjúkdóma sem tengjast truflunum á rafeiginleikum í hjarta og heila og framkvæma aðgerðir bæði hraðar og markvissar en hægt er í dag,“ segir Ragnar og bendir á að í Bandaríkjunum séu framkvæmdar um 100.000 hjartaaðgerðir á ári vegna hjartsláttartruflana. Kostnaður við hverja aðgerð hleypur á tugum þúsunda dollara. „Þessar aðgerðir eru tímafrekar en með tilkomu nýrrar tækni verður vonandi hægt að stytta þær og gera þær ódýrari en nú.“



NASA/JPL-CALTECH/ASU

Lífefnafræðingurinn **Sindri Freyr Eiðsson** við Læknadeild

STUÐLAR AÐ BÆTTRI HEILSU

– Rannsakar ónæmissvör í nýburamúsum

Lífefnafræðingurinn Sindri Freyr Eiðsson er aðeins 25 ára gamall og vinnur nú að doktorsverkefni sínu sem ber yfirskriftina: „Ónæmissvör nýburamása við meningókokka- og influensubóluefnum“. Meningókokkar eru bakteríur sem hafa reynst Íslendingum alvarlegt heilsufarsvandamál en þessar bakteríur geta m.a. valdið heilahimnubólgu og blóðsýkingum. Nýburar eru taldir vera í mikilli hættu á að fá sýkingar þar sem ónæmiskerfi þeirra er vanþroska og ónæmissvör þeirra hæg og dauf.

Í rannsókn sinni notar Sindri nýburamýs og aldraðar mýs, sem líkón fyrir aðalmarkhópana. Þeir eru ungir og aldraðir einstaklingar. Þetta er gert til þess að rannsaka ónæmissvör þeirra gegn bóluefni úr heilli óvirkjaðri influensuveiru (heimsfaraldursstofni), sem er framleidd í vefjarækt

og blönduð ónæmisglæðinum CoVaccine HT. Ónæmisglæðar eru efni sem er blandað í sum bóluefni og er ætlað að auka og breyta eðli svörunar ónæmiskerfisins við bólusetningu og auka þannig vörn bólusettra einstaklinga gegn sýkingu. Rannsóknin er styrkt af Evrópusambandinu og hlaut Sindri nýlega doktorsstyrk Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands.

Þessi rannsókn getur reynst mikilvæg fyrir nútímasamfélag, þar sem influensufaraldrar geta skotið upp kollinum hvenær sem er. Nýlegt dæmi er heimsfaraldurinn sem gekk yfir af völdum svínainfluensustofnsins – H1N1 – sem olli m.a. alvarlegum veikindum og jafnvel dauða. Að sögn Sindra gætu bólusetningarleiðir sem auka vernd og breikka virkni með minna magni en ella af veiruónæmisvaka mætt þörfum fyrir bóluefni í

heimsfaraldri. Rannsókn Sindra hefur sýnt að nýburamýs sýna sambærilegt ónæmissvar við 50 sinnum minna magni af influensubóluefninu ef CoVaccine HT er gefið með því en ef það er gefið án ónæmisglæðis.

Sindri segir að meginmarkmið rannsóknarinnar sé að auka þekkingu okkar á ónæmiskerfi nýbura og að finna skilvirkar aðferðir við bólusetningu þeirra gegn influensu og meningókokkasjúkdómum. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu stuðlað að auknum skilningi á ónæmiskerfi nýbura og lagt grunn að þróun öruggra og árangursríkra bólusetningaraðferða fyrir nýbura og ungbörn gegn influensu og meningókokkasjúkdómum, sem myndu stuðla að bættri heilsu og auknum lífslíkum.

Leiðbeinandi: *Ingileif Jónsdóttir*, prófessor í ónæmisfræði við Læknadeild.

Sigríður Haraldsdóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum

Heilsufar og aðgengi að heilbrigðisþjónustu

„Það er sérstaklega áriðandi að rannsaka og fylgjast með aðgengi að heilbrigðisþjónustu á tímum niðurskurðar til að nauðsynleg endurskipulagning þjónustunnar hafi ekki ójöfnuð í för með sér,“ segir Sigríður Haraldsdóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum.

Sigríður lauk meistaraþrófi í heilsulandfræði frá York University í Toronto í Kanada og er sviðsstjóri heilbrigðisstöfræðisviðs hjá Landlæknisembættinu. Hún rannsakar heilsufar eftir búsetu annars vegar og hins vegar aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir búsetu. Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og niðurstöður koma til með að nýtast stjórnvöldum og heilbrigðisyfirvöldum við ákvarðanatöku, að sögn Sigríðar.

Sigríður notar nýlegar niðurstöður tveggja umfangsmikilla kannana Lýðheilsustöðvar meðal 6.000 Íslendinga til að skoða hvort svæðisbundinn munur sé á heilsufari á Íslandi. „Íbúar utan höfuðborgarsvæðisins meta heilsu sína lakari en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega líkamlega heilsu. Minni munur er á andlegri heilsu

að mati þátttakenda. Í þeim tilvikum þar sem sjúkdómar tengdust búsetu voru minni líkur á að læknir hefði greint sjúkdóminn á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og vekur það óneitanlega spurningar um aðgengi að tiltekinni heilbrigðisþjónustu.“

Hinn hluti rannsóknarinnar snýr að því að greina framboð og notkun heilbrigðisþjónustu á öllu landinu. Til þess verks notar Sigríður m.a. vistunarskrá sjúkrahúsa, sem er ein af heilbrigðisskrám landlæknis. „Að mínu mati þarf fyrst að skilgreina hvers konar heilbrigðisþjónusta er nauðsynleg að lágmarki á landsbyggðinni áður en ráðist er í miklar breytingar. Sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, sérfræðiþjónusta, sjúkraflutningar o.fl. eru allt mikilvægir hlutar heilbrigðiskerfisins sem þarf að skoða heildstætt,“ segir hún og bendir á að heilbrigðisþjónustan sé eins og menntun, öflugt tæki samfélagsins til að jafna stöðu þegnanna.

Innblásturinn að verkefninu sækir Sigríður til þess markmiðs laga að allir landsmenn eigi



kost á fullkomnu heilbrigðisþjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma. „Við höfum í gegnum tíðina lítið reynt að mæla aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu með tilliti til búsetu. Fullkomlega jafnt landfræðilegt aðgengi að allri heilbrigðisþjónustu í okkar strjálbyla landi er óraunhæft markmið. Í því ljósi skiptir það miklu máli að finna út hvort og að hvaða marki mismunandi aðgengi, mælt til dæmis með ferðatíma eða fjarlægð frá þjónustunni, hefur áhrif á heilsu okkar.“

Leiðbeinandi: *Sigurður Guðmundsson*, prófessor og forseti Heilbrigðisvísindasviðs.



Inga Þorbjörg Steindórsdóttir, MS í hjúkrunarstjórnun

Sorgir og sigrar með psoriasis

„Með rannsókninni vildi ég fyrst og fremst fá innsýn í reynslu sjúklinga með psoriasis á mjög alvarlegu stigi. Ég vildi kanna hverju meðhöndlun með lífefnalyfinu infliximab eða remicade hefði breytt í lífi sjúklinganna og hvernig heilbrigðiskerfið mætti þörfum þeirra,“ segir Inga Þorbjörg Steindórsdóttir, sem nýlega lauk MS-námi í hjúkrunarstjórnun. „Upphaflega kom það mér á óvart hve lítið sjúklingar veltu þessari lyfjagjöf fyrir sér þegar þeir komu í meðferð og þeim alvarlegu aukaverkunum er hún getur valdið.“

Inga Þorbjörg segir að psoriasis sé talinn bólgusjúkdómur af ónæmisfræðilegum toga og meðhöndlaður sem slíkur. Hún segir að lyfið remicade sé framleitt með samrunaerfðatækni en það sé einstofna mótefni framleitt úr hvítum blóðfrumum. „Það heldur einkennum sjúkdómsins niðri, eins og bólgu í húð og liðum, en veitir enga lækningu. Lyfið er gefið í æð á 6 til 8 vikna fresti. Mjög margt er óljóst varðandi þessa meðferð og rannsóknir vantar um langtímaáhrif hennar á líkamann, þrátt fyrir

að yfir áratugur sé liðinn frá því lyfið kom á markaðinn, og er það umhugsunarvert,“ segir Inga Þorbjörg.

„Það sem kom mér í opna skjöldu var hversu ótrúlega mikill sársauki og þjáning fylgdi mörgum minningum hjá þátttakendum og oft var erfitt að vinna úr viðtölunum þar sem tárinn runnu bara hjá mér.“

En það er ekki einungis sorg og sút í rannsókninni heldur einnig mikil gleði og hamingja. „Þátttakendur voru tilbúnir að leggja á sig hvaða meðferð sem var ef hún einungis leysti þá undan þeirri skelfilegu þjáningu sem þeir upplifðu,“ segir Inga Þorbjörg. Hún segir að gífurlegar breytingar hafi farið í hönd hjá þátttakendum eftir að meðhöndlun hófst með lyfinu og lýstu sumir sjúklinganna batanum eins og í vísindaskáldsögu en aðrir ræddu um frelsið sem þeir og fjölskyldur þeirra upplifðu. Þegar viðtölin voru tekin voru allir þátttakendur komnir í vinnu og tveir í háskólanám.

Inga Þorbjörg segir að hjá sumum þátttakendum

hafi áhrif lyfsins farið dvinandi eins og þeir höfðu óttast. „Eftir að rannsókninni lauk varð einn þátttakandinn að hætta í meðhöndlun með lyfinu vegna mjög alvarlegra aukaverkana.“

Að endingu segir Inga að það hafi vakið athygli hennar hversu samskipti þátttakenda við heilbrigðisþjónustuna minntu á völuandahús. „Flestir voru komnir með marga alvarlega sjúkdóma en samvinnu milli sérfræðinga og yfirsýn yfir mál þátttakenda skorti. Lengi hefur mönnum verið fullkunnugt um þessa annmarka í heilbrigðisþjónustunni en viðleitni til að breyta kerfinu hefur ekki verið nægjanleg,“ segir Inga Þorbjörg.

Leiðbeinandi: Helga Jónsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.





VERTU MEÐ!

Viltu syngja?

Við Háskóla Íslands eru tveir glæsilegir kórar, Háskólakórinn og Kvinnakór háskólans, sem fjallað er um hér í Tímaritinu. Háskólakórinn kemur fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Kvinnakór háskólans vex ört og hefur frá upphafi vakið verðskuldaða athygli fyrir fragar raddir og fágaðan flutning. Kórinn heldur m.a. jólatónleika og hádegistónleika í háskólanum.

Viltu leika eða dansa?

Stúdentaleikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina. Háskóladansinn nefnist dansfélag fyrir háskólanema, fótrár félagsskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi. Fjallað er sérstaklega um Háskóladansinn í Tímaritinu.

Viltu skemmta þér?

Fjöldmörg nemendafélög eru starfandi innan skólans. Nemendur standa fyrir árshátíðum, partíum, kvikmyndakvöldum, fyrirlestrum, upplestrarkvöldum og ljóðakvöldum svo að fátt eitt sé nefnt. Nemendafélögin taka sérstaklega vel á móti nýnemum og halda mörg hver sérstök nýnemakvöld þar sem nýtt fólk er boðið velkomið í hópinn.

Viltu hreyfa þig?

Íþróttahús Háskóla Íslands er opið öllum nemendum skólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi – svo sem þolfimi, jóga og herþjálfun og margt fleira – og síðan er hægt að slappa af í gufu eftir öll átökin. Að auki geta nemendur pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Þennan kost nýta sér margir til að spila fótbolta, blak, badminton eða annað.

Viltu lesa og skrifa?

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir vetrartímann. Stúdentablaðið er opinn miðill sem öllum stúdentum er frjálst að skrifa í og eru þeir hvattir til að leggja blaðinu lið með hvers kyns skrifum.

Viltu koma?

Allt árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og viðburðir af margvíslegum toga við Háskóla Íslands sem opnir eru almenningi. Tugir þúsunda gesta sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur sérstaklega velkomnir. Allir viðburðir eru auglýstir á forsíðu Háskóla Íslands (hi.is) og eru nemendur hvattir til að kynna sér það sem er í boði hverju sinni.

HAFÐU SAMBAND

**Skrifstofa FS
(Félagsstofnunar
stúdenta)
Háskólatorgi**
Sími: 5700 700
fs@fs.is
www.fs.is

**Bóksala stúdenta
Háskólatorgi**
Sími: 5700 777
boksala@boksala.is
www.boksala.is

**Landsbókasafn Íslands
– Háskólabókasafn**
Arngrímögötu 3
Sími: 525 5600
lbs@bok.hi.is
www.landsbokasafn.is

**Náms- og starfsráðgjöf HÍ
Háskólatorgi**
Sími: 525 4315
radgjof@hi.is
www.hi.is

**Nemendaskrá HÍ
Háskólatorgi**
Sími: 525 4309
nemskra@hi.is
www.hi.is

**Alþjóðaskrifstofa HÍ
Háskólatorgi**
Sími: 525 4311
ask@hi.is
www.ask.hi.is

**Stúdentaráð HÍ
Háskólatorgi**
Sími: 5700 850
shi@hi.is
www.student.is



Jóna Sólveig Elínardóttir, móðir, unnusta og meistaranemi í alþjóðasamskiptum

Skiptir höfuðmáli að hafa Félagsstofnun

Það má segja að líf stúdents við Háskóla Íslands sé á margvíslegan hátt samofið starfsemi Félagsstofnunar stúdenta. Flestir kaupa sér skólabækur hjá Bóksölu stúdenta og næra sig reglulega á þeim veitingastöðum sem FS rekur. Aðrir búa einnig á Stúdentagörðum, og enn aðrir gera gott betur og nýta sér líka þjónustuna á leikskólum Félagsstofnunar stúdenta.

Jóna Sólveig Elínardóttir er stúdent sem nýtir alla flóruna í þjónustu FS. Hún býr á Stúdentagörðum ásamt Úlfi Sturlusyni, unnusta sínum, nema í japönsku og ensku, og dætur þeirra tvær, Sóllilja og Elín Úlfsdætur, sækja leikskóla hjá FS.

Það er margt um manninn á Háskólatorgi, sem endranær, þegar við Jóna Sólveig setjumst að spjalli yfir rjúkandi Hárukaffibolla. Jóna Sólveig er móðir, unnusta og meistaranemi og hún bauð sig líka fram til stjórnlagaþings. Þá er hún viðloðandi

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, þýðir úr erlendum málum á íslensku og hefur skrifað grein í mikilvirt franskt tímarit um Evrópumálin á Íslandi. Jóna Sólveig var einnig í hópi stúdenta sem hlutu verkefnastyrk FS á haustmánuðum.

„Ég sótti fyrst um á Stúdentagörðum þegar ég var ólétt að fyrri stelpunni minni. Við fluttum inn á Hjónagarðana um vorið 2007. Þá vorum við Úlfur í lítilli og sætri íbúð sem sneri að Suðurgötunni. Þar vorum við fram á sumarið 2008, en þá varð ég ólétt að seinni stelpunni. Í kjölfarið fluttum við yfir í yndislega fjölskylduíbúð á Stúdentagörðunum þar sem við unum hag okkar vel.“

„Báðar stelpurnar okkar byrjuðu frekar snemma á leikskólunum sem Félagsstofnun stúdenta rekur, fyrst á Leikgarði, sem er ætlaður yngstu börnunum, en sú eldri var síðan brautskráð þaðan og er nú á Mánagarði. Stelpurnar njóta sín mjög vel á leikskólanum og það eru mikil forrétindi

fyrir stúdenta að hafa þessa þjónustu. Ég þekki ágætlega til á meginlandi Evrópu, sérstaklega í Frakklandi, og get fullyrt að íslenskir stúdentar eru gífurlega heppnir að búa við þennan kost hjá FS.“

Jóna Sólveig segir það skipta höfuðmáli fyrir stúdenta að hafa Félagsstofnun stúdenta, ekki síst fyrir foreldra í námi. Leikskólarnir hafi t.d. skipt öllu þegar hún fór út í starfsnám því að unnusti hennar hafi óhindrað getað haldið áfram í sínu námi.

„Félagsstofnun stúdenta gerir foreldrum kleift að halda sínu striki með því að bjóða upp á húsnæði nálægt háskólanum og með hinu, að reka frábæra leikskóla, bæði fyrir yngri börnin og einnig börn frá tveggja ára aldri. Þannig má vel komast hjá töfum í námi, sem er ómetanlegt.“

Jóna Sólveig stundar nú meistaranám í alþjóðasamskiptum, eftir að hafa lokið BA-gráðu í frönsku með áherslu á franskar bókmenntir.

Gengisvísitala Hagfræðideildar hæst

Það var hart barist á nýnemadögum Stúdentaráðs þegar stúdentar við Háskóla Íslands kepptu í knattspyrnu undir merkjum eigin deilda. Margar deildir voru kallaðar en fáar útvaldar í þessu árvissa skólamóti, sem fram fer í túnfætinum framan við Aðalbygginguna. Lið Hagfræðideildar stóð uppi sem sigurvegari eftir vaskan sigur á liði Viðskiptafræðideildar. Ávallt er mikil spennan í kringum mótið því enginn vill lúta í gras Skeifunnar fyrr en í fulla hnefana. Að þessu sinni fékk Hugvísindasvið mikið lof knattspyrnusérfræðinga fyrir heillandi leikstil sem hlaut nafngiftina lopapeysusamba.



Halldóra Gunnarsdóttir, MA í kynjafræðum

KYNLEG ÁST

„Svo virðist sem við forðumst að skrifa um eða ræða ástina, sama hvort það tengist vísindum eða heimilislegu spjalli við eldhúsbörðið,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, MA í kynjafræðum, íbygginn á svip í kynningu á rannsóknarverkefninu „Kynleg ást – elska konur og karlar með ólíkum hætti?“ Hún stendur í pontu og ræðir ástina sem hún segist yfir sig heilluð af. Hún talar um að hún hafi oft verið ástfangin, þó mest af mannum sínum, og brosir breitt. Fyrir framan hana er fullur salur af áhugasömu fólki sem vafalaust hefur líka verið ástfangið. Rannsóknarefnið snertir alla, unga sem aldna.

Rannsóknarverkefni Halldóru byrjar á að gerður er skarpur greinarmunur á rómantískri eða kynferðislegri ást, sem er hennar viðfangsefni, og svo ástar á milli vina eða foreldra og barna. Halldóra segist hafa tekið viðtöl við átta einstaklinga og þeir spurðir út í viðhorf gagnvart

ástinni, eins og hvort ástin sé einstaklingsbundin, hvort ástin breytist í tímans rás og hvort þeir upplifi kynbundinn mun á ástinni.

Halldóra segir það goðsögn að ekki sé hægt að rannsaka ástina og veltir fyrir sér hvort ein af ástæðum þess að menn beri fyrir sig goðsögninni í stað þess að ráðast í verkefnið sé hið gegnsýrða kynbundna misrétti í samfélagi okkar. Okkur sé samt að hugsa um ástina og jöfnuð sem órofa heild en hins vegar séu samfélagsaðstæður okkar með þeim hætti að gjá myndast milli þess sem við viljum sjá í ástinni og þess sem við framkvæmum í daglegu lífi.

Halldóra veltir þeirri spurningu upp af hverju ástin sé eins konar olnbogabarn í fræðunum og vísindum og spyr t.d. hvers vegna mannfræðinni sé tamara að ræða um og rannsaka reiði og lífeðlisfræðinni ógeðstillfinningu fremur en ástina.

Að endingu, með salinn á sínu bandi, kynnir

Halldóra niðurstöður sínar sem eru á þann veg að orðræða um ástina sé ólík eftir kynjunum. Konum er tamara en karlmönnum að ræða ástina og þær tilfinningar sem eru samfara henni. Orðræðan um ástina sé tengd því kvenlega sem hefur þau áhrif að ábyrgðin á ástinni er meira kvennamál en karla. Hún telur að öll ástarsambönd færu í vaskinn ef við hefðum ekki einhvern sameiginlegan skilning á ástinni en lítur svo á að við eigum að tala um ástina óhikað og horfast í augu við að hún er lituð af mismunandi væntingum til kynjanna og berjast gegn þeim því að aðeins þannig nær ástin að blómstra til fulls.

Sem lokaorð vitnar Halldóra í viðmælanda sinn, Trausta, sem ræddi um að kannski væri ástin þegar allt kæmi til alls það sem sæti eftir þegar flugeldasýningin væri búin, „maður er órakaður og konan ógreidd og illt í maganum og svona.“

Svo er klappað lengi.

HÍ hefur samstarf við Háskólann í Colorado

Háskóli Íslands og Háskólinn í Colorado (University of Colorado) undirrituðu nýlega gagnkvæman samstarfssamning um sameiginlegt framhaldsnám í jarðvísindum til meistara- og doktorsgráðu. Mikill fengur er að samstarfinu fyrir Háskóla Íslands, þar sem Háskólinn í Colorado er meðal þeirra fremstu í Bandaríkjunum á sviði umhverfsvísinda.

Íslenskir stúdentar hafa sótt framhaldsnám í Háskólanum í Colorado í gegnum árin, en tengslin milli háskólanna tveggja hafa eflst verulega undanfarin ár. Það er einkum í gegnum rannsóknastofnun CU, sem nefnist Institute

of Arctic and Alpine Research (INSTAAR) og sérhæfir sig í heimskaufrafræðum, bæði í jarðfræði og líffræði. Sem stendur eru tveir bandarískir doktorsnemar við rannsóknir hjá Háskóla Íslands, undir handleiðslu Áslaugar Geirsdóttur prófessors. Þeir munu útskrifast með sameiginlega doktorsgráðu frá báðum háskólunum.

Háskólinn í Colorado er sá tólfsti í hópi þekkttra háskóla sem HÍ á samstarf við um sameiginlegt nám til meistara- eða doktorsgráðu, og sá fyrsti í Bandaríkjunum.



Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, fögnuðu ákvörðun um aukna kennslu og rannsóknir í fötlunarfræðum með Ólafi Þ. Harðarsyni, forseta Félagsvísindasviðs HÍ.



KENNSLA OG RANNSÓKNIR Í FÖTLUNARFRÆÐUM STYRKJAST

Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið með Öryrkjabandalagi Íslands að efla kennslu, rannsóknir, framþróun og stefnumörkun í fötlunarfræðum og málefnum fatlaðs fólks.

Þetta var gert með samstarfssamningum milli HÍ og Öryrkjabandalagsins sem fela í sér að Öryrkjabandalagið kostar hálf starf lektors í fötlunarfræðum til tveggja ára og veitir jafnframt sex milljóna króna framlag til rannsókna á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum og mannréttindum fatlaðs fólks.

„Styrkur Öryrkjabandalags Íslands er ákaflega mikilvægur, ekki síst nú á tímum efnahagsþröngingja og niðurskurðar,“ segir Rannveig Traustadóttir prófessor og frumkvöðull náms í fötlunarfræðum við háskólann. „Hið rausnarlega framlag Öryrkjabandalagsins verður til þess að styrkja

fötlunarfræði í sessi innan háskólans og skapar möguleika á að efla til muna rannsóknir á aðstæðum fatlaðs fólks hér á landi.“

Til samstarfsins var stofnað í tilefni af 50 ára afmæli Öryrkjabandalags Íslands árið 2011 en á þessu ári fagnar háskólinn einnig stórafmæli, en hann er aldargamall. Öryrkjabandalagið vill með samningunum efla samstarf og tengsl við fræðasamfélagið, stuðla að frekari rannsóknum og framþróun í málefnum fatlaðs fólks og styrkja fræðilegan grundvöll að stefnumótun og ákvörðunartöku í þessum mikilvæga málaflokki.

Rannveig segir að fötlunarfræði sé ung fræðigrein þar sem lögð sé áhersla á að þróa félagslegan skilning á fötlun og rannsaka þátt menningar og umhverfis í að skapa og viðhalda fötlun.

„Fötlunarfræði er þverfagleg grein af sama meili og aðrar fræðigreinar sem rýna í margbreytileika, völd,

mismunun, mannréttindi og minnihlutahópa,“ segir Rannveig.

Hún bætir við að frá upphafi hafi verið lögð áhersla í náminu á samstarf við samtök fatlaðs fólks og aðra sem láta sig þennan málaflokk varða. „Auk þess að byggja upp kennslu og rannsóknir í fötlunarfræðum innan HÍ hefur verið lögð áhersla á að kynna nýjar hugmyndir fyrir fólki utan háskólans og stuðla að nýsköpun og framþróun í málefnum fatlaðra.“

Framlag Öryrkjabandalagsins endurspeglar vaxandi áherslu á að vönduð fræðileg þekking verði höfð að leiðarljósi í framþróun og nýsköpun í málefnum fatlaðs fólks hér á landi.



2009

Nýsköpunarmessa haldin í fyrsta sinn við Háskóla Íslands um miðjan nóvember en að henni stóðu eftirtaldir aðilar: Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Upplýsingastofa um einkaleyfi, Innovit, Einkaleyfastofa, Árnason-Faktor og Imprá. Messan var hluti af alþjóðlegri athafnavíku sem fór fram samtímis í meira en 100 löndum. Kynnt voru fjöldamörg sprotafyrirtæki sem eiga rætur að rekja til Háskóla Íslands. Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar um gildi nýsköpunar og athafnasemi fyrir samfélagið.





Davíð Arnar Stefánsson meistaranemi og Karl Benediktsson, prófessor í landfræði Samrými reiðhjóla og bíla á götum Reykjavíkur

„Reykjavík hefur verið skipulögð út frá forsendum einkabilsins. Núna eru áherslur hins vegar nokkuð að breytast hjá borginni. Verið er að skoða alls konar lausnir varðandi samspil reiðhjóla og bíla en enginn veit hvað virkar best. Eru það sérstakir hjólastígar, hjólareinar á götum eða einfaldlega hjólavísar sem gera götuna að sameiginlegu rými? Það er í raun og veru þetta sem við ætlum að komast að,“ segir Karl Benediktsson, prófessor í landfræði, um verkefni sem hann vinnur að ásamt meistaranemanum Davíð Arnari Stefánssyni.

Við rannsóknina verður skyggst inn í huga þeirra sem nota reiðhjól sem farartæki í og úr

vinnu og þeirra sem nota einkabíla í sama tilgangi. „Við munum taka viðtöl við 20 manns úr hvorum flokki og leitast við að skilja hvernig ökumenn og hjólreiðamenn hugsa hver um annan í umferðinni. Þá viljum við komast að því hvaða vandamál og hættur fylgja samnýtingu götunnar.“

Karl og Davíð leggja áherslu á að engin ein lausn virki fyrir alla borgina. „Gamli miðbærinn gæti til dæmis hentað vel fyrir samrými hjóla og bíla en á umferðarmestu götum eru sérstakir hjólastígar líklega besta lausnin. Það verður að skoða hvert svæði borgarinnar fyrir sig.“

Við framtíðarskipulagningu Reykjavíkur þarf

að breyta um stefnu að þeirra mati: „Í framtíðinni þarf að skipuleggja ný hverfi betur hvað varðar fjarlægð íbúa frá þjónustu. Fólk þarf að eiga þess kost að geta notað annan fararskjóta en einkabílinn í daglegu amstri sínu. Fyrir fólk sem þarf að ferðast langar leiðir er líka mjög mikilvægt að hægt sé að tvinna saman ólíka ferðamáta, eins og reiðhjól og strætisvagna. Ákvarðanir sem eru teknar á skipulagsstigi eru lykillinn að þessu öllu saman og vonandi munu niðurstöður rannsókna okkar geta nýst við skipulag í Reykjavík og víðar á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni,“ segir Karl að lokum.

Trausti Valsson og Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessorar við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Áhrif hlýnnunar á samgöngur og búsetu

Mjög áhugaverð grein eftir þá Trausta Valsson og Guðmund Frey Úlfarsson birtist í hinu virta tímariti Future í fyrra. Við tókum Trausta tali og spurðum hann um kveikjuna að rannsókninni sem fjallað er um í tímaritinu. Trausti segir að upphafið megi rekja til bókarinnar „How the World will Change – with Global Warming“ sem Trausti sendi frá sér árið 2006. „Þá þegar var ljóst að mikilla rannsókn væri þörf á áhrifum hnattrænnar hlýnnunar á samgöngur, skipulag og verklegar framkvæmdir,“ segir Trausti, sem er prófessor í skipulagsfræðum við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Félagi hans í rannsókninni, Guðmundur Freyr Úlfarsson, er einnig prófessor við sömu deild en í samgönguverkfræði.

„Ef hlýnin verður jafnmikil og spáð er, verða miklar breytingar á búsetuhæfum svæðum á hnettinum,“ segir Trausti. „Hvað samgöngur á sjó áhrærir þýðir það að þegar ís á Norðurlónum hörfar opnast t.d. nýjar siglingaleiðir yfir í Kyrrahafið. Með þessu kæmist Ísland í miklu betra samband við siglingakerfi heimsins,“ segir Trausti.

Hann segir að nemendur sínir og Guðmundar Freys hafi unnið töluvert að kortagerð við þetta verkefni um árabíl og Siglingastofnun og hafisdeild Veðurstofunnar hafi líka veitt mikilvæga aðstoð.

„Rannsóknir á áhrifum hnattrænnar hlýnnunar hafa að mestu fjallað um áhrif á náttúruna eða á einstök svæði. Hingað til hefur lítið verið rannsakað hver áhrif hnattrænnar hlýnnunar verða



á búsetu. Vísindasamfélagið hefur of lítið kannað þessa þætti sem eiga eftir að hafa gríðarmikil áhrif á alla þróun búsetu og samgangna,“ segir Trausti.

Marta Rós Karlsdóttir, doktorsnemi við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild

FRUMORKUNÝTING JARÐVARMAVIRKJANA



„Megintilgangur rannsóknarinnar er að greina ítarlega frumorkunýtingu jarðvarmavinnslu til rafmagns- og hitaframleiðslu ásamt því að meta helstu umhverfisáhrif sem henni fylgja,“ segir Marta Rós Karlsdóttir, nemi í vélaverkfræði, um doktorsverkefni sitt.

Hún segir þetta gert með því að skoða heildarvistferil orkuframleiðslunnar frá vöggum til grafar. Þetta þýðir að öll efnis- og orkunotkun er kortlögð, allt frá tilraunaborunum á jarðhitasvæðinu til byggingar á virkjunarmannvirkjum, rekstri orkuvinnslunnar og að lokum til niðurrifs mannvirkjanna. „Markmiðið er að gefa út svokallaða frumorku- og útblástursstuðla fyrir jarðvarmavinnslu sem notaðir verði til viðmiðunar í þeim löndum sem fylgja tilskipunum Evrópu-sambandsins. Einnig verða niðurstöðurnar samanburðarhæfar við sams konar greiningar sem gerðar hafa verið á orkuframleiðslu víðs vegar um heiminn,“ segir Marta Rós.

Hún segir að kveikjan að rannsókninni sé upprunnin í Evróputilskipunum þar sem kveðið er á um að orkunotendur eigi að reikna út frumorkunotkun og útblástur koltvísyrings fyrir orkunotkun í byggingum.

„Til þess að orkunotendur geti gert slíkt er nauðsynlegt að þeir geti nálgast aðgengilegar upplýsingar um frumorkunýtingu við framleiðslu orkunnar sem þeir nota. Því hafa verið þróaðir svokallaðir frumorku- og útblástursstuðlar fyrir ýmsar tegundir orkuframleiðslu. Jarðvarminn hefur þó verið undanskilinn,“ segir Marta Rós. Hún

bendir á að þar sem Ísland sé ríkt af jarðvarma hafi verið ákveðið að nýta þekkingu og reynslu hér á landi í rannsókninni til að greina ítarlega frumorkunýtingu jarðvarmavinnslu og útblástur gróðurhúsalofttegunda sem henni tengjast.

Marta Rós segir að verkefnið sitt sé hluti af norrænu samstarfsverkefni sem miði að því að skoða frumorkunýtingu mismunandi orkuferla og það sé styrkt af norrænum orkurannsóknasjóði (Nordisk Energiforskning). Samstarfsaðilar komi frá Norðurlöndunum og Eistlandi. „Samtals vinna sex doktorsnemar við mismunandi hluta verkefnisins. Einnig hefur náðst gott samstarf við íslensk orkufyrirtæki og fyrirtæki tengd jarðvarmavinnslu,“ segir Marta Rós.

Hún segist vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar muni nýtast til að skilja betur þau heildarumhverfisáhrif sem verða við vinnslu á jarðvarma og hvaðan þau eru upprunnin. Jafnframt sé markmiðið að setja þau í samhengi við heildarumhverfisáhrif annarra virkjunarkosta eins og vatnsaflsvirkjana, sólar- og vindorkuvera, kjarnorkuvera og orkuvera sem byggja á notkun jarðefna- eða lífildsneytis. „Einnig vonast ég til að stuðlarnir sem reiknaðir verða út í þessari rannsókn muni nýtast jafnt héraðs sem erlendis til að fylgja tilskipunum Evrópusambandsins sem miða að því að bæta frumorkunýtingu.“

Leiðbeinendur: Ólafur Pétur Pálsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar og Halldór Pálsson dósent við sömu deild.



Sarah Franziska Engmann, doktorsnemi við Raunvísindadeild Sólarljósi umbreytt í efnaorku

„Við könnum nýja leið til að vinna orku úr sólarljósi og umbreyta í efnaorku,“ segir Sarah Franziska Engmann, doktorsnemi í eðlisefnafræði. Í rannsóknnum sínum reynir hún að nota sýnilega hluta sólarljóssins til að losa um rafeindir á yfirborði efna. Þessar rafeindir eru síðan notaðar til að hvata efnahvörf og koma þannig orku sólarljóssins yfir í efnaorku. Í þessu samhengi rannsakar Sarah vixlverkun milli sameinda og rafeinda með lága orku. Þótt orka rafeindarinnar sé lítil getur hún komið af stað flóknu ferli sem leiðir af sér niðurbrot sameindarinnar og getur þannig virkað sem efnahvati.

Sarah er þýsk og lauk meistaraþrófi í heimabæ sínum, Erlangen. „Mig vantaði tilbreytingu eftir að hafa búið nær alla ævi í nágrenni Erlangen,“ segir hún og lýsir ánægju með dvölinna á Íslandi. „Það var hæðarleikur að fá leigt húsnæði og það auðveldar öll samskipti að nær allir tala ensku. Stutt er í náttúruna og mér líður eins og ég sé stödd á vinsælum ferðamannastað.“

Tilraunir muna m.a. fara fram í örtæknikjarna Háskóla Íslands þar sem reynt verður að hanna eiginleika fastefnisyfirborða þannig að sjáanlegt ljós eða varmi nægi til að örva rafeindir við yfirborðið að því marki að þær geti hvatað efnahvörf á þessum yfirborðum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Svein Ólafsson, vísindamann á eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar.

„Okkur langar að skilja betur það sem gerist í sameindunum þegar þær vixlverka við lágorkurafeindir. Sú vitneskja kemur til með að nýtast á margvíslegan máta, t.d. til að skýra hvernig mengandi lofttegundir sem hvata niðurbrot ósónlagsins eyðast í efri lögum gufuhvolfsins.“

Sarah áætlað að ljúka doktorsnáminu 2013 og eftir útskrift vill hún helst vinna áfram við rannsóknir í eitt ár. „Þar á eftir væri ég alveg til í að starfa í einkageiranum utan heimalandsins í nokkur ár.“

Leiðbeinandi: Oddur Ingólfsson, prófessor í efnafræði hjá Raunvísindastofnun háskólans.

Hrefna Friðriksdóttir,
dósent í fjölskyldu- og
erfðarétti við Lagadeild

Í KREPPU, BLÍÐU OG STRÍÐU

Ýmsar spurningar hafa vaknað um stöðu fólks í hjúskap í kjölfar bankahruns og fjármálakreppu. Hrefna Friðriksdóttir, dósent í fjölskyldu- og erfðarétti við Lagadeild Háskóla Íslands, svarar aðkallandi spurningum í rannsókn sinni Hjúskapur og hrun: Ábyrgð, áhrif og afleiðingar.

Hrefna segist hafa lært að fólk viti lítið um grunnreglur hjúskaparréttar varðandi fjármál hjóna og fannst henni umræða í kjölfar hrunsins hafa borið þess nokkur merki. „Því hefur verið kastað fram að hjón beri sameiginlega ábyrgð í ríkari mæli en telja má að lög geri ráð fyrir eða að hjúskapur hafi jafnvel minni áhrif en lögin mæla fyrir um.“

Hrefna segir ýmislegt áhugavert hafa komið í ljós. Fyrst má nefna að hjónavígslum fækkaði í kjölfar efnahagshrunsins. Ástæðan getur verið sú að pör hafi tekið upplýsta afstöðu um að hjúskapur henti þeim ekki við núverandi aðstæður. Einnig getur verið að kostnaður tengdur stofnun hjúskapar og verri fjárhagsstaða komi í veg fyrir að fólk gifti sig, án þess að tekin sé afstaða til þess hvort það njóti betri eða lakari verndar í fjölskyldulífni.

Sumum kemur eflaust á óvart að hrunið virðist ekki hafa haft mikil áhrif á skilnaðartíðni. Hins vegar hefur fjöldi kaupmála aukist á árunum



2007-2009. Að sögn Hrefnu gefur það ákveðnar vísbendingar sem spennandi væri að skoða nánar. „Aukningin gæti bent til þess að grunur hafi vaknað hjá einhverjum um aðsteðjandi vanda eða einhverjir hafi freistast til að forða eignum undan aðför skuldainheimtumanna. Enn sem komið er virðist ekki hafa reynt á það fyrir dómstólum hvort kaupmálar gerðir í tengslum við hrunið séu riftanlegir, en það mun hugsanlega koma í ljós á næstu árum.“

Hrefna segir það hafa vakið athygli að dómstólum virtust ekki hafa borist mörg ágreiningsmál um eignarhald eða ábyrgð á skuldum eða um ógildi

fjárskiptasamninga. Hins vegar er augljóst að eignasöfnun var talsverð fyrir hrun og þá tókst nokkur fjöldi á hendur verulegar fjárskuldbindingar. Í ljósi óvissu um eigna- og skuldastöðu mætti gera ráð fyrir að reynt hefði á ýmis atriði í samskiptum hjóna innbyrðis og í samskiptum við kröfuhafa hvors um sig.

Að lokum segir Hrefna að enn og aftur hafi það verið staðfest sem reynslan hefur kennt henni. Grunnreglur um fjármál hjóna og áhrif þeirra koma fólki í opna skjöldu og eru aðrar en margir búast við.

Tungumálin ljúka upp heiminum

Á evrópska tungumáladeginum í haust var Vigdís Finnbogadóttur komið verulega á óvart þegar henni var færð bók að gjöf með verkum 27 íslenskra rithöfunda. Þeir höfðu skrifað verk sín sérstaklega henni til heiðurs.

Í bókinni fjalla rithöfundarnir á ólíkan hátt um það hversu tungumálakunnátta er mikilvæg fyrir Íslendinga. Með bókinni vildu þeir leggja Vigdísu líð í baráttu hennar fyrir því að Alþjóðleg tungumálamiðstöð geti orðið að veruleika. Pétur Gunnarsson rithöfundur, sem á verk í bókinni, færði Vigdísu fyrsta eintakið.

Við þetta tækifæri las Sigurbjörg Þrastardóttir upp úr bókinni, sem ber heitið „Tungumál ljúka upp heiminum. Orð handa Vigdísu,“ en Sigurbjörg á einnig verk í bókinni.





DÓMSALURINN LÖGBERGSDÓMUR

Lögberg er ein af þekktari byggingum Háskóla Íslands, hvílir á milli Nýja-Garðs og Háskólatorgs og hýsir jafnt lögfróða kennara sem lögþyrsta stúdenta. Í Lögbergi kennir ýmissa grasa, allt frá bóksölu Úlfþjóts, sem er í kjallara byggingarinnar, yfir í lesstofu lögfræðinema. Hún er líklega með þaulsetnari lesstofum á háskólasvæðinu. Ekki má gleyma rúsínunni í pylsuendanum, dómsalnum sjálfum. Inni á milli kennslustofa, fyrirlestrasala og kontóra er sum sé fullbúinn réttarsalur í Lögbergi. Þar geta stúdentar mátað bláu skikkjurnar, kankast á við skjólstaðinga sína og flutt sýndarmál

sem annaðhvort enda með sýknu eða sekt. Þá eru brögð að því að stúdentar setji á svið fræg dómsmál úr samtímanum.

Lagastúdínan Brynhildur Bolladóttir segir dómsalinn gegna mikilvægu hlutverki í sínu laganámi.

„Þegar námið er algjörlega að buga mig læðist ég inn í réttarsalinn, máta bláu skikkjuna og læt mig dreyma um að ég sé að flytja stórt prófmál fyrir Hæstarétti. Á meðan fylgist þjóðin öll með og hugsar: Hvaða stúlka er þetta með brúnu krullurnar sem lætur ekkert stöðva sig? Við þetta hellist lærdómsandinn aftur yfir mig.“





Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild

KVIKMYNDIR OG KAFFISAMSÆTI

Kvikmyndir og Kalda stríðið er heiti á rannsókn sem Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Tinna Grétarsdóttir eru að vinna en hún snýst um að sjá hvernig stórveldin notuðu kvikmyndir sér til framdráttar í Kalda stríðinu, aðallega í pólitískum tilgangi. „Útgangspunkturinn var sá að við vildum horfa breiðar á sviðið til að skilja kvikmyndir betur en gert hefur verið, þar sem menn hafa einblínt um of á svokallaðan kvikmyndalestur,” segir Sigurjón.

Hann segir að þær stofnanir sem hafi séð um skipulega kynningu á kvikmyndum risaveldanna hafi annars vegar verið bandaríska Fulbright-stofnunin og hins vegar MÍR, eða Menningarsamband Íslands og Ráðstjórnarríkjanna.

„Fulbright-stofnunin var með starfsemi í 70

löndum og var ætlað það hlutverk að kynna lýðræðislegt stjórnskipulag og kapitalisma. MÍR var hins vegar sjálfstæð félagasamtök í nánu samstarfi við félög og stofnanir, sem sinntu hliðstæðu verkefni í Ráðstjórnarríkjunum. Þau öfluðu heimilda þaðan, útveguðu kvikmyndir, bækur og tímarit og kynntu Íslendingum menningu, vísindi og þjóðfélags hætti þjóðanna austan járntrjalds,” segir Sigurjón.

Hann segir starfsemi MÍR hafa verið hugsaða sem mótvægi við einhliða fréttatvöngu „og áróðri vesturveldanna og þannig reyndu samtökin að brjóta skarð í múr vanþekkingar, eins og það er orðað í stofnsamþykkt MÍR,” segir Sigurjón.

„Þessir tveir aðilar héldu vel sóttar kvikmyndasýningar með skipulögðum hætti um

árábil eða allt þar til fór að draga úr áhuga á þeim með tilkomu Sjónvarpsins haustið 1966.”

Sigurjón segir að rannsóknin hafi falist í því að Tinna Grétarsdóttir tók viðtöl við um 90 sýningarmenn víðs vegar af landinu. „Við vildum leggja áherslu á landsbyggðina þar sem mun minna hefur verið fjallað um hana í þessu tilliti. Mennta tóku sig saman og fengu lánaðar myndir og sýningarvél frá MÍR eða Fulbright og héldu svo kvikmyndasýningar í félagsheimilum, íþróttahúsum eða jafnvel í heimahúsum. Þessar sýningar voru miklu meira en kvikmyndasýningar, þetta voru menningarviðburðir, sem oftast fylgdi kaffisamsæti. Þetta voru menntandi samkomur, enda voru gjarnan sýndar heimilda- eða fræðslumyndir um allt frá þrjónaskap að meðferð nýjustu landbúnaðartækja.”

Jóhanna Rósa Arnardóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild

Leið ungmenna frá skóla til vinnu

„Rannsóknin snýst um að kanna atvinnutækifæri ungmenna eftir menntun og leita skýringa á því hvers vegna sumir eru hvorki í vinnu né skóla,” segir Jóhanna Rósa Arnardóttir, doktorsnemi við Félags- og mannvísindadeild, en hún vinnur nú að því að kanna leið ungmenna frá skóla til vinnu.

„Ætlunin er að sjá hvernig menntun nýtist ungu fólki og skilja hví sumum gengur verr en öðrum. Sú stund þegar ungt fólk lýkur námi getur verið nokkuð kritísk fyrir framtíðina. Það er líka áhugavert að sjá hvernig ungt fólk skipast í mismunandi stöður í samfélaginu. Þjóðfélagsþróun síðustu áratuga hvetur líka til að kanna að hvaða marki aukin menntun hefur stuðlað að jöfnun tækifæra og bættum lífsskilyrðum,” segir Jóhanna um rannsókn sína.

Jóhanna segir að efnahagskreppan 2008 hafi haft gífurleg áhrif á stöðu ungmenna. Atvinnuleysi hafi aukist og fleiri en áður verið hvorki í skóla né vinnu. „Staða ungmenna sem luku starfsnámi var mun verri en þeirra sem luku háskólanámi

eða almennu bóknámi í framhaldsskóla,” segir Jóhanna. „Staða ungmenna sem höfðu ekki lokið framhaldsskólanámi virtist að öllu jöfnu mun lakari en það er reyndar í samræmi við aðrar rannsóknir á þessu sviði. Það vakti hins vegar athygli að staða þeirra sem luku starfsnámi var álfka slæm í kreppunni og þeirra sem engu námi höfðu lokið.”

Jóhanna segir að rannsóknir sýni að fjölskyldustaða geti haft áhrif á hve vel ungmennum farnast að loknu námi. Erlendar rannsóknir sýni að efnameiri ungmenni standi betur en hin. Ágreiningur sé þannig um hvort sú stefnumótun að hvetja alla í nám standist þær væntingar að draga úr ójöfnuði í samfélaginu.

„Þegar ég hóf nám var sá hópur sem var hvorki í skóla né vinnu fremur fámennur, eða um 5% af heildarfjöldanum. Á öðrum ársfjórðungi 2009 var hann tæp 13%. Þörfin fyrir að skilja svona breytingar jókst einfaldlega vegna þess að fleiri voru í erfiðleikum,” segir Jóhanna.



Hún segir að á næstu árum sé nauðsynlegt að skapa störf handa ungu fólki. „Einnig er lykilatriði að leiðin inn í menntakerfið sé greið svo að starfsnámsfólk geti aflað sér þekkingar meðan stöðnun er, eins og í byggingariðnaði. Við þurfum sveigjanlegt menntakerfi svo að öllum sé gert kleift að auka menntun sína.”

Leiðbeinendur: Stefán Ólafsson og Helgi Gunnlaugsson, prófessorar við Félags- og mannvísindadeild.



Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands

Ný framtíðarstefna Háskóla Íslands

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, kynnti nýja stefnu skólans til næstu fimm ára á fjölmennum fundi í Hátíðasal í byrjun janúar. Sagði hún að í stefnunni væru ítrekuð þau meginmarkmið að koma Háskóla Íslands í fremstu röð meðal háskóla og til þess sé nauðsynlegt að fá stuðning stjórnvalda. „Ef við lítum 100 ár aftur í tímann sjáum við hvað framtíðarsýn, stórhugur og

„EKKI VERÐUR HVIKAÐ FRÁ LANGTÍMAMARKMIÐINU UM AÐ KOMAST Í RÖÐ FREMSTU HÁSKÓLA“

einbeittur vilji gátu kallað fram við miklu þrengri aðstæður en samfélagið býr við í dag. Við heitum á þá sem leiða íslenskt samfélag í dag að sýna sama vilja og sama hug og fyrirrennarar þeirra.“

„Árið 2006 setti Háskóli Íslands sér það langtímamarkmið að komast í hóp fremstu háskóla í heimi,“ sagði rektor. „Aðrar Norðurlandþjóðir eiga átta háskóla í þessum hópi og árangur Háskóla Íslands á undanföllum árum sýnir að raunhæft er að stefna áfram að þessu langtímamarkmiði.“ Fyrsti áfangi á þessari vegferð var stefna Háskóla Íslands 2006-2011. „Flestum áfangamarkmiðum sem sett voru þar hefur skólinn náð. Þau eru bæði á sviðum rannsókna, kennslu, birtinga vísindagreina í alþjóðlegum tímaramum, tilvísunum erlendra vísindamanna í rannsóknir íslenskra vísindamanna og fjölgun doktorsnema við skólann. Þessi árangur skilar íslensku atvinnulífi betur menntuðu fólki en áður, eykur virðingu háskólans á alþjóðavettvangi og gerir hann eftirsóttan til samstarfs. Fyrir vikið hefur samstarfssamningur við erlenda háskóla í fremstu röð fjölgað verulega. Slíkir

samningar eru staðfesting á styrk skólans og efla rannsóknastarf og gera nemendum kleift að taka hluta af námi sínu við þessa skóla,“ sagði Kristín.

Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning annars áfanga að langtímamarkmiði háskólans og er niðurstaðan ný og metnaðarfull stefna Háskóla Íslands 2011-2016. „Ekki verður hvið frá langtímamarkmiðinu um að komast í röð fremstu háskóla,“ sagði Kristín. Nýja stefnan er í fjórum köflum og felur í sér á níunda tug markmiða og aðgerða. Kaflarnir fjalla um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Skilgreindir hafa verið lykilmælikvarðar til að fylgjast með framkvæmd stefnunnar og meta árangur. Þá mun háskólinn halda áfram að gera stjórnvöldum árlega grein fyrir framkvæmd stefnunnar og árangri af henni, eins og gert hefur verið frá árinu 2006.

Allt á fullu á Japanshátíð

Slagveður var ekki til að aftra því að mikill mannfjöldi lagði leið sína á Háskólatorg á Japanshátíð en sá viðburður er orðinn einn af föstum punktum á háskólaárinu. Nám í japönsku máli og menningu dregur til sín fjölda nemenda ár hvert. Í máli Ástráðs Eysteinsonar, forseta Hugvísindasviðs, kom fram að japanska er orðið næststærsta tungumálið við Deild erlendra tungumála á eftir ensku þegar tekið er mið af nemendafjölda.

Nemendur og kennarar í japönsku máli og menningu stóðu að dagskránni í samstarfi við sendiráð Japans. Lögðu nemendur á sig ómælda

vinna til að gera hana glæsilega. Margt var í boði fyrir öll skynfæri. Gestir gæddu sér á ljúffengum sushi, japönsku snakki, eins og þangblöðum, wasabi-baunum og súkkulaðihúðuðum saltstögum. Þessu mátti skola niður með japönsku tei. Margir brustu í söng á karóíkí barnum, aðrir tóku í spil, léku sér í tölvuleikjum, tóku þátt í teathöfn, horfðu á kvikmyndir eða spreyttu sig á pappírsmoti (origami). Hæfileikar nemenda á tónlistarsviðinu nutu sín í gítarleik og söng en kór nemenda vakti mikla athygli við upphaf hátíðarinnar. Hann söng þá undir stjórn Kaoru Umezawa, lektors í japönsku.





Freysteinn Sigmundsson, sérfræðingur við Jarðvísindastofnun háskólans

Jarðvísindamenn HÍ á forsíðu Nature

Jarðvísindamenn við Háskóla Íslands, og samstarfsaðilar á Veðurstofu Íslands og við erlenda háskóla, skrifuðu forsíðugrein í Nature í nóvember í fyrra, sem er eitt virtasta vísindatímarit heims. Í greininni er fjallað um aðdraganda eldsumbrotanna í Eyjafjallajökli.

Rannsóknahópur um jarðskorpuhreyfingar við Norræna eldfjallasetrið á Jarðvísindastofnun háskólans hefur fylgst grannt með

kvikuhreyfingum í Eyjafjallajökli undanfarin ár í samvinnu við Veðurstofu Íslands. Niðurstöðurnar í rannsóknum þeirra varpa ljósi á hvernig önnur eldfjöll víðs vegar um heim, sem hafa legið lengi í dvala, kunní að rumska. Þar megi búast við mælanlegum kvikuinnskotum sem undanfara eldgosa. Leitt er getum að því í greininni að kvikuinnskot, sem rekst á aðra bergkviku sem liggur fyrir í rótum eldstöðva, kunní að leysa úr læðingi sprengigos líkt og gerðist í Eyjafjallajökli.

Rannsóknin var leidd af Freysteini Sigmundssyni, sérfræðingi við Jarðvísindastofnun, og Sigrúnu Hreinsdóttur, dósent í jarðeðlisfræði við Jarðvísindadeild HÍ. Birting greina í Nature þykir ekki einungis heiður fyrir viðkomandi vísindamenn



og rannsóknastofnanir heldur styrkir birtingin stöðu beggja í vísindaheiminum. Að eiga forsíðugrein er einnig metið ofar öðrum birtingum í tímaritinu.

„Hefðbundið líkan fyrir virkustu eldstöðvar á jörðinni gerir ráð fyrir að kvika safnist í eitt stórt kvikuhólf fyrir eldsumbrot. Það gerðist ekki í Eyjafjallajökli,“ segir Freysteinn Sigmundsson, „heldur tróð bergkvika sér inn undir fjallið í aðskilin innskot undir

austurhluta þess. Samfara sprengigosinu 14. apríl féll svo þrýstingur vegna streymis kviku undan háfjallinu. Þetta teljum við að geti verið dæmigerð atburðarás fyrir önnur sprengigos. Því er þörf á að endurskoða líkön af innviðum eldfjalla, reyna að meta enn betur með margvíslegum aðferðum hvar kvika leynist í rótum eldstöðva og fylgjast vel með þróun kvikuinnskota. Niðurstöður okkar geta þannig verið ákveðinn vegvísir fyrir framtíðarrannsóknir í eldfjallafræði.“

Rannsóknin var unnin í samvinnu Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, Tækniháskólans í Delft í Hollandi, Veðurstofu Íslands, Háskólans í Gautaborg og Wisconsin- háskóla í Madison, Bandaríkjunum.





Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir,
nemandi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið

VERKEFNI UM FERÐALÖG Á KILI VERÐLAUNAÐ

Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir, nemandi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið háskólans, vann sérstök verðlaun Rannsóknamiðstöðvar ferðamála fyrir lokaverkefni sitt í ferðamálafræði. Verkefnið kallar hún Kjölur: Fjölbreytt landslag, ferðamennska og upplifun.

Jóna komst að því í verkefni sínu að ferðafólk á Kili sækist í kyrrð og frið öræfanna til að stunda

„Í VIÐTÖLUNUM KOM MJÖG SKÝRT FRAM AÐ FERÐAMENN Á ÞESSU SVÆÐI SÆKJA FYRST OG FREMST Í ÞANN EINFALDLEIKA SEM HÁLENDIÐ BÝR YFIR“

náttúrutengda afþreyingu og að fjölbreytileiki náttúruupplifunar sé því ofarlega í huga.

„Í viðtölum kom mjög skýrt fram að ferðamenn á þessu svæði sækja fyrst og fremst í þann einfaldleika sem hálendið býr yfir,“ segir Jóna. „Hvers konar uppbygging á svæðinu, s.s. uppbyggðir vegir, hótél, jarðvarmavirkjanir og

annað slíkt, myndi skerða ímynd svæðisins og jafnframt skerða þá upplifun sem þeir leita eftir á þessu svæði.“

Mikil umræða er nú um stýringu og skipulag viðræðisvæða og taldi dómnefndin verkefni Jónu mikilvægt innlegg í þá umræðu. Verkefni Jónu fólst í viðtölum við ferðamenn á Kili og greindi hún eðli ferðamenskunnar á svæðinu og upplifun

ferðafólksins. Jóna bendir á í verkefni sínu að sjónarhorn eða afstaða ferðamannsins hljóti að vera lykkill að þróun ferðapjónustu til fjalla sem og annars staðar. Þegar horft er til auðlinda íslenskrar ferðapjónustu virðast

ferðamenn sammála um að aðgreiningarmátturinn liggja í náttúru og viðrum landsins.

„Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem hefur að meginmarkmiði að afla þekkingar sem nýtist við gerð landnýtingaráætlunar fyrir ferðamennsku á hálendi Íslands. Með slíkri áætlun skapast tækifæri til að þróa mismunandi svæði



hálendisins í takti við óskir ferðamanna og þol hvers svæðis fyrir sig,“ segir Jóna.

Verðlaun Rannsóknamiðstöðvarinnar koma árið á hlot nemandi við háskóla hér á landi sem vinnur framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál. Í umsögn dómnefndar um verkefni Jónu er það sagt vandað og samviskusamlega unnið, með metnað og fagmennsku að leiðarljósi.

Leiðbeinandi: Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild.



Pórólfur Þórlindsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild

STERANOTKUN EKKI TENGD ÍÞRÓTTUM

Pórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði, vinnur nú að rannsókn á steraneyslu íslenskra ungmenna ásamt Viðari Halldórssyni doktorsnema. Rannsóknin er afar viðamikil og er byggð bæði á tölfraðilegum gögnum og einstaklingsviðtölum. „Þetta verkefni er í beinu framhaldi af rannsóknum mínum sem tengjast ungu fólki og íþróttum,“ segir Þórólfur en hann hefur einnig unnið að rannsóknum á vímuefnanotkun íslenskra ungmenna.

Í rannsókninni var lagt upp með tvær megintilgátur, sú fyrri var að steranotkun tengdist fyrst og fremst íþróttaiðkun en sú seinni að neysla

stera fylgdi sömu lögmálum og neysla áfengis, tóbaks og ólöglegra vímuefna. „Í fjölmiðlum er helst fjallað um stera í tengslum við afreksfólk í íþróttum sem hefur fallið á lyfjaprófi svo að fólk tengir stera oft við íþróttaiðkun án þess að það sé byggt á neinum rannsóknum,“ segir Þórólfur. Hann segir að steranotkun ungs fólks sé afar lítil en einungis um eitt prósent ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára hafði prófað stera og af þessu eina prósentu hafði tæplega helmingur notað þá reglulega.

Þórólfur segir að helstu niðurstöður rannsóknarinnar séu að „ekki er marktækur munur

á steraneyslu milli þeirra sem taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi og þeirra sem taka ekki þátt í slíku. Steranotkun er nær eingöngu bundin við karlmenn og er mest á meðal þess hóps sem stundar líkamsrækt utan íþróttafélaganna.“

Þá virðist nokkur hópur fólks nota stera ásamt fíkniefnum til þess að komast í vímu. „Það er sterk fylgni á milli þess að nota vímu og jafa eins og hass og þess að nota stera. Við vonumst til þess að einstaklingsviðtölin geti varpað frekara ljósi á þetta,“ segir Þórólfur en fyrri hluti rannsóknarinnar, sem byggist á tölfraðigögnum, er á lokastigi og mun birtast á næstunni í ýmsum fagtímaritum.

Hanna Gísladóttir, meistaranemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

Skór veita konum hamingju

„Ég velti því fyrir mér hvort einhver fótur væri fyrir þeirri sögusögn að konur séu haldnar kaupæði á skóm. Þannig fór ég að spyrja spurninga eins og af hverju fólk kaupir sér skó,“ segir Hanna Gísladóttir, meistaranemi í Háskóla Íslands í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. Hanna útbjó spurningakönnun á Fésbókinni sem hluta af námi sínu. Þar var meðal annars spurt um ástæður skókaupa og mögulega ánægju sem kaupunum fylgir. Hanna segist hafa viljað fást við viðfangsefni sem höfðaði til áhugasviðs síns. „Miðað við þann hóp sem svaraði þá eru ekki margir sem kaupa mikið af skóm. Meirihluti svarenda virðist hugsa hagkvæmt. Flestir

kaupa sér skó þegar þeir gömlu eru orðnir slitnir eða þegar skór eru á afslætti.“

Hanna segir að lítil hóp svarenda hafi átt ótrúlega mikið af skóm. „Þessi sami hópur virðist láta stjórnast af sálfræðilegum ástæðum. Til dæmis keyptu nokkrir svarendur sér skó þegar þeim leið illa.“

Hún segir að áberandi fleiri konur hafi svarað fullyrðingunni „Skór veita mér hamingju“ játdandi. Þá keyptu ungar íslenskar konur með háar tekjur sér frekar skó síðasta árið heldur en eldri karlar, samkvæmt niðurstöðum úr spurningakönnun Hönnu.





Stirðir verða liprir og lunknir

Pað kemur manni algerlega í opna skjöldu þegar ruðst er inn í Íþróttahús Háskóla Íslands að kvöldlagi að sjá allan þann fjölda sem er þar saman kominn til að dansa. Það þarf bæði að sýna lempni og lagni til þess að komast í gegnum mannþröngina og finna Eddu Katrínu Rögnvaldsdóttur, sem ætlar að leiða okkur í allan sannleikann um starfsemina. Þessi mikli áhugi á dansi ætti samt ekki að koma á óvart en Háskóladansinn sló algerlega í gegn með sýningu á Háskólatorgi á nýnemadögum.

Við leitum skjóls uppi á lofti, þar sem við fáum yfirsýn yfir íþróttasalinn og fjöldann. Nemendur úr öllum deildum skólans, bæði karlar og konur, standa þarna saman í hring, tilbúnir að hlýða skipunum danskennarans. „Nú á að dansa salsa!“

„Þetta er fjórða starfsárið okkar, en Háskóladansinn var stofnaður haustið 2007. Nokkrir áhugasamir einstaklingar, með reynslu af dansi, vildu þá kynna hann fyrir nemendum háskólanna. Það er óhætt að segja að þessu trúboði hafi verið vel tekið,“ segir Edda Katrín, sem er í meistaranámi í lífrænni efnafræði við Raunvísindadeild HÍ.

Skráðir félagar í Háskóladansinum eru núna hátt á þriðja hundrað og Edda Katrín segir að það sé ákveðinn kjarni sem komi á hverju ári. „Það er samt sérstaklega gaman að sjá ný andlit og ekki síst ánægjulegt hversu erlendu stúdentarnir eru duglegir að koma. Hér kynnumst við ótrúlega mörgum sem koma alls staðar að og erlendu nemarnir koma margir hverjir gagngert til þess að blanda geði við aðra. Þeir kynnast Íslendingum fyrr í dansinum en ella og hann hjálpar þeim jafnvel með að læra tungumálið,“ segir Edda Katrín.

Í Háskóladansinum er áherslan á Boogie Woogie, Lindy hop, Swing og Rock'n'Roll, Salsa, Contemporary og Hipp Hopp. Það þarf ekki að mæta með félagi en nemendur ganga í hring þannig að allir dansa við alla, nema sjálfan sig auðvitað. Auk námskeiðanna hittast síðan nemendur í miðri viku á nokkrum stöðum í borginni til að dansa.

Við horfum yfir salinn, þar sem kennarinn er byrjaður að gefa skipanir á ensku, svo allir skilji til hvers er ætlast og hersingin hreyfir sig í reglubundnum takti og samviskusamlega eftir öllum



fyrirmælum. Edda Katrín segir að kennslan fari auðvitað líka fram á íslensku.

„Ég gæti dansað öll kvöld,“ segir hún dreymin á svip, aðspurð um ástríðuna í dansinum, og hún brosir breitt. „Það er náttúrulega ekki hægt að leyfa sér slíkt, ég þarf skiljanlega að sinna náminu líka.“

Edda Katrín segir að við séum að sjálfsögðu mismunandi að upplagi og með mismikla tilfinningu fyrir takti og tónlist. Hún segist samt hafa séð býsna marga sem voru frekar stirðir í upphafi en hafi orðið furðu fljótt liprir og lunknir. „Það eru allir byrjendur einhvern tíma.“

Vísindin lifna við í Vatnsmýrinni

- tuttugu þúsund heimsóknir í Tilraunalandið

Vatnsmýrin er einstök perla í miðri Reykjavík, í hjarta háskólasvæðisins. Í Vatnsmýrinni virðist allt geta gerst því að þar birtist á liðnu ári glænýtt land, Tilraunalandið, þar sem vísindi af öllu tagi voru kynnt á lifandi og skemmtilegan hátt með virkri þátttöku gesta. Tilraunalandið var öllum opið í fimm mánuði og voru gestir landsins um tuttugu þúsund.

Tilraunalandið var samstarfsverkefni Norræna hússins og Háskóla Íslands, sem eru nágarnar í Vatnsmýrinni og eiga samleið um fjölbreytilegustu mál.

„Markmiðin með Tilraunalandinu voru að kynna og kanna undraheima vísindanna, veita innblástur og vekja upp forvitni um hin og þessi lögmál

náttúrunnar,“ segir Guðrún Bachmann hjá Háskóla Íslands. Guðrún vann við að gera Tilraunalandið að veruleika.

„Það fer ekki á milli mála að mikil þörf er fyrir sýningu af þessu tagi, aðsóknin var með eindæmum góð og á tímabili meiri en við réðum við,“ segir Ari Ólafsson, dósent í tilraunaeðlisfræði, við Háskóla Íslands en Ari hefur um árabli verið frumkvöðull í miðlun vísinda.

„Í Tilraunalandi voru allir jafnvígir, það þurfti ekki að kunna neitt sérstakt til að taka þátt,“ segir Guðrún, „en eins og í öllum rannsóknum var afar gott að hafa fróðleiksþorstann og ímyndunaraflið með í farteskínu.“





Finnur Pálsson,
rafmagnsverkfræðingur
á Jarðvísindastofnun

LANGJÖKULL RÝRNAR AFAR HRATT

Afkoma Langjökuls hefur verið neikvæð síðasta einn og hálfan áratug og hann rýrnar nú afar hratt að sögn Finns Pálssonar, rafmagnsverkfræðings á Jarðvísindastofnun og sérfræðings í jöklarannsóknunum. „Jökullinn hafði safnað á sig um þremur metrum af snjó síðasta vetur en leysing sumarsins er rösklega fimm metrar að meðaltali,” segir Finnur og horfir yfir þennan tignarlega jökul með aðdáun sem hann fær ekki leynt. Hann og aðrir jöklafræðingar Háskóla Íslands stunda nú viðamiklar rannsóknir á afkomu Langjökuls og annarra jökla á Íslandi.

„Þetta þýðir að Langjökull hefur þynnst um tæpa fjóra metra á einu ári. Þetta er metbráðnun og gosið í Eyjafjallajökli á hlut að máli því að þunnt öskulag frá gosinu lagðist yfir Langjökul og olli aukinni bráðnun. Dökkt yfirborðið sogaði í sig miklu meiri orku frá sólinni en annars hefði verið.“ Það er mikið blíðskaparveður á jöklinum þótt

við séum þar í lok nóvember. Finnur er þarna ásamt þeim Þorsteini Jónssyni og Sveinbirni Steinþórssyni, tæknimönnum Jarðvísindastofnunar. Þeir hafa ekið tveimur sérútbúnum jeppum í miklu blíðskaparveðri og fara mikinn við að taka niður veðurstöð fyrir veturinn.

„Rannsóknir Sverris Guðmundssonar á Jarðvísindastofnun háskólans gefa vísbendingar um að Langjökull verði um fimmtungi minni en nú við lok þessarar aldar verði hitastig óbreytt. Hlýni frekar, eins og flestir spá, verður bráðnunin enn hraðari, og Langjökull verður að mestu horfinn eftir 150 til 200 ár,” segir Finnur og grípur til Járnkjarls til að losa um veðurstöð sem vísindamennirnir taka niður fyrir veturinn.

„Mikilvægt er að forða henni frá klóm vetrarinn en flest það sem skilið er eftir á jöklinum stendur ekki af sér aftakaveðrin sem þá geisa,” segir Finnur.



Þorsteinn Jónsson tæknimaður beitir fagmannlegum tókum við að bora djúpa, beina en örmjóa holu niður í jökulinn.



Skjótt skipast veður í lofti á Langjökli. Brostin á stórhrið og ekið er eftir GPS staðsetningarbúnaði.



Sveinbjörn Steinþórssón tæknimaður og Finnur Pálsson skrafa um næsta viðkomustað á Langjökli.



Jón Atli Benediktsson,
prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði

Aðstoðarrektor forseti í alþjóðafélagi verkfræðinga

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektur vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, hefur verið kjörinn forseti í stórum alþjóðlegum samtökum vísindamanna í verkfræði. Um er að ræða alþjóðlegt fagfélag vísindamanna sem fást við fjarkönnun af yfirborði lands og sjávar, í andrúmsloftinu og í geimnum ásamt úrvinnslu upplýsinga úr fjarkönnunargögnum. Fjarkönnunargögn hafa orðið æ umfangsmeiri og flóknari á síðustu árum og hafa að sama skapi orðið mikilvægari og nýst á fleiri sviðum en nokkru sinni. Það er því mikil viðurkenning fyrir íslenskt vísindasamfélag að vísindamaður héðan komist til slíkra áhrifa.

Hér á landi hefur fjarkönnun talsvert verið notuð, t.d. við kortlagningu og eftirlit á gróðri og gróðurbreytingum, landnotkun og jöklabreytingum, en einnig við mælingar á hita- og landhæðarbreytingum jarðhitasvæða og virkra eldfjalla auk eftirlits með haffis og hitastigi sjávar.

Félagið sem Jón Atli stýrir nefnist IEEE Geoscience and Remote Sensing Society og er margs konar starfsemi stunduð á þess vegum. Það gefur m.a. út þrjú ritrýnd og virt tímarit, (IEEE Transactions on Geoscience and Remote Sensing, IEEE Geoscience and Remote Sensing Letters og IEEE Journal of Selected Topics in Applied Earth Observations and Remote Sensing), auk þess að halda stóra alþjóðlega ráðstefnu á ári hverju. Verður sú næsta haldin í Sendai í Japan í ágúst nk. Félagið heldur jafnframt fjölda smærri ráðstefna og stendur fyrir

ýmiss konar viðburðum. Félagið er aðili að Institute of Electrical and Electronics, Inc. (IEEE), sem er stærsta tæknifélag í heiminum með um fjögur hundruð þúsund meðlimi í 160 löndum.

Að sögn Jóns Atla hefur orðið ör þróun í vinnslu með fjarkönnunargögnum á síðustu árum: „Með nýjum gögnum og úrvinnsluáðferðum kemur notkun fjarkönnunar til með að aukast til muna, ekki síst við hvers kyns umhverfis- og auðlindarannsóknir á sjó og landi,“ segir Jón Atli. „Í framtíðinni gæti reglubundin fjarkönnun orðið lykilmáttur í að vakta fiskimiðin sem þjóðin byggir afkomu sína að miklu leyti á. Þá gagnast fjarkönnun einnig við ýmiss konar löggæslu en mörg ríki hafa t.d. sívaxandi áhyggjur af olíumengun í sjó og fjarkönnunartækni getur t.d. hentað einkar vel til að fylgjast með og kortleggja ólöglega losun olíu og margra annarra spilliefna í sjó.“

Jón Atli, sem einnig er prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands, var fyrst kjörinn í stjórnunarnefnd IEEE Geoscience and Remote Sensing Society árið 2000. Hann starfaði síðan sem ritstjóri IEEE Transactions on Geoscience and Remote Sensing á árunum 2003 til 2008.

Jón Atli hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir vísindastörf sín. Hann hlaut m.a. Hvatningarverðlaun Rannsóknaráðs Íslands 1997, IEEE Millenium Medal árið 2000 og var kjörinn IEEE Fellow árið 2004. Jón Atli fékk Outstanding Service Award frá Geoscience and Remote Sensing Society árið 2007.



Anne Steinbrenner MA við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Einkabíllinn stendur heima

„Fólk ferðast minna í einkabíl nú en fyrir efnahagshrunið og hugsar sér frekar að taka strætisvagn. Lægri ráðstöfunartekjur og auknið atvinnuleysi eru meðal þess sem stuðlað hefur að þessum breytingum.“ Þetta kemur fram í meistararannsókn Anne Steinbrenner í umhverfis- og auðlindafræði. Rannsóknin snýst um íbúðarval og ferðavenjur höfuðborgarbúa.

Meistaraverkefnið var samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans í Kiel í Þýskalandi en Anne útskrifaðist þaðan árið 2009.

Anne segir að ferðavenjur stýrist m.a. af félags- og efnahagslegum þáttum, auk áhrifa frá hinu byggða umhverfi sem mótar val fjölskyldna. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka íbúðarval, þætti sem hafa áhrif á það og áhrif slíkra þátta á ferðavenjur og hegðun á völdum svæðum. Niðurstöður rannsóknarinnar byggjast á gögnum frá 1.160 heimilum á höfuðborgarsvæðinu sem safnað var með netkönnun.

Anne segir rannsóknina marka ákveðin tímamót þar sem hún eykur skilning manna á sambandi byggðar og samgangna í Reykjavík eftir hrun íslenska fjármálakerfisins í október 2008.

„Rannsókn af þessu tagi, þar sem reynt er að afla þekkingar um orsakir ferðahegðunar, hefur aldrei áður verið gerð í höfuðborg Íslands,“ segir hún.

Anne segir að í upphafi hafi vonir staðið til að rannsóknin nýttist til að meta tækifæri til aukinnar sjálfbærni í samgöngum borgarinnar en niðurstöður voru ekki nógu afgerandi. „Þrátt fyrir það nýttist rannsóknin í skipulagsvinnu borgaryfirvalda, einkum til samanburðar við önnur lönd,“ segir Anne að lokum.

Aðalleiðbeinandi: Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfræði og varadeildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideilda.





Inga Þórsdóttir,
prófessor og forseti Matvæla- og næringarfræðideildar

Hollusta byltir heilsu

Inga Þórsdóttir, prófessor og forseti Matvæla- og næringarfræðideildar, hefur rannsakað áhrif þriggja næringarfræðilegra íhlutana; með áherslu á grænmeti og ávexti meðal skólabarna og á fisk og lýsi meðal menntaskólanema og ungra fullorðinna.

„Markmið næringarfræðilegra rannsókna eru að auka þekkingu á virkni næringar í líkamanum,“ segir Inga, „í þessu tilfalli á vítamínþúskað og fleira hjá börnum og hjá fullorðnum hvað varðar þyngdarstjórnun og áhættuþætti hjartasjúkdóms. Auk þessa var það sameiginlegt markmið rannsókna að finna leiðir til að styðja almenning, sérstaklega skólabörn, unglinga og unga fullorðna, í að borða hollan mat í hæfilegu magni.“

Fyrsta íhlutunin var meðal ungra fullorðinna á aldrinum 20 til 40 ára og fólst í breytilegri meðferð

**„MARKMIÐ NÆRINGARFRÆÐILEG-
LEGRA RANNSÓKNA ERU AÐ
AUKA ÞEKkingu Á VIRKNI
NÆRINGAR Í LÍKAMANUM“**

og eftirfylgni í eitt ár. Um var að ræða framhald evrópskrar íhlutunar sem stýrt var af Ingu þar sem áhrif af fiski og hollum fitusýrum voru prófuð sem hluti af orkuminni fæði til að hjálpa of þungum að léttast.

Í annan stað var næringarfræðileg íhlutun meðal menntaskólanema sem fólst í fræðslu og samstarfi við starfsfólk mótuneyta skólans. Síðasta íhlutunin, sem fór fram í grunnskólum, var fléttuð inn í skólastarfið og var hún gerð í samvinnu við starfsfólk skóla og foreldra barnanna. Íhlutunin fólst í fræðslu til barna, foreldra og kennara, auk þess sem framboð á hollum mat var aukið

verulega. Þetta var gert í samstarfi við vísindamenn á Menntavísindasviði háskólans.

Inga segir að varðandi rannsóknina á ungu fullorðnu fólki hafi komið fram að nákvæmt fæði í átta vikur skilaði áframhaldandi árangri við þyngdarstjórnun: „sem verður meiri ef stuðningur og fræðsla er veitt reglulega í heilt ár.“ Inga segir að í ljós hafi komið að fiskneysla hafi góð áhrif á heilsu hvað varðar þyngdartap, blóðfitur, bólguþætti og andoxun í líkamanum. „Við sáum líka að fræðsla eða upplýsingagjöf og heimsóknir á klínísk skilufðu sér til fólks á þessum aldri. Það hjálpaði til við að þyngjast ekki aftur, venja sig á hollan mat í hæfilegu magni, sem skilaði sér svo í hæfilegri þyngd og betri blóðgildum,“ segir Inga.

Inga segir að íhlutun í grunnskólum hafi náð til neyslu ávaxta og grænmetis sem hafi aukist í þeim bekkjum þar sem hún fór fram. „Hún var áhrifaríkust meðal þeirra barna sem borðuðu minnst af ávöxtum og grænmeti fyrir,“ segir Inga.

„Í tengslum við þessa rannsókn var samstarf við menntamálaráðuneytið um að bæta næringarfræði mannsins inn í náttúrufræði í námskrá grunnskóla.

Menntaskólanemarnir tóku fræðslu um lýsi til sín og þeir sem ekki tóku lýsi fyrir bættu því sumir hverjir á matsæðil dagsins. Fiskneysla þessara krakka var í góðum málum þegar íhlutunin hófst,“ segir Inga.

„Markmið rannsókna var í fyrsta lagi að meta áhrif af fræðslu, viðhorfum og aðgengi að hollari matvælu á neyslu grænmetis, ávaxta og sjávarfangs. Í öðru lagi var markmið tveggja íhlutana að meta áhrifin af breytingum á neyslu þessara matvæla á líkamssamsetningu og aðrar mælingar á heilsufari skólabarna og ungra fullorðinna,“ segir Inga. Hún segist vonast til að niðurstöðurnar megi nýta til að bæta heilsu almennings.



Eggertssjóður styrkir nýdaktora

„Við ákváðum að leggja núna áherslu á styrki til nýdaktora,“ sagði Leó Kristjánsson, vísindamaður og formaður stjórnar Eggertssjóðs, þegar hann var inntur eftir upplýsingum um styrkveitingar úr sjóðnum á síðasta ári.

„Markmið Háskóla Íslands hefur m.a. verið að efla rannsóknir við skólann og úthlutanir úr sjóðnum samræmast því fyllilega,“ sagði Leó.

Vestur-Íslendingurinn Eggert V. Briem (1895-1996) er stofnandi sjóðsins en hann styrkti um áratugaskeið margvísleg vísindaverkefni við Háskóla Íslands, ekki síst með tækjagjöfum til Raunvísindastofnunar háskólans. „Eggert var mikill hugsjónamaður og áhugasamur um raunvísindi. Honum var einkum í mun að efla íslenskar rannsóknir í eðlisfræði og jarðeðlisfræði. Það gerði hann á ómetanlegan hátt, bæði meðan hann lifði og með þeim styrktarsjóði sem hann lét eftir sig. Styrkir á borð við þessa efla mjög vísindarannsóknir við háskólann og því væri ánægjulegt ef fleiri einstaklingar og fyrirtæki sæju sér fært að leggja þar hönd á plóg,“ sagði Leó.

Á árinu 2010 voru veittir tólf styrkir úr Eggertssjóði, þar af níu nýdaktorum í Jarðvísindadeild, Læknadeild og Líf- og umhverfisvísindadeild, en tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði jarðfræði og líffræði. Þá var „jöklahópi“ Jarðvísindastofnunar háskólans veittir tveir styrkir vegna smíði á léttbyggðum íssjárnunum til jöklamælinga. Einnig var Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum veittur styrkur. Heildarupphæð styrkjanna nam tæpum tíu milljónum króna og er það um helmingur allra styrkja sem veittir voru úr Styrktarsjóðum háskólans á síðasta ári.

Að sögn Leós eru nýdaktorar verðmætur vinnukraftur í háskólastarfinu og eru jafnframt oft að leggja grunn að eigin ævistarfi við rannsóknastofnanir. Sjóðstjórnin vonast því til þess að þeir viðbótarfjármunir sem sjóðurinn veitti nýdaktorum til reksturs verkefna sinna nýtist þeim mjög vel.



Elísabet Ragna Hannesdóttir, doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild

BÝST VIÐ MIKLUM BREYTINGUM Á SAMFÉLÖGUM SMÁDÝRA

– Hitastig smálækja rannsakað

Doktorsneminn Elísabet Ragna Hannesdóttir rannsakar áhrif hita og næringarefnaauðgunar á samfélag smádýra í íslenskum lækjum. „Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hugsanlegar breytingar sem hækkandi hiti getur haft á samfélög smádýra í straumvatni, hvað varðar þéttleika, tegundasamsetningu og lífsferla,“ segir Elísabet. Rannsóknin er einn angri af

stóru evrópsku rannsóknaverkefni sem nefnist Eurolimpacs. Elísabet segir að áhrifin af hækkandi hita í Evrópulöndum, þar sem áburður er mikið notaður, gætu verið önnur og e.t.v. meiri en hér á landi.

Rannsókn Elísabetar fór að mestu fram í Hengladölum. Þar er jarðhitasvæði með bæði heitum og köldum lindum, allt frá 5 til 45 stiga heitum, sem sameinast síðan í Hengladalsá.

Elísabet segir að Hengladalssvæðið sé kjörið til að rannsaka áhrif hita á lífverusamfélög í lækjum þar sem hitastig lækjanna sé mismunandi. Rannsóknin fólst í að skoða samfélag smádýra í níu lækjum ásamt því að áburðartilraunir voru gerðar.

Að sögn Elísabetar eru niðurstöður rannsóknarinnar þær að tegundasamsetning og þéttleiki smádýra er breytilegur milli lækjanna eftir hitastigi þeirra. Þannig voru sniglar ríkjandi í heitustu lækjunum en rykmý áberandi í þeim köldustu. Þá var þéttleiki smádýra almennt meiri í heitari lækjunum. Það kom einnig í ljós að áhrif áburðargjafar eru minniháttar á lífsskilyrði smádýra en hugsanlegt er að slík áhrif komi fram á lengri tíma.

Elísabet segir að samfara hlýnun jarðar megi búast við miklum breytingum á samfélögum smádýra í ferskvatni; tegundir sem kjósa að lifa í köldu vatni gætu þurft að færa sig norðar eða upp til fjalla og tegundir sem kjósa hærri hita gætu orðið ríkjandi í stað hinna.

Leiðbeinandi: Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.





Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor í vistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild

HLÝNANDI LOFTSLAG

– Fjalldrapi í stað mosa

„Hlutur fjalldrapa eykst á kostnað mosa sem í dag er mjög ríkjandi í íslenskum gróðri, einkum suðvestanlands og víða á hálendinu,“ segir Ingibjörg Svala Jónsdóttir prófessor í vistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Ingibjörg hefur tekið virkan þátt í ITEX (International Tundra Experiment) samstarfsnetinu um rannsóknir á heimskauta- og fjallatúndru sl. 20 ár en tilgangur verkefnisins er að afla vitneskju um viðbrögð túndruvistkerfa við loftslagsbreytingum.

Grundvallartilraun ITEX líkir eftir loftslagsbreytingum með notkun harðplastsskýla sem eru opin í toppinn. „Regn hefur aðgang að lífverum innan skýlanna, en hitastigið í hólfunum hækkar um 1 til 3 gráður að jafnaði sem er svipað og flestar spár um hlýnun jarðar næstu 100 ár gera ráð fyrir. Að því leyti hefur okkur tekist að líkja nokkuð vel eftir hitastigshækkunum sem búist er við,“ segir Ingibjörg.

Grunnrannsóknir Ingibjargar á tegunda- fjölbreytni, starfsemi mismunandi vaxtarforma plantna, beitaráhrifum og ferlum í vistkerfum túndrunnar renna mikilvægum stoðum undir gerð líkana sem spá fyrir um áhrif hlýnunar jarðar á vistkerfi lands. Greining ITEX-gagna til 14-20 ára stendur nú yfir. Ingibjörg leggur til gögn frá Svalbarða og fjallatúndru Svíþjóðar, auk Íslands.

Ólík gróðurlendi bregðast misjafnlega við hækkun hitastigs. „Í einsleitri og tegundafarri mosapembu hér á landi höfum við ekki séð neinar breytingar á gróðursamfélaginu þrátt fyrir 14 ára skermingu plantna. Hins vegar hafa tegundaauðugir fjalldrapi og víðir tekið vel við sér á kostnað mosans. Viðbrögð fjalldrapi og víðra samlegðaráhrif. Þar af leiðandi má velta fyrir sér hvort runnagróður taki við af mosapembu

á landsvísu í framtíðinni. Viðbrögðin koma vel saman við niðurstöður frá öðrum túndrusvæðum í heiminum. Almennt virðist að jurtt og graskenndar tegundir bregðist fyrr við hlýnun jarðar en aðrar plöntur, en síðar taki trjákenndar plöntur við sér,“ segir Ingibjörg.



SJÓÐAVEFUR HÍ OPNAÐUR

Sjóðavefur Háskóla Íslands hefur verið opnaður en slóð vefsins er sjodir.hi.is. Á vefnum er að finna upplýsingar um alla sjóði og styrki sem nemendum, kennurum og starfsfólki háskólans standa til boða. Þarna er líka að finna upplýsingar um ýmsar rannsóknir sem hafa verið styrktar af sjóðum háskólans.



Djáknanám
Eðlisfræði
Efnafræði
Enska
Evrópufræði
Ferðamálafræði
Félagsfræði
Félags- og vinnusálfræði
Félagsráðgjöf
Fjármál fyrirtækja
Fjármálhagfræði
Fjármálaverkfræði
Fornleifafræði
Franska
Fötlunarfræði
Geislafræði
Grunnskólakennarafræði – Viðbótardiplóma
Guðfræði
Hagfræði
Hagnýt jafnréttisfræði
Hagnýt menningarmiðlun
Hagnýt ritstjórn og útgáfa
Hagnýt siðfræði
Hagnýt þjóðfræði
Hagnýtt nám í þýðingum
Heilbrigðisvísindi
Heilsuhagfræði
Heimspeki
Hjúkrunarfræði
Hnattæren tengsl, fólksflutningar og fjölmenningsfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Íslensk fræði
Íslensk málfræði
Íslenska
Íslenskar bókmenntir
Íþrótt- og heilsufræði
Jarðeðlisfræði
Jarðfræði
Kennslufræði framhaldsskóla
Kynjafræði
LL.M. Auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur
Landfræði
Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun
Leikskólakennarafræði – Viðbótardiplóma
Líf- og læknávisindi
Lífefnafræði
Lífeindafræði
Líffræði
Lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld
Lífverkfræði
Ljósmyndfræði
Lyfjafræði

Máltækni
MBA í viðskiptafræði
MPM í verkefnastjórnun
Menningarfræði
Menntunar- og kennslufræði yngri barna
Miðaldafræði
Nám fullorðinna
Náms- og kennslufræði
Náms- og starfsráðgjöf
Norðurlandafræði
Norræn trú
Næringarfræði
Opinber stjórnsýsla MPA
Rafmagns- og tölvuverkfræði
Rafmagnsverkfræði
Reikningsskil og endurskoðun
Reikniverkfræði
Ritlist
Safnafræði
Sagnfræði
Sálfræði
Sálfræði, Cand. psych.
Sérkennslufræði
Sérsvið hjúkrunar
Skattaréttur og reikningsskil
Smárikjafræði
Spænska
Stjórnmálafræði
Stjórnun og stefnumótun
Stjórnunarfræði menntastofnana
Stærðfræði
Talmeinafræði
Tannlæknisfræði
Tómstunda- og félagsmálafræði
Tölvunarfræði
Tölvuverkfræði
Umhverfis- og auðlindafræði
Umhverfis- og byggingarverkfræði
Umhverfisverkfræði
Uppeldis- og menntunarfræði
Vélaverkfræði
Viðskiptafræði
Öldrunarfræði
Öldrunarfræði NordMaG, samnorrænt meistaranám
Öldrunarþjónusta
Þjóðfræði
Þroskaþjálfing
Þroski, mál og læsi
Þróunarfræði
Þýðingfræði
Þýska
Þýska í ferðabjónustu og miðlun



Félagsvísindasvið



Menntavísindasvið



Verkfræði- og náttúruvísindasvið



Heilbrigðisvísindasvið



Hugvísindasvið

Þetta eru helstu námsleiðir í boði. Innan þeirra geta verið margskonar kjörsvið. Allar nánari upplýsingar í Kennsluskrá á hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Tímarit Háskóla Íslands – Háskólafréttir

1. tölublað, 33. árgangur, febrúar 2011.

Útgefandi:

Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands.

Ritstjóri:

Jón Örn Guðbjartsson.

Aðstoðarritstjóri:

Pétur Georg Markan.

Höfundar efni:

Jón Örn Guðbjartsson, Stefán Helgi Valsson, Pétur Georg Markan, Margrét Lilja Vilhjálmsdóttir, Ása Baldursdóttir, Kolbrún Mjöll Hrafnadóttir, Sigurjón Ólafsson, María Ásdís Stefánsdóttir, Ingi Rafn Ólafsson, Guðrún Bachmann, Björg Magnúsdóttir, Helga Brá Árnadóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Magnús Diðrik Baldursson, Alma Ómarsdóttir, Anna Guðrún Andersen, Davíð Roach Gunnarsson, Eyrún Eva Haraldsdóttir, Helga Mjöll Stefánsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Kolbeinn Tumi Daðason, María Kolbrá Höskuldsdóttir, María Elísabet Laroco, Sigurður Snæberg Jónsson, Valgerður S. Kristjánsdóttir og fleiri nemendur í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands o.fl.

Lestur prófarka:

Jón Örn Guðbjartsson, Áslaug J. Marinósdóttir, Pétur Ástvaldsson, Heiðrún Kristjánsdóttir, Björn Gíslason, Guðrún Bachmann, Ásdís Ýr Arnadóttir, Magnús Diðrik Baldursson og Sæunn Stefánsdóttir.

Ljósmyndir:

Kristinn Ingvarsson, Stefán Helgi Valsson, Gunnar Sverrisson, Jón Örn Guðbjartsson, Ragnar Axelsson, Bjarni Grímsson, Ingi Rafn Ólafsson o.fl. Birgir Ísleifur Gunnarsson, ljósmynd af rektor HÍ.

Hönnun og umbrot:

Tryggvi Ólafsson, BA-nemi í ensku við HÍ. tryggvio@gmail.com.

Hönnun og umbrot á forsiðu:

Hildigunnur Gunnarsdóttir og Snæfríð Þorsteins.

Ljósmyndir á forsiðu:

Myndasafn Háskóla Íslands og Myndasafn Reykjavíkur.

Upplag:

9.000 eintök.

Prentun:

Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Prentað á vistvænan pappír. Ef ritið er ekki varðveitt vinsamlegast skilið því til endurvinnslu að loknum lestri.

ISSN: 1670-2778

www.hi.is

Hverjir vinna Tímarit Háskóla Íslands?

Tímarit Háskóla Íslands er að mestu leyti unnið af starfsfólki markaðs- og samskiptasviðs háskólans og af kynningarstjórum á fræðasviðum skólans. Nemendur í MA-námi í blaða- og fréttamennsku við háskólann lögðu einnig til fjölda greina. Þessir nemar eru: Alma Ómarsdóttir, Anna Guðrún Andersen, Davíð Roach Gunnarsson, Eyrún Eva Haraldsdóttir, Helga Mjöll Stefánsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Kolbeinn Tumi Daðason, María Kolbrá Höskuldsdóttir, María Elísabet Laroco, Sigurður Snæberg Jónsson og Valgerður S. Kristjánsdóttir.

MA-nám í blaða- og fréttamennsku er hagnýtt og fræðilegt nám sem býr fólk undir fjölbreytt störf á margs konar fjölmiðlum. Með því að rita greinar í Tímarit háskólans fengu nemendur tækifæri til að vinna efni til almennrar birtingar þar sem áhersla var lögð á vísindamiðlun.

Í MA-náminu í blaða- og fréttamennsku er áhersla lögð á að kenna nemendum siðareglur, vinnubrögð og aðferðir sem blaða- og fréttamenn nota við vinnu sína. Einnig er kennt að beita þeim tækjum og tólum sem henta hverjum miðli. Tímarit háskólans var því kærkomið raunhæft verkefni fyrir meistaranema.



Allt um námið á hi.is

Mikil áhersla er lögð á að allir geti nýtt sér vefsvæði Háskóla Íslands til að nálgast upplýsingar um fjölbreytt námsframboð við skólann.

Vefsvæði Háskóla Íslands er eitt það fjölsóttasta á landinu og býður upp á gríðarlega möguleika. Vefsvæðið skiptist í raun í tvo hluta: innri vef, sem gengur undir nafninu Uglan, og ytri vef sem blasir við öllum.

Notendur ytri vefsins eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar og er vefurinn í stöðugri mótun. Vefurinn tekur mið af uppbyggingu

Háskóla Íslands í fimm fræðasvið og 25 deildir sem falla undir fræðasviðin. Litir eru ráðandi við að hjálpa notendum að finna sinn stað.

Aðgengi er einfalt að öllum upplýsingum um á fjórða hundrað námsleiðir og er lýsing á hverju námskeiði með tengingu við kennsluskrá. Þá er hægt að sækja um skólavist á vefnum, bæði í grunnám og framhaldsnám.

Í Uglunni geta nemendur nálgast ýmsar innri upplýsingar en í því sambandi má nefna glærur og efni sem tengist ákveðnum námskeiðum en þarna má líka sjá námsferilinn eins og hann leggur sig.

Sæktu um í HÍ

Umsóknir um nám eru rafrænar og fara fram á vef háskólans hi.is. Umsóknarfræstur í grunnám fyrir háskólaárið 2011-2012 er til 5. júní 2011. Eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum.

Allar nánari upplýsingar um umsóknarferlið, inntöskilyrði og fleira eru á hi.is. Námsráðgjafar Háskóla Íslands, starfsfólk þjónustuborðs, Nemendaskrár, fræðasviða og deilda veita einnig upplýsingar og aðstoð.

Fræstur til að sækja um framhaldsnám er til 15. apríl en til 15. október ef sótt er um nám sem hefst á vörmisseri.

Rafræn umsóknareyðublað eru á hi.is. Engin skólagjöld eru í Háskóla Íslands en árlegt skrásetningargjald er kr. 45.000.

Velkomin í Háskóla Íslands!



Námseiningar og prófgráður

Nám við háskólann er metið í einingum (e). Hefðbundið ársnám er talið 60 einingar og almennt er miðað við að hver eining svari til 25-30 vinnustunda í námi.

Við háskólann eru þrjár háskólagráður. Fyrsta háskólagráða kallast grunnám, þ.e. BA, BS eða B.Ed. Að baki þeirri gráðu er minnst þriggja ára nám en nokkrar leiðir eru lengri og geta tekið 4-6 ár. Önnur háskólagráða er svokallað meistaraþróf,

t.d. MA, MS eða M.Ed., en að baki henni er yfirleitt tveggja ára nám til viðbótar grunnnámi. Þriðja háskólagráðan er síðan doktorsþróf.

Meistaránám og doktorsnám kallast einu nafni framhaldsnám. Því til viðbótar býður Háskóli Íslands ýmsar styttri námsleiðir, diplómanám eða hagnýtt nám, starfsmiðað nám eftir fyrstu háskólagráðu og sjálfstætt grunnám.

Þjónusta fyrir stúdent við Háskóla Íslands

BÓKSALA STÚDENTA

Allar námsbækurnar og miklu meira á www.boksala.is.

KAFFISTOFUR STÚDENTA

Kaffistofur stúdenta eru í Árnagarði, Eirbergi, Háskólabíói, Læknagarði, Odda og Öskju. Fjölbreytt og gott úrval á lágmarksverði.

HÁMA

Háma er veitingastaður, kaffihús og bar staðsett á Háskólatorgi í hjarta háskólasamfélagsins.

LEIKSKÓLAR STÚDENTA

Sólgarður og Leikgarður eru fyrir sex mánaða til tveggja ára börn og Mánagarður fyrir tveggja til sex ára börn. Nánari upplýsingar á heimasíðu FS.

STÚDENTAGARÐAR

Umsóknum þarf að skila með rafrænum hætti á umsóknarformi sem finna má á síðunni www.studentagardar.is.

STÚDENTAMIÐLUN

Atvinnu-, húsnæðis- og námsbókamiðlun á www.studentamidlun.is.

www.fs.is

BÓKSALA STÚDENTA

KAFFISTOFUR STÚDENTA

LEIKSKÓLAR STÚDENTA

STÚDENTAGARÐAR

STÚDENTAMIÐLUN

HÁMA




Félagsstofnun
stúdenta

Háskólatorgi, 3. hæð - Sæmundargötu 4
Sími 570 0700 - fs@fs.is - www.fs.is

Þátttaka í Happpdrætti Háskólans borgar sig - fyrir þig!

Yfir 20 háskólabyggingar hafa verið reistar eða keyptar fyrir happpdrættisfé



Stór hluti af tækjabúnaði skólans er einnig fjármagnaður af happpdrættinu.



**HAPPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

VÆNLEGAST TIL VINNING

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.